

*Hetjurnar okkar*  
*Íþróttamenn ársins í hálfa öld*



*Hetjurnar okkar*  
*Íþróttamenn ársins í hálfu öld*

*Hallgrímur Indriðason...*

Hetjurnar okkar  
Íþróttamenn ársins í hálfu öld

Höfundur: Hallgrímur Indriðason.  
Ljósmyndir: Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Morgunblaðið, 365-prentmiðlar, úr einkasöfnum.  
Umbrot: Jóhann Páll Kristbjörnsson.  
Próförk: Helgi Magnússon.  
Tölfræðisamantekt: Óskar Ófeigur Jónsson.  
Stjórn Samtaka Íþróttafréttamanna og ritnefnd 2007:  
Þorsteinn Gunnarsson, formaður  
Jón Kristján Sigurðsson, gjaldkeri  
Guðmundur Hilmarsson, ritari

Prentun: Gutenberg  
Útgefandi: Samtök íþróttafréttamanna.

Efirtaldir aðilar styrktu útgáfuna:  
Alþjóða Ólympíuhreyfingin  
Menntamálaráðuneytið  
Glitnir  
Kaupþing  
Landsbankinn

ÍTR

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti svo sem með ljósmyndum, prentun, hljóðritun, yfir færstlu í stafrænt form eða á annan sambærilegan hátt að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar eða útgefanda.

ISBN 978-9979-70-362-4



## Ávarp forseta Íslands

Fornar sögur geyma frásagnir af knáum köppum sem köstuðu, hlupu, stukku umfram aðra menn; nöfnin samofin menningu og sjálfsvitund Íslendinga; arfur sem um aldir gaf þjóðinni aukinn kraft.

Þegar Ísland öðlaðist jafnrétti á við önnur ríki og hóf keppni á alþjóðamótum fengu íþróttirnar nýjan sess. Þjálfunin á heimavelli varð grundvöllur sigra sem fylltu landsmenn stolti; verðlaun á Ólympíuleikum efniviður í þjóðhátíð.

Í hálfu öld höfum við árlega hyllt afreksfólk með nafnbótinni Íþróttamaður ársins og letrað nöfnin á glæstan bikar. Fjölbreytt sveit hefur hlotið þennan heiður og er það vitnisburður um fjölskrúðugt íþróttalíf, einstæða sigra í ólíkum greinum.

Saga þessa afreksfólks er frásögn um þjálfun og þroska, einbeitni og úthald, vonbrigði og sigurstundir, en líka þjóðarsaga, aldarspegill sem sýnir hvernig þjóðlíf og menning hafa tekið stakkaskiptum, Ísland smátt og smátt orðið öflugur þátttakandi í alþjóðahreyfingu íþróttanna.

Bókin um íþróttamenn ársins er merkileg heimild um þessa tíma og Samtök íþróttafréttamanna eiga þakkir skildar fyrir útgáfuna, hve ötullega þau hafa í tímans rás gert valið að viðburði sem öll þjóðin fylgist með af áhuga.

Fjölmiðlarnir hafa í æ ríkara mæli tengt íþróttir við menningu og daglegt líf Íslendinga og fréttamenn og afreksfólkið hafa nú tekið höndum saman um að færa okkur þessa merku bók í hendur.

# Ávarp frá menntamálaráðherra



## *Samspil íþróttamanna og íþróttافرéttamanna*

---

Glæsileg íþróttافرék verða ekki til án hæfileikaríks og harðduglegs íþróttafólks. Hlutverk íþróttافرéttamanna er að upplýsa þjóðina um þessi afrek. Íþróttafólk og íþróttافرéttamenn geta varla án hvors annars verið. Í þessu endurspeglast saga Samtaka íþróttافرéttamanna og kjörið á íþróttamanni ársins undanfarin 50 ár.

Óhætt er að segja að Samtök íþróttافرéttamanna ráðist ekki á garðinn þar sem hann er lægstur með útgáfu þessarar bókar. Draumur okkar var að taka saman yfirlit um kjör íþróttamanns ársins undanfarin 50 ár og stikla á stóru í sögu samtaka okkar sem voru stofnuð á sínum tíma til þess að standa fyrir kjöri íþróttamanns ársins og að bæta aðstöðu íþróttافرéttamanna.

Hallgrímur Indriðason, fyrrverandi íþróttافرéttamaður, gerði á sínum tíma útvarpsþætti um íþróttamenn ársins þar sem hann ræddi við þá um feril þeirra. Því voru hæg heimatökin hjá Hallgrími að taka saman sögu þessa einstaka afreksfólks en hann lagðist einnig í mikla heimildaöflun til þess að taka saman yfirlit yfir afrekin sem lágu til grundvallar kjörinu hverju sinni. Íþróttamenn ársins lásu einnig yfir sína kafla þar sem því varð við komið auk þess sem ýmsir aðilar fóru yfir einstaka kafla til að gefa sem besta og réttasta mynd af ferli afreksfólksins.

Í bókinni er stiklað á stóru á ferli þessa glæsilega íþróttafólks sem íþróttافرéttamönnum hefur þótt skara fram úr undanfarin 50 ár. Hver einasti íþróttamaður ársins hefur að sjálfsögðu miklu meiri sögu að segja en von okkar er að þessi bók veiti heildstæða mynd af því einstaka íþróttafólki sem hlotnast hefur sú mikla viðurkenning að vera valið íþróttamaður ársins. Einnig er að finna fróðlegan kafla um sögu Samtaka íþróttافرéttamanna en stofnendur þeirra og frumherjar unnu þrekvirki á sínum tíma og er verðugt verkefni okkar í dag að halda arfleifð þeirra á lofti.

Grundvöllurinn að útgáfunni var veglegur styrkur frá Alþjóða Ólympíuhreyfingunni auk þess sem ýmis íslensk fyrirtæki og stofnanir styrktu útgáfuna með einum eða öðrum hætti og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

*Þorsteinn Gunnarsson,  
formaður Samtaka íþróttافرéttamanna*



## Efnisyfirlit:

---

Saga Samtaka íþróttafréttamanna .....	10
Vilhjálmur Einarsson .....	20
Valbjörn Þorláksson .....	26
Guðmundur Gíslason .....	29
Jón Þ. Ólafsson .....	32
Sigríður Sigurðardóttir .....	34
Kolbeinn Pálsson .....	36
Guðmundur Hermannsson .....	38
Geir Hallsteinsson .....	40
Erlendur Valdimarsson .....	42
Hjalti Einarsson .....	44
Guðjón Guðmundsson .....	46
Guðni Kjartansson .....	48
Ásgeir Sigurvínsson .....	50
Jóhannes Eðvaldsson .....	53
Hreinn Halldórsson .....	55
Skúli Óskarsson .....	59
Jón Páll Sigmarsson .....	62
Óskar Jakobsson .....	64
Einar Vilhjálmsson .....	66
Eðvarð Þór Eðvarðsson .....	70
Arnór Guðjohnsen .....	72
Alfreð Gíslason .....	74
Bjarni Friðriksson .....	76
Ragnheiður Runólfsdóttir .....	78
Sigurður Einarsson .....	80
Sigurbjörn Bárðarson .....	82
Magnús Scheving .....	84
Jón Arnar Magnússon .....	86
Geir Sveinsson .....	89
Örn Arnarson .....	92
Vala Flosadóttir .....	96
Ólafur Stefánsson .....	98
Eiður Smári Guðjohnsen .....	101
Guðjón Valur Sigurðsson .....	104
Ýmis tölfraði .....	106

# Sögulegt yfirlit

Þegar Samtök íþróttafréttamanna voru stofnuð 1956 voru komin slík samtök í öllum öðrum norrænum löndum og þau voru komin með samtök sín á milli. Samstarf norrænna íþróttafréttamanna var því komið á og aðeins var eftir að koma Íslendingum inn í það.

Samstarf íþróttafréttamanna á Norðurlöndum hófst árið 1954 og fyrsta ráðstefna þeirra var haldin í Ósló sama ár. Það var Per Christian Andersen, ritstjóri hjá Aftenposten í Noregi, sem átti frumkvæðið að þessu samstarfi. Árið eftir komu nokkrir danskir íþróttafréttamenn hingað til lands, aðallega til að fylgjast með knattspyrnulandsleik Íslendinga og Dana. Í þeim hópi var Carl Ettrup sem þá var formaður Samtaka íþróttafréttamanna í Danmörku. Hann dvaldi aðeins lengur hér á landi og kynntist nokkrum íslenskum kollegum, þar á meðal Atla Steinarssyni sem þá sá um íþróttaskrif hjá Morgunblaðinu. Ettrup bauð Atla á ráðstefnu norrænna íþróttafréttamanna sem haldin var þá um haustið í Sønderborg í Danmörku. Atli þáði það boð og sat þetta þing ásamt Sigurði Sigurðssyni, íþróttafréttamanni hjá Ríkisútvarpinu. Þar kynntust þeir norrænum kollegum sínum sem hvöttu þá til að stofna samtök íþróttafréttamanna hér á landi sem yrðu jafnframt aðilar að norrænu samtökunum. Samtök íþróttafréttamanna í hverju landi fyrir sig voru þá þegar farin að kjósa íþróttamann ársins þar, auk þess sem norrænu samtökin stóðu að kjöri íþróttamanns Norðurlanda og voru Íslendingar farnir að taka þátt í því kjöri.

Íþróttafréttamennirnir ákváðu þá að drífa í að stofna samtök sín á milli á Íslandi. Þann 14. febrúar 1956 komu þeir Atli Steinarsson hjá Morgunblaðinu, Hallur Símonarson hjá Tímanum, Sigurður Sigurðsson hjá Ríkisútvarpinu og Frímann Helgason hjá Þjóðviljanum saman til fundar á skrifstofu Halls í Edduhúsinu. Í fundargerð þessa fundar, sem hefur yfirskriftina „Stofnfundur“ kemur fram að samþykkt var að stofna þá þegar félag sem miðaði að því að vinna að betri aðstöðu við störf þeirra á íþróttavettvangi. Ákveðið var jafnframt að Atli yrði formaður samtakanna og Frímann ritari. Aðalfélagar ættu að vera þeir sem skrifuðu um allar íþróttagreinar í dagblöð og í Íþróttablaðið og greindu frá þeim í útvarpi. Þá gætu þeir orðið óreglulegir aðilar sem skrifuðu um einstakar greinar. Annar aðaltilgangur félagsins átti að vera að sjá um kjörið á íþróttamanni ársins. Þetta tvennt hefur verið rauði þráðurinn í starfi samtakanna síðan.

Fljótlega kom beiðni til félagsins um að velja pressulið í handknattleik kvenna og karla. Samtökin völdu eftir það reglulega slík lið í handknattleik og knattspyrnu sem léku æfingaleiki við landsliðin sjálf.

Í apríl 1956 fundaði stjórn samtakanna fyrst með forystumönnum íþróttamála sem voru jákvæðir fyrir því að bæta úr aðstöðu þeirra. Laugardalsvöllurinn var þá nýbygður og voru íþróttafréttamenn fullvissaðir um að aðstaða yrði bætt þar, auk þess sem gert yrði ráð fyrir góðri aðstöðu í fyrirhugaðri Laugardalshöll. Þetta sama ár fóru svo Hallur og Frímann á þriðja norræna þing íþróttafréttamanna sem haldið var í Gautaborg. Síðan þá hafa íslenskir íþróttafréttamenn sótt þingið reglulega.

Segja má að á stofntíma samtakanna hafi verið gullöld í íslenskum íþróttum. Árið 1951 eignuðust Íslendingar m.a. tvo Evrópu-meistarar í frjálsum íþróttum, þá Gunnar Huseby og Torfa Bryngeirsson. Íslenskir knattspyrnumenn unnu líka marga góða sigra á alþjóðavettvangi. Íslenskir íþróttamenn voru mjög dágir af þjóðinni á þessum tíma þó að ekki hafi verið hægt að gera mikið fyrir þá fjárhagslega. Sjálfsgat þótti að kjósa íþróttamann ársins og þetta sæmdarheiti var mikil fjöður í hatt þess sem hreppti hnosið.

Samtökin höfðu lítil fjárráð þegar þau voru stofnuð. Metnaðurinn var hins vegar mikill og menn vildu gera sem best við þá sem yrðu valdir íþróttamenn ársins. Í því skyni varð að finna veglegan verðlaunagrip en sú leit gekk erfiðlega. Eftir mikla leit beindist athyglin að verðlaunagrip frá Bandaríkjunum. Það var Árni Arnason, sem síðar varð formaður Handknattleikssambands Íslands, sem hafði milligöngu um innflutninginn. Hann var þá aðeins farinn að flytja inn vörur og síðar stofnaði hann heildsöluna Austurbakka utan um þennan innflutning. Úr varð að samtökin keyptu bikarinn en þau kaup voru erfiður biti fjárhagslega fyrir samtökin. Bikarinn kostaði hingað kominn yfir 3.000 krónur. Þá var ákveðið að smíða tréfót úr íslenskum víði undir bikarinn og það kostaði einnig skildinginn. Bikarinn kostaði því um 4–5 þúsund krónur fullgerður. Til samanburðar má geta þess að Atli Steinarsson hafði þá í laun 8.000 krónur á mánuði og það þóttu góð laun.



*Atli Steinarsson, einn af fjórum stofnendum Samtaka íþróttafréttamanna og fyrsti formaður þeirra, flutti ræðu á 50 ára afmæli Samtaka íþróttafréttamanna.*

Strax í upphafi var samin reglugerð fyrir samtökin og í henni kom m.a. fram að keppa skyldi um þennan bikar í 50 ár og var tré-  
fóturinn hannaður þannig að á hann kæmst 50 skildir. Bikarinn var hins vegar ekki afhentur í fyrsta sinn fyrr en Valbjörn Þorláksson  
hlaut hann fyrir árið 1959. Árið 2005 var síðasta árið sem þessi gripur var afhentur og er hann nú varðveittur á Þjóðminjasafninu. Og  
á honum eru skildirir 50 með nöfnum þeirra sem hreppt hafa nafnbótina.

Samtökin stækkuðu hægt til að byrja með og á tíu ára afmælinu voru félagar orðnir átta. Árið 1962, eða sex árum eftir stofnunina,  
réðust þau samt í að halda Norðurlandaþingi í fyrsta sinn og sóttu það milli 40 og 50 manns, þar af um 30 erlendir. Heppnaðist það  
afar vel og undruðust margir norrænir starfsfélagar að svo fámenn samtök gætu staðið að svo miklu þingi. Síðan þá hafa samtökin  
staðið fyrir Norðurlandaþingi hér á landi á tíu ára fresti að jafnaði. Þau reyndust samtökunum oft þungur baggi fjárhagslega á seinni  
árum. Samtökin þurftu einatt að fá lán fyrir kostnaði við þingið og urðu stjórnarmenn sjálfir oft að gangast í persónulega ábyrgð fyrir  
þeim.

Ýmissa leiða var leitað til að fjármagna samtökin. Meðal annars tóku þau að sér að gefa út leikskrár fyrir landsleiki í knattspyrnu  
en fljótlega var gagnrýnt að KSÍ skyldi fá hlutdeild í tekjum af þessari leikskrá. Verulegur ágreiningur kom upp milli samtakanna og  
Knattspyrnusambands Íslands vegna útgáfu leikskrár fyrir landsleik Íslendinga og Dana árið 1967. Samningaviðræður gengu illa og  
áður en samningar náðust hófu Hallur Símonarson og Alfred Þorsteinsson undirbúning að útgáfu nýrrar leikskrár sem þeir gátu svo  
ekki hætt við þegar samningar náðust við KSÍ. Því voru tvær leikskrár gefnar út fyrir þennan leik en útgefendur sömdu um að leita  
ekki til sömu auglýsenda.

Þá börðust samtökin einnig fyrir því að fá hlutdeild í aðgangseyri að pressuleik, þar sem samtökin völdu pressuliðið. Úr því varð  
aldrei. Samtökin stóðu svo sjálf fyrir pressuleikjum og ýmsum öðrum uppákomum og voru þeir drjúg tekjulind fyrir þau.

Árið 1965 var samþykkt að innheimta árgjald í samtökin en það var svo fellt niður um áratug síðar. Pressuleikir í handknattleik  
voru hins vegar hluti af fjármögnun samtakanna langt fram á tíunda áratug síðustu aldar. Auk þess tóku samtökin þátt í framkvæmd  
Stjórnumuleiksins í körfuknattleik og stóðu fyrir ýmsum öðrum viðburðum, meðal annars árlegu innanhússknattspyrnumóti á níunda og  
tíunda áratugnum. Síðustu árin hafa samtökin gert minna að slíku enda er ekki fjárþörfin ekki söm og áður vegna góðra samstarfs-  
aðila samtakanna.

Íþróttamaður ársins var kosinn í fyrsta sinn af samtökum íþróttafréttamanna í ársbyrjun 1957, og þá fyrir árið 1956. Það var  
reyndist afar auðvelt. Enginn annar kom til greina en Vilhjálmur Einarsson sem hafði 27. nóvember þetta sama ár stökkið 16,26 m í  
þrístökki á Ólympíuleikunum í Melbourne í Ástralíu. Þetta stökk var Ólympíumet um tíma.



*Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var sæmdur gullmerki Samtaka íþróttafréttamanna á 50 ára afmælishöfi þeirra í október 2006.*

Kjörið fyrstu árin fór að mestu fram í ró og spekt og ekki virðist sérstakur stýr hafa staðið um það. Árið 1972 kom upp umræða um hvort rétt væri að sleppa kjörinu það ár vegna lélegra afreka. Ein hugmynd, sem kom upp, var að afhenda Sundsambandinu styttuna vegna góðs árangurs Íslendinga í Norrænu sundkeppninni. Þegar að var gáð kom í ljós að þetta var ekki framkvæmanlegt vegna laga samtakanna og var því ákveðið að haga kjörinu eins og venjulega. Fyrir valinu þetta ár var sundmaðurinn Guðjón Guðmundsson, fyrir góðan árangur á Ólympíuleikunum í München. Árið 1974 var samþykkt að heimilt yrði að fella niður kjörið ef 1/3 félagsmanna óskaði eftir því sérstaklega og að allir atkvæðisbærir menn samþykktu það í atkvæðagreiðslu.

Þegar íþróttamaður ársins var valinn 1973 var í fyrsta sinn fenginn styrktaraðili að hófinu og var það Volvo-umboðið Veltir. Kom það til þar sem Volvo-bílaverksmiðjurnar höfðu ákveðið að heiðra þann sem kjörinn yrði íþróttamaður Norðurlanda. Veltir var aðalstyrktaraðili kjörsins í fjölda ára eftir það og síðan þá hafa samstarfsaðilar samtakanna tekið þátt í kjörinu.

Steinar J. Lúðvíksson lagði til á aðalfundinum 1974 að hver félagsmaður myndi greiða atkvæði um íþróttamann ársins, í stað þess að hver fjölmiðill hefði aðeins einn atkvæðaseðil eins og raunin hafði verið frá upphafi. Það var ekki samþykkt þá og reyndar komst þetta fyrirkomulag ekki á fyrr en rúmum áratug síðar. Þá gaf hver félagsmaður tíu íþróttamönnum stig, frá einum og upp í tíu. Þetta fyrirkomulag var við lýði í nokkur ár, eða þangað til því var breytt á þann hátt að efsti maður fékk 20 stig, næsti fimmtán, síðan tíu, þá sjö og svo koll af kolli niður í eitt stig. Ástæðan fyrir þessari breytingu var sú að menn vildu að sá sem flestir vildu að yrði íþróttamaður ársins yrði fyrir valinu, ekki sá sem flestir settu í annað sætið.

Árið 1974 markaði ákveðin tímamót í kjöri íþróttamanns ársins, þegar Ásgeir Sigurvinsson varð fyrir valinu. Ásgeir var nefnilega fyrsti atvinnumaðurinn sem kjörinn var íþróttamaður ársins. Sýndist sitt hverjum um þá þróun. Þegar Jóhannes Eðvaldsson var kjörinn árið eftir, en hann var þá orðinn atvinnumaður hjá Glasgow Celtic, gerði Gísli Halldórsson, þáverandi forseti ÍSÍ, það að umtalsefni og taldi miður að atvinnumaður hefði verið valinn tvö ár í röð. Hann sagði þá meðal annars: „Það hlýtur að ýta undir að fleiri fari þennan veg, sem við teljum ekki vera hinn rétta. Ég vil eindregið beina því til íþróttafréttamanna að þeir endurskoði afstöðu sína og þeir komi ekki til greina sem íþróttamenn ársins í framtíðinni sem farnir eru af landi héðan og hafa íþróttir sem atvinnu.“ Þessi sjónarmið áttu þó ekki sérstaklega upp á pallborðið meðal íþróttafréttamanna á þessum tíma en áttu eftir að blossa upp af krafti nokkrum árum seinna, eins og fram kemur síðar í þessum kafla.



*Góðir gestir á 50 ára afmæli Samtaka íþróttafréttamanna, þar á meðal þrír fyrrverandi formenn, þeir Þórarinn Ragnarsson, Skapti Hallgrímsson og Steinar J. Lúðvíksson.*

Gagnrýnt var árið 1974 að Íþróttablaðið gengist fyrir eigin kjöri á íþróttamönnum ýmissa íþróttagreina en Íþróttasamband Íslands gaf blaðið þá út. Þáverandi stjórn samtakanna taldi þessa þróun óæskilega, því að þar væri gengið inn á svið samtakanna. Íþróttablaðið hélt þessu kjöri þó áfram. Deilurnar náðu hámarki árið 1976, þegar samtökunum þótti Sjónvarpið sinna útsendingu af kjöri íþróttamanns ársins 1975 heldur illa. Skrifstofustjóri ÍSÍ sendi kvörtunarbref til útvarpsstjóra þar sem óánægju var lýst með frásögn ríkisfjölmiðlanna af kjöri Íþróttablaðs ÍSÍ á íþróttamönnum ársins í hverri grein. Sí var óánægt með þátt Sjónvarpsins í kjörinu á íþróttamanni ársins. Sjónvarpið taldi hins vegar rétt að gera báðum viðburðum jafnhátt undir höfði. Íþróttablaðið hætti nokkru síðar sínu kjöri á íþróttamanni ársins.

Kjör íþróttamanns ársins skapaði umræður um þá aðstöðu sem afreksíþróttafólki væri búin. Þegar Hreinn Halldórsson var kjörinn og vann afrek sín meðal þeirra bestu var rætt um að hann yrði að stunda æfingar með fullri vinnu, ólíkt þeim sem hann væri að keppa við. Og þegar Skúli Óskarsson var kjörinn fyrir árið 1980 var vakin sérstök athygli á því að hann hefði þurft að standa sjálfur straum af kostnaði við að taka þátt í mótum erlendis. Mikil umræða fór af stað um að styðja þyrfti fjárhagslega við bestu afreksmenn okkar þannig að þeir gætu einbeitt sér að æfingum án þess að hafa peningaáhyggjur. Sú umræða endaði með stofnun afreksmannasjóðs ÍSÍ.

Sennilega hefur valið á íþróttamanni ársins aldrei verið eins umdeilt og árið 1984. Þá var Ásgeir Sigurvinsson kjörinn íþróttamaður ársins öðru sinni en hann varð þá þýskur meistari með Stuttgart og var kjörinn besti leikmaður þýsku deildarinnar sem þá var ein sú sterkasta í heimi. Þetta sama ár hlaut Bjarni Friðriksson hins vegar bronsverðlaun á Ólympíuleikunum í Los Angeles. Þetta vakti miklar deilur og greinar voru skrifaðar í blöðin í margar vikur eftir kjörið. Margir töldu valið rangt og töldu það jafnvel hneyksli að Bjarni hefði ekki fengið titilinn. Helstu rökin, fyrir utan þau að árangur Bjarna hefði einfaldlega verið betri, voru þau að Ásgeir stundaði sína íþrótt í Þýskalandi og ynni afrek sín fyrst og fremst fyrir Þjóðverja en ekki Íslendinga, á meðan Bjarni stundaði sína íþrótt hér á landi og hefði unnið verðlaun sín þegar hann var að keppa fyrir Íslands hönd. Þá kom aftur upp umræða um að atvinnumenn ættu ekki að vera gjaldgengir í kjörinu. Þessum gagnrýnisróddum var svarað, meðal annars á þann veg að Ásgeir hefði unnið afrek sín sem einstaklingur og að hann gæti ekki komist í fremstu röð í sinni grein öðruvísi en að vera atvinnumaður. Síðan þá hefur ekki komið til tals að atvinnumenn yrðu ekki gjaldgengir í kjörinu.

Deilurnar urðu einnig gríðarlegar um kjörið fyrir árið 1988. Það var Ólympíuár en enginn stóð undir væntingum á Ólympíuleikunum. Einar Vilhjálmsson spjótkastari var þá kjörinn, en hann vann flest stórmót sem hann tók þátt í á árinu fyrir utan Ólympíuleikana, þar sem hann hafnaði í þrettánda sæti. Í þriðja sæti í kjörinu varð hins vegar fatlaði hlauparinn Haukur Gunnarsson, sem vann gullverðlaun á Ólympíumóti fatlaðra. Um þetta urðu harðar deilur, jafnt í fjölmiðlum sem innan samtakanna sjálfa. Síðar kom reglulega upp gagnrýni um að fatlaðir nyttu ekki sannmælis í kjörinu þegar sundkonan Kristín Rós Hákonardóttir vann mjög stórmót fatlaðra, meðal annars Ólympíuleika, og setti heimsmet reglulega. Kristín Rós var reglulega meðal tíu efstu í kjörinu en var aldrei nálægt því að ná kjöri og töldu menn það ósanngjarnt því að ekki væri hægt að ná öllu lengra í íþrótt sinni en setja heimsmet og vinna til Ólympíugullverðlauna. Innan samtakanna var mikið rætt um hvort ófatlaðir ættu ekki að vera í kjöri þegar íþróttamaður ársins væri valinn en meirihluti félaga var andvígur því. Íþróttafréttamenn bentu á að það hlýti að vera gríðarlegur heiður fyrir fatlað íþróttafólk að vera á meðal tíu efstu í kjöri ófatlaðra.

Síðustu árin hefur lítill styrk staðið um kjörið. Þróunin hefur hins vegar orðið sú að kröfurnar hafa aukist. Nú er varla hægt að verða fyrir valinu nema að ná góðum árangri á alþjóðavettvangi. Á árum áður gat það gerst að hópíþróttamenn væru kjörnir án þess að leika nokkuð erlendis, eins og til dæmis Sigríður Sigurðardóttir, Kolbeinn Pálsson, Hjalti Einarsson og Guðni Kjartansson. Þau urðu hins vegar öll fyrir valinu meðal annars vegna góðrar frammistöðu með landsliðum sínum. Í dag væri þetta hins vegar nánast óhugsandi vegna þess að bestu hópíþróttamenn okkar enda yfrleitt sem atvinnumenn hjá erlendum liðum.

Helsta deiluefnið um kjörið hin seinni ár hefur verið að konur bæru skarðan hlut frá borði. Hefur reglulega komið upp sú umræða hvort kjósa eigi tvo á hverju ári, einn karl og eina konu. Það hefur ekki hlotið hljómgrunn innan samtakanna.

Samtök íþróttafréttamanna urðu 50 ára árið 2006 og af því tilefni var haldið veglegt afmælishóf 28. október það ár, þar sem heiðradir voru þeir sem unnið höfðu óeigingjarnt starf fyrir samtökin. Fyrirverandi formenn samtakanna voru sæmdir silfurmerki, en það voru Steinar J. Lúðvíksson, Þórarinn Ragnarsson, Samúel Örn Erlingsson, Skúli Unnar Sveinsson, Skapti Hallgrímsson og Adolf Ingi Erlingsson. Þeir Ingólfur Hannesson, Hermann Gunnarsson og Ívar Benediktsson fengu einnig merki en voru ekki viðstaddir kjörið. Þá fékk Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, gullmerki samtakanna.

Þá var afhjúpaður nýr verðlaunagripur fyrir íþróttamann ársins en eins og áður sagði var sá gamli þess eðlis að aðeins var hægt að nota hann í 50 ár. Gripurinn, sem Sigurður Ingi Bjarnason gullsmiður hannaði, er smíðaður með vísun í náttúru Íslands. Í honum er meðal annars birki úr Hallormsstaðaskógi sem vísar til þolgæðis, hraun frá Þingvöllum sem vísar í undirstöðu landsins og súlur úr silfri sem tákna höfuðáttirnar og vísa í markbreytileika þjóðarinnar. Súlurnar enda svo í silfurskál sem styðja við glerskál sem er táknið þeirrar hreinskiptni og þess heiðarleika sem fólgin er í keppnisanda íþróttanna. Það var Íþróttasamband Íslands sem gaf gripinn og var Guðjón Valur Sigurðsson, íþróttamaður ársins 2006, fyrsti íþróttamaðurinn til að veita honum viðtöku.

Í dag eru 24 félagar í Samtökum íþróttafréttamanna og hafa þeir aldrei verið fleiri. Aðaltilgangur þeirra er enn að standa að kjörinu á íþróttamanni ársins og berjast fyrir bættari aðstöðu. En veigamikill þáttur er einnig samskiptin við Norðurlöndin, og ávallt hafa verið góð tengsl milli íslenskra íþróttafréttamanna og norrænna starfsfélaga. En þetta hafa ekki verið einu erlendu samskipti samtakanna. Þau hafa tekið virkan þátt í starfi AIPS (Alþjóðasamtökum íþróttafréttamanna) og UEPS (Evrópusamtökum íþróttafréttamanna) í seinni tíð og látið þar töluvert að sér kveða. Meðal annars sat Samúel Örn Erlingsson í stjórn Evrópusamtakanna í fjögur ár, 1990–1994.

Þó að Samtök íþróttafréttamanna hafi nú starfað í ríflega hálfra öld er megintilgangur þeirra enn sá sami. Baráttunni fyrir bættari aðstöðu er hvergi nærri lokið og er enn víða misbrestur á henni, meira að segja í splunkunýrri byggingu á Laugardalsvelli. Hinn tilgangurinn, kjörið á íþróttamanni ársins, er engu að síður rauði þráðurinn í starfinu og verður svo væntanlega um ókomin ár.











# Vilhjálmur Einarsson

– Íþróttamaður ársins 1956, 1957, 1958, 1960 og 1961

*Vilhjálmur Einarsson hefur oftast orðið íþróttamaður ársins, eða fimm sinnum. Afrekið sem hann vann árið 1956 þegar hann hlaut silfurverðlaun í þrístökki á Ólympíuleikunum í Melbourne (og átti meira að segja Ólympíumet í rúman klukku-tíma) er enn eitt stærsta afrek sem íslenskur íþróttamaður hefur unnið.*



Vilhjálmur Einarsson fæddist 5. júní 1934 að Hafranesi við Reyðarfjörð. Það var snemma ljóst að áhugi Vilhjálms lá á íþróttasviðinu. Áhuginn er rakinn til frænda hans sem voru fræknir íþróttamenn á Austurlandi þegar hann var að alast upp. Þá var stór hátíð þegar Austurlandsmótið í frjálsum íþróttum fór fram. Fjölskylda Vilhjálms bjó í íþróttamiðstöð Austurlands, sem þá var Alþýðuskólinn á Eiðum, í eitt og hálf ár. Þar lærði hann að synda og það var fyrsta íþróttgreinin þar sem hann vakti einhverja athygli. Þá var Vilhjálmur átta ára gamall og þótti líkari sel en drengnokka þar sem hann kafaði meira en hann synti á yfirborðinu og lék alls konar hundakúnstir í litlu sundlauginni á Eiðum.

Vilhjálmur fór þó snemma að stunda fremur frjálsar íþróttir en sund. Vaxtarlag hans þótti samt ekki benda til þess að hann yrði stökkvari heldur þótti hann líklegri til að ná árangri í kastgreinum. Frændur hans voru mjög liðtækir kastarar, m.a. Tómas og Þorvarður Árnasynir sem voru Austurlandsmeistarar í kúluvarpi, kringlukasti og spjótkesti. Þetta voru hetjur Vilhjálms í bernsku.

Íþróttalífið á Austurlandi var afar öflugt á þessum árum. Menn fjölmenntu úr öllum hornum fjórðungsins á mót en á þess-

um tíma gat fólk á Austurlandi farið að koma saman langt að. Austfirðingar voru á þessum árum að losna úr álögum fjallanna og þeirra samgönguferðleika sem fólk hafði búið við öldum saman. Keppnishald og æfingar fór þó fram við afar frumstæð skilyrði. Menn útbjuggu aðstöðu sjálfir sína, m.a. gryfjur til að stökkva í, og aðeins var hægt að fá þjálfara í 2–3 daga á ári. En menn lögðu á sig að ferðast um langan veg til að koma saman og keppa og keppnisgleðin var í fyrirrúmi. Þá var alltaf mikill fjöldi áhorfenda sem fylgdist með og almennur áhugi fyrir keppnunum var mikill.

Vilhjálmur fór að keppa í stökkum með ágætum árangri en það var hins vegar tilviljun sem réði því að hann ákvað að einbeita sér að þrístökkinu. Það ákvað hann að gera í kjölfar landsmótsins á Eiðum 1952. Þá vildi þannig til að Vilhjálmur kom of seint til leiks og gat ekki tekið þátt í hástökkinu sem var fyrsta greinin sem hann var skráður í. Þrístökkið var næst á dagskránni og þar setti hann drengjemet og stökk miklu lengra en hann hafði nokkurn tíma gert. Það var að sínu leyti svipað og gerðist á Ólympíuleikunum fjórum árum seinna. Þá opinberaðist það fyrir Vilhjálmi að þó að hann gæti stökkið langt í langstökki og kannski 1,75 m í hástökki þá var það ekki árangur á borð við þann sem hann gæti náð í þrístökkinu. Þar var teningnum kastad um að þrístökk væri eitthvað sem hentaði honum betur en aðrar greinar.

Vilhjálmur fór eins og svo margir Austfirðingar í Menntaskólann á Akureyri að loknu gagnfræðaprófi. Hann var áberandi í íþróttalífinu þar og varð m.a. formaður íþróttafélagsins. Að loknu stúdentsprófi fékk Vilhjálmur svo styrk til náms í Bandaríkjunum þar sem hann hugðist læra til arkitekts. Sá styrkur var reyndar alveg óháður íþróttum og segist Vilhjálmur lítið hafa vitad um íþróttaiðkanir í bandarískum háskólum enda höfðu engir íslenskir íþróttamenn eða stúdentar farið þangað þeirra erinda að æfa íþróttir. Þarna var hins vegar ágætis frjálsíþróttalið og Vilhjálmur fór strax að æfa með því. Gallinn var bara sá að þar var ekkert þrístökk í boði, það var ekki meðal keppnisgreina bandarískra háskóla á þeim árum. En Vilhjálmur fékk þarna mikla og góða grundvallarþjálfun og gat stundað frjálsar íþróttir, langstökk, hástökk og kúluvarp. Hann var í háskólalíðinu í öllum þessum greinum og gat stundað þarna æfingar allan veturinn í gríðarstórri innanhússíþróttahöll.

Út úr þessu kom Vilhjálmur heim vorið 1956 með þessa þjálfun en enga sérstaka þrístökksþjálfun. Hann hafði þá lítið á þrístökk sem sína álitlegustu grein í fjórum ár og keppt í þrístökki hér á sumrin. Sumarið 1956 ákvað Vilhjálmur að einbeita sér að þrístökkinu alveg sérstaklega með það að markmiði að taka þátt í Ólympíuleikunum. Án þessarar forsögu hefði hann ekki náð árangrinum í Melbourne.

Fljótlega eftir að Vilhjálmur kom heim frá Bandaríkjunum kynntist hann eiginkonu sinni, Gerði Unndórsdóttur. Hann var þá 22 ára en hún aðeins 15 ára og bar kynni þeirra að með sér-



*Silfurstökk Vilhjálms Einarssonar á Ólympíuleikunum í Melbourne 1956. Vilhjálmur stökk 16,26 metra í annarri umferð og setti nýtt Ólympíumet sem stóð í rúma klukkustund.*



*Sigurður Sigurðsson, íþróttafréttamaður hjá Ríkisútvarpinu, tekur viðtal við Vilhjálmmur við heimkomuna eftir Ólympíuleikana 1956.*

stökum hætti. Gerður vann þá á Dairy Queen ísbar á Hjarðarhaganum en frændi Vilhjálms, Þorvarður Árnason, hafði ráðið hana til vinnu. Einn daginn kom Vilhjálmmur inn úr dyrunum og pantaði ís með ananasbragði eins og hann hefði smakkað í Bandaríkjunum. Gerði fannst hann fullmontinn og blikkaði hann. Þá fór hann úr frakkanum, setti ísinn niður og æddi inn fyrir borðið. Gerði varð svo mikið um að hún hljóp niður í kjallara og var þar nokkra stund að jafna sig. Þegar Gerður kom upp var Vilhjálmmur kominn í hvítan slopp og farinn að vinna! Kynni þeirra þróuðust það hratt að þau voru trúlofuð eftir hálfan mánuð.

En þetta ár, 1956, markaði ekki aðeins tímamót í einkalífi Vilhjálms heldur einnig í íþróttaiðkuninni. Ólympíunefnd Íslands kostaði þá æfingar íslenskra íþróttamanna erlendis í fyrsta sinn og fóru Vilhjálmmur og Hilmar Þorbjörnsson til Busön í Svíþjóð. ÍR, félagið sem Vilhjálmmur æfði með, hafði góð sambönd í Svíþjóð og formaður félagsins, Jakob Hafstein, vissi um aðstöðuna

þar. Vilhjálmmur var því vel kunnugur forystumönnum frjálsra íþróttanna í Svíþjóð og kom því til leiðar að Ólympíunefndin fékk æfingaaðstöðu fyrir þá félagi með bestu Svíunum. Þar fékk Vilhjálmmur aðstoð Gösta Holmiers sem þá var mjög virtur og viðurkenndur frjálsíþróttþjálfari á heimsmælikvarða og var undir handleiðslu hans síðustu vikurnar fyrir sjálfa leikana.

Vilhjálmmur setti 6. október 1956 Norðurlandamet í þristökki í Karlstad í Svíþjóð, stökk 15,83 m og bætti eigin árangur um hálfan metra. Þá lá enn ekki fyrir hvort Vilhjálmmur kæmist á Ólympíuleikana í Melbourne. Ólympíunefndin hafði aðeins efni á að senda tvo keppendur og einn fararstjóra og fyrir lá að Hilmar Þorbjörnsson yrði annar keppandinn. Valið um hitt keppnisætið stóð á milli Vilhjálms og Valbjörns Þorlákssonar og þetta Norðurlandamet réði úrslitum um að Vilhjálmmur var tekinn fram yfir Valbjörn. Hann dvaldi síðan við æfingar hjá Gösta Holmier síðustu vikurnar fyrir leikana.

Flugið til Melbourne var langt og kostnaðarsamt og flugferðin tók þá um 40 klukkutíma hvora leið. Flogið var frá Norður-Svíþjóð yfir Norðurland til Alaska og tók sú flugferð 11 tíma. Þar var tekið eldsneyti og síðan flogið til Hawaii, sem var álíka langt flug. Þar hvíldust ferðalangarnir í 2–3 daga og síðan var flogið í aðra 11 tíma til Fiji-eyja þar sem tekið var eldsneyti og þaðan var flogið til Melbourne. Ferðalagið var því bæði langt, strangt og erfitt.

Í Melbourne voru aðstæðurnar hins vegar hagstæðar íslensku keppendum að því leyti að þar var kuldakast. Það var um 10 stigum kaldara en menn reiknuðu með og eðlilegt átti að vera á þessum árstíma. Þetta þýddi 12–20 stiga hita þegar heitast var á daginn sem hentaði Íslendingunum vel en hafði hins vegar slæm áhrif á þá sem voru vanir hlýju loftslagi. Þeir áttu erfiðara með að athafna sig á æfingum.

Fyrirfram voru ekki gerðar miklar væntingar til Vilhjálms um árangur. En þeirri litlu pressu, sem var á honum, var af honum létt eftir að hann hafði komist upp úr forkeppni í þrístökkinu. Forkeppnin var að morgni dags og aðalkeppnin eftir hádegis og Ólafur Sveinsson fararstjóri hafði útvegað keppendum íbúð þar sem Vilhjálmur gat hvílast á milli. Eftir forkeppnina sagði Ólafur ánægður: „Jæja, Villi minn, nú er búið að bjarga þessari ferð. Þú ert kominn í aðalkeppnina og við Íslendingar höfum alltaf verið að baksa við það að komast í aðalkeppni.“ Þá var Vilhjálmi létt og nú hugsaði hann að öll viðbót væri bara plús. Þetta var töluvert önnur upplifun en á Ólympíuleikunum í Róm 1960.

Vilhjálmur náði stökkinu fræga, 16,26 m, í annari tilraun í úrslitakeppninni eftir að hafa gert fyrsta stökkið ógilt. Með þessu stökki setti hann nýtt Ólympíumet sem stóð í rúman klukkutíma en þá tókst Brasilumanninum da Silva að skáka honum og tryggja sér sigurinn með stökki upp á 16,34 m í fjórðu umferð. Vilhjálmur meiddist í fjórða stökki sínu og því fór minna fyrir afrekum eftir það.

Vilhjálmi var fagnað sem þjóðhetju þegar hann kom til Íslands, meira að segja svo mikið að honum sjálfum þótti nóg um. Honum hafði sjálfum fundist þetta það létt verk, þegar allt gekk upp, að honum fannst ekki mikið til um það. En honum leið ekki vel með þetta fár enda er hann feiminn að eðlisfari og kann ekkert sérstaklega við sig í sviðsljósinu. Það var frekar að honum fundist hann vera skuldbundinn að hafa hlotnast þessi heiður að hafa látið gott af sér leiða, en ekki hitt að hann nyti þess beinlínis.

Vilhjálmur var kjörinn íþróttamaður ársins 1956 í fyrsta sinn sem það kjör fór fram, enda kom enginn annar til greina. Þessi viðurkenning féll þó í skuggann af slæmum hliðum á þessari skyndilega frægð. Árið 1957 var m.a. barist fyrir því að hann yrði dæmdur í keppnisbann. Þá kepptust mótsaðilar í Evrópu við að bjóða íþróttamönnum frá Íslandi, með einu litlu skilyrði, að með í hópnum væri Vilhjálmur Einarsson. Þannig var komið boð frá Finnlandi, þangað sem átti að senda þrjá íþróttamenn og fararstjóra, og hann átti að vera með í hópnum. Síðan gerist það að á sama tíma er stærsti íþróttaviðburður í heiminum á sviði frjálsra íþrótta, heimsleikar í Moskvu. Þangað stefndi ÍR sínu liði, og þar á meðal Vilhjálmi, í eina glæsilegustu íþróttuferð erlendis sem nokkurt íþróttafélag hefur farið í hvað frjálsar íþróttir snertir. Þarna stóð frjálsíþróttakeppnin í sjö daga. Vilhjálmur hefði getað mætt til Finnlands nema ef þrístökkskeppnin yrði síðasta dag keppinnar. Þegar komið var til Moskvu kom í ljós að sú var raunin, og það átti að vera hápunktur keppinnar á þessum stóru leikum vegna þess að þar hafði Rússum tekist að ná öllum þrístökkvurum heimsins á einn stað. Vilhjálmur hringdi heim til Íslands, náði sambandi við einn stjórnarmann Frjálsíþróttasambandsins og sagðist því miður verða að vera forfallaður í Finnlandi. Hans orð voru að hann gæti hvorki leyft Vilhjálmi það eða bannað.

Síðan komu á kreik sögusagnir um að Vilhjálmur væri búinn að eyðileggja íþróttasamskipti Íslendinga og Finna um aldur og ævi og að ekkert annað en keppnisbann blasi við svona afbrota-

manni. Til að sljákkaði í þessum röddum hafði Vilhjálmur af eigin rammleik samband við mótsaðilann í Finnlandi og mætti hjá þeim á mót um haustið. Þá var ekki lengur hægt að halda þessu til streitu. Vilhjálmur hélt sigurgöngu sinni áfram bæði hér heima og erlendis og var aftur kjörinn íþróttamaður ársins fyrir 1957.

Árið 1958 bar tvennt hæst á íþróttuferli Vilhjálms. Fyrst fór fram einvígi milli Vilhjálms og da Silva sem hafði sigraði hann í þrístökkskeppninni í Melbourne. Þetta einvígi fór fram í Sundsvall í Svíþjóð. Síðan keppti Vilhjálmur á Evrópumeistaramótinu í Stokkhólmi og hlaut þar bronsverðlaun með stökki upp á 16 metra slétta. Þetta dugði honum til að fá sæmdarheitið þróttamaður ársins í þriðja sinn.

Það fór hins vegar lítið fyrir keppni hjá Vilhjálmi 1959, í það minnsta á erlendri grundu. Hann sýslaði hins vegar í ýmsu öðru, reyndi að gefa út barnabækur þennan vetur og var ritstjóri íþróttasíðu Tímans í forföllum Halls Símonarsonar í sex vikur. Illa gekk að ná endum saman og meðal annars þurftu Vilhjálmur og Gerður að selja bíl sinn upp í húsaleiguna þegar þau fluttu til Reykjavíkur. En þetta ár byrjaði ungverski þjálfarinn Gabor að þjálfra Vilhjálmi og hann gerði breytingar á hlaupastílnum sem ekki voru allir sáttir við. En þær breytingar áttu sannarlega eftir að skila sér.

Árið 1960 var svo komið að öðrum Ólympíuleikum, að þessu sinni í Róm, og undirbjó Vilhjálmur sig vel fyrir þá leika. Hann náði lágmarki fyrir leikana 1. júní, sama dag og Einar sonur hans fæddist. Og þann 7. ágúst jafnaði hann gildandi heimsmet í greininni með því að stökkva 16,70 m á Laugardalsvellingum. Þetta stökk er enn í dag Íslandsmet. Þetta gerði það að verkum að miklar kröfur voru gerðar til Vilhjálms og meðal annars var skrifað í Morgunblaðið tveimur dögum eftir afrekið: „Eitt er víst að Vilhjálmur á eins mikla möguleika á gullinu í Róm og hver annar af bestu þrístökkvurum heims.“

Flestir eru á því að sú heppni sem var með Vilhjálmi í Melbourne hafi gengið í lið með einhverjum öðrum í Róm. Fyrir það fyrsta þá var hitabylgja í Róm á þessum tíma þannig að aðstæðurnar voru ekki alveg hagstæðar Íslendingum Vilhjálmi. Í annan stað lenti Vilhjálmur illa í slæmu flyrirkomulagi þar sem keppendum var skipt í þrjá hópa en þurftu samt sem áður að ljúka keppninni sama dag, þannig að hóparnir fengu mismikla hvíld og sátu ekki við sama borð. Vilhjálmur var í öðrum hópnum.

Og ekki var allt búið enn. Til að komast í aðalkeppnina varð að stökkva 15,50 cm og allt miðaði þetta að því að taka ekki of mikið á til að eiga sem mesta orku eftir í úrslitakeppnina. Vilhjálmur sparði sig hins vegar aðeins of mikið og stökk 15,49 cm og varð því að bíða, taka annað stökk og taka svolítið á. Honum tókst þó að stökkva 15,70 í annari tilraun og komast þar með í lokakeppnina. Þetta reyndist hins vegar dýrt því að þetta kostaði orku og stytta tímunn fram að aðalkeppninni.

Í henni tók svo ekki betra við að sögn Vilhjálms. Næstur á undan honum var rússneskur stökkuvari sem tók allt upp í 15 mínútur að koma sér að því að stökkva. Allur völlurinn var farinn að baula á hann en hann lét það sem vind um eyrun þjóta. Það voru tveir Rússar í keppninni og þeir hjálpuðust að. Þeir voru með þurrt, finkurlað gras í förum sínum og fylgdust með hvernig það bærdist undan vindinum til að bíða eftir að vindurinn, sem sló fram og til baka, blési í hagstæða átt. Svo hljóp Rússinn af stað en stoppaði í miðri atrennu og stillti sér upp aftur. Þrátt fyrir allt þetta mótlæti náði Vilhjálmur næstbestu keppni ævi sinnar og vantaði aðeins 8 cm til að ná bronsinu. Það var nóg til þess að hann var kjörinn íþróttamaður ársins í fjórða sinn fyrir árið 1960.

Árið 1961 var Vilhjálmur kjörinn íþróttamaður ársins í fimmta sinn, en ekki fyrir þrístökk, heldur mest fyrir það að setja heimsmet í hástökki án atrennu. Hann var þá orðinn kennari á Bifröst og þar voru mikið stunduð stökk án atrennu því að þar var enginn íþróttasalur og stökkin stunduð á skólagöngunum. Vilhjálmur stökk þar 1,75 m. Þennan vetur var boðið hingað norskum heimsmestara og haldið eitt fjölmennasta frjálsíþróttamót innan-



Vilhjálmur Einarsson á Ólympíuleikunum 1956.

### Árangur Vilhjálms 1956:

20. júlí: Vilhjálmur sigrar í þrístökki í landskeppni Íslendinga og Dana, stekkur 14,31 m.
23. júlí: Vilhjálmur sigrar í þrístökki (14,49 m) og langstökki (6,94 m) í landskeppni Íslendinga og Hollendinga.
29. júlí: Vilhjálmur stekkur 14,05 m í þrístökki á móti í Þýskalandi og sigrar.
29. ágúst: Vilhjálmur verður Reykjavíkumeistari í langstökki á Meistararamóti Reykjavíkur í frjálsum íþróttum á Melavellinum, stekkur 7,06 m.
16. sept.: Vilhjálmur hafnar í fjórða sæti í þrístökki á alþjóðlegu móti í Búkaress, stekkur 15,32 m sem er nýtt Íslandsmet.
6. okt.: Vilhjálmur setur Íslands- og Norðurlandamet í þrístökki á móti í Karlstad í Svíþjóð, stekkur 15,83 m. Þetta er sjötti besti árangur í heiminum í greininni á árinu og sá 11. besti frá uppbafi. Hann var ríman metra á undan næsta manni.
27. nóv.: Vilhjálmur vinnur silfurverðlaun í þrístökki á Ólympíuleikunum í Melbourne í Ástralíu. Hann stekkur 16,26 m í annarri umferð úrslitakeppninnar og setur þar nýtt Ólympíumet, en Brasilíumaðurinn da Silva nær svo að stökkuva lengra í fjórðu umferð. Þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingur kemst á verðlaunapall á Ólympíuleikunum.

### Árangur Vilhjálms 1957:

27. janúar: Vilhjálmur setur nýtt Íslandsmet í langstökki án atrennu, 3,26 m.
10. febrúar: Vilhjálmur setur nýtt Íslandsmet í hástökki án atrennu á innanfélagsmóti ÍR, stekkur 1,58 m.
10. mars: Vilhjálmur bætir aftur Íslandsmetið í hástökki án atrennu þegar hann stekkur 1,65 m á frjálsíþróttamóti ÍR.

24. mars: Vilhjálmur setur nýtt Íslandsmet í langstökki án atrennu á Íslandsmóti frjálsíþróttamanna innanbúss í íþróttabúsi Háskólans, stekkur 3,30 m.
31. maí: Vilhjálmur stekkur 7,10 m í langstökki á EÓP-mótinu.
9. júní: Vilhjálmur sigrar í þrístökki á boðsmóti í Varsjá í Póllandi, stekkur 15,87 m.
17. júní: Vilhjálmur stekkur 15,55 metra í þrístökki á 17. júní-mótinu í frjálsum íþróttum á Melavellinum og bætir vallarmetið um 36 cm. Það er valið besta afrek mótsins.
21. júní: Vilhjálmur sigrar í þrístökki á Stjörnumóti ÍR á Melavellinum. Hann stekkur 15,92 metra og vinnur þar með rússneska stökkvarann Kreer í miklu einvígi. Þetta er þriðji besti árangurinn í heiminum á árinu.
1. júlí: Vilhjálmur sigrar í langstökki í landskeppni Íslendinga og Dana í frjálsum íþróttum á nýju Íslandsmeti, 7,46 m. Hann bætir þar með met Torfa Bryngeirssonar um 14 cm.
2. júlí: Vilhjálmur sigrar í þrístökki í sömu keppni þrátt fyrir að keppa meiddur. Hann stekkur 14,89 m. Ísland vinnur landskeppnina 116-95 og er því slegið upp sem glæsilegasta sigri sem Ísland befur unnið í frjálsum íþróttum.
25. júlí: Vilhjálmur sigrar í langstökki á móti í Tuneberg í Svíþjóð, stekkur 6,91 m.
15. september: Vilhjálmur sigrar í þrístökki á sterku frjálsíþróttamóti í Búkaress í Rúmeníu, stekkur 15,39 m.
8. október: Vilhjálmur sigrar í þrístökki í keppni Norðurlandanna og Balkanlandanna í frjálsum íþróttum, sem fram fer í Aþenu. Hann stekkur 15,95 m.

húss sem haldið hefur verið í bragganum á Hálogalandi, sem þá var eina íþróttahús landsins þar sem einhverjir áhorfendur komust fyrir. Það var John Christian Evant sem var sérstaklega boðið að keppa við Vilhjálmmur og Jón Þ. Ólafsson sem átti þá heimsmet unglunga. Þetta fór svo þannig að Vilhjálmmur tapaði fyrir Norðmanninum bæði í hástökki, langstökki og þrístökki án atrennu.

Árið 1962 tók Vilhjálmmur þá ákvörðun að hætta keppni. Það var orðinn þungur róður að vera kennari úti á landi, fjölskyldu-faðir og fjölskyldan að stækka, komnir þrír synir. Hann gat ekki séð hvernig hægt væri að sameina þetta. Kröfurnar voru að maður væri í allra fremstu röð en aðstæðurnar voru engan veginn þannig að það væri hægt. Það var eiginlega sjálfgeft að hætta eftir Evrópumeistaramótið í Belgrad 1962 þar sem Vilhjálmmur náði fimmta sæti.

Engum blöðum er um það að fletta að Vilhjálmmur er einn besti íþróttamaður sem Ísland hefur átt og þó að ýmsir hafi náð frábærum árangri hefur trúlega enginn náð jafnlangt á alþjóðavettvangi og hann. Silfurverðlaunin á Ólympíuleikunum nægja til að setja hann í flokk íslenskra goðsagna á íþróttasviðinu og víst er að margir hafa litið á hann sem fyrirmynd.



Íslenska sveitin á Ólympíuleikunum 1956. Vilhjálmmur Einarsson, Ólafur Sveinsson fararstjóri og Hilmar Þorbjörnsson.

### Árangur Vilhjálms 1958:

- 9. mars: Vilhjálmmur setur Íslandsmet í þrístökki án atrennu á innanfélagsmóti ÍR, stekkur 10,03 m.
- 22.–23. mars: Vilhjálmmur sigrar í þremur greinum á meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum innanhúss. Þetta voru langstökk án atrennu (3,20 m), hástökk án atrennu (1,61 m) og þrístökk án atrennu (9,81 m).
- 17. júní: Vilhjálmmur stekkur 15,45 m í þrístökki á 17. júní mótinu á Melavellinum.
- 11. júlí: Vilhjálmmur stekkur 15,42 m í einvígi hans og Ólympíumeistarans da Silva á Laugardalsvellingum. Da Silva stekkur 20 cm lengra og sigrar.
- 17. júlí: Vilhjálmmur kemur fram befnudum og sigrar í seinna einviginu við da Silva. Vilhjálmmur stekkur 15,84 m en da Silva 15,64 m. Þetta er fyrsta þrístökkskeppnin sem da Silva tapaði í sjö ár.
- 24. ágúst: Vilhjálmmur hlýtur bronsverðlaun í þrístökki á Evrópumótinu í frjálsum íþróttum í Stokkhólmi, stekkur 16 metra slétta.

### Árangur Vilhjálms 1960:

- 17. júní: Vilhjálmmur stekkur 15,44 m í þrístökki á 17. júní-mótinu í frjálsum íþróttum. Það er valið besta afrek mótsins.
- 13.–14. júlí: Vilhjálmmur sigrar í langstökki (7,25 m) og þrístökki (15,10 m) á meistaramóti Reykjavíkur í frjálsum íþróttum.
- 27. júlí: Vilhjálmmur stekkur 16,10 m í þrístökki á frjálsíþróttamóti í Ósló.
- 7. ágúst: Vilhjálmmur jafnar gildandi heimsmet í þrístökki á meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum, stekkur 16,70 metra. Þetta er enn í dag Íslandsmet í greininni. Josef Schmidt hafði tveimur dögum áður stökkið 17,03 metra en það met hafði ekki fengið formlega staðfestingu þá.

- 16. ágúst: Vilhjálmmur stekkur 16,41 m á Ólympíumótinu í Laugardal. Það mót var endapunkturinn á sérstöku Ólympíudegi.
- 6. september: Vilhjálmmur hafnar í fimmta sæti í þrístökki á Ólympíuleikunum í Róm, stekkur 16,37 m.
- 11. september: Vilhjálmmur sigrar í þrístökki (15,38 m) og verður annar í langstökki (7,02 m) í landskeppni milli Íslendinga og B-liðs Austur-Þýskalands sem fram fer þar í landi.

### Árangur Vilhjálms 1961:

- 17. júní: Vilhjálmmur stekkur 15,67 m á 17. júní-mótinu í frjálsum íþróttum. Það er valið besta afrek mótsins.
- 5. júlí: Vilhjálmmur er þriðji í þrístökki á heimsleikunum í Helsingfors í Finnlandi, stekkur 15,57 m.
- 7. júlí: Vilhjálmmur hafnar í þriðja sæti í langstökki á alþjóðlegu móti í Åbo í Finnlandi, stekkur 6,90 metra.
- 12. júlí: Vilhjálmmur sigrar í langstökki í 6-liða keppni í frjálsum íþróttum á Bislett-leikvanginum í Ósló, stekkur 7,29 m.
- 13. júlí: Vilhjálmmur verður í öðru sæti í þrístökki á sama móti með 15,15 m og olli sá árangur vonbrigðum.
- 1. ágúst: Vilhjálmmur verður annar í þrístökki á móti norræna íþróttamanna á Bislett-leikvanginum, stekkur 15,34 m.
- 13. ágúst: Vilhjálmmur sigrar með yfirburðum í þrístökki í landskeppni Íslendinga og B-liðs Austur-Þjóðverja sem fram fer hér á landi. Vilhjálmmur stekkur 16,17 m.
- 1. nóvember: Vilhjálmmur setur heimsmet í hástökki án atrennu þegar hann stekkur 1,75 m í ÍR-húsinu við Túngötu. Hann var þar með fyrsti Íslendingurinn til að setja heimsmet í íþróttum en þarna var Alþjóðafriðsámbandið hætt að staðfesta met í atrennulausum stökkuum.

# Valbjörn Þorláksson

## – Íþróttamaður ársins 1959 og 1965

Öðru hverju koma fram íþróttamenn sem eru náttúrubörn og virðast hafa fullkom-ið líkamlegt atgerfi til að stunda íþróttir. Valbjörn Þorláksson var dæmi um slíkt, en hann náði meðal annars þeim árangri að verða landsliðsmaður í frjálsum íþróttum í 22 ár.



Valbjörn er fæddur árið 1934 á Siglufirði og ólst þar upp fram að fermingaráldri. Hann byrjaði að stökkva stangarstökk þar með heimatilbúinni stöng í portinu heima hjá sér. Með þeim áhöldum tókst honum að stökkva tæpa þrjú metra. Hann fluttist til Keflavíkur 17 ára gamall og stundaði þar knattspyrnu. Hann hóf hins vegar formlega frjálssíþróttaiðkun sína þegar hann var nýorðinn Íslandsmeistari með 2. flokki Keflavíkur. Kallað var í hann og hann fenginn til að keppa í stangarstökki í bæjakeppni milli Selfoss og Keflavíkur árið 1952. Þar keppti hann við Kolbein Kristinsson sem þá var næstbesti stangarstökkvari landsins. Öllum að óvörum veitti Valbjörn Kolbeini harða keppni, stökk 3,35 m en Kolbeinn stökk 3,50 m.

Þessi árangur vakti mikla athygli en Valbjörn keppti þó lítið næstu tvö árin. Árið 1954 kynntist Valbjörn hins vegar Þorsteini Löve frjálssíþróttabjálfa sem fékk hann til að flytjast til Reykja-

víkur og æfa frjálssar íþróttir með KR. Þar æfði hann stangarstökk undir stjórn Benedikts Jakobssonar og tók mjög skjótum framförum í greininni.

Árið 1956 náði hann Ólympíulágmarkinu í stangarstökki fyrir Ólympíuleikana í Melbourne í Ástralíu. Þegar Valbjörn stökk 4,25 metra á vormóti ÍR var farið að ræða um hann sem líklegasta fulltrúa okkar á leikunum. Hann fékk hins vegar ekki að keppa á Ólympíuleikunum þar sem Ólympíunefndin hafði aðeins efni á að senda tvo keppendur, og var ákveðið að senda þá Hilmar Þorbjörnsson og Vilhjálm Einarsson, sem einnig höfðu náð þessum lágmarkum. Valbjörn var ekki sáttur við þetta. Hann hafði þá hæst stökkið 4,30 m en keppandinn, sem hafnaði í öðru sæti í stangarstökki á leikunum, stökk 4,40 m. Hann hefði því líklega átt ágæta möguleika á verðlaunasæti á þessum leikum.

Valbjörn hélt hins vegar áfram að taka framförum í stangarstökkunni. Árið 1957 tókst honum að slá Íslandsmet Torfa Bryn-geirssonar í stangarstökki þegar hann stökk 4,37 m í aukakeppni eftir landskeppni Íslands og Danmerkur. Ári síðar setti hann svo nýtt Íslandsmet á Varsjárleikunum, stökk 4,42 m og sigraði þar með marga knáa frjálssíþróttamenn frá Austur-Evrópu.

Fyrri árið, sem Valbjörn var kjörinn íþróttamaður ársins, 1959, tókst honum að sigra á sterku frjálssíþróttamóti í Leipzig í Austur-Þýskalandi. Og enn og aftur setti hann Íslandsmet í greininni, stökk 4,45 m. Ferðalagið þangað var reyndar sögulegt því að Valbjörn og Þorsteinn Löve fóru á mótið beint frá Malmö, þar sem þeir höfðu keppt á öðru móti. Allt flug reyndist uppþokað þannig að þeir þurftu að taka bíl á leigu til að komast þangað. Þeir komu til borgarinnar nóttina fyrir keppnina og Valbjörn var því illa sofinn þegar hann keppti. En það kom ekki að sök.

Árið 1960 keppti Valbjörn svo í stangarstökki á Ólympíuleikunum í Róm en náði sér ekki á strik þar, stökk 4,20 m og hafnaði í 17. sæti. Árið eftir stökk hann hins vegar í fyrsta sinn 4,50 metra í stangarstökki.

Það var svo í upphafi sjöunda áratugarins sem fjölhæfni Valbjörns fór að koma í ljós og fór hann þá að ná góðum árangri í tugþraut á alþjóðavettvangi. Hann keppti í fyrsta sinn á alþjóðlegu móti í tugþraut árið 1960, en það var Norðurlandamótið í Stokkhólmi. Árið 1962 tókst honum að slá Íslandsmet Arnar Clausen í greininni og árið 1964 keppti hann á Ólympíuleikunum í Tókýó þar sem hann hafnaði í 12. sæti á nýju Íslandsmeti, 7.165 stigum. Valbjörn segir reyndar lítið hafa verið gert úr þeim árangri í fjölmíðlum, í það minnsta ólíkt minna en þegar Jón Arnar Magnússon náði sama sæti á Ólympíuleikunum í Atlanta árið 1996. Hann telur þó að hann hefði átt að ná betri árangri á leikunum. Hann var í 6. sæti fyrir 1.500 m hlaupið, sem var þá, eins og nú, síðasta grein þrautarinnar. Tími hans í því hlaupi var hins vegar slakur og hann hafnaði í 12. sæti í þrautinni. Valbjörn hefur látið hafa það eftir sér að hann geti engum um það kennt nema sjálfum sér. Hann hafi hreinlega ekki tekið keppnina nógu alvarlega. Þetta ár varð hann fyrsti Íslendingurinn til að ná meira en 7.000 stigum í tugþraut.

*Valbjörn Þorláksson var íþróttamaður af Guðs náð. Hann sló fyrst í gegn í stangarstökki og þegar hann var kjörinn íþróttamaður ársins 1959 sigraði hann á sterku frjálsíþróttamóti í Leipzig í Austur-Evrópu. Hann vann 85 Íslandsmeistaratiðla á ferlinum.*




Árið 1965 varð Valbjörn Norðurlandameistari í tugþraut og fyrir það var hann valinn íþróttamaður ársins það ár. Næstu árin var hann í fremstu röð Íslendinga í stangarstökki og styttri hlaupagreinum en lét minna að sér kveða á alþjóðlegum mótum. Sem dæmi varð Valbjörn Íslandsmeistari í sjö einstaklingsgreinum á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum árið 1968. Hann keppti þó á Ólympíuleikunum í Mexíkó það sama ár en tókst ekki að ljúka tugþrautarkeppninni þar vegna meiðsla. Þá átti Valbjörn einnig Íslandsmet í langstökki innanhúss um skeið. Valbjörn var í fremstu röð í stangarstökki og tugþraut hér á landi langt fram yfir fertugt.

Margir eru á því að Valbjörn hafi verið náttúrubarn í íþróttum. Hann hafi hreinlega haft allt til að bera og hefði örugglega komist í allra fremstu röð í heiminum, bæði í tugþrautinni og stangarstökkinu, ef hann hefði æft eins og tíðkast að æfa í dag.

Valbjörn stökk alltaf á stálstöng en fíberstöngin var ekki komin til fyrr en undir lok ferils hans og hann náði aldrei almennilegum tókum á henni. Margir töldu hann reyndar hafa verið latan við æfingar en félagar hans eru ekki sammála því, þar sem hann hafði æft oft tímum saman bæði á Melavellinum og svo á Laugardalsvellingum eftir að hann var byggður. Til marks um hversu langt hann náði átti hann Íslandsmetið í tugþraut í rúmán áratug. Þá þótti hann einnig léttur og frískur og góður félagi. Hann var landsliðsmaður í frjálsum íþróttum í 22 ár og hefur enginn leikið það eftir.

Valbjörn keppti meðal þeirra bestu fram á fimmtugsaldurinn og var allan tímann í fremstu röð. Hann hefur unnið ófáa titlana í öldungamótunum, meðal annars fjölda heimsmeistaratitla. Á fyrsta heimsmeistaramóti öldunga, sem hann tók þátt í 1979, varð hann til að mynda þrefaldur heimsmeistari, í stangarstökki, fimmtarþraut og 110 m grindahlaupi. Þá hefur hann sett heimsmet öldunga í nokkrum greinum. Valbjörn keppti síðast á meistaramóti Íslands árið 1981, þá orðinn 47 ára gamall, en hann vann alls 85 Íslandsmeistaratitla á ferlinum.

Valbjörn starfaði lengi á Laugardalsvellingum og hafa því margir íþróttamenn umgengist hann í tengslum við æfingar á vellingum. Hann hætti störfum þar árið 2004.



*Valbjörn Þorláksson einbeitti sér meira að tugþrautinni með árunum. Hann varð Norðurlandameistari í tugþraut 1965 og var valinn íþróttamaður ársins fyrir það afrek.*

### Árangur Valbjörns 1959:

- 4. apríl: Valbjörn sigrar í stangarstökki á innanbússmeistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum. Hann stekkur 3,80 m og setur Íslandsmet innanbúss. Valbjörn bafnar í fjórða sæti í langstökki án atrennu (3,09 m) og hástökki (1,70 m) á sama móti.
- 24. maí: Valbjörn sigrar í stangarstökki á vormóti ÍR, stekkur 4,25 m.
- 22. júní: Valbjörn sigrar í 100 m blaupi (11,4 sek.) og 110 m grindahlaupi (16,7 sek.) á KR-mótinu á Melavellinum.
- 4. júlí: Valbjörn sigrar í stangarstökki í frjálsíþróttakeppni milli borganna Reykjavíkur og Malmö í Svíþjóð, stekkur 4,20 m.
- 16. júlí: Valbjörn stekkur 4,20 m á afmælis móti Ármanns og sigrar. Á góðar tilraunir við 4,35 m sem mistakast.
- 8.–9. ágúst: Valbjörn sigrar í spjótkaсти (58,16 m), verður annar í 200 m blaupi (23,3 sek.) og 100 m blaupi (10,8 sek.) á Meistaramótinu í frjálsum íþróttum.
- 30. ágúst: Valbjörn setur nýtt Íslandsmet í stangarstökki á boðsmóti Frjálsíþróttasambands Austur-Þýskalands í Leipzig. Hann stekkur 4,45 metra, sigrar í stangarstökkkeppninni og bætir Íslandsmet sitt um þrjá cm.
- 8. september: Valbjörn sigrar í stangarstökki á alþjóðlegu frjálsíþróttamóti í Gautaborg í Svíþjóð, stekkur 4,40 m.
- 11. september: Valbjörn sigrar í stangarstökki á stóru frjálsíþróttamóti í Uddevalla í Svíþjóð, stekkur 4,25 m.

23. september: Valbjörn er í 10.–12.sæti á afrekaskrá Evrópu í stangarstökki með 4,45 m.

27. september: Valbjörn sigrar í stangarstökki á minningarmóti um Rudolf Harbig sem fram fer í Dresden í Austur-Þýskalandi, stekkur 4,40 m.

### Árangur Valbjörns 1965:

- 7. mars: Valbjörn sigrar í stangarstökki á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum innanbúss, stekkur 4,15 metra.
- 24.–25. júlí: Valbjörn sigrar í 110 m grindahlaupi (15,5 sek.) og stangarstökki (4,00 m) og bafnar í þriðja sæti í 400 m grindahlaupi (57,7 sek.) og í spjótkaсти (59,10 m) á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum.
- 17. ágúst: Valbjörn sigrar í tugþraut á Norðurlandamótinu í frjálsum íþróttum í Helsinki og hampar þar með Norðurlandameistaratitli í greininni. Hann fær samtals 6.902 stig og er rúmum hundrad stigum á undan næsta manni.
- 21. ágúst: Valbjörn sigrar í stangarstökki (4,04 m) og er annar í 120 yarda grindahlaupi (15,3 sek.) í landskeppni Íslendinga og Skota í frjálsum íþróttum sem fram fer í Edinborg.
- 31. ágúst: Valbjörn verður Íslandsmeistari í tugþraut í tugþrautarkeppni Meistaramótsins á Melavellinum. Hann hlýtur 7004 stig.

# Guðmundur Gíslason

## – Íþróttamaður Íslands 1962 og 1969

*Það má segja að Guðmundur Gíslason sé fyrsti íslenski sundmaðurinn til að ná eftirtektarverðum árangri á alþjóðavettvangi, að ógleymdum árangri Sigurðar Jónssonar Þingeyings á Ólympíuleikunum í London 1948. Hann setti fjölmörg Íslandsmet á ferlinum og einnig ófá Norðurlandamet. Hann var tvívegis valinn íþróttamaður ársins, fyrst fyrir Norðurlandamet og síðan fyrir að vera besti maður landsliðsins sem vann Dani í landskeppni.*



Guðmundur Gíslason er fæddur árið 1941 og er alinn upp í Reykjavík. Hann stundaði fjölda íþrótta á æskuárunum, meðal annars frjálsar íþróttir, skyllmingar, handbolta og körfubolta. Það var hins vegar Jónas Halldórsson sundþjálfari sem fékk hann til að leggja sundið fyrir sig þar sem líklegt væri að hann yrði góður sundmaður. Hann hóf því að æfa sund af fullum krafti 14 ára gamall með ÍR.

Jónas reyndist hafa rétt fyrir sér því að Guðmundur náði ótrúlega skjótum frama í sundinu og komst snemma í landsliðið. Hann setti fyrsta drengjemet sitt 1957 og síðar sama ár setti hann fyrsta Íslandsmetið, þá aðeins sextán ára gamall. Það var í 100 m baksundi. Í kjölfarið fór hann að taka þátt í alþjóðlegum mótum, bæði Norðurlanda- og Evrópumótum. Hann tók svo

þátt í Ólympíuleikum í fyrsta sinn í Róm 1960 en þá hafði hann þegar sett 33 Íslandsmet í skriðsundi og baksundi. Þar keppti hann í 100 m skriðsundi en komst ekki í úrslit. 1961 kom hann sér í metabækurnar með því að eiga þátt í þremur Íslandsmetum sama kvöldið. Hann setti sjálfur tvö, og það þriðja var boðsundsmet.


Guðmundur var tvívegis valinn íþróttamaður ársins. Í fyrra skiptið, 1962, þá 21 árs. Það ár var reyndar almennt viðburðaríkt í sundinu og margir unnu góð afrek. En afrek Guðmundar þetta ár var tvíþætt. Hann setti Norðurlandamet í 400 m fjórsundi í Sundhöllinni í Reykjavík og hann setti 10 Íslandsmet fimmta árið í röð. Íþróttaafrek Íslendinga almennt voru reyndar mjög góð. Jón Þ. Ólafsson varð í öðru sæti í kjörinu en hann hafði einnig sett 10 Íslandsmet á þessu ári. Þriðji var svo annar sundkappi, Hörður Finnsson, en hann hafði líka sett Norðurlandamet. Guðmundur gat sér mjög gott orð á árinu í fjórsundi en keppni í þeirri grein hófst á alþjóðavettvangi árið 1960.

Guðmundur hélt áfram að setja Íslandsmet nánast á færibandi og árið 1963 náði hann þeim áfanga að hafa sett flest Íslandsmet allra íþróttamanna. Árið eftir keppti hann á Ólympíuleikunum í Tókýó og setti þar Íslandsmet í 400 m fjórsundi sem dugði honum til 22. sætis. Hann náði sér hins vegar ekki á strik í 100 m skriðsundi á leikunum. Þetta ár vann hann átta Íslandsmeistararitla á Sundmeistaramóti Íslands og setti sitt 60. Íslandsmet.

Árið 1965 var Guðmundur ráðinn þjálfari hjá sunddeild ÍR en hélt þó áfram keppni fyrir félagið. Hann gegndi auk þess um skamma hríð stöðu formanns sunddeildar ÍR. Árið 1967 skipti hann hins vegar um félag og gekk í Ármann. Á Ólympíuleikunum í Mexíkó 1968 keppti Guðmundur í fjórum greinum. Hann hafnaði í 27. sæti í 200 m fjórsundi, 28. sæti í 400 m fjórsundi, 39. sæti í 100 m flugsundi og 51. sæti í 100 m skriðsundi.

Guðmundur var aftur valinn íþróttamaður ársins árið 1969. Þar bar hæst þriggja landa keppni milli Íslands, Sviss og Danmerkur sem háð var í síðastnefnda landinu. Íslendingar urðu í öðru sæti í keppninni á eftir Svisslendingum og þótti það sérstaklega sætt þá að takast að vinna Dani. Guðmundur vann þrjár greinar í keppninni og það varð til þess að hann var valinn umfram aðra í landsliðinu. Guðmundur þótti á þessum tíma ótví-  
ræður foringi liðsins.

Áfram hélt Guðmundur sér í fremstu röð hér á landi með sigrum á mótum og einstaka verðlaunum á Norðurlandamótum. Hann vann meðal annars tvenn bronsverðlaun á fyrsta Norðurlandamótinu sem haldið var hér á landi árið 1971. Guðmundur tók þátt í sínum fjórðu Ólympíuleikum árið 1972 og varð fyrstur



*Guðmundur Gíslason setti 152 Íslandsmet á ferlinum. Hann var frumkvöðull meðal íslenskra sundmanna.*

til að afreka það, og reyndar sá eini þar til Bjarni Friðriksson júddókappi náði sama árangri árið 1992. Guðmundur keppti í 200 og 400 m fjörsundum en komst ekki í úrslit. Hann hætti keppni 1974.

Það sem einkenndi Guðmund í gegnum feril hans var elju-semi og dugnaður, bæði við æfingar og við að berjast fyrir frangangi sundíþróttarinnar. Á sjöunda áratugnum var hann frumkvöðull meðal íslenskra sundmanna. Meðal annars barðist hann fyrir því að blöð um sundíþróttina voru keypt til landsins og að menn menntuðu sig. Einnig var hann frumkvöðull í því að sundmenn hófu þrekþjálfun með lyftingum, notkun teygjubanda og hlaupaæfingum á haustin. Hann setti alls 152 Íslandsmet á ferlinum. Eftir að honum lauk fór Guðmundur að hlaupa og tók þátt í fjölda langhlaupum hér heima með þrýðisárangri.

Guðmundur var ritari Sundráðs Reykjavíkur og gjaldkeri Sundsambands Íslands um árabíl og hann sat í byggingarnefnd Laugardalslaugarinnar, undir formennsku Úlfars Þórðarsonar augnlæknis sem tók þátt í Ólympíuleikunum í Berlín 1936. Guðmundur sat í nefndinni frá 1962 til vígslu laugarinnar 1966. Opnun Laugardalslaugarinnar var stórt framfaraspor fyrir sundíþróttina þar sem öll alþjóðleg sundmót og landskeppnir fara fram í 50 metra braut. Fram til ársins 1966 höfðu íslenskir sundmenn ekki átt möguleika til æfinga á 50 metra braut, nema í sundlauginni í Laugarskarði í Hveragerði. Þar reyndist oft erfitt að halda lauginni hæfilega heitri vegna skorts á köldu vatni. Þurftu Guðmundur og sundfélagar hans oft frá að hverfa er æfa skyldi fyrir erlend stórmót í Laugarskarði því að laugin var vel yfir 30 stiga heit.



Guðmundur Gíslason varð fyrstur Íslendinga til að taka þátt í fernum Ólympíuleikum.

### Árangur Guðmundar 1962:

13. febrúar: Guðmundur setur nýtt Íslandsmet í 4x25 m fjörsundi karla, 1:06,4 mín.
14. febrúar: Guðmundur vinnur fimm greinar á afmælisundmóti ÍSÍ. Það voru 4x25 m fjörsund, 4x50 m skriðsund, 50 m skriðsund, 50 m baksund og 100 m fjörsund.
4. apríl: Guðmundur sigrar í 100 m skriðsundi og 100 m fjörsundi á undmóti Armanns.
12. apríl: Guðmundur setur glæsilegt Íslandsmet í 400 m fjörsundi þegar hann bætir eigið Íslandsmet um átta sekúndur á undmóti Sundráðs Reykjavíkur. Tími Guðmundar er 5:16,3 mín., og er jafnframt Norðurlandamet. Að auki er þetta betri tími en náðst hafði í Evrópu árið áður. Guðmundur sigrar einnig í 50 og 100 m baksundi á mótinu, sem og 50 m skriðsundi, þar sem hann setur nýtt Íslandsmet.
20. maí: Guðmundur hlýtur sex Íslandsmeistarátitla á sundmeistararmóti Íslands. Hann hlýtur einnig Pálsbikarinn fyrir besta afrek mótins, þegar hann syndir 100 m skriðsund á 59,4 sek.
29. júní: Guðmundur setur tvö ný Íslandsmet á undmóti íþróttafélaganna í Reykjavík sem fram fer í Sundlaug Vesturbæjar, í 500 m skriðsundi og 4x50 m fjörsundi. Hann hefur þar með sett 50 Íslandsmet á ferlinum og á öll skráð Íslandsmet í sundi nema bringusundmetin.
18. ágúst: Guðmundur kepptir í fjörsundi á Evrópumótinu í Leipzig en nær ekki að komast í úrslit eins og vonir höfðu staðið til. Guðmundur átti einnig að keppa í 200 m baksundi á mótinu en varð frá að hverfa vegna migrenis sem hjáði hann allt frá 9 ára aldri.
28. nóvember: Guðmundur sigrar í þremur greinum á móti í Sund-

höll Reykjavíkur, 100 m skriðsundi, 50 m baksundi og 4x50 m skriðsundi. Hann jafnar Íslandsmetið í 50 m baksundi þrátt fyrir erfiðar aðstæður.

27. desember: Guðmundur setur Íslandsmet í 1000 m bringusundi, 15:40,1 mín. Metið setur hann óvart þar sem hann ætlaði að hjálpa Herði Finnssyni að bæta þetta met. Þetta er ellefta Íslandsmet Guðmundar á árinu, en óvenjulegt því Guðmundur lagði ekki mikla rækt við æfingar í þessari grein.

### Árangur 1969:

6. júní: Guðmundur sigrar í þremur greinum á Sundmeistararmóti Reykjavíkur; 200 m skriðsundi (ásamt Gunnari Kristjánssyni), 100 m flugsundi og 100 m baksundi. Hann er þar með Reykjavíkurmeistari í þessum greinum.
29. júní: Guðmundur sigrar í sex greinum á Sundmeistararmóti Íslands. Hann setur þrjú Íslandsmet á mótinu, í 200 m fjörsundi (2:21,8 mín.), 400 m skriðsundi (4:41,5 mín.) og 100 m flugsundi (1:02,6 mín.).
1. ágúst: Guðmundur setur Íslandsmet í 200 m baksundi í sundkeppni milli Íslands, Danmerkur og Sviss sem fram fer í Danmörku, syndir á 2:26,8 mín. Hann bætir eigið met um tæpar fjórar sekúndur. Tíminn dugar honum í annað sætið í greininni. Guðmundur setur einnig met í 200 m flugsundi, 2:23,0 mín., og sigrar í þeirri grein. Hann sigrar alls í þremur greinum á mótinu og Íslendingar bafna í öðru sæti, á eftir Svisslendingum. Íslendingar eru himin-sælir með að hafa unnið Dani og í grein í Morgunblaðinu um mótið segir að Guðmundur sé í sérflokki meða íslenskra íþróttamanna.

# Jón Þ. Ólafsson

## – Íþróttamaður ársins 1963

Jón Þ. Ólafsson átti Íslandsmetið í hástökki í 22 ár utanhúss þrátt fyrir að mikil framþróun hafi átt sér stað í greininni á þeim tíma. Hann stökk hæst 2,10 m en hefði eflaust stökkið mun hærra með öðrum stökkstíl.



Jón er fæddur árið 1941 og er alinn upp í Reykjavík. Hans fyrsta íþróttgrein var knattspyrna sem hann stundaði með Víkingi. Árið 1956 fór hann í Héraðsskólann á Laugarvatni þar sem var mikil íþróttalíf. Hann skipti fljótlega yfir í frjálsar íþróttir og þá kom í ljós að hástökk hentaði honum vel þar sem hann var grannur og léttur á sér en jafnframt hátt í tveir metrar á hæð.

Á þessum tíma var Jón Pétursson lögregluþjónn besti hástökkvari landsins og hann var fyrstur Íslendinga til að stökkva yfir tvo metra, árið 1960. Hann var helsta fyrirmynd Jóns þegar hann var að byrja.

Jón Þ. Ólafsson æfði hástökk með ÍR, hann tók hröðum framförum í greininni og varð meðal annars Íslandsmeistari innanhúss árið 1959. Á þessum árum varð hann einnig fastamaður í landsliðinu. Það var í raun aðeins tímaspursmál hvenær hann myndi taka Íslandsmetið utanhúss af Jóni Péturssyni. Það tókst honum í júlí 1961 þegar hann stökk 2,03 metra en hann hafði

veturinn áður náð Íslandsmetinu innanhúss með stökki upp á 1,99 m. Þetta ár náði hann einnig bronsverðlaunum á Norðurlandamótinu. Næstu tvö árin hækkaði metið jafnt og þétt og árið 1962 setti hann alls 12 sinnum Íslandsmet. Í lok desember á því ári náði Jón sínum besta árangri í greininni, þegar hann stökk 2,11 m innanhúss.

Það er ansi margt sem gerir þennan árangur sérstakan. Þetta Íslandsmet Jóns innanhúss stóð í 25 ár þrátt fyrir að nýr hástökkstíll, Fosbury-stíllinn, hefði verið við lýði nokkuð lengi áður en metið var bætt og hækkað stökkin umtalsvert. Jón stökk langoftast með svokölluðum grúfustíl sem var þannig að stökkvarinn fór á grúfu yfir rána en lenti síðan á bakinu. Þar að auki var metið sett í gamla ÍR-húsinu við Túngötu, sem var svo lítið að aðeins var hægt að taka þriggja skrefa atrennu. Meira að segja þurfti að loka dyrunum niður í kjallarann á íþróttahúsinu svo að íþróttamennirnir ættu ekki á hættu að rúlla þangað niður eftir stökkið! En það sem er kannski mest um vert var að þegar Jóni tókst að stökkva þessa hæð setti hann Norðurlandamet, náði besta árangrinum í Evrópu það ár og þeim næstbesta í heiminum. Fyrir þetta var hann kjörinn íþróttamaður ársins 1963 þó að metið innanhúss hafi komið nokkrum dögum áður en það ár gekk í garð.

Í febrúar 1964 var Jóni hins vegar boðið til náms og æfinga í Kaliforníu og dvaldi hann þar í fjóra mánuði. Jón tók þátt í Ólympíuleikunum í Tókýó 1964 en stökk aðeins tvo metra og komst ekki í úrslit. Segja má að æfingarnar í Bandaríkjunum hafi ekki skilað sér fyrr en vorið 1965 en þá náði hann sínum besta árangri utanhúss, 2,10 metrum. Það var Íslandsmet sem stóð í 22 ár, og það var líka sett með grúfustílnum. Jón komst hins vegar ekki nærri því að bæta þennan árangur fyrr en árið 1970, eða árið sem hann hætti æfingum. Þá stökk hann 2,10 m innanhúss.

Þrátt fyrir að Jón hafi verið á heimsælikvarða telja margir að hann hefði getað náð mun lengra í íþróttinni. Hann hafði gríðarlegan stökkkraft en náði ekki alveg eins góðum tókum á tækninni sökum aðstöðuleysis, en ef það hefði tekist hefði hann getað stökkið töluvert hærra. Þá þykir það einnig vera ljóst að ef hann hefði haft möguleika á að tileinka sér Fosbury-stílinn hefði hann einnig getað stökkið töluvert hærra en honum tókst að gera.

Jón tók m.a. þátt í tvennum Ólympíuleikum, 1964 þar sem hann stökk tvo metra slétta og komst ekki í úrslit, og svo 1968 þar sem hann stökk 2,06 m og hafnaði í 21.–28. sæti af um 40 keppendum.

Jón var einnig mjög liðtækur í stökkum án atrennu og var meðal annars nálægt því að setja heimsmet í hástökki án atrennu. Honum tókst þó aldrei að ná því þrátt fyrir nokkrar góðar tilraunir.



*Jón Þ. Ólafsson stekkur á Melavellinum en hann notaði grúfustíl í hástöckkinu með ótrúlegum árangri.*



*Jón Þ. Ólafsson stekkur án atrennu í hástökki í Hálogalandi í mars 1962.*

**Árangur Jóns 1963:**

- 29. desember 1962: Jón sigrar í fjórum greinum á jólamóti ÍR: hástökki með og án atrennu, langstökki án atrennu og þrístökki án atrennu. Jón setur nýtt Íslandsmet í hástökki innanbúss, stekkur 2,11 metra, og bætir fyrra met sitt um þrjá cm. Þetta var fjórði besti árangurinn í heiminum frá upphafi.
- 2. febrúar: Jón gerir tilraun til að stökkva 2,12 metra á innanbússmóti ÍR. Það tekst ekki þrátt fyrir góðar tilraunir.
- 10. mars: Jón verður Íslandsmeistari í fjórum greinum á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum innanbúss. Hann stekkur 2,05 m í hástökki, 1,66 m í hástökki án atrennu, 3,19 m í langstökki án atrennu og 9,62 m í þrístökki án atrennu.
- 12. júní: Jón stekkur 2,02 m á EÓP-mótinu, sem KR stendur fyrir.
- 17. júní: Jón vinnur forsetabikarinn á árlegu 17. júní móti frjáls-

- íþróttamanna fyrir að stökkva tvö metra í hástökki. Hann skrifaði reyndar grein í Morgunblaðið í nóvember sama ár þar sem meðal annars kom fram að hann hefði ekki ennþá fengið þennan bikar afhentan!
- 2. júlí: Jón sigrar í hástökki í landskeppni Íslendinga og Dana, stekkur 2,02 m. Hann reynir við nýtt Íslandsmet utanbúss, 2,06 m, en það tekst ekki.
- 31. júlí: Jón hafnar í fjórða sæti í hástökki á Norðurlandamótinu í Gautaborg, stekkur 2,05 metra.
- 14. ágúst: Jón sigrar í hástökki á meistaramóti Íslands með stökki upp á 1,97 m. Hann vinnur einnig silfurverðlaun í þrístökki.
- 10. september: Jón hafnar í fjórða sæti á Reykjavíkurmótinu í tugþraut, blýtur 4772 stig. Hann stekkur 2,02 m í hástökki í þrautinni.

# Sigríður Sigurðardóttir

## – Íþróttamaður ársins 1964

Tímamót urðu þegar íþróttamaður ársins 1964 var valinn. Sigríður Sigurðardóttir breppti hnossið og varð þar með fyrsta konan til að hljóta þennan titil. 27 ár liðu þar til kona varð aftur fyrir valinu.



Sigríður er fædd í Reykjavík árið 1942 og ólst þar upp. Hún var á táningsaldri þegar hún byrjaði að æfa handbolta og átti Árni Njálsson, landsliðsmaður í knattspyrnu, sem ólst upp í sama hverfi og hún, stærstan þátt í því, en hann fékk hana til að mæta á æfingu hjá Val. Mikil stemning var í kringum handboltann á þeim tíma sem Sigríður var að byrja og leikgleðin var í fyrirrúmi.

Handboltinn virtist henta Sigríði vel og hún vakti snemma athygli, ekki aðeins fyrir mikla hæfileika sem skytta heldur einnig fyrir að vera mikill leiðtogi á vellinum. Þessi frammistaða hennar kom henni fljótt í kvennalandsliðið. Á þessum árum var farið að senda kvennalandslið í handbolta á Norðurlandamót og var Sigríður valin til þátttöku á mótinu sem fram fór í Västerås í Svíþjóð í júní 1960. Þetta var annað Norðurlandamótið sem kvennalands-

liðið fór á en liðið hafði áður hafnað í þriðja og fjórða sæti af fjórum liðum. Liðið undirbjó sig vel fyrir mótið og kom meðal annars fram í fréttum að „...3. og 2. flokks karlalið [hafi] leikið gegn þeim til að fá meiri styrk og kraft í leik liðsins“ eins og það var orðað í frétt í Morgunblaðinu. Á þessu móti urðu þær hins vegar í öðru sæti og var Sigríður þá varafyrirliði liðsins.

Eftir þennan árangur var farið að halda liðinu skipulega saman og mikið var gert til að undirbúa það sem best. Meðal annars fengu stúlkurnar að æfa reglulega í stóru íþróttahúsi á Keflavík-urflugvelli þar sem ekkert slíkt hús var til staðar í Reykjavík.

Ástæðan fyrir að Sigríður var valin íþróttamaður ársins árið 1964 var að hún var fyrirliði kvennalandsliðsins í handknattleik sem varð Norðurlandameistari utanhúss. Keppnin var haldin hér á landi en þetta voru jafnframt fyrstu landsleikir sem kvennalandsliðið spilaði á heimavelli. Þessi sigur íslenska liðsins vakti mikla athygli hér á landi, ekki hvað síst vegna þess að ekki voru miklar vonir bundnar við liðið fyrir mótið. Fyrir mótið fór liðið til Keflavíkur einu sinni í viku og æfði stíft fyrir mótið.

Mótið byrjaði vel og góður sigur vannst á Svíum, 5-4, í leik sem spilaður var í úrhellisrigningu. Þar var um hörkuleik að ræða þar sem liðin skiptust á um að hafa forystuna en Sigríður skoraði sigurmarkið fjórum mínútum fyrir leikslok.

Klukkustund eftir að þessum leik lauk var leikið við Dani. Sigríður kom fyrst Íslendingum í 2-0 en í kjölfarið fylgdu sex mörk frá Dönnum og þeir höfðu því 6-2 yfir í leikhléi. En íslenska liðið náði með mikilli baráttu að komast yfir 8-7. Danir jöfnuðu hins vegar metin og þannig lauk leiknum, 8-8.

Auðveldur sigur vannst á Finnum daginn eftir og lokaleikur liðsins var svo gegn Norðmönnum. Þá var staðan þannig að með sigri átta Íslendingar góða möguleika á að vinna mótið, en það yrði hins vegar ekki tryggt nema ef Norðmenn tækju svo stíg af Dönnum síðar sama dag. Íslendingar komust í 1-0 og 2-1, með mörkum frá Sigríði. Norðmenn, sem einnig áttu möguleika á sigri í mótinu, komust hins vegar fljótlega í 4-2 en íslenska liðið náði að jafna, og staðan í leikhléi var 5-5. Norðmenn komust í 7-5 fljótlega í seinni hálfleik og Sigríður misnotaði tvö vítaköst í kjölfarið. En þá kom hin 14 ára Sigrún Guðmundsdóttir inn á og hún og Sigríður skorðu tvö mörk hvor í leiknum og breyttu stöðunni í 9-7. Þannig lauk leiknum. Norðmenn unnu svo Dani síðar um daginn og þar með var Norðurlandameistaratitillinn tryggður íslenska liðinu.



*Valur Íslandsmeistari eftir útimót á Akureyri 1965. Frá vinstri; Guðbjörg Árnadóttir, Ragnheiður Þorsteinsdóttir, Vigdís Pálsdóttir, Erla Magnúsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Sigrún Guðmundsdóttir og Elínborg Kristjánsdóttir. Með á myndinni er Guðríður Guðjónsdóttir, dóttir Sigríðar.*



*Íslandsmeistarar Vals í handbolta 1965 á lokaböfi handboltafólks í Sigtúni. Fremst með bikarinn er Sigríður Sigurðardóttir, við hlið hennar er Katrín Hermannsdóttir. Í næstu röð fyrir ofan eru Vigdís Pálsdóttir, Ólöf Stefánsdóttir og Sigrún Guðmundsdóttir. Í þriðju röðinni eru Erla Magnúsdóttir, Ragnheiður Þorsteinsdóttir og Elínborg Kristjánsdóttir, í næst efstu röðinni eru Guðbjörg Árnadóttir, Bára Guðjónsdóttir og Margrét Kristjánsdóttir og efstar eru Björg Guðmundsdóttir og Ingibjörg Kristjánsdóttir.*

Varaformaður Handknattleikssambands Íslands sagði fyrir leikinn að þetta væri stærsta stundin í íslenskum handknattleik.

Þó að Sigríður hafi verið valin íþróttamaður ársins sem fyrirlíði liðsins má í raun segja að allt liðið hafi átt þessa viðurkenningu. Fjölmíðlar sýndu kvennahandboltanum líka meiri áhuga eftir þetta kjör og almennur áhugi á honum jókst við þetta.

Sigríður þótti mjög skotfastur leikmaður, en jafnframt því gríðarlegur leiðtogi. Sigrún Guðmundsdóttir, sem var með henni í liðinu sem varð Norðurlandameistari, segir að Sigríður hafi verið akkeri liðsins. Hún þótti gríðarlega hörð af sér og gafst aldrei upp. Hún var gríðarleg keppnismanneskja. Hún krafðist mikils af sjálfri sér og jafnframt af félögum sínum. Sigríður þótti einnig góður félagi, létt og kát, og því fyrirlíði eins og þeir eiga að vera.

Sigríður hefur smitað afkomendur sína af handboltabakteríunni. Eiginmaður hennar, Guðjón Jónsson, hefur reyndar örugglega gert sitt til þess líka því að hann lék handknattleik í mörg ár. Dætur þeirra, Guðríður, Díana og Hafdís, lögðu síðan allar stund á íþróttina með góðum árangri.

### Árangur Sigríðar 1964:

26. júní: Íslenska landsliðið vinnur óvænt sigur í fyrsta leik sínum á Norðurlandamótinu í bandknattleik utanbúss á Laugardalsvelli-um. Leikurinn endaði 5-4 og skorar Sigríður þrjú markanna, þar á meðal sigurmarkið fjórum mínútum fyrir leikslok. Síðar sama dag gerir íslenska landsliðið svo jafntefli við Dani, 7-7.

28. júní: Íslendingar vinna Finna auðveldlega á Norðurlandamó-  
tinu, 14-5. Sigríður skorar sjö mörk í leiknum.

30. júní: Íslensku stúlurnar vinna Norðmenn 9-7 í síðasta leik sínum á Norðurlandamótinu og skorar Sigríður fjögur markanna. Síðar um daginn náðu Norðmenn svo að vinna Dani og þar með var Norðurlandameistaratitillinn tryggður.

# Kolbeinn Pálsson

## – Íþróttamaður ársins 1966

*Kolbeinn Pálsson körfuknattleiksmaður úr KR var kjörinn íþróttamaður ársins 1966 og er eini körfuknattleiksmaðurinn sem hefur blotið þessa viðurkenningu.*



Kolbeinn er fæddur árið 1945 og er alinn upp í Reykjavík. Íþróttirnar, sem Kolbeinn stundaði helst þegar hann var yngri, voru skautahlaup, hlaup, handbolti og körfubolti. Smátt og smátt togaði körfuboltinn í hann og hann ákvað að einbeita sér alfarið að honum sextán ára gamall en hann hafði þá einnig æft handbolta og varð Íslandsmeistari í 3. flokki. Einnig æfði hann bæði með unglíngalandsliðinu í handbolta og körfubolta 1962 og lék með meistaraflokki KR í handbolta veturinn 1962–63.

Kolbeinn byrjaði að spila með meistaraflokki KR í körfubolta 1962 og lék með KR allt til ársins 1981. Á þeim tíma sem Kolbeinn er að stíga sín fyrstu skref voru fyrstu

alvörukörfuknattleiksmenn Íslands að stíga fram á sjónarsviðið, menn á borð við Þorstein Hallgrímsson og Birgi Örn Birgisson, sem voru 3–4 árum eldri en Kolbeinn. Þá var það farið að gerast í fyrsta sinn að íslenska landsliðið var farið að standa í Norðurlandabjórðum eins og Dönum og Norðmönnum í greininni og það leiddi af sér að körfuboltinn naut sívaxandi

vinsælda meðal ungu kynslóðarinnar. Kolbeinn æfði mikið með þessum köppum þegar hann var að byrja og lærði mikið af því.

Kolbeinn vakti strax athygli í fyrstu leikjum sínum með meistaraflokki KR en hann átti þá þegar unglíngalandsleiki að baki. Hann lék sinn fyrsta A-landsleik árið 1964 en hafði árið áður leikið sinn fyrsta unglíngalandsleik.


Tvennt sker sig úr hjá Kolbeini árið sem hann er valinn íþróttamaður ársins. Annars vegar tryggði landsliðið sér þriðja sætið á Norðurlandamótinu í körfuknattleik með eftirminnilegum eins stígs sigri á Dönum í framlengdum leik. Þar átti Kolbeinn stórleik, skoraði 26 stíg og tryggði þar að auki sigurinn með því að skora úr tveimur vítaskotum á lokasekúndum leiksins. Um haustið spilaði svo KR við Evrópumeistarana í Milano Simithal. Þó að sá leikur hafi tapast þótti KR-liðið standa sig mjög vel í þeim leik og var Kolbeinn þar fremstur meðal jafningja. Hann skoraði 26 stíg og átti stórleik í vörninni þar sem hann braut ófáar sóknir Evrópumeistaranna á bak aftur með því að stela boltanum af þeim. Það má því segja að með því hafi hann einnig stolið senunni frá stórstjórnunum sem léku með þessu liði.

Kolbeinn átti glæstan feril í körfuboltanum hér á landi eftir þetta. Hann varð sjö sinnum Íslandsmeistari með KR og níu sinnum bikarmeistari. Hann lék 55 A-landsleiki á ferlinum og var fyrirlíði í þeim langflestum. Kolbeinn sagði ekki skilið við körfuknattleikinn þó að hann hætti að spila. Hann var virkur í félagsstarfi tengdu íþróttinni og var meðal annars formaður Körfuknattleikssambands Íslands á árunum 1988–96.

Kolbeinn er enn í dag leikjahæsti leikmaður KR í körfuknattleik með 383 leiki.

Það sem einkenndi Kolbein fyrst og fremst sem körfuknattleiksmann var gríðarlegur hraði og sterk vörn. Tilburðir hans í vörninni fóru í taugarnar á mörgum sóknarmanninum, meðal annars hjá Evrópumeisturunum sjálfum. Fyrstu ár ferilsins var hann aldrei mikil skytta og hann fór ekki að skjóta mikið fyrir utan fyrr en fór að líða nokkuð á ferilinn. Hann er að flestra mati einn besti körfuknattleiksmaður sem Íslendingar hafa átt.

Eins og áður sagði er Kolbeinn eini körfuknattleiksmaðurinn sem orðið hefur íþróttamaður ársins. Hafa margir framámenn í íþróttinni verið svekktir með þetta, og einkum bent þá á Pétur Guðmundsson, sem í upphafi níunda áratugs síðustu aldar varð fyrsti Evrópubúiinn til að spila í NBA-deildinni í Bandaríkjunum, sterkustu körfuknattleiksdeild heims.



*Kolbeinn Pálsson átti glæstan feril í körfuboltanum og varð sjö sinnum Íslandsmeistari og níu sinnum bikarmeistari.*

### Árangur Kolbeins 1966:

11. apríl: Íslenska landsliðið í körfuknattleik bafnar í þriðja sæti á Polar Cup sem einnig er Norðurlandamót í greininni. Þriðja sæti vinnst eftir sigur á Dönum í framlengdum leik og tryggir Kolbeinn Íslendingum eins stígs sigur með því að skora úr tveimur vítaskotum á lokasekúndum leiksins.
18. apríl: Kolbeinn er í Reykjavíkúrvalinu sem sigrar úrvalslid varnarliðsmanna á Keflavíkurflugvelli í úrslitaleik í árlegri keppni milli liðanna. Leikurinn endaði 75-64 og skoraði Kolbeinn 19 stíg í leiknum. Kolbeinn verður Íslands- og bikarmeistari með KR.

24. júní: Kolbeinn er í Reykjavíkúrvali körfuknattleiksmanna 20 ára og yngri sem sigrar jafnaldra sína frá Bandaríkjunum 62-61. Kolbeinn skorar 13 stíg og á stórleik í vörn.

18. nóvember: KR-ingar tapa fyrir ítalska liðinu Simmethal 63-90 í Eyrópukeppninni í körfuknattleik en ítalska liðið er ríkjandi Eyrópumeistari. Kolbeinn á stórleik í leiknum, skorar 25 stíg og stelur mörgum boltum í vörninni. Frammistaða hans vekur mikla athygli.

# Guðmundur Hermannsson

## – Íþróttamaður ársins 1967

*Það er óvenjulegt að íþróttamenn, sérstaklega í íþrótt sem krefst mikils líkamlegs atgervis, nái hátindi ferilsins þegar þeir eru komnir yfir fertugt. Sú varð þó raunin í tilviki Guðmundar Hermannssonar kúluvarpara. Þegar hann var kjörinn íþróttamaður ársins árið 1967 var hann orðinn 42 ára gamall og á næstu tveimur árum átti hann eftir að ná enn betri árangri í grein sinni. Titillinn hlaut hann fyrst og fremst fyrir að margbæta Íslandsmetið í kúluvarpi sem Gunnar Huseby átti áður.*



Guðmundur fæddist árið 1925 á Ísafirði og ólst þar upp. Fyrsta íþróttin, sem hann kom eitthvað nálægt, var knattspyrna enda ólust börnin á Ísafirði nánast upp á vellinum. Átta ára var Guðmundur kominn í knattspyrnufélagið Hörð en tvö félög voru á Ísafirði á þessum árum, Hörður og Vestri. Það var fótbolti daginn út og daginn inn hjá 8–15 ára guttum.

Ahugi vaknaði þó fljótlega hjá Guðmundi á frjálsum íþróttum. Íþróttakennari hans var líka með námskeið fyrir krakka á sumrin og kenndi þá frjálsar íþróttir. Fyrst var keppt í frjálsum íþróttum á Ísafirði um 1940 og þar eignuðust Ísfirðingar mjög góðan íþróttamann, Finnbjörn Torfason, sem varð einn af bestu

spretthlaupurum landsins á sínum tíma og Ólympíufari 1948. Hann fór til Reykjavíkur 17 ára gamall og gat sér góðan orðstír sem frjálsíþróttamaður hjá ÍR. Guðmundur fór hins vegar ekki suður fyrr en 1952, þegar hann var orðinn 27 ára gamall. Þá hafði hann fallið fyrir kúluvarpinu. Hann ákvað þá að ganga í KR því að þar voru bestu kúluvarpararnir fyrir, þeir Gunnar Huseby, Vilhjálmur Vilmundarson og Bragi Friðriksson.

Á þessum árum var æft á Melavellinum og aðstæður voru ekki upp á marga fiska. Menn settu bara upp hring einhvers staðar á mölina og svo var kastað. Það var ekki fyrr en íþróttamennirnir voru orðnir góðir að farið var að steypa hringi undir þá. Guðmundur vann mikið á þessum tíma og tilbreytingin var því ekki svo mikil. Íþróttirnar voru í raun helsta afþreying hans. Félagsskapurinn var góður og menn studdu hver annan þegar æft var.

Það óvenjulega við feril Guðmundar er að hann náði hámarki þegar hann var kominn yfir fertugt. Það var eins og að eitthvað losnaði úr læðingi. Áður hafði hann unnið vaktavinnu í lögreglunni og vinnutíminn því óreglulegur auk þess sem hann var að byggja hús fyrir sjálfan sig þannig að frítíminn var ekki mikill og mjög óreglulegur. Þeir sem voru saman í kastgreinunum héldu þó hópinn og hittust á Melavellinum þegar þeir áttu frí. Þetta var í raun meira leikur heldur en til að vinna til stóra afreka en Guðmundur var samt kominn upp í 16 metra með mikilli vinnu, sem þótti gott þá.

Árið 1966 urðu hins vegar breytingar á högum Guðmundar sem komu sér vel fyrir íþróttuferilinn. Þá fékk hann hærri stöðu í lögreglunni og losnaði úr vaktavinnunni og kláraði þar að auki húsið sem hann var að byggja. Þá gat hann farið að sinna kúluvarpinu betur. Það háði hins vegar Guðmundi alltaf að hann var ekki sterkur í bakinu, vegna aðgerðar sem hann fór í tíu árum áður. Frjálsíþróttasambandið fékk hingað í september 1966 þekktan kúluvarpara frá Bandaríkjunum sem hann æfði með í eina viku og keppti við hann líka. Þá var Guðmundur rétt rúmlega 16 metra maður en þjálfarinn 19 metra. Hann sagði að veikur hlekkur væri í bakinu á Guðmundi og ef honum tækist að styrkja það kæmi árangur. Guðmundur hlífti þessu ráði, útvegaði sér lyftingataeki og byggði sig upp yfir veturinn með það fyrir augum að vinna bug á þessari veilu. Árangurinn varð sá að hann var tilbúinn strax vorið eftir, 1967.

Þetta ár setti Guðmundur níu sinnum Íslandsmet í kúluvarpi. Hann sló Íslandsmet Gunnars Huseby á árinu með því að kasta 17,34 metra og náði best á því ári 17,83 metrum. Árið eftir varð hann fyrstur Íslendinga til að varpa kúlu yfir 18 metra en besti árangur hans var 18,45 metrar það ár. Árið 1969 náði hann best 18,48 metrum. En það að slá Íslandsmet Gunnars gerði útslagið og fékk hann fullt hús stiga í þessu kjóri.

Guðmundur hélt áfram að æfa eftir þetta og náði því m.a. að verða heimsmeistari öldunga í 50 ára flokki árið 1972. Upp úr því hætti hann svo keppni.



*Guðmundur Hermannsson var orðinn 42 ára þegar hann var kjörinn íþróttamaður ársins 1967 en hann sló Íslandsmetið í kúluvarpi níu sinnum þetta ár.*



*Guðmundur Hermannsson í kastbringnum á Melavellinum.*

### **Árangur Guðmundar 1967:**

- 7. mars: Guðmundur setur Íslandsmet í kúluvarpi innanbúss á innanbússmóti ÍR, KR og Ármanns í Laugardalnum. Kastar leðurkúlu 15,76 m, 10 cm lengra en Íslandsmet Gunnars Huseby.
- 29. apríl: Guðmundur setur Íslandsmet í kúluvarpi innanbúss á sameiginlegu móti ÍR og KR í Laugardal, kastar 17,20 m.
- 3. maí: Guðmundur setur nýtt Íslandsmet í kúluvarpi innanbúss, kastar 17,30 m.
- 18. maí: Guðmundur slær 17 ára gamalt Íslandsmet Gunnars Huseby í kúluvarpi utanbúss á vormóti ÍR, sem var fyrsta utanbússmót ársins. Kastar fyrst 16,84 m og síðan 17,34 m og bætir metið um 60 cm.
- 7. júní: Guðmundur setur nýtt Íslandsmet í kúluvarpi á fimmtarprautararmóti Reykjavíkurmótsins í Laugardalnum, kastar 17,44 m.
- 17. júní: Guðmundur vinnur forsetabikar 17. júní-mótsins með kasti upp á 17,17 metra.
- 24. júní: Guðmundur setur Íslandsmet í kúluvarpi í undanrásum

*Evrópukeppni landsliða í Dublin, 17,78 m. Það dugar honum til sigurs á mótinu.*

- 13. júlí: Guðmundur setur nýtt Íslandsmet í kúluvarpi á meistaramóti Reykjavíkur á Melavellinum, kastar 17,81 m.
- 24. júlí: Guðmundur verður Íslandsmeistari í kúluvarpi á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum í Laugardalnum. Kastar 17,69 m og setur nýtt meistaramótsmet.
- 11. ágúst: Guðmundur setur Íslandsmet í kúluvarpi, kastar 17,83 m á 60 ára afmælis móti ÍR á Melavellinum. Hann hafði þar með bætt Íslandsmetið í kúluvarpi um 1,09 metra á einu ári og sinn persónulega árangur um einn og hálfan metra.
- 20. ágúst: Guðmundur verður bikarmeistari í frjálsum íþróttum með KR. Sigrar í kúluvarpinu, kastar 17,78 m.
- 26. ágúst: Guðmundur sigrar í kúluvarpi á afmælis móti Frjálsíþróttasambands Íslands, kastar 17,79 m. Danskur kúluvarpari var þar meðal keppenda.

# Geir Hallsteinsson

## – Íþróttamaður ársins 1968

Geir Hallsteinsson er að margra mati einn af betri handboltamönnum sem Ísland hefur átt. Hann þótti einstaklega góð skytta og glöddu tilþrif hans áhorfendur jafnt hér á Íslandi sem erlendis.



Geir fæddist í Hafnarfirði 1946 og ólst þar upp. Hann átti ekki langt að sækja handboltaáhugann því að faðir hans, Hallsteinn Hinriksson, er talinn faðir handknattleiksins á Íslandi og byrjaði að kenna íþróttina hér á landi um 1930 í Barnaskóla Hafnarfjarðar, sem síðar hét Lækjarskóli. Geir steig sín fyrstu spor í handbolta í útimótum á Hörðuvöllum sem voru haldin á sumrin og

nutu mikilla vinsælda. Geir byrjaði í meistaraflokki sextán ára gamall og voru þá margar frægar kempur í FH-liðinu, meðal annars Ragnar Jónsson, Birgir Björnsson og Hjalti Einarsson.

Árið, sem Geir var valinn íþróttamaður ársins, átti hann nokkra prýðilega leiki með landsliðinu og FH. Hann skoraði meðal annars sjö mörk fyrir landsliðið í 23-20 tapleik gegn Vestur-Þjóðverjum og vakti þar mikla athygli. Þá skoraði hann átta mörk þegar FH-ingar unnu stóran sigur á dönsku meisturunum HG í æfingaleik. Það sem stóð þó upp úr var þegar Íslendingar unnu Dani í fyrsta sinn í handbolta en Danir voru þá silfurverðlaunahafar síðustu heimsmeistarakeppni. Mikið var gert með þennan góða árangur okkar gegn Dönnum og hann átti sennilega sinn þátt í að Geir var kjörinn íþróttamaður ársins.

Geir átti eftir að slá hetjum sínum úr gullaldarliði FH við. Hann var atvinnumaður í Þýskalandi í eitt ár og þar vakti hvað mesta athygli einstök tækni sem hann hafði yfir að ráða. Tilþrif hann glöddu líka augu áhorfenda enda þóttu þau í fallettri kantinum.

Ferill Geirs átti þó eftir að ná enn meiri hæðum en hann gerði árið sem hann var valinn íþróttamaður ársins. Hann lék hér heima með FH-ingum til ársins 1973, þegar hann gekk til liðs við vesturþýska liðið Göppingen. Þar vakti hann strax mikla athygli og skipaði sér á bekk með fremstu skyttum vesturþýsku deildarinnar. Hann var þó aðeins í eitt ár þar og gekk aftur til liðs við FH 1974 og varð annar þjálfari liðsins ásamt því að leika með liðinu.

Geir hætti keppni í handboltanum árið 1981 en hélt hins vegar áfram þjálfun FH-liðsins og eru menn á því að margir af þeim handknattleiksmönnum sem áttu eftir að skara fram úr á næstu árum hafi átt honum mikið að þakka. Geir þjálfaði meðal annars landsliðsmennina Kristján Arason og Þorgils Óttar Mathiesen. Geir þjálfaði FH til ársins 1984 með góðum árangri en tók þá við þjálfun Stjörunnar. Þar var hann í eitt ár og tók svo við Breiðablikliðinu sem þá var í annarri deild. Geir lék 118 landsleiki fyrir íslenska landsliðið og skoraði í þeim ríflega 500 mörk. Hann hætti að leika með landsliðinu árið 1978. Hann spreytti sig einnig á þjálfun landsliða og gerði meðal annars unglíngalandsliðið að Norðurlandameisturum árið 1991.

Sem handknattleiksmaður þótti Geir einstaklega leikinn með boltann og skottækni hans var ótrúleg. Hvar sem íslenska handboltalandsliðið spilaði vöktu tilþrif Geirs athygli erlendra fjölmiðla sem töldu hann nánast undantekningarlaust besta mann liðsins.

### Árangur Geirs 1968:

10. janúar: Geir skorar sex mörk fyrir landsliðsnefndarúrvalið sem vinnur pólska liðið Spojna 24-21.
25. febrúar: Geir skorar fjögur mörk í tapi Íslendinga, 15-17, gegn Rúmenum í Rúmeníu.
28. febrúar: Geir skorar fimm mörk í nýu marka tapi Íslendinga í Rúmeníu, 14-23.
1. mars: Geir skorar sjö mörk fyrir íslenska landsliðið sem tapar fyrir Vestur-Þjóðverjum 23-20. Hann fékk mikið lof fyrir frammistöðu sína í erlendum fjölmiðlum.

7. apríl: Geir skorar fjögur mörk í sigri Íslendinga á Dönnum, 15-10. Þetta var fyrsti sigur Íslendinga á Dönnum í handknattleik.
14. júlí: Geir verður Íslandsmeistari í handknattleik utanbúss með FH-ingum. Þeir unnu Fram í úrslitaleik 20-17. Geir er valinn besti sóknarmaður mótsins.
17. október: Geir á stórleik og skorar átta mörk þegar FH-ingar gersigra dönsku meistarana í HG í æfingaleik, 21-16.
31. október: Geir skorar fimm mörk í sigri FH á Fram, 22-21. Í Morgunblaðinu var þess getið að FH-ingar hefðu nú unnið meistara þriggja sterkustu Norðurlandaþjóðanna en liðið hafði áður unnið Saab frá Svíþjóð og HG frá Danmörku.



*Geir Hallsteinsson í leik með FH gegn Honved frá Ungverjalandi 1969. Geir var ein öflugasta skytta FH og landsliðsins.*



*Geir Hallsteinsson í leik með FH gegn Fram í Háloagalandi í mikilvægum leik um Íslandsmeistaratitilinn. Sigurður Einarsson og Ingólfur Óskarsson borfa á eftir Geir.*

# Erlendur Valdimarsson

## – Íþróttamaður ársins 1970

*Það hafa fáir jafn fjölbæfir frjálsíþróttamenn komið fram á sjónarsvið í seinni tíð og Erlendur Valdimarsson. Hann náði góðum árangri bæði í blaupum og stökkum og árið sem hann varð íþróttamaður ársins náði hann framúrskarandi árangri bæði í kringlukasti og hástökki.*



Erlendur fæddist 1947 og ólst upp á Skeiðum. Þar kviknaði áhuginn á íþróttum og spratt hann fyrst og fremst af því að þær voru helsta afþreyingin fyrir unga krakka. Lítið var reyndar um félagsskap yfir vetrartímann en á sumrin komu fleiri strákar í sveitina. Þá var hafist handa við að búa til gryfju og hún svo notuð til að stökkva hástökk, langstökk og stangarstökk, en þar var hrífuskaftr meðal annars notað sem stöng. Einnig voru prófaðar kastgreinar, meðal annars kúluvarp, og þá var bara leitað að næsta hnullungi og honum svo kastað eins og menn héldu að kúluvarparar gerðu.

Erlendur fluttist til Reykjavíkur 12 ára gamall og hóf þá að æfa frjálssar íþróttir með KR en skipti svo fljótlega yfir í ÍR. Þar


fékk Erlendur smám saman bakteríuna og æfði nánast allar greinar sem hægt var að æfa. Hann stökk m.a. 1,79 m í hástökki og 17,24 m í kúluvarpi (sveinamet) 1963 og 1964 var hann varamaður í landsliðinu í hástökki þar sem Jón Þ. Ólafsson og Kjartan Guðjónsson voru aðalmenn. Og 1965 náði hann meðal annars þeim árangri að sigra í öllum stökkgreinum Drengjameistararmótsins í frjálsum íþróttum innanhúss, þ.e. langstökki og þristökki án atrennu og hástökki með og án atrennu.

En kringlukast varð svo með tímanum aðalgrein Erlendar þó að hann hafi einnig verið liðtækur sleggjukastari og kúluvarpari. Árið 1967 setti hann til að mynda 15 unglíngamet í kringlukasti og kúluvarpi. Og árið 1969 tekur hann Íslandsmet bæði í sleggjukasti (54,93 metrar, bætti met Jóns Magnússonar um rúmlega hálfan metra) og kringlukasti (56,25 metrar, bætti met Hallgríms Jónssonar um 20 cm).

Erlendur var valinn íþróttamaður ársins 1970. Það ár kastaði hann kringlunni í fyrsta sinn yfir 60 metra og hélt svo áfram að bæta metið í sleggjukastinu. En ugglaust hefur það einnig haft áhrif að hann stökk 1,90 metra í hástökki. Eða eins og Erlendur sjálfur orðaði það: „Að vera svona hlunkur en geta hoppað.“

En keppnisferli Erlends var langt í frá lokið eftir þessi tímamót og hann var í fremstu röð íslenskra kringlukastara í rúman áratug á eftir. Talað var um hann sem helstu von Íslendinga á Ólympíuleikunum í München 1972 en þar gekk honum ekki vel vegna meiðsla sem hrjáðu hann. Erlendur kastaði 55,38 metra og endaði í 24. sæti. Hann hélt áfram að bæta metið í kringlukasti og árið 1973 var metið komið í 62,08 metra. Þetta afrek gaf flest stig íslenskra frjálsíþróttameta fram að þeim tíma – fleiri stig en heimsmetsjöfnun Vilhjálms Einarssonar í þristökki 1960. Þetta sama ár varð Erlendur einnig fyrsti Íslendingurinn til að kasta sleggju yfir 60 metra. Og árið 1974 var metið komið upp í 64,32 m, sem þá var árangur á heimsmælikvarða, en þá var Erlendur í 12. sæti á heimslístanum. Næstu ár vann hann fyrst og fremst sigra á mótum hérlendis en þegar á leið áttunda áratuginn fór hann að bæta sig að nýju og tókst meðal annars að ná lágmarkinu fyrir Ólympíuleikana í Moskvu 1980 með 60,80 m kasti árið áður. Fyrstu 5 mánuði ársins 1980 dvaldi hann við æfingar og keppni í Kaliforníu en það fjármagnaði hann með bankaláni. Eftir það kastaði hann yfir 60 metra en þrátt fyrir að ná lágmarkinu ákvað hann að fara ekki á Ólympíuleikana þrátt fyrir mikinn þrýsting.

Í lok áttunda áratugarins var Erlendur farinn að fá meiri keppni í kringlukastinu frá Óskari Jakobssyni en Óskar ákvað fyrir Ólympíuleikana að einbeita sér frekar að kúluvarpinu. Erlendur hætti keppni 1984 en hélt áfram afskiptum af frjálsum íþróttum með þjálfun og þjálfaði meðal annars Pétur Guðmundsson kúluvarpara þegar hann var upp á sitt besta.



*Erlendur Valdimarsson varð fyrsti Íslendingurinn til þess að kasta kringlunni yfir 60 metra.*



*Erlendur Valdimarsson í kringlukasti á gamla Melavellinum.*


### **Árangur Erlends 1970:**

- 7. maí: Erlendur kastar 55,82 metra á fimmtudagsmóti FRÍ. Hann heggur þar nærri Íslandsmetinu og telja menn ljóst að 60 metra markið náist á árinu hjá honum.
- 21. maí: Erlendur kastar kringlu 55,40 metra á vormóti ÍR.
- 28. maí: Erlendur setur Íslandsmet í kringlukasti, 56,44 metra, á EOP-mótinu á Melavellinum.
- 11. júní: Erlendur kastar 53,64 metra á fimmtudagsmóti Reykjavíkurfélaganna á Melavellinum.
- 17. júní: Erlendur kastar 57,24 metra á 17. júní í Laugardalnum, sem er nýtt Íslandsmet.
- 12. júlí: Erlendur kastar kringlu 53,96 metra á hátíðarmóti FRÍ, sem er hluti af íþróttabátíð ÍSÍ. Kastar 53,62 m í sleggjukasti á sama móti.
- 26. júlí: Erlendur kastar 52,54 metra á meistaramóti Íslands í frjálsum í þróttum og sigrar. Gerir það einnig í sleggjukasti með 54,14 metra kasti.
- 7. ágúst: Erlendur setur nýtt Íslandsmet í kringlukasti, 58,26 metrar.
- 17. ágúst: Erlendur setur nýtt Íslandsmet í sleggjukasti, 57,26 metra.
- 20. ágúst: Erlendur setur nýtt Íslandsmet í sleggjukasti á móti á Bislett-leikvanginum í Ósló, 58,16 m.
- 28. ágúst: Erlendur sigrar í kringlukasti á Vorse-leikunum í Noregi, kastar 54,16 m.
- 1. september: Erlendur setur Íslandsmet í sleggjukasti, kastar 58,62 m. Þetta kemur honum í 18. scti á afrekaskránni á Norðurlöndunum í greininni.
- 26. september: Erlendur kastar kringlunni 59,58 metra á kastmóti ÍR. Þetta kast skipar honum á bekk með fremstu kringlukösturum heims.
- 24. október: Erlendur nær 60 metra markinu í kringlukasti þegar hann kastar 60,06 m á frjálspiþróttamóti á vegum ÍR.

# Hjalti Einarsson

## – Íþróttamaður ársins 1971

*Hjalti Einarsson var valinn íþróttamaður ársins 1971. Það sem helst réði vali hans var glæsileg frammistaða hans í leik gegn Rúmenum sem þá voru heimsmeistarar. Þeim leik lauk með jafntefli, 14-14, en það var fyrst og fremst glæst frammistaða hans í síðari hálfleik sem gerði það að verkum að jafnteflið náðist. Hann fékk aðeins þrjú mörk á sig í hálfleiknum og lokaði m.a. markinu í 15 mínútur.*



Hjalti er fæddur árið 1938 á Siglufirði. Hann fluttist til Hafnarfjarðar árið 1951 og þar kynntist hann handboltnum fyrst þegar hann var nemandi hjá Hallsteini Hinrikssyni. Hallsteinn hafði þá þann hátt á að enda alla leikfimitíma á handknattleik og það kveikti áhuga Hjalta á íþróttinni. Hann hóf fljótlega upp úr því að æfa með FH og lék sinn fyrsta meistaraflokksleik árið 1955. Síðan þá var hann í fremstu röð handknattleiksmarkvarða hér á landi allt þar til hann hætti keppni þegar hann var að nálgast fertugt.

Hjalti lék sinn fyrsta landsleik árið 1959, gegn Norðmönnum í Ósló, og var fastamaður í liðinu upp frá því. Hann lék alls 76 landsleiki til ársins 1974, sem var þá það mesta sem Íslendingur

hafði náð. Það þótti mikið þá, þó það sé ekki sérstaklega mikið í handboltnum í dag. Landsliðið var á þessum árum að komast í fremstu röð. Hjalti lék meðal annars í fjórum heimsmeistarakeppnum og einum Ólympíuleikum.

FH-liðið var í fremstu röð á þeim árum sem Hjalti stundaði íþróttina. Meðal leikmanna, sem voru samtíða honum, voru Ragnar Jónsson, Birgir Björnsson og Örn Hallsteinsson, og síðar kom svo bróðir Arnar, Geir inn í hópinn. FH-liðið vann fjölda titla á þessum árum og hafði oft mikla yfirburði á Íslandsmóttinu. FH-liðið var auk þess jafnan uppstaðan í landsliðinu og voru t.d. 7 í landsliðinu á HM 1961 en þá varð Ísland í 6. sæti.

Hjalti var valinn íþróttamaður ársins 1971 og er það mál manna að það sem réði úrslitum í því kjöri væri frammistaða hans þegar Íslendingar gerðu jafntefli við Rúmena, 14-14, í æfingaleik í Laugardalshöll. Rúmenar höfðu haft nokkra yfirburði í leiknum í fyrri hálfleik. Hjalti var settur inn í byrjun seinni hálfleiks og átti algjöran stjórnuleik. Hann fékk aðeins á sig þrjú mörk allan seinni hálfleik og síðustu 18 mínútur hálfleiksins lokaði hann hreinlega markinu. Það var sama hvað heimsmeistararnir reyndu, þeir fundu ekki leiðina framhjá Hjalta. Félagar hans í landsliðinu nýttu sér það og breyttu tapaðri stöðu í jafntefli.


Hjalti varð alls 12 sinnum Íslandsmeistari innanhúss og 19 sinnum utanhúss með FH og þá varð hann tvisvar bikarmeistari. Hjalti lék alls 437 leiki með meistaraflokki FH á þeim rúmlega tuttugu árum sem hann spilaði.

Hjalti var stór og stæðilegur markvörður, ekki sérstaklega liðugur en varði oft á tíðum snilldarlega. Samherjar hans tala um Hjalta sem geysilega mikinn íþróttamann, en jafnframt góðan dreng og mikinn féлага. Hann missti aldrei stjórn á skapi sínu og var alltaf tilbúinn að hjálpa, leiðbeina og aðstoða. Sumir vilja jafnvel meina að Ísland hafi aldrei átt betri markmann en Hjalta.

Eftir að ferlinum lauk rak Hjalti verslun við Skólavörðustíg ásamt eiginkonu sinni en undanfarin ár hefur hann hins vegar verið óvinnufær vegna veikinda.



*Hjalti Einarsson fékk aðeins á sig þrjú mörk í seinni hálfleik gegn Rúmenum þegar Ísland gerði jafntefli við heimsmeistarana.*



*Hjalti Einarsson handboltamarkvörður var 12 sinnum Íslandsmeistari innanbúss og 19 sinnum utanbúss með FH. Sumir telja að Ísland hafi aldrei átt betri handboltamarkvörð.*

### Árangur Hjalta 1971:

10. mars: Hjalti á stórleik þegar Íslendingar gera jafntefli, 14-14, við heimsmeistara Rúmena í Laugardalshöllinni. Hann breimlega lokaði markinu síðustu 18 mínútur leiksins og fær aðeins á sig þrjú mörk í öllum síðari hálfleiknum. Á þeim tíma vinna Íslendingar upp fimm marka forskot Rúmena, 14-9. Í þessum leik nær Hjalti jafnframt þeim áfanga að spila sinn 50. landsleik, og er fyrstur Íslendinga til að ná þeim árangri.

25. mars: Hjalti verður Íslandsmeistari í handknattleik með FH.

27. ágúst: Hjalti verður Íslandsmeistari utanbúss með FH þegar liðið sigrar Hauka í úrslitaleik, 15-13. Markvarsla hans átti drjúgan þátt í þeim sigri.

30. nóvember: Hjalti reynist Júgóslövuðum erfiður ljár í þúfu og ver mjög vel í landsleik gegn þeim í Laugardalshöllinni, einkum í fyrri hálfleik. Eftir jafnan fyrri hálfleik ná Júgóslavar hins vegar að síga framúr og vinna 11-20.

# Guðjón Guðmundsson

## – Íþróttamaður ársins 1972

Guðjón Guðmundsson sundmaður er kannski ekki einn af þekktustu íþróttamönnum landans. En góður árangur á Ólympíuleikum vegur alltaf þungt og það varð til þess að Guðjón blaut sæmdarheitið íþróttamaður ársins 1972.



Guðjón er fæddur 1952 og ólst upp á Akranesi. Í barnaskóla fengu hann og félagi hans, Finnur Garðarsson, áhuga á sundi og æfðu þeir fyrst undir stjórn Helga Hannessonar þjálfara. Fljótlega kom í ljós að þeir hefðu báðir mikið til brunns að bera í íþróttinni og lentu báðir nokkuð hátt á innanfélagsmótum strax við fermingu. Þeim stóð þó fyrir þrifum að aðeins var 12,5 metra laug á Akranesi. Til þess að ná betri árangri flutti Guðjón til Reykjavíkur á tvítugsaldri til að geta æft að staðaldri í 25 metra laug og þá æfði hann hjá Sundfélaginu Ægi. Árangurinn, sem hann náði þar, kom honum fljótlega í landsliðið og þar kynntist hann Guðmundi Harðarsyni. Hann æfði síðan reglulega undir stjórn hans og árangurinn varð sífellt betri.


Árið 1969, þegar Guðjón var 17 ára gamall, vakti það athygli þegar honum tókst að sigra Íslandsmethafann í 200 m bringusundi, Leikni Jónsson, í þessari grein á sundmóti ÍR. Þeir áttu næstu árin eftir að keppa í ófá skipti í bringusundi. Guðjón keppti 18 ára gamall í þriggja landa keppni milli Íslands, Danmerkur og Spánar í Kaupmannahöfn og afrekaði þá að vinna bronsverðlaun í 200 m bringusundi. Þetta var fyrsta alþjóðlega mótið þar sem hann lét að sér kveða. Árið eftir tók hann þátt í fjölda landskeppna með íslenska landsliðinu og hafði þá oftar en ekki sigur í þeim greinum sem hann keppti í, en hann var ávallt fyrst og fremst bringusundsmaður. Það ár setti hann einnig sín fyrstu Íslandsmet.

Guðjón setti fljótlega stefnuna á Ólympíuleikana í München 1972 og lagði mikið á sig til að ná góðum árangri þar. Og það tókst svo sannarlega. Hann sló þar Norðurlandamet í 100 m bringusundi sem hinn heimsþekkti Svíi, Gunnar Larson, átti, en hann vann það sér til frægðar á þessum leikum að sigra í 400 m fjórsundi með því að mælast með 2 þúsundustu úr sekúndu betri tíma en sá sem á eftir kom. Guðjón hafnaði í 36. sæti í þessu sundi og í 200 m bringusundi hafnaði hann í 22. sæti.

### Árangur Guðjón 1972:

- 17.–19. mars: Guðjón setur Íslandsmet í þremur bringusundsgreinum í bikarkeppni Sundsambands Íslands. Fyrst í 400 m bringusundi (5:21,2 mín.), þá í 100 m bringusundi (1:09,2 mín.) og loks í 200 m bringusundi (2:30,4 mín.)
23. mars: Guðjón setur glæsilegt Íslandsmet í 100 m bringusundi á úrtökumóti Sundsambands Íslands, 1:11,1 mín. Er aðeins einum tíunda frá Ólympíulágmarkinu.
28. maí: Guðjón setur nýtt Íslandsmet í 200 metra bringusundi, 2:35,0 mín.
13. júní: Guðjón er einu sekúndubroti frá Íslandsmeti sínu í 100 m bringusundi á Sundmóti ÍR. Hann syndir á 1:11,2 mín.
30. júní: Guðjón hafnar í þriðja sæti í 200 m bringusundi á átta landa keppni í sundi í Edinborg á nýju Íslandsmeti, 2:32,8 mín.

2. júlí: Guðjón sigrar í 100 m (1:11,3 mín.) og 200 m (2:36,3 mín.) bringusundi í landskeppni við Íra í sundi.
4. júlí: Guðjón nær Ólympíulágmarki í 100 m bringusundi á móti í Laugardalslaug, syndir á 1:10,9 mín. sem er nýtt Íslandsmet.
23. júlí: Guðjón fær Pálsbikarinn á Sundmeistaramóti Íslands, sem veittur er fyrir besta afrekið.
29. ágúst: Guðjón syndir 100 m bringusund á 1:11,1 mín. á Ólympíuleikumum í München, sem er tveimur tíundum frá Íslandsmetinu. Hann er síðastur í sínum riðli og hafnar í 36. sæti af 44 keppendum.
2. september: Guðjón setur nýtt Norðurlandamet í 200 m bringusundi á Ólympíuleikumum í München. Tíminn er 2:32,4 mín. og tók Guðjón metið af Gunnari Larsson, frægum sænskum sundkappa. Guðjón er fjórði í sínum riðli og í 22. sæti alls.



*Guðjón Guðmundsson setti glæsilegt Norðurlandamet í 200 metra bringusundi á Ólympíuleikunum í München 1972.*

Eftir Ólympíuleikana lét Guðjón lítið að sér kveða á alþjóðlegum mótum en var ávallt sigursæll á mótum hér heima. Hann setti til að mynda þrjú Íslandsmet í bikarkeppni Sundsambands Íslands og þar með hafði hann hirt Íslandsmetin í öllum bringusundsgreinunum. Hann tók þó þátt í Norðurlandamóttinu 1973, sem fram fór í Ósló, og hlaut þar bronsverðlaun í 100 m bringusundi.

Þegar leið á dró hann svo úr æfingum og eftir sundkeppnina á Landsmóti UMFÍ 1975, sem fór fram á Akranesi, lýsti hann því yfir að þetta yrði sitt síðasta sundmót. Seinna sama ár hafði

hann misst Íslandsmetið í 100 m bringusundi í hendur ungs Hafnfirðings, Guðmundar Ólafssonar. Guðjón flutti svo fljótlega til Danmerkur þar sem hann hefur búið síðan.

Þeir sem til þekkja segja að Guðjón hafi verið tæknilega mjög góður sundmaður en jafnframt hafi hann alltaf synt af krafti. En þess á milli var hann mjög ljúfur og lítillátur. Einn viðmælandi orðaði það meðal annars að hann hafi einhvern veginn orðið miklu stærri í vatninu en á bakkanum.

# Guðni Kjartansson

## – íþróttamaður ársins 1973

Það urðu tímamóti í kjöri íþróttamanns ársins 1973. Þá var knattspyrnumaður í fyrsta sinn valinn sem íþróttamaður ársins. Fyrir valinu varð Keflavíkingurinn Guðni Kjartansson sem var í sigursælu liði Keflavíkur í knattspyrnu og auk þess kjölfesta í íslenska landsliðinu.



Guðni er fæddur 1946 og er Suðurnesjamaður í húð og hár. Hann hóf snemma knattspyrnuíðkun með Keflavík og var hóp-ur hans mjög sigursæll í yngri flokkum. Það skilaði sér síðan í meistaraflokkinn en sannkölluð gullöld ríkti í knattspyrnunni í Keflavík á árunum 1964–73.

Guðni lék fyrst með meistaraflokki 1964 og varð fastamaður í liðinu ári síðar. Fljótlega upp úr því fór hann að leika með landsliðinu. Hann lék sinn fyrsta landsleik árið 1967. Þar lék hann meðal annars gegn hinum heimsþekktu Hollendingi Johan Cruyff. Minningarnar með landsliðinu voru reyndar ekki alltaf góðar, því að Guðni var einnig í liðinu sem tapaði svo eftirminnilega fyrir Dönum, 14-2, árið 1967. Guðni varð fyrirliði

Keflavíkurlíðsins árið 1968 og gegndi þeirri stöðu það sem eftir var ferilsins.

Árið, sem Guðni var valinn íþróttamaður ársins, 1973, varð Keflavík Íslandsmeistari í fjórða sinn. Liðið komst einnig í úrslit bikarkeppinnar en tapaði þeim leik. Segja má að Guðni hafi verið valinn fyrir að vera fremstur meðal jafningja í þessu liði. Guðni átti einnig fjölmarga leiki með landsliðinu. Hann lék síðustu A-landsleiki sína þetta ár en alls urðu leikirnir 31 á ferlinum og missti Guðni aldrei úr einn einasta landsleik sem íslenska landsliðið lék frá fyrsta leik sínum til þess síðasta. Hann var fyrirliði landsliðsins síðustu ár sín með liðinu.

Að mati flestra sparkspekings var Guðni á hátindi ferils síns á þessu ári og hefði auðveldlega getað náð lengra í greininni ef örlögin hefðu ekki gripið í taumana. Árið eftir, 1974, var hann mikið frá vegna meiðsla og var það talið eiga stóran þátt í því að Keflavíkingar misstu af Íslandsmeistaratitlinum það ár. Árið 1975 lék Guðni aðeins fyrstu leikina og síðan ekki söguna meir, vegna hnémeiðsla. Hann tók hins vegar við þjálfun liðsins í júní ásamt Jóni Jóhannssyni eftir að Joe Hooley sagði starfi sínu lausu. Keflavíkurlíðið tók framförum undir stjórn þeirra og hafnaði í fjórða sæti á Íslandsmótinu það ár og varð bikarmeistari eftir sigur á ÍA í úrslitaleiknum, 1-0. Einar Gunnarsson skoraði sigurmarkið. Guðni ákvað í framhaldi af þessu að mennta sig sem knattspyrnuþjálfari hjá KSÍ og erlendis með það í huga að einbeita sér meira að þjálfun.

1976 var hann spilandi þjálfari hjá Keflavík en þetta reyndist síðasta tímabil hans sem leikmanns, meiðslin urðu til þess að hann varð að leggja skóna á hilluna. Í árslok 1977 var Guðni ráðinn til KSÍ þar sem honum var ætlað að halda stutt þjálfaranámskeið, aðstoða við unglingsþjálfun og vera aðstoðarmaður landsliðsþjálfarans, Youri Ilitshev. Þetta var upphafið að löngum landsliðsþjálfaraferli hans, bæði með A-landsliðið og yngri landsliði. Guðni tók við þjálfun Keflavíkurlíðsins á ný árið 1978 og þá náði liðið þriðja sæti á Íslandsmótinu. Guðni lék meira að segja síðasta leikinn á mótinu og stóð sig með þryði.

Í ársbyrjun 1980 hætti Youri Ilitshev með A-landsliðið. Var Guðni ráðinn í starfið í hans stað og þjálfaði hann Keflavíkurlíðið samhliða. Undir hans stjórn náði landsliðið mjög góðum árangri í undankeppni HM, reyndar þeim besta sem náðst hafði fram að því. Íslendingar fengu sex stig með tveimur sigrum gegn Tyrkjum, jafntefli heima gegn Tékkum og frægu 2-2 jafntefli gegn Wales í Swansea.

Þrátt fyrir góðan árangur ákvað Guðni að hætta með landsliðið en hélt þjálfun Keflavíkurlíðsins áfram í nokkur ár í viðbót. Hann hélt þar að auki áfram störfum hjá KSÍ, einkum með yngri landsliði. Hann var einnig aðstoðarþjálfari A-landsliðsins fram eftir níunda áratugnum hjá Tony Knapp og hljóp í skarðið sem þjálfari þegar á þurfti að halda. Árið 1989 tók hann meðal annars við landsliðinu fyrir síðasta leik liðsins í undankeppni HM, en þá hafði þáverandi landsliðsþjálfari, Sigfried Held, ráðið sig til Tyrklands. Ísland vann þann leik 2-1 og reyndist það eini sigurleikur landsliðsins í þessari keppni. Háværar raddir voru uppi um að Guðni ætti að halda áfram með liðið en ekkert varð úr því.



*Guðni Kjartansson í Evrópuleik með Keflavík gegn Real Madrid á Santiago Bernabeu í Madrid.*

Guðni þjálfaði m.a. U-21 árs landsliðið með góðum árangri en undir hans stjórn vann liðið Skota, Hollendinga, Dani og fleiri þjóðir.

Guðni þjálfaði KR-inga árið 1991 og hafnaði liðið í þriðja sæti í deildinni. Samningurinn við hann var þó ekki endurnýjaður. Þá tók hann við þjálfun unglingslandsliðsins og hefur verið með það meira eða minna síðan. Guðni var einnig aðstoðarmaður Atla Eðvaldssonar meðan hann var með landsliðið á árunum 2000–2003 og þjálfaði einnig drengjalandslíðið. Nú síðast var hann aðstoðarmaður Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar, þjálfara kvennalandsliðsins.

Sem knattspyrnumaður var Guðni yfirleitt ekki áberandi á vellinum en las leikinn vel og hafði góða yfirsýn. Hann þótti einnig tæknilega góður og voru raddir uppi um að hann hefði átt að leika frammar á vellinum en í vörninni. En árangur hans með landsliðið var afar góður, og aðeins Guðjón Þórðarson hefur slegið honum við.

### **Árangur Guðna 1973:**

26. maí: Guðni skorar eitt mark Keflavíkur í 4-0 útsigri á Val.

8. júní: Guðni á góðan leik með íslenska landsliðinu í 4-0 sigri á Færeyingum í Klakksvík. Þetta er jafnframt 25. landsleikur Guðna.

9. júlí: Guðni skorar eitt mark Keflavíkur í 3-0 sigri á Breiðabliki í 1. deildinni. Þar með voru Keflavíkingar með fullt hús stiga eftir fyrri umferðina.

17. júlí: Guðni er besti maður íslenska landsliðsins þegar liðið tapar naumlega, 2-1, fyrir Austur-Þjóðverjum á Laugardalsvellingum.

22. ágúst: Guðni leikur í vörn landsliðsins í 5-0 tapi gegn Hollendingum. Þrátt fyrir stórt tap þóttu Íslendingar standa sig vel en margir frægir kappar léku þá með Hollendingum, meðal annars Johan Cruyff, en þetta lið varð í 2. sæti á HM ári síðar. Guðni hafði áður lýst því yfir að hann ætlaði í fri með fjölskyldu sinni og sleppa leiknum, en brást ekki kallinu þegar á þurfti að balda.

1. september: Guðni skorar fyrir Keflavík í 3-2 útsigri á KR í fyrstu deildinni.

16. september: Keflavíkingar tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn í knattspyrnu eftir 4-4 jafntefli við Breiðablik í 1. deildinni.

25. september: Guðni er ásamt félaganum, Einari Gunnarsyni, valinn leikmaður Íslandsmótsins 1973 af Morgunblaðinu. Þeir fengu bæstu meðaleinkunn í einkunmagjöf blaðsins. Guðni var einnig í liði ársins hjá Morgunblaðinu og var valinn leikmaður ársins hjá dagblaðinu Tímanum. Íþróttablaðið valdi Guðna jafnframt knattspyrnumann ársins.

3. október: Guðni á stórgóðan leik fyrir Keflavík í 1-1 jafntefli gegn Hibernian í seinni leik liðanna í fyrstu umferð UEFA-keppninnar. Þetta var besti árangur sem íslenskt lið hafði náð í Evrópukeppni í nokkur ár.

# Ásgeir Sigurvinsson

## – Íþróttamaður ársins 1974 og 1984

Ásgeir Sigurvinsson er einn besti knattspyrnumaður sem Ísland hefur átt og það skilaði honum titlinum íþróttamaður ársins tvisvar sinnum, 1974 og 1984. Hátindi ferils síns náði hann einmitt seinna árið, þegar hann náði einstökum árangri með Stuttgart, bæði Þýskalandsmeistaratitli og besti leikmaður deildarinnar, en hann var fyrsti útlendingurinn til að ná þeim titli í áratugi.



Ásgeir Sigurvinsson er fæddur í Vestmannaeyjum 1955 og ólst þar upp. Knattspyrnuáhuginn kom snemma í ljós hjá honum og hann byrjaði að æfa 5–6 ára gamall. Hann segir sjálfur að það hafi í raun og veru verið það eina sem var að gera á þessum tíma. Hann var löngum stundum á fótboltavellinum að leika sér enda var mikill áhugi á knattspyrnu í Eyjum á þessum tíma.

Ásgeir var 16 ára þegar hann hóf að leika með meistara-flokki ÍBV í knattspyrnu og lék hann þá jafnan sem vinstri úr-herji. Hann varð bikarmeistari með liðinu 1972. Var honum þá um haustið boðið til æfinga í Skotlandi, hjá Glasgow Rangers. Honum var boðinn atvinnumannssamningur hjá skoska úrvals-deildarliðinu Morton sem hann hafnaði. Þetta sama ár var hann einnig valinn í A-landsliðið og varð þá sá yngsti til að leika með því, 17 ára og 52 daga gamall. Það met stóð til ársins 1983.

Árið eftir gekk Ásgeir til liðs við belgíska liðið Standard Liège og var fyrirfram ekki búist við að hann kæmist í aðalliðið á fyrsta tímabili sínu. En annað kom á daginn. Ásgeir var fljótur að slá í gegn í Standard og var valinn í aðalliðið fyrir Evrópu-keppnina, sem vakti mikla athygli. Ásgeir var fljótur að standa undir væntingum og fór smátt og smátt að stjórna leik liðsins. Hann var í átta ár alls hjá Standard Liège og kvaddi liðið með bikarmeistaratitli 1981. Ásgeir stimplaði sig einnig vel inn í landsliðið á þessum árum. Hann skoraði meðal annars eftirminnilegt mark í 2-1 sigurleik gegn Austur-Þjóðverjum árið 1975 og svo annað slíkt ári seinna gegn Norðmönnum á Ullevål-leikvanginum í Ósló með þrumufleyg af 30 metra færi. Árið 1981 átti hann líklega sinn besta landsleik, þegar hann skoraði bæði mörk Íslendinga í 2-2 jafntefli gegn Wales í Swansea.

Mörg stórlíð í Evrópu sóttust eftir Ásgeiri snemma á níunda áratugnum og úr varð að 1981 gekk hann til liðs við Bayern München sem þá var eitt besta lið Evrópu og hafði verið yfirburðalið í Þýskalandi. Þar fóru hlutirnir hins vegar ekki eins og ætlast var til því að Ásgeir var geymdur tímunum saman á varamannabekknunum og fékk fá tækifæri með liðinu. Hann var aðeins í eitt ár hjá Bayern en árið 1982 gekk hann til liðs við Stuttgart. Þar var honum ætlað að fylla skarð hins fræga miðjumanns Hansi Müller, sem hafði verið seldur til Ítalíu, og voru því miklar væntingar gerðar til hans. Hann stóð strax undir þeim og náði sér vel á strik með liðinu frá fyrsta leik. Hann átti eftir að eiga átta góð ár með þessu félagi.

Hápunktur ferilsins hjá Stuttgart var 1984 þegar félagið varð þýskur meistari í fyrsta sinn í 32 ár. Ásgeir átti stóran þátt í þessum titli og var burðarás í liðinu. Aðrir hrifust greinilega af leik Ásgeirs því að hann var útnefndur besti leikmaður þýsku Bundesligunnar og var fyrsti útlendingurinn til að hljóta þessa nafnbót frá því að Kevin Keegan fékk hana þegar hann lék með Hamburger SV um áratug fyrr. Í kjöri íþróttafréttamanna um knattspyrnumann ársins í Þýskalandi varð Ásgeir í öðru sæti, á eftir markverðinum Toni Schumacher, og þá taldi tímaritið World Soccer Ásgeir vera 13. besta knattspyrnumann heims.

Næsta tímabil á eftir var Ásgeiri erfitt vegna meiðsla en tímabilið 1985–86 spilaði hann mjög vel og Stuttgart var áfram í toppþar áttunni. Sumarið 1986 sýndu mörg félög honum áhuga, meðal annars hans gamla félag, Bayern München, en Stuttgart neitaði öllum tilboðum og bauð Ásgeiri nýjan fjögurra ára samning sem hann ákvað að samþykkja. Um haustið lék hann með íslenska landsliðinu, þegar það gerði markalaust jafntefli við Evrópumeistara Frakka í undankeppni EM og 1-1 jafntefli gegn Sovétmönnum, og þótti hann leika sérstaklega vel í síðarnefnda leiknum. Þetta ár var Ásgeir jafnframt gerður að fyrirliða Stuttgart.

*Ásgeir Sigurvinsson átti frábæran leik með íslenska landsliðinu gegn Austur-Þjóðverjum á Laugardalsvelli 1974.*



Árið 1989 skiptast á skin og skúrir hjá Ásgeiri. Hann sagði af sér fyrirliðastarfinu í mars þar sem hann var ósáttur við að vera sífellt tekinn út af í leikjum þar sem hann stóð sig vel. Stuttgart komst í úrslit í Evrópukeppni félagsliða og mætti þar ítalska liðinu Napólí, en hinn frægi Diego Maradona lék með liðinu á þeim árum. Stuttgart þótti þá vera í góðri stöðu eftir fyrri leikinn, sem fór fram í Napólí, en hann tapaðist 2-1. Seinni leikurinn, á heimavelli Stuttgart, fór hins vegar 3-3 og þar með hampaði Napólí titlinum. Ásgeir lagði upp eitt mark í hvorum þessara leikja

Þetta sama ár, 1989, lék Ásgeir sinn síðasta landsleik, gegn Tyrkjum á Laugardalsvellingnum, en sá leikur vannst 2-1. Ásgeir lagði upp fyrra mark Íslands og var svo nálægt því að skora í leiknum. Ásgeir lék alls 45 landsleiki fyrir Ísland og skoraði fimm mörk.

Í upphafi síðasta tímabils síns, 1989-90, var Ásgeir settur út úr liðinu en vann svo sætið að nýju í október. Eftir það lék hann

mjög vel og endaði því tímabilið með stæl persónulega, þó að Stuttgart hefði ekki náð að tryggja sér Evrópusæti. Hann fékk mörg tilboð um að halda áfram en hafnaði þeim og skrifaði þess í stað undir þriggja ára samning við Stuttgart um að starfa sem nýjónari fyrir þá.

Í lok árs 1992 gerði Ásgeir tveggja ára samning við Fram um þjálfun liðsins. Hann þjálfaði liðið 1993 og hafnaði það í fjórða sæti eftir skrykkjótt gengi framan af tímabili. Hann hætti hins vegar störfum með liðið eftir tímabilið þar sem Framarar vildu ekki samþykkja róttækar hugmyndir hans um uppbyggingu á næstu árum. Hann hóf störf á ný hjá Stuttgart og stofnaði jafnframt drykkjarvöruyrirtæki sem gengur afar vel.

Árið 1997 flutti Ásgeir aftur til Íslands og hóf störf hjá KSÍ sem tæknilegur ráðgjafi. Síðar sama ár tók Ásgeir þátt í kaupum íslenskra fjárfesta á Stoke City og settist í stjórn félagsins.

Í maí 2003 var Ásgeir ráðinn landsliðsþjálfari í knattspyrnu

Ásgeir Sigurvinsson í leik með Stuttgart.  
Þýskir fjölmiðlar kölluðu hann manninn  
sem gæti gert allt með boltann.



ásamt Loga Ólafssyni. Byrjunin með landsliðinu er frábær og liðið var nálægt því að komast í umspil um sæti á Evrópumóttinu. Það tókst þó ekki.

Ásgeir og Logi voru ráðnir út undankeppni HM, sem lauk 2005, en landsliðinu gekk ekki sem skyldi í þeirri keppni. Árið 2004 vannst reyndar frækinn 2-0 sigur á Ítölum í æfingaleik á Laugardalsvellingum, fyrir framan 20 þúsund manns. Í undankeppninni höfnuðu Íslendingar hins vegar í næstneðsta sæti í riðli sínum með fjögur stig. Að þeirri keppni lokinni ákvað KSÍ að framlengja ekki samninginn við Ásgeir og Loga þar sem árangurinn þótti ekki nægilega góður.

Ásgeir Sigurvinsson hafði allt það sem knattspyrnustjarna þarf að búa yfir og hafði meðfædda hæfileika til þess að vera í fremstu röð í knattspyrnunni. Hann hafði mikinn skotkraft, sérstaklega í vinstri fæti, og hann gat splundrað vörn andstæðinga á broti úr sekúndu með frábærri sendingu. Hann hafði frábæra yfirsýn. Þetta verða menn að hafa í blóðinu og hann hafði það svo sannarlega.

### Árangur Ásgeirs 1974:

**Mái:** Lið Ásgeirs, Standard Liege, endar í fjórða sæti í belgísku deildinni en þetta var fyrsta tímabil Ásgeirs hjá Standard. Hann skoraði fimm mörk fyrir liðið í deildinni og tíu mörk í aukaleikjum og varð þar með næstmarkabæsti leikmaður liðsins.

**8. september:** Ásgeir leikur með íslenska landsliðinu í tapleik gegn Belgum, 0-2, á Laugardalsvellingum. Hann þótti leika vel, sem og íslenska liðið. Hann sagði þó í viðtali eftir leikinn að leikur íslenska liðsins hefði ekki verið góður og hann var einnig ósáttur við sjálfan sig.

**12. október:** Ásgeir á frábæran leik þegar Íslendingar gera jafntefli við Austur-Þjóðverja, 1-1, í Magdeburg í undankeppni EM. Ásgeir er nálægt því að skora í leiknum.

**24. október:** Ásgeir skrifar undir nýjan þriggja ára samning við Standard.

### Árangur Ásgeirs 1984:

**28. janúar:** Ásgeir skorar glæsilegt mark fyrir Stuttgart í 5-1 sigri liðsins á Kaiserslautern. Þýsk blöð brósa honum í hástert og mark hans er valið mark dagsins á sjónvarpsstöðvum í Þýskalandi.

**28. mars:** Veggmynd er birt af Ásgeiri í tímaritinu Sport Illustrierte. Þetta er í fyrsta sinn sem íslenskur íþróttamaður nýtur slíks heiðurs í erlendu íþróttatímariti.

**4. apríl:** Þýska blaðið Kicker birtir heilsíðuúttekt tileinkaða Ásgeiri undir fyrirsögninni „Maðurinn sem getur gert allt með boltann.“ Þar kemur meðal annars fram að ef Ásgeir leikur vel leiki Stuttgart vel, og jafnframt að Bayern hafi gert mikil mistök með því að láta Ásgeir fara frá félaginu.

**7. apríl:** Ásgeir er valinn í lið vikunnar í sjöunda skiptið á tímabilinu eftir að hafa átt stórleik í jafnteflisleik gegn Bayern München. Það verður að teljast sérstaklega sætt að hafa leikið þetta vel gegn því félagi sem taldi sig ekki hafa not fyrir hann.

**12. apríl:** Greint er frá því að ítalskt félag hafi gert Stuttgart tilboð í Ásgeir sem hafi verið hafnað. Þá hafi Bayern München sett sig í samband við Ásgeir og nefnt að hann kæmi aftur til félagsins. Ásgeir hafi hins vegar svarað því til að hann vildi ekki fara frá Stuttgart, og allra síst til Bayern.

**27. apríl:** Ásgeir skorar tvö mörk í 6-0 sigri Stuttgart á Nürnberg.

**5. maí:** Ásgeir skorar tvö mörk í 5-1 sigri á Kickers Offenbach.

**14. maí:** Kicker gefur Ásgeiri viðurnefnið „Zico norðursins“ í grein um Íslendinginn.

**21. maí:** Kicker velur Ásgeir í lið vikunnar í 10. skiptið á þessu keppnistímabili eftir frammistöðu hans í sigurleik gegn Werder Bremen.

**26. maí:** Ásgeir Sigurvinsson verður þýskur meistari með Stuttgart, þrátt fyrir að lið hans tapi 1-0 fyrir Hamburger SV í lokaumferðinni. Hann er jafnframt kjörinn leikmaður ársins í Þýsku Bundesligaunni. Meðal þeirra sem á eftir honum voru í kjörinu voru Karl-Heinz Rumenigge, Guido Buchwald, Harald Schumacher og Rudi Völler.

**16. júlí:** Ásgeir skrifar undir auglýsingasamning við Hummel-umboðið á Íslandi og Arnarflug. Þetta var þá stærsti auglýsingasamningur sem gerður hafði verið við einstakling á Íslandi.

**26. ágúst:** Ásgeir skorar mark Stuttgart sem tapar 1-2 fyrir Kaiserslautern í fyrsta leik Stuttgart á nýju keppnistímabili.

**12. september:** Ásgeir leikur með íslenska landsliðinu í eftirminnilegum sigri á Wales, 1-0. Þetta er fyrsti leikurinn sem Ásgeir spilaði með landsliðinu hér á landi í þrjú ár, og þetta reyndist jafnframt eini landsleikur Ásgeirs á þessu ári.

**17. desember:** Ásgeir hafnar í 13. sæti í kjöri World Soccer á besta knattspyrnumanni beims. Michel Platini sigrar í kjörinu.

# Jóhannes Eðvaldsson

## – Íþróttamaður ársins 1975

*Jóhannes Eðvaldsson var síðastur þriggja knattspyrnumanna sem fengu þetta sæmdarbeiði á árunum 1973–75. Frábær frammistaða hans með landsliðinu, einkum í frægum sigurleik gegn Austur-Þjóðverjum, og með Glasgow Celtic varð til þess að hann fékk þessa viðurkenningu fyrir árið 1975.*



Jóhannes er fæddur í Reykjavík árið 1950 og ólst þar upp. Í barnæsku var hann að mestu með annan fótinn á Melavellinum þar sem faðir hans starfaði sem nuddari. Hann fór í kjölfarið að æfa knattspyrnu og lék sína fyrstu meistaraflokksleiki með Val, en hann lék einnig körfuknattleik með Haukum á veturna. Vakti frammistaða hans með Valsliðinu snemma mikla athygli enda þótti hann bæði útsjónarsamur og gríðarlega sterkur í loftinu. Jóhannes spilaði mest sem miðvörður en einnig á miðjunni og skapaði ófá mörkin þegar hann sótti fram – og skoraði einnig töluvert sjálfur, sérstaklega í aukaspyrnum og hornspyrnum. Árið 1970 var hann búinn að vinna sér fast sæti í Valsliðinu. Gengi liðsins var misjafnt á þessum árum, til að mynda var liðið nálægt falli árið 1972 en ári síðar tók það þátt í baráttunni um Íslandsmeistaratilinn, sem síðan tapaðist fyrir Keflvíkingum.

Árið 1974 átti Jóhannes frábært tímabil með Val og var meðal annars útnefndur leikmaður Íslandsmótsins það ár af Morgun-

blaðinu. Þá varð hann bikarmeistari með Val. Þetta ár fóru að berast fregnir af því að erlend lið væru að fylgjast með honum, meðal annars lið í Frakklandi, Austurríki og Hollandi.

Færa má rök fyrir því að árið 1975, árið sem hann er kjörinn íþróttamaður ársins, hafi verið besta ár Jóhannesar. Hann hélt til Danmerkur í byrjun ársins og hóf þar nám í sjúkranuddi, auk þess sem hann gekk til liðs við danska 1. deildarliðið Holbæk. Þar fékk hann fljótlega viðurnefnið „hvalbáturinn“ þar sem hann þótti bæði skotfastur og skotviss. Hann sló í gegn í fyrstu leikjum sínum með liðinu og vakti mikla athygli danskra fjölmiðla. Í júní fór að fréttast af áhuga skoska liðsins Glasgow Celtic og hollenska liðsins Go Ahead Eagles. Jóhannes gekk til liðs við Skotana í ágúst og gerði við þá þriggja ára samning. Hann varð þar með sjötti Íslendingurinn til að gerast atvinnumaður í knattspyrnu, og með þeim fyrstu sem Celtic keypti utan Skotlands. Hann byrjaði gríðarlega vel með liðinu og skoraði meðal annars þrjú mörk í fjórum fyrstu leikjum sínum með liðinu þrátt fyrir að leika sem miðvörður. Frammistaða hans með íslenska landsliðinu var ekki síðri en þar bar hæst 2-1 sigurleik gegn Austur-Þjóðverjum á Laugardalsvellingum, þar sem Jóhannes skoraði fyrra markið með glæsilegri hjólhestaspyrnu. Jóhannes varð fljótt gríðarlega vinsæll meðal stuðningsmanna Celtic og var meðal annars stofnaður sérstakur aðdáendaklúbbur tileinkaður honum.

Jóhannes lék með Glasgow Celtic í fimm ár og var meðal annars kjölfesta í liðinu sem vann tvöfalt tímabilið 1977–78. Hann lék alls 188 leiki fyrir Celtic og skoraði 36 mörk. Hann varð tvisvar deildarmeistari og tvisvar bikarmeistari með félaginu.

Í febrúar 1980 söðlaði Jóhannes um og fór til Bandaríkjanna þar sem hann gekk til liðs við Tulsa Roughnecks. Þá hafði hann lent í deilum við Celtic og misst sæti sitt í liðinu um tíma, þannig að það var eðlilegt framhald að róa á ný mið. Í bandaríska félaginu léku fleiri menn sem höfðu gert það gott á Bretlandseyjum. Jóhannes lék með félaginu í tæp tvö ár við góðan orðstír en hugur hans stefndi alltaf aftur til Evrópu og í árslok 1981 gekk hann til liðs við þýska 2. deildarliðið Hannover. Þar var hann í eitt ár en hélt þá aftur til Skotlands, nú til Motherwell. Liðið var lengst af í botnaráttu efstu deildar en Jóhannes stóð jafnan fyrir sínu. Hann lék með liðinu í tvö ár en ákvað árið 1984 að flytjast heim árið eftir. Hann gerði tveggja ára samning um að þjálfa Þrótt en hætti með liðið í ágúst 1985 vegna slaks árangurs liðsins. Hann flutti þá aftur til Glasgow og opnaði þar íþróttavöruverslun. Hann hefur síðan verið búsettur í Skotlandi, fyrir utan smátíma þegar hann flutti heim 1996 og tók að sér framkvæmdastjórarstarf knattspyrnudeildar Reynis í Sandgerði.

Jóhannes þótti öflugur leikmaður. Hann var bæði góður spilari og útsjónarsamur en jafnframt sterkur í loftinu. Hann var einnig liðtækur fram á við, lagði upp mörg mörk og skoraði einnig mikið sjálfur, einkum úr aukaspyrnum og hornspyrnum, enda unnu fáir Jóhannes í skallaeinvígi. Hann var einnig mikill leiðtogi á velli og hvatti liðsfélaga sína óspart áfram.



Jóhannes Eðvaldsson var tvisvar skoskur meistari og tvisvar bikarmeistari með stórliði Glasgow Celtic. Hann lék 188 leiki fyrir Celtic og skoraði 36 mörk.

### Árangur Jóhannesar 1975:

- 24. janúar: Jóhannes upplýsir í Morgunblaðinu að hann sé á leið til danska 1. deildarliðsins Holbæk þar sem hann mun leika meðfram námi í sjúkranuddi. Hann heldur til Danmerkur rúmri viku síðar en má ekki leika með félaginu fyrr en 1. maí. Skoska félagið Morton hafði einnig sýnt Jóhannesi ábuga sem reyndist ekki vera gagnkvæmur.
- 16. febrúar: Jóhannes skorar þrennu fyrir Holbæk í 4-1 sigri á sænska liðinu Halmstad í æfingaleik.
- 3. maí: Jóhannes skorar í sínum fyrsta deildarleik með Holbæk með glæsilegum skalla. Liðið tapar 4-2 fyrir meisturunum úr KB.
- 9. maí: Jóhannes leikur með Holbæk í úrslitaleik dönsku bikarkeppninnar en lið hans tapar fyrir Vejle 0-1.
- 25. maí: Jóhannes er fyrirliði landsliðsins sem gerir markalaust jafntefli við Frakka á Laugardalsvöllinum. Íslendingar leika vel og eru óþeppnir að sigra ekki í leiknum.
- 5. júní: Jóhannes á stórleik og skorar fyrra mark Íslendinga með hjólhestaspyrnu í ógleymanlegum sigri á Austur-Þjóðverjum, 2-1. Þessi sigur er enn einn sá fræknasti sem íslenskt knattspyrnulandslið hefur unnið.
- 19. júní: Fréttir birtast af ábuga Glasgow Celtic á Jóhannesi. Útsendari frá félaginu hafi verið í sambandi bæði við KSÍ og Holbæk.
- 21. júní: Jóhannes á stórleik með Holbæk í 2-1 sigri liðsins í deildarleik gegn Esbjerg. Jóhannes á stærstan þátt í sigurmarkinu og dönsk blóð lofa hann í bástert fyrir frammistöðu sína.
- 7. júlí: Jóhannes leikur með íslenska landsliðinu sem gerir jafntefli við Norðmenn, 1-1. Er nálægt því að skora en fast skot hans fer rétt yfir markið.
- 17. júlí: Jóhannes skorar seinna mark íslenska landsliðsins í 3-2 tapleik gegn Norðmönnum á útivelli.
- 30. júlí: Jóhannes er fyrirliði íslenska landsliðsins í tapleik gegn Sovétmönnum, 2-0 á Laugardalsvöllinum. Þetta slekkur vonir Íslendinga um að komast í knattspyrnukeppni Ólympíuleikanna í Montreal. Jóhannes skorar sjálfsmark í leiknum en átti að öðru leyti frábæran leik.
- 5. ágúst: Jóhannes, sem er til reynslu hjá Celtic, skorar sigurmark félagsins í 1-0 sigri gegn enska 1. deildarliðinu Derby. Skoskir fjölmiðlar brósa Jóhannesi mikið fyrir frammistöðu hans í leiknum.
- 8. ágúst: Jóhannes skrifar undir þriggja ára samning við Glasgow Celtic en hann hafði áður verið til reynslu hjá liðinu í þrjár vikur. Hann er sjötti Íslendingurinn frá upphafi til að gerast atvinnumaður í knattspyrnu.
- 3. september: Íslenska landsliðið, með Jóhannes innanborðs, tapar 3-0 fyrir Frökkum á útivelli. Jóhannes leikur í stöðu tengiliðar í leiknum sem þótti umdeild ráðstöfun.
- 16. september: Jóhannes kemur með Glasgow Celtic til Íslands og er fyrirliði liðsins gegn gömlu félagum Jóhannesar, Valsmönnum, í leik í Evrópukeppni bikarbafa. Celtic vinnur 2-0 en Celtic gjörsigrar Val 7-0 í seinni leik liðanna í Evrópukeppninni. Jóhannes skorar fyrsta mark Celtic í leiknum.
- 6. október: Jóhannes skorar eina mark Celtic í 1-0 sigri á Partich Thistle í undanúrslitum deildarbikarkeppninnar. Mark Jóhannesar tryggir Celtic sæti í úrslitum keppninnar.
- 5. nóvember: Jóhannes skorar eitt marka Celtic í 3-1 sigri gegn Boavista í Evrópukeppni bikarbafa. Sigurinn kemur liðinu áfram í keppninni.

# Hreinn Halldórsson

## – Íþróttamaður ársins 1976, 1977 og 1979

*Hreinn Halldórsson, eða Strandamaðurinn sterki eins og hann var jafnan kallaður, er einn af þremur íþróttamönnum sem hefur þrívægis orðið íþróttamaður ársins. Þann heiður hlaut hann fyrir afrek á heimsmælikvarða í kúluvarpi en hann var fyrstur Íslendinga til að kasta yfir 21 metra. Þá er hann einn af fjórum Íslendingum sem hefur orðið Evrópumeistari í frjálsum íþróttum.*



Hreinn Halldórsson er fæddur 1949 og alinn upp á Hrófbergi á Ströndum. Hreinn hóf íþróttaiðkun sína á unga aldri fyrir algjöra tilviljun. Hann hafði engan áhuga á að æfa neitt. Hann var hins vegar beðinn um að athuga hvað hann gæti fyrir héraðsmót árið 1968. Lét hann til leiðast, mest til að leika sér, en honum tókst að kasta þar kúlu 11,19 metra og vakti það nokkra athygli hjá manni sem aldrei hafði æft. Hann gerði ekkert meira það sumar en í kjölfarið ákvað hann svo að æfa kastgreinar af fullum krafti.

Hreinn reyndist sémilega vaxinn fyrir kúluvarp þar sem hann var bæði sterkur og snöggur en hann átti reyndar til að byrja með í vandræðum með tæknina. Hann æfði einnig kringlu-

kast og kastaði spjóti á nokkrum mótum en kúluvarp reyndist svo eiga best við hann.

Hreinn hóf keppni á mótum árið 1969 og árið eftir var hann farinn að kasta ríflega fjórtán metra. En hann bætti sig jafnt og þétt. Segja má að afreksferill hans hafi byrjað eftir landsmót UM-FÍ á Sauðárkróki árið 1971. Þar varð Hreinn þriðji, kastaði 14,85 metra. Þessi árangur varð til þess að Hreinn gerði sér grein fyrir því að hann gæti náð langt og fór að æfa á fullu, en hann hafði fram að því lítið æft af viti að eigin sögn. Þá þegar var honum spáð töluverðum frama í greininni sem svo sannarlega átti eftir að ganga eftir.

Næstu ár bætti Hreinn sig jafnt og þétt en 1974 var árið sem hann blómstraði svo að um munaði. Þá bætti hann árangur sinn um tæplega einn metra og bætti Íslandsmet Guðmundar Hermannssonar, sem var 18,48 m, um 10 cm. Metið setti hann í Stokkhólmi. Hreinn bætti metið síðan margfalt eftir það.

Árið eftir, 1975, varð hann fyrsti Íslendingurinn til að varpa kúlunni yfir 19 metra og var besti árangur hans á árinu 19,46 m. Þetta kast tryggði honum jafnframt sæti á Ólympíuleikunum í Montreal árið eftir.


Árið 1976, þegar hann var fyrst valinn íþróttamaður ársins, varð hann fyrstur Íslendinga til að fara yfir 20 metra. Sá árangur var afraksturinn af miklum æfingum en í febrúar fékk hann launalaust frí hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, þar sem hann starfaði sem vagnstjóri, til að geta einbeitt sér að æfingum og dvaldi í Þýskalandi við æfingar í einn mánuð við bestu aðstæður.

Og ári síðar fór hann í fyrsta sinn yfir 21 metra þegar hann kastaði 21,09 m á

DN-galan í Stokkhólmi. Svo skemmtilega vill til að metið var sett á sama velli og hann setti sitt fyrsta Íslandsmet á. Auk þess varð hann Evrópumeistari innanhúss í kúluvarpi með 20,59 m. Þetta þótti afgerandi besti árangur ársins og fékk Hreinn fullt hús stiga í kjöri íþróttamanns ársins 1977 fyrir þessi afrek.

Þetta ár reyndist toppár hans á ferlinum. Hann var reyndar aftur valinn íþróttamaður ársins 1979 en þá kastaði hann lengst 20,56 metra, sem var sjötti besti árangurinn sem náðist í kúluvarpi í heiminum það ár. Hreinn dvaldi þá í nokkra mánuði í Texas við æfingar og keppni í kúluvarpi. Hreinn hefur reyndar sjálfur látið hafa eftir sér að hann hafi alls ekki átt þennan titil skilið þetta ár og hefur gefið þá skýringu að það hafi hreinlega vantað einhvern til að taka við titlinum. Hann tapaði ekki móti á árinu en átti við erfið hnémeiðsli að stríða stóran hluta ársins og þurfti því að sleppa mörgum sterkum mótum.

Í byrjun árs 1980 hélt Hreinn utan á ný, nú til Tuscaloosa í Alabama í Bandaríkjunum, dvaldi þar í fimm mánuði við æfingar og keppni og keppti fyrir hönd háskólans á staðnum á frjálsum íþróttamótum. Hann náði prýðilegum árangri á mörgum mótum og náði meðal annars þriðja sæti á meistaramóti bandarískra háskóla. Aðaltakmarkið hjá honum var að ná góðum árangri á Ólympíuleikunum sem fram fóru í Moskvu þá um sumarið. Hon-



*Hreinn Halldórsson var kúluvarpari á heimsmeðlikvarða og varð m.a. Evrópumeistari innanhúss 1977.*



Hreinn Halldórsson með bikarinn góða sem fylgdi sæmdarheitinu íþróttamaður ársins fyrstu 50 árin.

### Árangur Hreins 1976

- 22. febrúar: Hreinn hafnar í níunda sæti í kúluvarpi á Evrópumeistaramótinu í frjálsum íþróttum innanbúss í München í Vestur-Pýskalandi. Hann kastar 18,41 metra.
- 10. júní: Hreinn setur nýtt Íslandsmet í kúluvarpi á móti í Bratislava í Tékkóslóvakíu, kastar 19,53 m. Bætur sitt gamla met um 7 cm.
- 17. júní: Kastar 18,83 m á 17. júní-mótinu í frjálsum íþróttum og hlýtur forsetabikarinn að launum.
- 2. júlí: Hreinn setur nýtt Íslandsmet í kúluvarpi á Ólympíumótinu í Laugardal, kastar 19,97 m. Gamla metið hans er þar með bætt um tæplega hálfan metra.
- 14. júlí: Hreinn setur Íslandsmet á móti á Laugardalsvellingum, kastar 20,24 m. Hafði reyndar fyrr á sama mótinu varpað 20,01 metra. Hreinn varð þar með fyrsti Íslendingurinn til að varpa kúlu yfir 20 m.
- 23. júlí: Varpar 18,93 metra á Ólympíuleikunum í Montreal og hafnar í 15. sæti af 23 keppendum. Kemst ekki í úrslit, sem voru mikil vonbrigði, en til þess hefði hann þurft að kasta 19,40 metra.
- 8. ágúst: Hreinn kastar 19,20 metra á Meistaramóti Íslands og sigrar með yfirburðum.
- 18. desember: Hreinn setur nýtt Íslandsmet í kúluvarpi innanbúss á móti í Laugardalshöll, kastar 19,16 metra og bætur eldra metið um rúmlega hálfan metra.
- 26. desember: Hreinn sigrar í langstökki án atrennu á jólamóti ÍR, stekkur 3,14 metra.

### Árangur Hreins 1977

- 30. janúar: Hreinn vinnur til bronsverðlauna í langstökki á Meistaramóti Íslands í atrennulausum stökkum, stekkur 3,07 m.

- 20. febrúar: Hreinn setur nýtt Íslandsmet í kúluvarpi innanbúss, kastar 19,84 metra. Bætur eigið met um 16 cm.
- 27. febrúar: Hreinn setur aftur nýtt Íslandsmet í kúluvarpi innanbúss, nú á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum innanbúss, kastar 19,89 m.
- 13. mars: Hreinn verður Evrópumeistari í kúluvarpi innanbúss á Evrópumótinu í San Sebastián á Spáni, kastar 20,59 m. Í Morgunblaðinu var þetta sagt vera eitt glæsilegasta afrek sem íslenskur íþróttamaður hefði unnið í langan tíma. Hann var þriðji Íslendingurinn til að verða Evrópumeistari í frjálsum íþróttum.
- 24. apríl: Hreinn vinnur til bronsverðlauna á Norðurlandamótinu í lyftingum. Hann lyftir samanlagt 310 kg í snörun og jafnböttum.
- 14. maí: Hreinn setur nýtt Íslandsmet í kúluvarpi, 20,70 metra, á vormóti Breiðabliks í frjálsum íþróttum. Hann hafði áður kastað 20,38 metra á sama móti og tvíbætti því Íslandsmet sitt, sem var 20,24 metrar, á sama deginum. Þetta var fyrsta utanbússmót Hreins á árinu og kastið kemur honum í efsta sæti heimslístant í kúluvarpi.
- 22. maí: Hreinn verður annar í kúluvarpi á móti í Southampton, kastar 20,31 metra. Geoff Capes sigrar í baráttu Evrópumeistaranna innanbúss og utanbúss með lengsta kastinu í heiminum þetta ár, 20,98 m.
- 18. maí: Hreinn hafnar í öðru sæti í kúluvarpskeppni í Crystal Palace á Englandi, kastar 20,12 metra. Geoff Capes sigrar í keppninni, kastar 20,33 metra.
- 8. júní: Hreinn kastar 20,62 metra í landskeppni við Dani á Laugardalsvellingum og sigrar. Er þó ósáttur og segist geta kastað mun lengra. Gerir eitt kast ógilt sem mælist 20,76 m, sex cm lengra en Íslandsmetið.

um tókst betur til þar en í Montreal fjórum árum áður, komst í úrslit ásamt Óskari Jakobssyni og hafnaði í tíunda sæti með kast upp á 19,55 metra en Óskar var sæti neðar. Hreinn og Óskar háðu nokkur eftirminnileg einvígi þetta sumar en oftast bar Hreinn sigur úr býtum. Árið 1981 hafnaði Hreinn í sjötta sæti á Evrópumeistaramótinu innanhúss, með kast upp á 19,15 metra, en árangur almennt var slakur á þessu móti. Hann hélt sig þó áfram í fremstu röð og tókst honum meðal annars að leggja heimsmethafann Brian Oldfield á Reykjavíkurlaikunum. Hann kastaði lengst 20,02 metra það ár og bar höfuð og herðar yfir aðra kúluvarpara hér á landi.

Árið eftir flutti Hreinn svo til Alabama til að stunda þar nám og æfingar. Hann átti hins vegar við erfið bakmeiðsli að stríða og þurfti á endanum að gangast undir aðgerð vegna brjósksloss. Þessi meiðsli urðu á endanum til þess að binda enda á keppnisferil Hreins. Hann fluttist til Egilsstaða eftir að hann kom heim og hefur starfað eftir það að íþróttamálum þar. Hann tók þó fram keppnis skóna að nýju árið 1985 og keppti þá meðal annars fyrir KR í 2. deild bikarkeppni FRÍ. Hann sigraði í kúluvarpinu með 14,63 metra kasti.

Árangurinn, sem Hreinn náði, vakti mikla athygli víða og þótti mörgum ótrúlegt að hann hefði náð honum með fullri vinnu. Mikil umræða fór í gang í þjóðfélaginu um hvort styðja ætti afreksmenn á borð við Hrein þannig að þeir gætu einbeitt sér að æfingum en þyrftu ekki að vinna fulla vinnu með. Árangur Hreins átti stóran þátt í því að stofnaður var afreksmannasjóður ÍSÍ til að styrkja þá íþróttamenn sem líklegir væru til að ná árangri á heimsmælikvarða.



*Árangur Hreins Halldórssonar í kúluvarpi vakti heimsathygli. Hann varð fyrstur Íslendinga til að kasta kúluinni yfir 21 metra.*

- 30. júní: Hreinn bafnar í þriðja sæti á Heimsleikunum í Helsinki með kasti upp á 20,31 m.
- 4. júlí: Hreinn setur glæsilegt Íslandsmet í kúluvarpi á DN-galan móttinu í Stokkholmi þegar hann kastar 21,09 metra. Þessi árangur tryggði honum fimmta sætið á heimslistanum í kúluvarpi. Hreinn var þar með fyrstur Íslendinga til að varpa kúluinni yfir 21 metra.
- 6.-7. ágúst: Hreinn sigrar í kúluvarpi á meistaramóti Íslands, kastar 20,88 metra sem er nýtt meistaramótsmet. Hann nær öðru sæti í sleggjukasti og því þriðja í kringlukasti á sama móti.
- 17. ágúst: Hreinn sigrar á Reykjavíkurlaikunum í frjálsum íþróttum, kastar 21,02 metra. Þessi árangur er enn í dag vallarmet í Laugardalnum. Nokkrir erlendir kúluvarparar voru á meðal keppenda á leikunum, meðal annars Geoff Capes sem kastaði 20,60 m.
- 20. ágúst: Hafnar í öðru sæti á móti í Edinborg, kastar 20,03 metra. Þetta er jafnlangt kast og hjá sigurvegaranum, Pólverjanum Wladyslaw Komar, en næstlengsta kast Pólverjans er lengra en næstlengsta kast Hreins.

#### Árangur Hreins 1979:

- 3. febrúar: Kastar 20,08 metra á kastmóti KR sem er besti árangur hans með leðurkúlu.
- 17. febrúar: Hreinn sigrar á meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum innanbíuss, kastar 19,78 m.
- 7. apríl: Hreinn sigrar á sterku háskólamóti í Austin í Texas, kastar 20,54 metra.
- 27. apríl: Hreinn sigrar í kúluvarpi á háskólamóti í Des Moines í Iowa, varpar 19,89 metra.

- 3. maí: Hreinn sigrar í kúluvarpi á háskólamóti í Texas, kastar 20,56 metra.
- 17. júní: Hreinn sigrar í kúluvarpi í Evrópubikarkeppninni í Lúxemborg, kastar 19,44 m. Íslendingar lentu í neðsta sæti á móttinu. Sagði eftir keppnina að hann væri í lægd og ætlaði ekki í keppnisferð til Finnlands eins og fyrirhugað var.
- 7. júlí: Hreinn verður efstur í kúluvarpi á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum. Kastar 19,60 metra.
- 21. júlí: Hreinn nær frábærum árangri í Kalott-keppninni sem fram fór í Bodö í Noregi. Hann kastar 20,40 metra og sigrar. Íslendingar böfnuðu í öðru sæti í keppninni.
- 31. júlí: Hreinn kastar 20,69 m á frjálsíþróttamóti á Húsavík. Þetta reyndist besta kast hans á árinu og það sjötta besta í heiminum á þessu ári.
- 3. ágúst: Hreinn kastar 20,50 metra á frjálsíþróttamóti á Akureyri.
- 8. ágúst: Hreinn sigrar á Reykjavíkurlaikunum í frjálsum íþróttum, kastar 20,48 m.
- 11. ágúst: Hreinn sigrar í kúluvarpi í kastkeppni við Ítali, kastar 19,63 m. Var afar ósáttur við árangur sinn.
- 19. ágúst: Hreinn varpar 20,05 metra á frjálsíþróttamóti í Vík í Mýrdal.
- 28. ágúst: Hreinn kastar 20,15 metra á frjálsíþróttamóti á Laugardalsvelli.
- 31. ágúst: Hreinn sigrar á sterku frjálsíþróttamóti í London, kastar 19,87 metra.
- 7. september: Hreinn kastar 51,90 m í kringlukasti á kastmóti ÍR, bafnar í öðru sæti á eftir Erlendi Valdimarssyni.

# Skúli Óskarsson

## – Íþróttamaður ársins 1978 og 1980

Það eru ekki margir Íslendingar sem ná að setja heimsmet í sinni íþróttagrein. En það tókst kraftlyftingamanninum Skúla Óskarssyni að gera árið 1980. Hann var þá kjörinn íþróttamaður ársins í annað sinn, en hann hafði áður blotið titilinn árið 1978.



Skúli er fæddur á Fáskrúðsfirði árið 1948 og ólst þar upp. Ekki voru miklar aðstæður þar til að kynna sér lyftingar. Skúli kynntist þeim fyrst í gegnum blöðin og sjónvarpið en hann segist endanlega hafa fallið fyrir þessari íþróttagrein þegar hann sá Guðmund Sigurðsson og Björn Ingólfsson keppa í sjónvarpinu.

Þegar Skúli frétti af manni á Seyðisfirði, Jóhanni Sveinbjörnsyni, sem ætti lyftingataeki, ákvað hann að hafa uppi á honum. Hann fór að vinna á Seyðisfirði í eitt ár og fór þá að æfa með Jóhanni árið 1969 með lyftingatakjum sem þeir bjuggu til meðal annars úr bobbingum. Eftir það fóru þeir að hugsa um hvort þeir ættu roð í einhverja sem eitthvað gætu og fengu metalistann sendan frá Reykjavík. Þeir komust að því að þeir voru ekki svo fjarri því að ná góðum árangri á íslenskan mælikvarða svo að þeir skelltu sér á sitt fyrsta mót árið 1970, sem var haldið í tengslum við íþróttahátíðina það ár. Kvöldið fyrir mótið læddust þeir í Laugardalshöllina til að skoða græjurnar sem þeir áttu að


nota, sem voru Ólympíugræjur með legum. Þeir æfðu stíft og lyftu mikið og fóru langt með að klára orkuna. En engu að síður vann Skúli sinn þyngdarflokk og Jóhann varð í 3. sæti í sínum flokki.

Þetta ár fór Skúli hins vegar strax að setja met í sínum þyngdarflokki og árið eftir sigraði hann í léttvigt á fyrsta Íslandsmótiinu í kraftlyftingum á nýju Íslandsmeti. Þetta reyndist aðeins forsmekkurinn að því sem koma skyldi og hann setti hvert metið á fætur öðru fram eftir áttunda áratugnum. Hann náði einnig prýðilegum árangri á alþjóðlegum mótum, hlaut meðal annars bronsverðlaun á heimsmeistaramótiinu 1975 og varð Norðurlandameistari árið eftir. Það ár lenti hann hins vegar í mótörhjólaskilysi á Ítalíu með þeim afleiðingum að hann slasaðist illa á hægri öxl og eftir það var bekkpressan vandamál hjá honum.

Fyrra árið sem hann var kosinn íþróttamaður ársins, 1978, var afar farsælt hjá honum og hlaut hann silfurverðlaun á bæði á Evrópumeistaramótiinu og heimsmeistaramótiinu. Það ár var hann í raun búinn að vinna allt sem hægt var að vinna nema heimsmeistaratítill. Hann gerði nokkrar tilraunir til að setja heimsmet í réttstöðulyftu sem mistókust naumlega. Árið eftir varð hann Norðurlandameistari.


En þessum árangri sló hann við svo um munaði síðara árið sem hann var kosinn, 1980. Þá setti hann heimsmet í réttstöðulyftu í nóvember. Nokkur saga er á bak við þetta met, sem hann hafði reyndar lengi stefnt að. Hann hafði hug á að vera með á heimsmeistaramót í Bandaríkjunum en vegna axlarmeidsla ákvað hann að fara ekki til Bandaríkjanna til að vera í miðjum hópi, stoltið var of mikið. Hann ákvað því að keyra á metið heima og fékk leyfi til að keppa í hléinu á Norðurlandamóti unglunga í ólympískum lyftingum. Það setti hins vegar aukna pressu á hann að Hermann Gunnarsson íþróttafréttamaður Útvarpsins frétti af þessu og veiddi upp úr honum að hann ætlaði að setja met. Svo mætti Hermann á staðinn með hljóðnemann og því varð Skúli að setja metið.

Samkvæmt reglunum verður að taka hnébeygjuna og bekkpressuna áður en réttstöðulyftan er tekin, til að metið sé gilt. Skúli lyfti 65 kg í hnébeygju og 65 kg í bekkpressu en var næstum búinn að gera ógilt í bekkpressunni því að hann var svo slæmur í öxlinni. Hann náði gildri lyftu í þriðju tilraun. Svo biðu allir eftir metinu. Metið, sem hann var að reyna að slá, var 315 kg en hálfu kíló meira var á stönginni. Gríðarleg stemmning var á pallinum þegar Skúli gekk inn á sviðið. Upp fór þyngdin við gríðarlegan fögnuð áhorfenda, reyndar svo mikinn að Skúli heyrði ekki þegar dómarnir úrskurðuðu lyftuna gilda. Hann tók bara áhættuna! Þegar þrjú ljós loguðu á sviðinu sem gáfu til kynna að lyftan væri gild ærðist hann af fögnuði eins og áhorfendur í Laugardalnum. Þegar Skúli kom í búningasklefang sagði hann við Svein Björnsson, forseta ÍSÍ: „Jæja, þá erum við búnir að setja heimsmet í íþróttum, þó í kraftlyftingum sé!“



*Skúli Óskarsson sópaði til sín verðlaunum á glæsilegum ferli og sló hvert metið á fætur öðru. Skúli varð fyrsti Íslendingurinn til þess að slá heimsmet í íþróttum.*

Skúli Óskarsson var einn vinsælasti íþróttamaður landsins. Hnyttin og einlæg tilsvör hans bittu í mark hjá þjóðinni.



Metið stóð í átta mánuði sem þótti mjög gott en þetta var fyrsta heimsmetið sem sett var af Íslendingi í nokkurri íþróttgrein.

Skúli lét ekki staðar numið þó að heimsmetið væri komið. Árið eftir vann hann bronsverðlaun á heimsmeistaramótinu í kraftlyftingum í Kalkúta á Indlandi og hlaut silfurverðlaun á Norðurlandamóti. Eftir það dró hann sig út úr keppni á alþjóðlegum mótum. Hann keppti á nokkrum mótum hér á landi árið 1982 en eftir það ákvað hann að hætta keppni, en hann hætti hins vegar ekki að æfa. Hljótt var um Skúla næstu ár á eftir.

En í nóvember 1987 hóf hann keppni að nýju og það með glans. Hann keppti á Opna Reykjavíkurmótinu í kraftlyftingum og setti þá nýtt Íslandsmet í hnébeygju í 60,5 kg flokki, lyfti 245 kg.

Árið 1990 ákvað hann að taka aftur fram lóðin og keppti þá að beiðni Kraftlyftingasambands Íslands á Evrópumeistaramótinu sem fór þá fram hér á landi. Skúli fór hins vegar of geyst af stað og náði ekki að lyfta byrjunarþyngd sinni í hnébeygju, aðallega vegna reglubreytinga. Þar með var því ævintýri lokið.

Skúli þótt skemmtilegur keppnismaður og gargaði oft mikið þegar hann reyndi við lóðin. Hann lagði mikið upp úr því að hafa gaman af hlutunum og leit mikið á skemmtanagildið, því að það gæti haft áhrif á vinsældir íþróttarinnar. Á sínu fyrsta sjónvarpsmóti setti hann Íslandsmet í réttstöðulyftu og stóð hann með stöngina í höndunum og öskraði: „Met fyrir mömmu!“ Hann kom gjarnan með hnyttin tilsvör og gamanið flæddi frá honum. Margir telja að hann hafi átt stóran þátt í að laða unga stráka að íþróttinni.

### Árangur Skúla 1978:

9. apríl: Skúli hlýtur silfurverðlaun í sínum þyngdarflokki á Evrópumeistaramóti í kraftlyftingum í Birmingham á Englandi. Hann lyftir samanlagt 700 kg.
19. maí: Skúli setur Norðurlandamet í hnébeygju í 82,5 kg flokki á Kraftlyftingameistaramóti Íslands í anddyri Laugardalsbóllar, lyftir 277,5 kg. Hann setur einnig Íslandsmet í samanlögðu, 672,5 kg.
17. júní: Skúli setur Norðurlandamet í hnébeygju á innanfélagsmóti í Jakabóli, lyfti 280 kg. Hann setur einnig Íslandsmet í samanlögðu, 675 kg.
5. nóvember: Skúli vinnur silfurverðlaun í 75 kg flokki á heimsmeistaramótinu í kraftlyftingum sem fram fer í Turku í Finnlandi. Hann er hársbreidd frá því að setja heimsmet í réttstöðulyftu á mótinu en mistekst að lyfta 300,5 kg. Hann setur einnig Norðurlandameti í samanlögðu á mótinu, 722,5 kg.

### Árangur Skúla 1980:

17. febrúar: Skúli setur Norðurlandamet í hnébeygju í léttþungavigt á Jakabólsmótinu í kraftlyftingum, lyftir 305 kg. Hann setur einnig Íslandsmet í samanlögðu, 722,5 kg.
15. apríl: Skúli verður annar í 75 kg flokki á heimsbikarmóti í kraftlyftingum í London. Hann lyftir samanlagt 720 kg.
- 17.–18. maí: Skúli hlýtur silfurverðlaun í 75 kg á Evrópumeistaramótinu í kraftlyftingum í Zürich í Sviss. Hann lyftir samanlagt 715 kg.
- 13.–14. september: Skúli sigrar í 75 kg flokki á Norðurlandamóti í kraftlyftingum, sem fram fer í Noregi. Hann jafnar eigið Íslandsmet í réttstöðulyftu, 305 kg, og lyftir samanlagt 715 kg.
1. nóvember: Skúli setur heimsmet í réttstöðulyftu í bléinu á Norðurlandamóti unglinga í ólympískum lyftingum í Laugardalsbóll. Hann lyftir 315,5 kg.
16. desember: Skúli lyftir 320 kg í réttstöðulyftu á stjórnumbátíð íþróttarfélögum á Selfossi en það er 4,5 kg meira en heimsmetið hans. Þetta afreki fékkst þó ekki staðfest sem heimsmet þar sem ekki var um löglega keppni að ræða.

# Jón Páll Sigmarsson

## – Íþróttamaður ársins 1981

*Jón Páll Sigmarsson er einn af þeim íþróttamönnum sem bar bróður Íslands víða, einkum þegar hann varð sterkasti maður heims. Hann varð hins vegar íþróttamaður ársins fyrst og fremst fyrir afrek sín í kraftlyftingum.*



Jón Páll Sigmarsson fæddist árið 1960 og byrjaði að stunda íþróttir fimm ára gamall. Hann byrjaði á íslenskri glímu, fór síðan í knattspyrnu og handknattleik og þar á eftir í karate. Alltaf blundaði hins vegar í honum draumurinn um að verða sterkur og hann lýsti því yfir strax á unga aldri að hann ætlaði að verða sterkasti maður heims, nokkuð sem fáir tóku trúanlegt.

Jón Páll hóf að stunda lyftingar 17 ára gamall. Hann æfði í líkamsræktarstöðinni Jakabóli og var þá svo heppinn að afreksmenn á borð við Skúla Óskarsson og Hrein Halldórsson æfðu þar líka þannig að hann fékk strax góða ráðgjöf frá þeim bestu. Jón Páll hóf strax að gefa yfirlýsingar um að hann ætlaði sér í fremstu röð. Hugur hans stefndi fyrst á ólympískar lyftingar en tæknilegir vankantar gerðu honum erfitt fyrir þar, meðal annars að hann átti erfitt með að rétta úr olnbogunum. Þá kom í ljós að kraftlyftingar áttu betur við hann.

Um tvítugt var Jón Páll kominn í röð fremstu kraftlyftingamanna á Íslandi. Fyrsta stórmótið erlendis, sem hann tók þátt í, var Norðurlandamótið í kraftlyftingum 1979. Þar lyfti hann 707.5 kg og hlaut silfurverðlaun og varð meðal annars Norðurlandameistari í sínum þyngdarflokki árið 1980 auk þess að fá

silfurverðlaun á Evrópumóti. Strax þetta ár var hann farinn að setja fjölda Íslandsmeta í kraftlyftingum. Árið 1981 vann hann gullverðlaun á Íslandsmótinu í kraftlyftingum, gullverðlaun á Norðurlandamótinu og silfurverðlaun á Evrópumeistaramótinu. Hann var þetta ár valinn íþróttamaður ársins. Árið eftir setti hann eftirminnilegt Evrópumet í réttstöðulyftu í beinni útsendingu í sjónvarpssal og sagði þá hátt og snjallt meðan hann hélt á stönginni: „Þetta er ekkert mál fyrir Jón Pál!“ Eftir það varð þessi setning að máltæki hér á landi.

Jón Páll vann silfurverðlaun á Evrópumeistaramótinu 1983 og gullverðlaun á Norðurlandameistaramóti unglunga (23 ára og yngri) sama ár, með 950 kg í samanlögðu. Þar setti hann nýtt Evrópumet, 365 kg. Þá setti Jón Páll líka Evrópumet í samanlögðu 1984 þegar hann lyfti samanlagt 970 kg.

Eftir þetta hóf Jón Páll að vinna afrek á nýjum vettvangi. Hann varð þrisvar Íslandsmeistari í vaxtarækt á árunum 1984–1988 og byrjaði einnig að láta til sín taka í aflraunum. Hann tók þátt í keppninni um sterkasta mann heims í fyrsta sinn árið 1983 og varð þar í öðru sæti á eftir Bretanum Geoff Capes sem var alla tíð eftir það helsti andstæðingur hans í aflraunum. Hann var valinn sterkasti maður heims í fyrsta sinn árið 1984 og vann þann titil alls fjórum sinnum, síðast árið 1990. Hann var auk þess valinn sterkasti maður allra tíma 1987. Á tíunda áratugnum fór minna fyrir Jóni Páli á keppnisferlinum þó að hann hafi aldrei hætt alveg. Hann einbeitti sér þá að rekstri líkamsræktarstöðvarinnar GYM 80. Jón Páll lést langt um aldur fram árið 1993, á þrítugasta og þriðja aldursári.

Jón Páll varð í raun þjóðsagnapersóna hér á landi. Hann hristi upp í kraftlyftingaiþróttinni og lyfti henni að margra mati á æðra plan. Þá ruddi hann brautina fyrir Ísland á sviði aflrauna og kom sterkra manna hefð Íslendinga á kortið á heimsvísu. Jón Páll var ótrúlega vel þekktur á alþjóðavettvangi enda gastaði af honum í aflraunakeppnum og hann þótti hafa einstaklega skemmtilega framkomu.



*Jón Páll Sigmarsson í lyftingasalnum. Hann var jafnvígur á kraftlyftingar, aflraunir og vaxtarækt.*

### **Árangur Jóns Páls 1981:**

5. apríl: Jón Páll tvíbætir Evrópumetið í réttstöðulyftu á innanfélagsmóti KR í Jakabóli. Hann lyftir fyrst 342,5 kg og bætir gamla metið um 2,5 kíló. Síðan lyftir hann 350 kg.
18. apríl: Jón Páll bætir Íslandsmetið í samanlögðu í kraftlyftingum um 37,5 kg á móti í Borgarnesi, lyftir samanlagt 892,5 kg.
3. maí: Jón Páll setur Íslandsmet í öllum greinum og í samanlögðu í 125 kg flokki á Íslandsmótinu í kraftlyftingum. Hann lyftir 342,5 kg í hnébeygju, 222,5 kg í bekkpressu og 347,5 kg í réttstöðulyftu, samtals 912,5 kg. Þar með verður Jón Páll fyrstur Íslendinga til að lyfta yfir 900 kg samanlagt.
10. maí: Jón Páll blýtur silfurverðlaun á Evrópumeistaramótinu í kraftlyftingum sem fram fer í Parma á Ítalíu, lyftir samtals 852,5 kg. Meðslí hamla því að hann nái betri árangri.
26. ágúst: Jón Páll bætir Evrópumet sitt í réttstöðulyftu um sjö og hálf kíló og lyftir 360 kg.
13. september: Jón Páll verður Norðurlandameistari í yfirþungavigt, lyftir samanlagt 890 kg sem er Íslandsmet.
8. nóvember: Jón Páll fær bronsverðlaun í 125 kg flokki á heimsmeistaramótinu í kraftlyftingum í Kalkútta á Indlandi, lyftir samtals 912,5 kg. Lítilu munar að honum takist að setja Evrópumet í réttstöðulyftu.

# Óskar Jakobsson

## – Íþróttamaður ársins 1982

Óskar Jakobsson var alhliða kastari og náði frábærum árangri í kringlukasti og kúluvarpi. Hann var á hátindi ferils síns árið 1982, árið sem hann var valinn íþróttamaður ársins.



Óskar Jakobsson er fæddur í Reykjavík árið 1955. Hann þótti metnaðarfullur í æsku og þoldi aldrei að tapa, hvort sem það var í grjótkasti eða hlaupum. Hann byrjaði að æfa boltaíþróttir, handbolta, fótbolta og körfubolta en skipti yfir í frjálsar íþróttir á fermingaráldri. Þá kynntist hann Guðmundi Þórarinssyni, frjálsíþróttahjálfa í ÍR, og það hafði þau áhrif að hann ákvað að einbeita sér að frjálsum íþróttum.

Óskar byrjaði á að stunda hlaup og stökk en fljótlega kom í ljós að hann var í þyngra lagi sem gerði honum erfiðara fyrir að hlaupa langar vegalengdir. Þá reyndi hann fyrir sér í kastgreinum og komst fljótlega að því að þær áttu vel við hann. Og þá virtist engu máli skipta hverju hann kastaði því að kringlan, kúlan og spjótíð virtust öll liggja vel fyrir honum. Hann hafði í raun allt til að bera til að verða góður kastari. Þetta kom í ljós strax á unglingsaldri. Hann byrjaði að keppa á frjálsíþróttamótum árið 1970 með ágætum árangri og ári seinna, þegar hann var fimmtán ára gamall, bætti hann 32ja ára gamalt sveinamet Gunnars Huseby í kringlukasti á yngri flokka móti Frjálsíþróttasambands Íslands, kastaði þá 56,80 metra. Hann sigraði einnig í kúluvarpi

og spjótkaсти á mótinu og þetta gaf tóninn fyrir það sem koma skyldi á ferli Óskars. Hann var langfremstur sinna jafnaldra hér á landi og ekki leið á löngu þar til hann var orðinn fastamaður í landsliðinu í frjálsum íþróttum.

Í upphafi kastferils síns var hann besti spjótkastari landsins og sló Íslandsmet Jóels Sigurðssonar, sem staðið hafði í 23 ár, árið 1974. Þá kastaði hann 67,70 metra en var áður en árið leið búinn að bæta það í 73,72 metra. Hann varð þar með fyrsti Íslendingurinn til að kasta spjóti yfir 70 metra. Árið 1975 var met hans komið í 75,80 m og tveimur árum síðar náði hann sínum besta árangri í greininni, 76,32 m. Óskar keppti í spjótkaсти á Ólympíuleikunum í Montreal 1976 en var langt frá sínu besta, kastaði 72,78 metra og hafnaði í 21. sæti. Á þessum árum fór hann svo að taka örur framförum í kúluvarpi og kringlukasti og lagði þá meiri rækt við þær greinar en spjótkaстиð. Þetta var í samræmi við að almennt var talið að hann væri betur byggður fyrir þær greinar, einkum kringlukastið, en þar rauf hann sextíu metra markið árið 1978 og komst það ár í úrslit á Evrópumeistararamótinu í Prag. Það sama ár var hann kominn yfir 18 metra í kúluvarpi.

Árið 1979 fór Óskar hins vegar að leggja meiri áherslu á kúluvarpið og á Ólympíuleikunum í Moskvu 1980 keppni hann bæði í kúluvarpi og kringlukasti. Hann komst í úrslit í kúluvarpinu ásamt Hreini Halldórssyni og hafnaði þar í ellefta sæti. Honum tókst hins vegar ekki vel upp í kringlukastinu þar sem hann gerði öll köst sín ógild.

Árið 1981 var komin keppnisþreyta í Óskar þannig að í stað þess að keppa á mótum var hann í línuvinnu austur á landi. Honum stóð hins vegar til boða að fara aftur til Austin í Texas þá um haustið en hann hafði þegar dvalið þar um nokkurt skeið við frjálsíþróttaiðkun og háskólanám. Segja má að þar hafi hafist nýr kafli á íþróttuferli hans þar sem hann ákvað að æfa vel til að ná góðum árangri. Hann kastaði kúlnu sjaldan undir 20 m og kringlunni yfirleitt yfir 60 m.

Óskar hafði ætlað sér að ná enn lengra en hann gerði. Eftir að hann var kjörinn íþróttamaður ársins lýsti hann því yfir að hann ætlaði að einbeita sér að æfingum í kúluvarpi, byggja sig markvisst upp og vera kominn í góða æfingu fyrir Ólympíuleikana í Los Angeles 1984. En meiðsli settu strik í þann reikning. Árið 1983 átti hann í ökkrameiðslum framan af ári sem komu niður á æfingum fyrir keppnistímabil sumarsins og náði hann sér aldrei almennilega á strik á því ári. Hann stefndi hins vegar ótrauður á Ólympíuleikana í Los Angeles og hafði ákveðið að að þeim leikum loknum myndi hann hætta keppni. Sex vikum áður en leikarnir hófust meiddist hann á handarbaki og gat ekki tekið þátt í leikunum. Þar með var keppnisferli Óskars lokið.

Í hinum tveimur greinum fékk hann meiri keppni, frá Hreini Halldórssyni í kúluvarpi og Erlendi Valdimarssyni í kringlukasti og svo fór að þeir náðu betri árangri en Óskar. Óskari tókst aldrei að setja Íslandsmet í þessum greinum.

Þegar ferli Óskars lauk hafði hann kastað kúlu 20,61 metra, kringlu 63,24 metra og spjóti 76,32 metra. Ef meiðslin hefðu ekki komið til hefði hann trúlega náð enn lengra, einkum í kringlukastinu sem hann leit sjálfur á sem sína sérgrein. Óskar hafði



Óskar Jakobsson á bandaríska háskólameistaramótinu 1980 í Austin í Texas.  
Óskar varð í 2. sæti en hann kastaði 20,21 m.

hæð, styrk og snerpu til að geta kastað hverju sem var. Það er mál manna að hann hafi hætt allt of fljótt og hefði getað náð mun lengra en hann gerði.

En Óskar náði góðum árangri í fleiri greinum. Hann lét einnig að sér kveða í atrennulausum stökkum og árið 1978 bætti hann Íslandsmet Vilhjálm Einarssonar og Jóns Þ. Ólafssonar í

hástökki án atrennu þegar hann stökk 1,76 m. Metið hafði þá staðið í 17 ár. Hann var meira að segja nærri því að setja nýtt heimsmet í greininni. Þá var hann einnig prýðilegur lyftingamaður og átti um tíma Íslandsmetið í bekkpressu.

Óskar hefur verið búsettur í Texas undanfarin tuttugu ár og rekur nú líkamsræktarstöð þar.

### Árangur Óskars 1982:

- 10. janúar: Óskar sigrar á móti í Boston á nýju vallarmeti, 19,27 m.
- 17. janúar: Óskar sigrar á stóru innanfélagsmóti í Austin í Texas, kastar 19,81 m.
- 21. febrúar: Óskar sigrar með miklum yfirburðum á svæðismeistaramóti bandarískra háskóla, kastar 19,74 m.
- 21. mars: Óskar sigrar í þremur kastgreinum í skólakeppni Texasháskóla og Kaliforníuháskóla. Hann varpar kúlu 19,50 m, kastar kringlu 59,46 m og spjóti 76,08 m.
- 4. apríl: Óskar sigrar í kúluvarpi á stóru móti í Austin, kastar 20,02 m. Hann hafnar í öðru sæti í kringlukasti á sama móti með 61,10 m kasti.
- 10. apríl: Óskar kastar kúlu 20,39 m á bandarísku háskólamóti og sigrar. Þetta var besti árangur sem náðst hafði í heiminum það sem af var þessu ári.
- 16. maí: Óskar sigrar í kúluvarpi á meistaramóti háskólasvæðisins í Texas með 19,79 m kasti. Hann er fjórði í spjótkaсти á sama móti með kast upp á 69,70 m.
- 23. maí: Óskar setur persónulegt met í kúluvarpi á háskólamóti í Texas, kastar 20,57 m.
- 5. júní: Óskar hafnar í fjórða sæti í kúluvarpi á bandaríska háskólameistaramótinu á persónulegu meti, 20,61 m. Þetta var sjötta besta afrek Norðurlandabúa frá upphafi.
- 26. júní: Óskar sigrar í kringlukasti á afmælistóti ÍR, kastar 58,78 m.
- 17.–18. júlí: Óskar sigrar í kúluvarpi (20,06 m), verður annar í kringlukasti (54,46 m) og þriðji í sleggjukasti (52,18 m) á Reykjavíkurleikunum í frjálsum íþróttum.
- 29. júlí: Óskar hafnar í þriðja sæti í kúluvarpi á heimsleikunum í frjálsum íþróttum, kastar 20,12 m.
- 31. júlí–1. ágúst: Óskar sigrar í kúluvarpi (19,67 m), verður annar í kringlukasti (55,36 m) og þriðji í sleggjukasti (53,96 m) í Kalottkeppninni í frjálsum íþróttum. Ísland hafnar í öðru sæti í keppninni, á eftir Finnum.
- 5. ágúst: Óskar verður þriðji í kúluvarpi á Kaupmannabafnarleikunum, kastar 19,66 m.
- 8. ágúst: Óskar verður annar í kúluvarpi á Värnamo-leikunum í Svíþjóð, kastar 20,06 metra.
- 21.–22. ágúst: Óskar sigrar í kúluvarpi (19,41 m) og verður annar í spjótkaсти (64,94 m) í bikarkeppninni í frjálsum íþróttum.

# Einar Vilhjálms

## – Íþróttamaður ársins 1983, 1985 og 1988

*Einar Vilhjálms er einn af þremur mönnum sem hafa þrisvar orðið íþróttamenn ársins. Hann á ekki langt að sækja þessa hæfileika því að hann er sonur Vilhjálms Einarssonar, silfurverðlaunabafa í þrístökki á Ólympíuleikunum í Melbourne 1956.*



Einar er fæddur 1960 og var aðeins nokkurra mánaða gamall þegar faðir hans keppti á Ólympíuleikunum í Róm. Þar hafnaði hann í fimmta sæti. Eins og hjá mörgum öðrum fór Einar að æfa íþróttir vegna þess að það var helsta afþreyingin í sveitinni á árum áður. Þegar Einar stundaði nám við Héraðsskólann í Reykholti, þar sem faðir hans rak sumarbúðir, reyndu strákarinn allt sem hægt var að reyna, og voru meðal annars gerðar tilraunir í spjótkesti eftir að Þjóðverjinn Wolferman og Rússinn Lúsis háðu spennandi einvígi í greininni á Ólympíuleikunum í München 1972. Ári seinna gripu nokkrir í spjót eftir knattspyrnuæfingu og tókst Einari þá að kasta töluvert lengra en strákar sem voru eldri en hann. Hann ákvað því að fjárfesta í spjóti sem kostaði hann heil mánaðarlaun.

Eftir það varð ekki aftur snúið og hann stundaði þessa íþrótt sem sumaríþrótt frá árinu 1976.

Einar hélt þó áfram að stunda aðrar íþróttir, einkum boltaíþróttir. Hann flutti til Reykjavíkur 1978 og var þá kominn í unglingalandsliðið í handknattleik auk þess sem hann lék körfuknattleik. Spjótkestið var í raun aukagrein hjá honum og það var ekki fyrr en 1980 sem hann ákvað að einbeita sér að því. Sú ákvörðun reyndist mikið heillaspor. Tveimur árum áður hafði hann bætt sig um heila sjö metra í kastlandskeppni við Dani. 1980 komst hann í landsliðið, varð Norðurlandameistari unglinga í Malmö í Svíþjóð og sló svo Íslandsmet Óskars Jakobssonar í spjótkesti með því að kasta 76,76 m.

Árið 1981 bætti Einar Íslandsmetið verulega og kastaði í fyrsta skipti yfir 80 metra, 81,22 m. Hann hélt til Austin í Texas um haustið þar sem honum bauðst að stunda nám án endurgjalds og keppa fyrir hönd skólans í spjótkesti. Þar komst hann í góða æfingaaðstöðu sem hefur án efa hjálpað til við að ná þeim árangri sem hann átti eftir að ná.

Árið 1983, sem var fyrsta árið sem hann var valinn íþróttamaður ársins, setti hann fyrst bandarískt háskólameistaramótmet, sem var það elsta sem var þá í gildi, og kastaði svo í fyrsta sinn yfir 90 metra, nánar tiltekið 90,66 m, í landskeppni milli Bandaríkjanna og Norðurlanda. Þar sigraði hann meðan annars heimsmethafann Tom Petranoff.


Einar keppti á Ólympíuleikunum í Los Angeles 1984 og hafnaði þar í sjötta sæti. Honum hafði áður tekist að bæta Íslandsmetið enn frekar með kasti upp á 92,42 metra. Sá árangur var nýtt bandarískt háskólamet en þar sló hann elsta frjálsíþróttamet bandarísku háskólanna.

Árið eftir, 1985, er líklega besta árið á ferli Einars. Þá vann hann fjölda móta í fyrstu stigakeppni Alþjóðafriðsambandsins, Mobile Grand Prix-keppni IAAF, sem í dag kallast Golden League eða Gullmótaröðin. Í tvo og hálfan mánuð var Einar stigahæsti frjálsíþróttamaður keppinnar og eru þá allar greinar meðtaldar. Það þótti einstakt að frjálsíþróttamaður frá Íslandi væri í þessari stöðu og meðal annars kom Eurosport til Íslands og gerði sérstakan þátt um Einar og þessa óvæntu stöðu í stigakeppninni. Hann vann ellefu af þeim sautján stórmótum sem hann tók þátt í á þessu ári. Hann var valinn í úrvalslið Evrópu til þátttöku í heimsbikarkeppni IAAF en í þá keppni var einn spjótkastari valinn frá Vestur-Evrópu. Vegna meiðsla á olnboga gaf hann sæti sitt eftir.

Árið 1986 var spjótunum breytt til að tryggja betur að þau næðu að stingast í stað þess að lenda flöt og skapa hættu vegna rennslis. Til að ná þessu fram var þyngdarpunktur spjótins færður fram um 4 cm sem hafði mun meiri áhrif á íþróttina en áætlað var.

Þessar breytingar fóru ekki vel í Einar til að byrja með. Hann átti, eins og margir aðrir spjótkastarar, sem höfðu náð góðu valdi á gamla spjótinu, erfitt með að ná tókum á tækninni við þetta spjót og féll um tuttugu sæti á heimslistanum. Hann komst þó í fremstu röð að nýju árið 1987 með nýju Íslands- og Norðurlandsmeti, 82,79 m, og sama ár komst hann í úrslitakeppni á stórmótaröð Alþjóðafriðsambandsins öðru sinni en stigakeppni hværrar íþróttagreinar er haldin annað hvert ár.

Árið 1988, þegar Einar var valinn í þriðja sinn, tókst honum að koma sér aftur meðal tíu efstu á lista og hann náði reyndar fjórða besta árangrinum á þessu ári, 84,66 m. Stærsta afrek Einars á þessu ári var að vinna Heimsleikana í Finnlandi sem eru stærsta spjótkeppni sem haldin er í heiminum ár hvert. Menn veltu mikið fyrir sér hvort þetta gætu hugsanlega orðið úrslit Ólympíuleikanna sem fram fóru í Seoul í Suður-Kóreu síðar á árinu. Þeir fimm efstu á heimsleikunum gerðu góða hluti á Ólympíuleikunum, að Einari frátöldum, en hann komst ekki í úrslit í keppninni, var 8 cm frá því.



*Einar Vilhjálmsson var á meðal fremstu  
spjótkaða heims á sínum tíma.*



*Einar Vilhjálmsón þurfti oft að æfa við erfiðar aðstæður hér á landi en árangur hans var engu að síður á heimsmeðlikvarða.*

Einar æfði áfram af kappi og náði árið 1989 að bæta Íslandsmet sitt á alþjóðlegu stórmóti í Svíþjóð, 85,28 m, og sigra þar m.a. heimsmeðhafann Jan Zelezny. Hann var á verðlaunapalli á fjölda móta og komst í úrslit á stórmótaröð IAAF í þriðja sinn í röð. Árið 1990 tókst Einari að bæta Íslandsmet sitt aftur og setja Evrópumeistaramótsmet í forkeppni Evrópumeistaramótsins í Split í Júgóslavíu, 85,48 metra. Í kastinu meiddist hann á hægri hné sem átti eftir að há honum það sem eftir var af ferli hans. Hann hafnaði í níunda sæti á Evrópumótinu í Split 1990 og í sama sæti á heimsmeistaramótinu í Tókýó árið eftir en þá sleit hann hnéskeljabandið á hægri hné í öðru kasti sínu og náði því aðeins að klára eitt kast í úrslitakeppninni. Þetta sama ár hafnaði hann í þriðja sæti í heildarstigakeppni spjótkestsins í annað sinn.

Í apríl 1992, átta mánuðum eftir uppskurð á hné, kastaði Einar 83 metra á þjóðarleikvanginum í Lissabon í Portúgal og bætti þar vallarmetið um 20 metra. Einar var þar með kominn með tækifæri til að taka þátt á sínum þriðju Ólympíuleikum, í Barcelona 1992. Meiðsli gerðu undirbúninginn hins vegar erfiðan. Einar var þó nálægt því að komast í úrslit – hafnaði í 14 sæti af 44 keppendum. Þremur vikum síðar bætti hann svo Íslands-

### Árangur Einars 1983:

- 20. mars: Einar setur nýtt Íslandsmet í spjótkesti á háskólamóti í Los Angeles, kastar 85,12 metra. Hann sigraði þar meðal annars heimsmeðhafann Tom Petranoff.
- 22. apríl: Kastar 82,66 metra á frjálsíþróttamóti í Waco í Texas og sigrar örugglega.
- 14. maí: Sigrar á háskólamóti í Fort Worth í Texas, kastar 83,94 m.
- 2. júní: Sigrar á bandaríska háskólameistaramótinu. Lengsta kast hans er 89,98 metrar, sem er nýtt Íslandsmet og fimmti besti árangurinn í heiminum á árinu.
- 16. júlí: Kastar 81,78 metra í 2. deild bikarkeppni Frjálsíþróttasambands Íslands. Þetta er lengsta kast Íslendinga á móti héraðslendis.
- 26. júlí: Kastar 90,66 metra í landskeppni Bandaríkjanna og Norðurlanda. Þetta var í fyrsta sinn sem hann kastaði yfir 90 metra og hann var jafnframt sá yngsti sem náð befur þessum árangri. Hann sigraði heimsmeðhafann Tom Petranoff öðru sinni og fékk viðurkenningu fyrir besta afrek mótsins.
- 1. ágúst: Sigrar í spjótkesti í landskeppni Íslendinga og fimm annarra landa í Edinborg. Kastar 88,54 metra, 24 metrum lengra en næsti maður.
- 10. ágúst: Kastar 81,72 metra á heimsmeistaramótinu í Helsinki og er aðeins 20 cm frá því að komast í úrslit.
- September: Útnefndur íþróttamaður Texas-háskólans í Austin 1983.
- 19. desember: Útnefndur íþróttamaður Borgarfjarðar 1983.

### Árangur Einars 1985:

- 26. maí: Einar sigrar í spjótkesti á fyrsta stigamóti Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins (Mobile Grand Prix) ársins sem fram fer í San Jose í Bandaríkjunum. Hann kastar 88,28 metra. Honum hafði verið meinað þátttaka á mótinu, þar sem „allir bestu spjótkastarar heims voru skráðir til keppni“.
- 1. júní: Kastar 88,90 metra á öðru stigamóti Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins sem haldið var í Oregon í Bandaríkjunum og sigrar. Hann hélt upp á 25 ára afmæli sitt þennan sama dag. Hann kastaði um 6 metrum lengra en næsti maður. Einar var þar með eini frjálsíþróttamaðurinn sem unnið hafði til tveggja gullverðlauna á stórmótaröðinni og var því stigabæsti frjálsíþróttamaður heims.
- 12. júní: Kastar 89 metra slétta í leikbléi í landsleik Íslendinga og Spánverja á Laugardalsvellingum.
- 16. júní: Sigrar í spjótkesti á Vesturleikunum í Sviss, kastar 89,42 metra. Var valið besta afrek mótsins.
- 18. júní: Sigrar á árlegu boðsmóti í Borås í Svíþjóð, kastar 91,84 metra.
- 19. júní: Endurtekur leikinn á öðru móti í Svíþjóð, að þessu sinni í Växjö. Kastar 85 metra slétta.
- 23. júní: Sigrar á þriðja stigamóti Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins í Prag, kastar 85,36 metra. Þetta var átundi sigur hans í nýju stórmótum.
- 26. júní: Sigrar á móti í Svíþjóð, með kast upp á 86,72 metra.
- 27. júní: Hafnar í öðru sæti á Bislett-leikunum í Osló í Noregi, þrátt fyrir mjög gott kast, 90,54 metra.
- 2. júlí: Einar verður annar í spjótkestkeppninni á DN-galan í Stokkholmi sem er eitt af stigamótunum. Hann kastar 89,32 metra. Heimsmeðhafinn Uwe Hohn sigraði í keppninni.

metið enn frekar, kastaði 86,80 metra á Laugardalsvelli eftir að nýbúið var að endurbæta frjálsíþróttaaðstöðuna þar. Þetta er enn gildandi Íslandsmet í greininni. Einar hætti keppni á erlendum mótum árið 1993 en keppti á mótum hér heima fram til ársins 1995. Hann æfði þó áfram og stefndi að þátttöku á Ólympíuleikunum í Atlanta 1996. Þá um sumarið gengu æfingar vel en keppnisferill Einar endaði þann 1. maí þetta ár, á æfingum á kastsvæði í Laugardal þar sem hann rann á kastmottum og meiddist á vinstra hné.

Einar var ekki eini íslenski spjótkastarinn sem var í fremstu röð á þessum tíma því að Sigurður Einarsson náði líka mjög góðum árangri. Árið 1989 voru Einar og Sigurður til að mynda besta spjótkastlandsliðs heims að mati frjálsíþróttatímarsins Track and Field News.

Ferill Einars er mjög glæsilegur þó að hann hefði það orð á sér að ná sér ekki á strik á stórmótum. Þar á trúlega sinn þátt árangur hans á Ólympíuleikunum 1988 og 1992 þar sem hann komst ekki í úrslit. En árangur hans á stigamótunum var glæsilegur og skipaði honum með réttu á bekk með þeim allra bestu í heiminum.



*Fyrsta spjótíð sem Einar Vilhjálmsson keypti kostaði hann mánaðarlaunin!*

4. júlí: Sigrar í spjótkastkeppni heimsleikanna í Finnlandi, kastar 84,90 m.
17. júlí: Hafnar í öðru sæti í spjótkesti í frjálsíþróttakeppni milli Norðurlandanna og Sovétríkjanna í Osló. Kastar 86,52 metra. Sjónvarpið sýndi beini frá keppninni og fékk Bjarni Felixson meðal annars mótshaldara til að flyta spjótkastkeppninni um eina klukkustund til að Íslendingar gætu séð Einar kasta spjótinu!
19. júlí: Einar sigrar á sínu fjórða stigamóti Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins í London, kastar 89,06 metra. Eftir mótið var hann stigaþæsti frjálsíþróttamaður heims.
10. ágúst: Einar sigrar í spjótkesti í C-riðli Evrópukeppni landsliða í frjálsum íþróttum sem fram fór á Laugardalsvelli. Hann kastar tæpa 88 metra í síðasta kasti og það tryggir honum sigurinn eftir spennandi keppni.
19. ágúst: Einar er valinn í Evrópuúrvalið í frjálsum íþróttum, fyrstur íslenskra frjálsíþróttamanna. Þar var hann með mönnum eins og blaupurunum Sieve Cram og Sebastian Coe og hástökkvaranum Patrik Sjöberg.
25. ágúst: Hafnar í öðru sæti á stigamóti Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins í Köln, kastar 86,84 metra.
9. september: Einar hafnar í áttunda sæti á síðasta Grand Prix-móti í Róm, kastar 80,76 metra. Meiðsli á olnboga ollu því að hann kastaði ekki lengra. Þar sem þetta mót var tvöfalt á við önnur Grand Prix-mót féll Einar niður í fjórða sæti í stigakeppni spjótkestara. Síðar varð það að bronsverðlaunum þar sem einn af þeim sem var fyrir ofan hann féll á lyfjaprófi.
15. október: Einar hafnar í áttunda sæti á heimsafrekaskrá í spjótkesti þegar hún er gefin úr. Besti árangur hans á árinu var 91,84 metrar.

#### Árangur Einars 1988:

8. maí: Kastar 83,36 metra á opnu móti í Austin í Texas sem er besti árangur sem náðst hefur í heiminum það ár.
21. júní: Kastar 82,38 metra á Flugleiðamótinu í frjálsum íþróttum.
25. júní: Setur nýtt Íslandsmet með nýja spjótinu á meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum. Hann kastar 84,66 metra og þetta kast tryggði honum fjórða sætið á heimsafrekaskrá spjótkestara fyrir árið 1988.
31. júní: Sigrar á Heimsleikunum í Helsinki í Finnlandi þar sem tíu bestu spjótkastarar heims taka þátt. Einar kastar 82,68 metra. Í Morgunblaðinu var talað um þennan sigur Einars sem mesta afrek sem hann hefði unnið.
5. júlí: Sigrar á DN-galan-stórmótinu í Stokkholmi, kastar 83,44 metra.
9. júlí: Sigrar í spjótkesti í landskeppni Skota, Íra og Íslendinga sem fram fer í Grangemouth í Skotlandi. Kastar 78,08 metra.
6. ágúst: Kastar 75,72 metra í bikarkeppninni í frjálsum íþróttum, ríflega níu metrum lengra en næsti maður á eftir.
6. september: Sigrar með yfirburðum á frjálsíþróttamóti í Lúxemborg, þar sem hann kastar um 20 metrum lengra en næsti maður.
24. september: Einari mistekst að komast í úrslit í spjótkastkeppninni á Ólympíuleikunum í Seoul. Hann kastar 78,92 metra og vantar aðeins átta cm upp á að komast í úrslitin. Þetta var fjórða mótið þar sem hann hafnaði í þrettánda sæti, næsta sæti við úrslitin. Þetta urðu bæði honum og þjóðinni mikil vonbrigði þar sem mikla væntingar voru bundnar við hann í kjölfar árangurs sumarins.

# Eðvarð Þór Eðvarðsson

## – Íþróttamaður ársins 1986

*Eðvarð Þór Eðvarðsson var sundmaður á heimsmeilíkvörða og var meðal annars fyrsti sundmaðurinn til að komast í úrslit á heimsmeistaramóti. Það gerði hann einmitt árið sem hann var íþróttamaður ársins, 1986.*



Eðvarð Þór Eðvarðsson er fæddur árið 1967 í Njarðvík. Hann var um átta ára gamall þegar hann byrjaði að æfa sund. Kom það einkum til af því að hann og félagi hans, sem bjuggu í nágrenni við sundlaugina, vildu leika sér lengi. Því lá þetta beint við.

Eðvarð stundaði æfingar strax af kappi og í viðtali, sem birtist við hann í Morgunblaðinu í júlí 1978, kemur fram að hann syndi sex kílómetra á dag. Strax þá hafði hann sett þrjú sveinamet og stefndi á frekari hans, fékk langt sumarfrí frá vinnu sinni hjá Njarðvíkurbæ til að geta þjálfað Eðvarð. Þar sem aðeins var 12,5 metra laug í Njarðvík urðu þeir að fara til Reykjavíkur til að æfa í 50 metra laug, en Eðvarð æfði aðallega í 25 metra laug á Keflavíkurflugvelli.

Þegar hinir miklu hæfileikar Eðvarðs urðu ljósir var lögð áhersla á að hann fengi þá þjálfun sem hann þyrfti. Meðal annars var búið svo um hnútana að hann gæti æft vel á sumrin án þess að þurfa að hafa áhyggjur af sumarvinnu. Friðrik Ólafsson, sem lengst af var þjálfari hans, fékk langt sumarfrí frá vinnu sinni hjá Njarðvíkurbæ til að geta þjálfað Eðvarð. Þar sem aðeins var 12,5 metra laug í Njarðvík urðu þeir að fara til Reykjavíkur til að æfa í 50 metra laug, en Eðvarð æfði aðallega í 25 metra laug á Keflavíkurflugvelli.

Eðvarð vakti fyrst athygli á alþjóðavettvangi þegar hann komst í fyrsta sinn í A-úrslit á Evrópumeistaramóti. Þetta var í

Sofíu í Búlgaríu árið 1985 og hafnaði hann í sjötta sæti á mótinu í 100 m baksundi. Á sama móti komst hann í B-úrslit í 200 m baksundi. Þetta reyndist upphafið að mikilli velgengni á alþjóðavettvangi þar sem hann komst í röð fremstu baksundsmanna í heiminum.

Árið, sem Eðvarð varð íþróttamaður ársins, 1986, komst hann þó enn lengra. Hann varð fyrstur Íslendinga til að komast í A-úrslit á heimsmeistaramóti. Það gerði hann í 200 m baksundi á heimsmeistaramótinu í Madrid. Hann varð áttundi í greininni, setti Norðurlandamet og komst með árangri sínum í hóp þeirra bestu í heiminum. Hann komst jafnframt í B-úrslit í 100 m baksundi.

Árangur Eðvarðs vakti mikla athygli hér á landi en enginn Íslendingur hafði áður náð jafnlangt í sundi og hann. Örn Arnarson átti síðar eftir að taka við baksundskróuninni af honum. Árið eftir náði Eðvarð svo besta árangri sem Íslendingur hafði náð á alþjóðlegu sundmóti, þegar hann varð fjórði á Evrópumeistaramótinu í Strassbourg og bætti Norðurlandamet sitt enn frekar. Á þessu móti synti Eðvarð sína bestu tíma, hvort tveggja í 100 og 200 metra baksundi.

Þátttaka Eðvarðs á Ólympíuleikunum 1988 olli bæði honum og öðrum sundáhugamönnum vonbrigðum. Hann hafnaði í 8. sæti í B-úrslitum í 100 m baksundi, eða 16. sæti, og í 24. sæti í 200 m baksundi,

Eðvarð dró úr æfingum eftir þetta og keppti lítið á alþjóðlegum mótum en vann alltaf sigra á Íslandsmótum þrátt fyrir það. Hann byrjaði aftur að æfa haustið 1990 og á meistaramóti Íslands 1991 setti hann svo sitt fyrsta Íslandsmet í þrjú ár. Hann ákvað þó að taka ekki þátt í stærstu alþjóðlegu mótunum, meðal annars Evrópumótinu, þar sem hann sagðist fyrst og fremst æfa til að halda sér í formi og hafa gaman af því. Hann keppti þó á nokkrum alþjóðlegum mótum og vann t.a.m. bronsverðlaun á Mare Nostrum-mótaröðinni árið 1992, í 200 metra baksundi (sterkasta mótaröð sem fram fer árlega í Evrópu).

Árið 1993 ákvað Eðvarð að hætta að keppa fyrir landsliðið, þá 26 ára gamall. Aftur á móti hefur hann keppt reglulega á bikarkeppnum og Íslandsmeistaramótum og varð síðast Íslandsmeistari árið 2003, þá 36 ára gamall.

Árið 1988 hóf Eðvarð þjálfaraferil sinn hjá sunddeild UMFN. Eðvarð tók við þjálfun sundliðs Selfoss árið 1993. Ári seinna fór hann að þjálfari í heimabyggð sinni, hjá Sunddeild Keflavíkur, þar sem hann þjálfaði unglíngaflokka félagsins. Árið 1996 tók hann svo við eldri keppendum félagsins og ári seinna var hann jafnframt skipaður annar þjálfari unglíngalandsliðsins í sundi. Hann hefur þjálfað síðan með góðum árangri og var meðal annars útnefndur afreksþjálfari unglíngum 2005 af Sundsambandi Íslands.

Eðvarð þótti alla tíð samviskusamur íþróttamaður og var harður við æfingar. Það sem vakti sérstaka athygli við árangur Eðvarðs var að hann æfði alla tíð á Íslandi og var þjálfaður af Íslendingum, en flestir aðrir íslenskir íþróttamenn, sem náð hafa langt, hafa æft mikið erlendis og/eða fengið leiðsögn erlendra þjálfara.



Eðvarð Þór Eðvarðsson varð fyrstur Íslendinga til þess að komast í A-úrslit á heimsmeistaramóti.



### Árangur Eðvarðs árið 1986:

19. janúar: Eðvarð vinnur bronsverðlaun í 100 og 200 metra baksundi á Golden

Cup-mótinu í Strassbourg í Frakklandi. Hann lýsti því yfir eftir mótið að hann stefndi að því að vera meðal tíu bestu á árinu.

23. mars: Setur Íslandsmet í 100 m (1:05,28 mín.) og 200 m (2:20,72 mín.) bringusundi á innanbússmeistaramótinu í sundi í Vestmannaeyjum.

12.–13. apríl: Setur Íslandsmet í 100 m (56,30 sek.) og 200 m (2:01,90 mín.) baksundi í Kalott-keppninni í sundi sem fram fór í Finnlandi. Tímarnir, sem hann náði, hefðu dugað í 8. (100 m) og 12. sæti (í 200 m) á heimsafrekalista sundmanna.

24. maí: Nær 2. sæti í 200 m baksundi á alþjóðlegu móti í Möln dal í Svíþjóð. Hafnar í fjórða sæti í 100 m bringusundi á sama móti.

12. júní: Sigrar í 200 m baksundi á opna skoska meistaramótinu. Hafnar í 4. sæti í 200 m fjórsundi á sama móti.

5.–6. júlí: Eðvarð vinnur yfirburðasigur í keppnisgreinum sínum á meistaramóti Íslands í sundi.

19. ágúst: Kemst í úrslit í 200 m baksundi á heimsmeistaramótinu í Madrid. Þetta er besti árangur sem íslenskur sundmaður hafði náð fram að þessu. Setur auk þess Norðurlandamet, 2:03,03 mín., og verður þar með annar Íslendingurinn til að setja Norðurlandamet í sundi. Eðvarð varð áttundi í úrslitasundinu.

22. ágúst: Setur Íslandsmet í 100 m baksundi í B-úrslitum á heimsmeistaramótinu, 57,84 sek.

23. ágúst: Setur Íslandsmet í 200 m fjórsundi á heimsmeistaramótinu, 2:10,85 mín.

14. desember: Hafnar í þriðja sæti í 200 m baksundi í Evrópubíkarkeppninni í Malmö á nýju Íslandsmeti.

28. desember: Setur Íslandsmet í 50 m flugsundi (26,62 sek.) og 50 m baksundi (26,99 sek.) á sundmóti Bylgjunnar í Sundhöll Reykjavíkur.

# Arnór Guðjohnsen

## – Íþróttamaður ársins 1987

Á níunda áratug síðustu aldar náðu margir íslenskir knattspyrnumenn langt á erlendum vettvangi. Arnór Guðjohnsen náði ásamt Ásgeiri Sigurvinssyni einna lengst á þessum tíma og frábær árangur hans á árinu 1987 varð til þess að hann var valinn íþróttamaður ársins. Hann náði þá einstakri þrennu með Anderlecht í Belgíu, að verða belgískur meistari, verða útnefndur besti leikmaður deildarinnar og verða markakóngur í deildinni.



Arnór Guðjohnsen fæddist árið 1961 á Húsavík og ólst þar upp. Faðir hans lék knattspyrnu með Völsungi, sem þá var í þriðju deild, og því lá beint við að Arnór færi í boltann líka. Snemma kom í ljós að hæfileikar hans voru miklir. Völsungar náðu oft ágætis árangri í yngri flokkunum með hann innanborðs.

Þegar Arnór var níu ára gamall flutti fjölskylda hans til Reykjavíkur og þá gekk hann til liðs við ÍR. Hann skipti síðan fljótlega í Víking þar sem hann hóf að æfa með fimmta flokki og varð Íslandsmeistari með þeim flokki.

Árið 1978 var árið sem allt gerðist hjá Arnóri. Hann vakti athygli erlendra útsendara þegar hann lék með unglíngalandsliðinu í úrslitakeppni Evrópumótsins í Póllandi. Hann byrjaði að leika með meistaraflokki Víkings og skoraði töluvert fyrir liðið á Reykjavíkurmóttinu. Hann var síðan valinn í 21 árs landsliðið og að lokum í A-landslíðshópinn en kom ekki inn á í leik með landsliðinu. Tvö belgísk félög höfðu samband við hann, Lokeren og Standard Liege, en Ásgeir Sigurvinsson lék þá með síðarnefnda liðinu. Svo fór að Arnór skrifaði undir samning við Lokeren, örskömmu eftir að sonur hans, Eiður Smári, fæddist.

Arnór var fljótur að venjast atvinnumenskunni og náði smám saman nauðsynlegum styrkleika. Í desember 1978 skoraði hann svo sín fyrstu mörk fyrir félagið, alls tvö, þegar Lokeren vann 3-1 sigur á FC Liege. Í kjölfarið fékk Arnór afar lofsamlega dóma fyrir frammistöðu sína og töldu menn þess ekki langt að bíða að hann næði jafnlangt í íþrótt sinni og Ásgeir Sigurvinsson. Það átti sannarlega eftir að koma á daginn. Hann lék sinn fyrsta A-landsleik vorið 1979 og varð fljótlega eftir það fastamaður í landsliðinu.

Næstu tvö tímabil á eftir voru Arnóri erfið. Nýr þjálfari tók við og setti Arnór til hliðar. Var hann lengst af á bekknum en stóð sig jafnan vel þegar hann kom inn á. En 1981 var aftur skipt um þjálfara og sá gaf Arnóri strax tækifæri, sem hann greip. Gengi Arnórs með landsliðinu var einnig ágætt, en besti landsleikur hans var trúlega frægur jafnteflisleikur gegn Wales í Swansea, 2-2, þar sem Arnór lagði upp bæði mörk Íslands fyrir Ásgeir Sigurvinsson. Þá skoraði hann einnig mark Íslands í jafnteflisleik gegn Englendingum á Laugardalsvelli 1982 og lagði upp mark Íslands í jafnteflisleik gegn Hollendingum sama ár á sama stað.

Arnór gekk til liðs við Anderlecht 1983 en ferill hans þar var ekki dans á rósum til að byrja með. Hann byrjaði tímabilið ágætlega og lék sex fyrstu leiki liðsins í deildinni en í september meiddist hann í landsleik gegn Írum og var frá fram í mars. Hann lék meðal annars í úrslitarimmi Anderlecht og Tottenham í UEFA-bikarnum, sem þá var leikinn bæði heima og heiman. Seinni leikurinn fór fram á heimavelli Tottenham. Hann endaði 1-1 eftir venjulegan leiktíma eins og fyrri leikurinn og fór í framlengingu og vítaspyrnukeppni. Þar misnotaði Arnór síðustu spyrnu Anderlecht og þar með vann Tottenham titilinn.

Haustið 1984 sleit Arnór liðbönd í hné og átti í þeim meiðslum út það tímabil. Hann lék með landsliðinu um sumarið en eftir leik gegn Spánverjum haustið 1985 tóku meiðslin sig upp að nýju og hann varð að fara í annan uppskurð. Hann náði sér á strík í ársbyrjun 1986, lék vel fram eftir vori og varð belgískur meistari með félaginu.

Tímabilið 1986–87 var fyrsta tímabil Arnórs hjá Anderlecht sem hann slapp í gegnum án meiðsla. Og árangurinn lét ekki á sér standa. Arnór átti stórleiki með landsliðinu sem náði tveimur frábærum úrslitum á Laugardalsvelli; 0-0 jafntefli gegn Evrópumeisturum Frakka og 1-1 jafntefli gegn Sovétmönnum, þar sem Arnór kom Íslendingum yfir. Tímabilið 1986–87 var frábært hjá Arnóri, hann skoraði hvert markið á fætur öðru og endaði tímabilið sem markakóngur og belgískur meistari, auk þess sem hann var kosinn besti leikmaður tímabilsins. Þessi árangur tryggði honum heiðursnafnbótina Íþróttamaður ársins.

Tímabilið 1987–88 var Arnór reglulega settur út úr liðinu af nýjum þjálfara. Anderlecht-liðinu gekk ekki sem skyldi í deildinni en það varð bikarmeistari og átti Arnór stórleik í bikarúrslitaleikum. Haustið 1988 byrjaði hann vel og skoraði grimmt, og tók þátt í landsleikjum Íslands, þar sem náðist frábært jafntefli gegn Sovétmönnum á Laugardalsvelli og gegn Tyrkjum í Istanbul. En þá settu meiðslin strik í reikninginn og hann missti af helmingi tímabilsins af þeim sökum. Tímabilið 1989–90 var hins vegar afar farsælt. Hann lék sjálfur vel og Anderlecht komst í úrslit í Evrópukeppni bikarhafa, en tapaði þar fyrir ítalska liðinu Sampdoria.

Anderlecht bauð svo Arnóri nýjan samning sem hann afþakkaði og í kjölfarið setti Anderlecht á hann himinhátt kaupverð sem fældi áhugasöm félög frá. Þá var honum bannað að æfa með félaginu. Það var ekki fyrr en í október að Arnór fann sér nýtt félag, Bordeaux í Frakklandi, þegar Anderlecht komst að samkomulagi um sölu á honum. Þá hafði hann ekki leikið annars staðar en með íslenska landsliðinu frá maílokum, eða í fimm mánuði.

Arnór var fastamaður í Bordeaux tímabilið 1990–91 og liðið hafnaði í 9. sæti í deildinni. Um sumarið var félagið dæmt til að leika í 2. deild vegna gjaldþrots en Arnór lék áfram með liðinu þrátt fyrir þetta. Betur gekk hins vegar með landsliðinu, en þetta ár tókst honum meðal annars að skora fjögur mörk í einum landsleik, vinátuleik gegn Tyrkjum á Laugardalsvelli sem Íslendingar unnu 5-1. Í október þetta sama ár varð hann svo í fyrsta sinn fyrirliði landsliðsins, í leik gegn Kýpur.

Bordeaux vann sér sæti í efstu deild á ný 1992 en um sumarið dæmdi

Alþjóðaknattspyrnusambandið hann aftur til Anderlecht þar sem Bordeaux hafði ekki staðið við greiðslur til belgíska félagsins. Í kjölfarið sagði Bordeaux upp samningnum við Arnór, sem tvö ár voru eftir af. Arnór ákvað að fara í mál við bæði félögin og voru þau síðar dæmd brotleg gagnvart honum.

Í ársbyrjun 1993 lánaði Anderlecht Arnór til sænska úrvalsdeildarliðsins Häcken en þeir voru nýliðar í deildinni. Þar gekk Arnóri vel, Häcken náði sjötta sæti og Arnór var útnefndur besti leikmaður deildarinnar af einu sænsku blaðanna. Í lok ársins var hann seldur til Örebro þar sem hann sló í gegn á fyrsta tímabili

*Arnór Guðjohnsen sló fyrst í gegn með Anderlecht. Hann var einn hæfuleikaríkasti knattspyrnumaður Íslands og lék 73 landsleiki og skoraði 14 mörk.*



og var útnefndur besti leikmaður deildarinnar af leikmönnum liðanna. Þar lék hann í fjögur ár og var jafnan besti leikmaður liðsins. Þá var hann kosinn besti útlendingurinn sem spilað hefði í sænsku úrvalsdeildinni frá upphafi.

Árið 1997 lék Arnór sinn síðasta landsleik en alls urðu þeir 73 og mörkin 14. Hann kom heim og gekk til liðs við Val sumarið 1998 og lék tvö tímabil með félaginu. Þá þjálfaði hann og lék með Stjörnunni í eitt ár en lagði svo skóna endanlega hilluna.

### Árangur Arnórs 1987:

- 24. janúar: Arnór skorar tvö mörk í 5-3 sigri Anderlecht á Searing í belgísku 1. deildinni. Hann var þar með orðinn markabæstur í deildinni, með tíu mörk.
- 12. mars: Arnór er orðaður við þýska stórliðið Bayern München í belgískum fjölmiðlum. Hann sagðist sjálfur ekkert hafa heyrt.
- 22. mars: Arnór á stórleik og skorar tvö mörk þegar Anderlecht sigrar Lokeren 4-3 eftir að hafa lent 3-0 undir. Arnór er enn markabæstur í deildinni með 14 mörk og Anderlecht er efst í deildinni.
- 30. maí: Arnór verður belgískur meistari með Anderlecht eftir að liðið sigrar Berchem 5-0 á útivelli. Arnór skorar eitt markanna og tryggir sér þar með markakóngstítulinn hjá Anderlecht með 19 mörk.
- 4. júní: Arnór leikur með landsliði Íslendinga sem tapar stórt fyrir Austur-Eyjóðverjum 6-0 á Laugardalsvelli í undankeppni EM.
- 16. júní: Arnór lýsir því yfir að hann verði áfram hjá Anderlecht. Hann hafði sterklega verið orðaður við þýska félagið Köln en Þjóðverjunum þótti Arnór of djúrt.

- 17. júní: Arnór tekur þátt í fjáröflunarleik á Laugardalsvelli og leikur þar með útlendingabersveitinni gegn heimavarnarliðinu. Leikurinn endar 7-7. Í leikbléi er Arnór sá eini sem nær að skora hjá Ungfrú Íslandi, Önnu Margræti Jónsdóttur, í vítakeppni með bundið fyrir augu!
- 29. nóvember: Arnór skorar sigurmark Anderlecht í 3-2 sigri á Mechelelen. Þetta var fyrsti sigur Anderlecht í nokkrar vikur og reyndar hafði liðið tapað þremur leikjum í röð fyrir þennan leik. Arnór hafði það sem af var tímabili ekki verið fastamaður í liði Anderlecht og hann hafði ásamt fleiri leikmönnum lent í rimmu við nýjan þjálfara, sem hafði sett sinn svip á tímabilið hjá félaginu.
- 6. desember: Arnór á stórleik, skorar eitt mark og leggur annað upp í 4-1 sigri Anderlecht á Racing Jet. Arnór sagði eftir leikinn að andrúmsloftið innan liðsins væri orðið mun betra en það var áður.
- 21. desember: Arnór skorar sigurmark Anderlecht í 3-2 sigri á Lokeren. Liðið er í fimmta sæti deildarinnar fyrir jólafrí.

# Alfred Gíslason

## – Íþróttamaður ársins 1989

Á árunum 1984-89 var mikil gullöld í íslenskum handbolta og náði íslenska landsliðið frábærum árangri á mörgum alþjóðlegum mótum. Þetta skilaði sér hins vegar ekki í efsta sætið í kjöri íþróttamanns ársins fyrr en árið 1989, og þá var það sigur í B-keppni heimsmeistaramótsins í Frakklandi sem varð til þess að handknattleiksmaður var kjörinn. Þrír efstu menn í kjörinu þetta árið voru í þessu liði en Alfred varð á toppnum þar sem hann var kjörinn maður keppninnar.



Alfred Gíslason fæddist árið 1959 og er borinn og barnfæddur Akureyringur. Hann byrjaði frekar seint að stunda handbolta, eða ekki fyrr en hann var orðinn 14 ára gamall. Þá hafði hann prófað greinar á borð við knattspyrnu, skíði og ísknattleik en það var í handboltaum sem hann fann sig og mat það fljótlega svo að hann gæti náð árangri í þeirri íþrótt. Það reyndist sannarlega vera raunin.

Þegar Alfred byrjaði í handboltaum var íþróttin ekki nærri því eins stór grein í bæjarlífinu á Akureyri og hún varð síðar. KA spilaði þá í 2. deild og kannski fyrir vikið fékk Alfred fljótt tækifæri með meistaraflokki, eða 16 ára gamall. Nítján ára var hann í fyrsta sinn valinn í 21 árs landsliðið og tók meðal annars þátt í heimsmeistaramóti 21 árs landsliða árið 1979 sem fram fór í Danmörku. Þar náðu Íslendingar sjötta sæti sem vakti mikla athygli.

Fljótlega eftir þetta var Alfred valinn í A-landsliðið í fyrsta sinn. Fyrsta stórmótið, sem hann tók þátt í með landsliðinu, var B-keppnin í Hollandi 1983. Í kjölfar þess sýndu erlend lið honum áhuga og þá um sumarið hófst atvinnumannsferill hans, þegar hann gekk til liðs við þýska liðið Essen. Síðan þá hefur hann átt glæstan feril í handboltaum á erlendum vettvangi með nokkrum hléum, fyrst sem leikmaður og svo sem þjálfari.

B-keppnin gekk ekki sem skyldi hjá landsliðinu en í næstu stórmótum gekk betur. Íslendingar náðu meðal annars sjötta sæti á Ólympíuleikunum í Los Angeles 1984 og voru þá meðal annars hársbreidd frá því að leggja Júgóslava að velli, sem svo hömpuðu Ólympíumeistarattitlinum. Sama sæti náðist svo á HM í Sviss 1986 og þar unnust tveir eftirminnilegir sigrar, á Rúmenum og Dönum. Liðið hafnaði hins vegar í áttunda sæti á Ólympíuleikunum í Seoul, sem olli vonbrigðum, og sá árangur varð til þess að landsliðið varð að taka þátt í B-keppni heimsmeistaramótsins, sem haldin var í Frakklandi í febrúar 1989.

Í B-keppninni small hins vegar allt saman og liðið vann mót- ið á eftirminnilegan hátt. Sá sigur þjappaði þjóðinni vel saman. Leikirnir voru í beinni sjónvarpsútsendingu hér á landi. Hápunktinum var sennilega náð í úrlitaleiknum en þar átti Alfred sannkallaðan stórleik. Meðal annars skoraði hann mark úr horni, sem hann hefur annars ekki gert oft á ferlinum. Alfred var síðan valinn besti leikmaður keppninnar, sem verður að teljast nokkuð afrek því að hann meiddist á öxl nokkrum vikum áður en keppnin hófst og var talið óvíst að hann gæti leikið neitt í henni.

Það er greinilegt að íþrótafréttamenn hafa talið þennan viðburð vera hápunkt íþróttalífsins hér á landi því að handknattleiksmenn, sem gerðu það gott í keppninni, röðuðu sér í þrjú efstu sætin. Kristján Arason varð annar í kjörinu og Þorgils Óttar Mathiesen, sem var fyrirlíði landsliðsins, hafnaði í þriðja sæti. En valið á Alfred sem manni mótsins gerði útslagið.

Segja má að Alfred hafi verið fulltrúi þess liðs í kjörinu sem kom handboltaum hér á landi í aðra stöðu en hann hafði áður. Fyrir utan framangreindar þrjár kempur voru í þessu liði menn á borð við Einar Þorvarðarson, Guðmund Guðmundsson, Þorbjörn Jensson, Þorberg Aðalsteinsson, Bjarna Guðmundsson og Sigurð Gunnarsson, svo að fáeinir séu nefndir, og þetta lið hélt Íslandi í fremstu röð í handboltaum lengst af níunda áratug síðustu aldar.

Alfred hætti með landsliðinu að loknu heimsmeistaramótinu í Tékkóslóvakíu árið 1990, rétt eins og flestir máttarstólpar liðsins. En síðar sama ár varð hann fjórði Íslendingurinn sem valinn var í heimsliðið í handknattleik. Árið eftir ákvað hann hins vegar



*Alfred Gíslason var í aðalhlutverki með íslenska landsliðinu í þinni frægu B-keppni í Frakklandi 1989 og var valinn besti leikmaður keppinnar.*

að koma heim og ganga að nýju til liðs við KA sem spilandi þjálfari. Þar var hann næstu sex árin og átti KA-liðið afar góðu gengi að fagna á þeim tíma en fyrir þetta hafði KA aðeins fengið titla fyrir að vinna 2. deildina. Undir stjórn Alfreds varð KA einu sinni Íslandsmeistari, einu sinni deildarmeistari og tvisvar bikarmeistari, og liðið var jafnan í fremstu röð á þessum árum.

Árið 1997 lagði Alfred hins vegar land undir fót og gerðist þjálfari þýska liðsins Hameln og tveimur árum síðar tók hann við þjálfun Magdeburg. Hann var þar í sjö ár og stýrði liðinu bæði til sigurs í þýsku deildinni og í meistaradeild Evrópu.

Árið 2006 tók Alfred svo við starfi landsliðsþjálfara og beið liðsins þá umspil gegn Svíum um sæti á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi árið 2007. Íslendingar slógu Svíana út á eftirminnilegan hátt og Alfred stýrði liðinu á heimsmeistaramótinu, þar sem liðið hafnaði í áttunda sæti. Hann tók svo haustið 2007 við starfi þjálfara Gummersbach þannig að enn sér ekki fyrir endann á ferli hans sem þjálfara.

Sem íþróttamanni var honum jafnan lýst sem manni með gífurlega hörku og sjálfsaga, eins og hann á kyn til því að hann er kominn af miklu íþróttafólki og bræður hans eru allir þekktir íþróttamenn. Alfred spilaði jafnan sem rétthent skytta og stundum sem leikstjórnandi en hann var einnig mjög sterkur í vörn. Þessir eiginleikar hans hafa gert það að verkum að hann hefur náð langt sem þjálfari og meðal annars leitt Magdeburg í tvígang til sigurs í Evrópukeppni, auk þess sem hann náði frábærum árangri með íslenska handboltalandsliðið.

### Árangur Alfreds 1989

- 19.–26. febrúar: Íslenska landsliðið sigrar í B-keppni heimsmeistaramótisins sem fram fór í Frakklandi. Alfred átti stóran þátt í góðu gengi landsliðsins og fór á kostum í úrslitaleiknum gegn Pólverjum, þar sem hann skoraði sjö mörk. Síðasta markid hans þar var 500. mark hans fyrir landsliðið. Það var þó einkum frammistaða hans í vörninni sem varð til þess að hann var kjörinn. Hann lýsti því yfir í viðtali að leik loknum að hann væri hættur með landsliðinu en hélt svo áfram í ár til viðbótar, fram yfir heimsmeistaramótið í Tékkóslóvakíu.
22. apríl: Kjörinn besti leikmaður Íslandsmótisins í handknattleik af

leikmönnum og þjálfurum liða á móti. Lið Alfreds, KR, varð í öðru sæti í deildinni, sem var besti árangur félagsins í langan tíma.

9. maí: Tilkynnt að Alfred muni leika með Bidasoa á Spáni á næsta tímabili en áður hafði hann ætlað sér að koma heim til frambúðar. Fjöldi liða hafði þá sýnt bonum ábuga, bæði í Þýskalandi og á Spáni.
26. nóvember: Alfred skorar 14 mörk fyrir Bidasoa sem tapar fyrir Alicante með einu marki. Hann þótti ná vel saman við leikstjórnandann, Bogdan Wenta, sem var þá einn besti handknattleiksmaður heims.

# Bjarni Friðriksson

## – Íþróttamaður ársins 1990

*Bjarni Friðriksson júdómaður er einn þriggja Íslendinga sem komist hefur á verðlaunapall á Ólympíuleikunum. Hann var í fremstu röð í heiminum í sinni grein. Hann var reyndar ekki valinn íþróttamaður ársins árið sem hann komst á pall á leikunum og óhætt er að segja að deilurnar um kjörið hafi aldrei verið eins miklar og þá.*



Bjarni er fæddur árið 1956 og ólst upp í Reykjavík. Hann byrjaði seint að stunda júdó að einhverju marki, fór reyndar á tvær æfingar þegar hann var 10 ára en fór svo ekki að stunda sportið reglulega fyrr en tíu árum síðar. Eftir það lá leiðin stöðugt upp á við. Hann keppti á sínu fyrsta Íslandsmóti 1977, þegar hann hafði aðeins æft í eitt ár, og náði þá öðru sæti í sínum þyngdarflokki. Þessi frammistaða vakti mikla athygli. Hann varð svo Íslandsmeistari í fyrsta sinn í sínum þyngdarflokki árið 1978 og vann fyrsta Íslandsmeistaratitil sinn í opnum flokki 1979. Fljótlega upp úr því fór hann að ná góðum árangri á alþjóðlegum mótum. Þarna hófst einnig nánast óslitin sigurganga hans á mótum hér heima. Bjarni vann sitt fyrsta mót erlendis árið 1980 þegar hann sigraði í sínum þyngdarflokki á opna skandinavíska meistaramótinu.

Bjarni keppti á fyrstu Ólympíuleikum sínum í Moskvu 1980 og náði þar bestum árangri íslenskra keppenda, þegar hann hafnaði í 7.–8. sæti í –95 kg flokki, og var reyndar hársbreidd frá því að komast í fjögurra manna úrslit. Þá þegar var hann kominn í hóp bestu jóðómanna Evrópu. Bjarni varð Norðurlandameistari í sínum flokki í fyrsta sinn árið 1982 og vann þá alla andstæðinga sína með fullnaðarsigri. Þá fór hann einnig að ná góðum árangri á sterkum mótum í Evrópu, meðal annars opna breska og opna hollenska mótinu.

Hátindur ferils Bjarna var 1984, þegar hann hlaut bronsverðlaun í 95 kg flokki á Ólympíuleikunum í Los Angeles, og varð þá aðeins annar Íslendingurinn til að ná því marki. Bjarni sat hjá í fyrstu umferð en í annarri umferð mætti hann Dananum Carsten Jensen, en þeir glímdu oft hvor við annan. Bjarni vann hann á íppon eftir rúmlega þriggja mínútna glímu. Næst glímdi Bjarni við Bandaríkjamanninn Leo Withe sem hafði fyrir á leikunum unnið Robert Van De Walle, fyrrverandi Ólympíumeistara. Bjarni lagði Withe á snjöllu bragði eftir að viðureignin hafði verið í járn-um lengi vel. Síðan glímdi Bjarni við Brasilíumanninn Douglas Viera. Bjarni tapaði þeirri glímu naumlega en hann hafði meðal annars verið hársbreidd frá því að vinna fullnaðarsigur, þegar hann í gólfglímu náði armlás á andstæðingi sínum, en var þá rétt kominn út fyrir völlinn og glíman því stöðvuð. Ef Bjarni hefði unnið þessa glímu hefði hann glímt um gullverðlaun á leikunum. Þess í stað glímdi hann um bronsverðlaun við Ítalann Yuri Fazi og vann eftir að hafa náð honum í armlás í lok glímunnar. Bronsverðlaunin voru þar með í höfn.

Eins og nánar er greint frá annars staðar í bókinni dugði afrekið Bjarna þó ekki til að verða valinn íþróttamaður ársins – Ásgeir Sigurvinsson hreppti það hnoss fyrir frammistöðu sína með Stuttgart í Þýskalandi. Þetta var mjög umdeilt og var skrifað um það í blöðin langt fram á mitt næsta ár á eftir.

Bjarni hélt hins vegar sínu striki og hver titill á fætur öðrum kom í hús hjá honum. Muna margir eftir rimmum hans og Sigurðar Bergmann en þeir áttust iðulega við í úrslitaviðureigninni í opnum flokki á Íslandsmótinu og hafði Bjarni þar yfirleitt betur. Bjarni keppti meðal annars á tvennum Ólympíuleikum til viðbótar. Árið 1988 í Seoul varð hann í 9. sæti í –95 kg flokki og í Barcelona 1992 féll hann úr keppni í fyrstu umferð.

Árið 1989 var í raun besta ár Bjarna að frátöldu bronsárinu á Ólympíuleikunum. Þar náði hann meðal annars þeim árangri að verða í fimmta sæti í opnum flokki á Evrópumeistaramótinu, en hann var eini léttvigtarmaðurinn sem keppti í flokknum og glímdi við menn sem voru 30–40 kg þyngri en hann. Hann tapaði þá viðureigninni um bronsverðlaunin á dómaraúrskurði þar sem hvorugum keppanda tókst að skora eftir fullan glímútíma.

Árið, sem Bjarni var valinn íþróttamaður ársins, 1990, vann hann silfurverðlaun í +95 kg flokki á opna breska meistaramótinu, sem var þá næststerkasta mótið í Evrópu á eftir sjálfu Evrópumeistaramótinu. Hann var aðeins 300 g of þungur til að keppa í –95 kg flokki. Bjarni tapaði úrslitaglímunnar fyrir Frakknum David Douillet sem varð síðar þrefaldur heimsmeistari, fyrst 1993, og tvöfaldur Ólympíumeistari. Hann hafnaði í sjö-



*Bjarni Friðriksson er einn þriggja Íslendinga sem hefur komist á verðlaunapall á Ólympíuleikum. Hann hlaut bronsverðlaun í 95 kg flokki á Ólympíuleikunum í Los Angeles 1984 eftir að hafa lagt Ítalann Yuri Fazi í bronsglímunni.*

unda sæti á Evrópumeistaramótinu þetta ár. Þá vann hann sigur í sínum þyngdarflokki á Matsumae-mótinu í Kaupmannahöfn og lagði þá meðal annars þrjá japanska keppendur. Hann vann einnig gullverðlaun bæði í sínum flokki og í opna flokknum á opna Norðurlandamótinu. Af öðrum afrekum á alþjóðavettvangi má nefna sjöunda sæti á heimsmeistaramótinu 1989 og sigur hans á heimsbikarmóti í Hollandi árið 1992, sem hann taldi þá vera sterkasta mót sem hann hefði sigrað á. Þetta sama ár var Bjarni í 2. sæti á öðru heimsbikarmóti í Austurríki en heimsbikarmótin gefa stig til þátttökuréttar á Ólympíuleikum. Bjarni tapaði þar í úrslitum gegn Miguel Aurelio frá Brasilíu, Ólympíumeistara frá 1988.

Bjarni var í fremstu röð í íþrótt sinni hér á landi þar til hann hætti keppni á alþjóðavettvangi árið 1993 að loknu heimsmeistaramótinu í Kanada, en þá hafði hann keppt í sautján ár. Það mót gekk ekki sem skyldi, hann varð í níunda sæti í –95 kg flokki og féll úr leik í fyrstu glímu í opnum flokki. Á sínu síðasta Íslandsmóti, sem hann tók þátt í þetta ár, náði Bjarni þeim árangri að verða Íslandsmeistari í opnum flokki fimmtánda árið

í röð. Hann lýsti því yfir að þetta væru síðustu Íslandsmót og alþjóðleg mót sem hann tæki þátt í. Íþróttin togaði samt í hann og hann tók þátt í Íslandsmótunum 1995 og 1996 og keppti fyrra árið bæði í –95 kg og opnum flokki en seinna árið eingöngu í opnum flokki. Hann vann –95 kg flokkinn en tapaði opna flokknum í bæði skiptin á dómaraúrskurði. Hann var hársbreidd frá því að komast á Ólympíuleikana í Atlanta 1996; varð í 12. sæti á Ólympíuröðunarlista Evrópu í –95 kg flokki en aðeins 9 keppendur frá Evrópu í hverjum þyngdarflokki fá keppnisrétt á Ólympíuleikunum. Auk Íslandsmeistaratitla vann Bjarni fimm sinnum til gullverðlauna á Norðurlandamótum.

Bjarni var gríðarlega sterkur íþróttamaður og var hann hvað frægastur fyrir það að þegar hann kom andstæðingi sínum í gólfíð var vonlaust fyrir andstæðinginn að losna úr heljargreipum hans. Hann var einnig brögðóttur og útsjónarsamur en jafnframt leikinn og með mikla tækni.

Bjarni er enn að og árið 2006 varð hann Evrópumeistari í flokki 50–54 ára á fyrsta opinbera Evrópumóti öldunga í íþróttinni.

### **Helstu afrek Bjarna 1990:**

- 28. janúar: Bjarni vinnur tvöfaldan sigur á afmælistóti Júdósambands Íslands. Hann sigrar bæði í þungavigt og opnum flokki og í báðum flokkum sigrar hann Sigurð Bergmann í úrslitaleik.
- 18. febrúar: Bjarni sigrar í –95 kg flokki á Matsumae-mótinu í Kaupmannahöfn. Hann vinnur meðal annars þrjá sterka japanska júdómenn á mótinu.
- 24. febrúar: Bjarni fellur úr leik eftir fyrstu glímu á opna, vesturþýska meistaramótinu.
- 11. mars: Bjarni bafnar í 5. sæti í –95 kg flokki á alþjóðlegu móti í Prag í Tékkóslóvakíu (nú Tékklandi). Hann tapar naumlega glímu um bronsíð.
- 25. mars: Bjarni sigrar í opnum flokki á Meistaramóti Íslands í júdó, og aftur vann hann Sigurð Bergmann í úrslitaglímu.
- 8. apríl: Bjarni vinnur til silfurverðlauna á opna breska meistaramótinu í júdó. Hann vinnur þrjár víðureignir til að komast í úrslitabardaganum sem hann tapaði svo að loknum löngum bardaga.

- 15. apríl: Norðurlandamótið í júdó fer fram í Finnlandi. Bjarni getur hins vegar ekki tekið þátt í mótinu og varíð Norðurlandameistaratitil sinn vegna fjárskorts.
- 29. apríl: Bjarni sigrar í –95 kg flokki á opna skoska meistaramótinu. Hann vinnur alla andstæðinga sína á ippon, eða fullnaðarsigri.
- 10. maí: Bjarni kemst í undanúrslit í –95 kg flokki á Evrópumeistaramótinu í júdó sem fram fer í Frankfurt í Þýskalandi.
- 18. nóvember: Bjarni hlýtur silfurverðlaun í –95 kg flokki á opna norska meistaramótinu sem fram fer í Osló.
- 25. nóvember: Bjarni sigrar í opnum flokki og í –95 kg flokki á opna skandinavíska meistaramótinu í Vejven á Jótlandi.
- 6. desember: Bjarni er í hópi þeirra íþróttamanna sem heiðraðir eru af ÍSÍ fyrir góða frammistöðu á árinu.

# Ragnheiður Runólfsdóttir

## – Íþróttamaður ársins 1991

Ragnheiður Runólfsdóttir sundkona varð aðeins önnur konan til að hljóta sæmdarheitið íþróttamaður ársins árið 1991. Hún var í fremstu röð íslenskra sundkvenna í um áratug.



Ragnheiður fæddist árið 1966 og ólst upp á Akranesi. Þar var hún mikið í sundlauginni í barnæsku enda móðir hennar dugleg að fara með hana í sund. Þá var Bjarnarlaug eina sundlaugin á Akranesi og hún var aðeins 12,5 metrar. Þegar Ragnheiður var farin að losa sig af baki mömmu sinnar og synda sjálf vakti hún athygli sundkennara á staðnum og hann skráði Ragnheiði í sunddeild ÍA. Ragnheiður hefur ávallt eignað foreldrum sínum stóran hluta í árangri sínum enda sáu þau um að kosta hana að stærstum hluta.

Þegar Ragnheiður byrjaði að æfa voru engin augljós teikn á lofti um að hún myndi ná árangri sem þætti góður á alþjóðavettvangi. Í upphafi níunda áratugarins náði hún ágætum árangri á mótum hér á landi í bringusundi og baksundi og setti meðal annars nokkur Íslandsmet í baksundi, bringusundi og fjórsundi.

Þegar Ragnheiður nálgast tvítugt fór hún að taka töliverð-

um framförum en á þeim tíma hóf hún að æfa erlendis samhliða námi. Árið 1984 fór hún í lýðháskóla í Svíþjóð þar sem námið og æfingarnar voru skipulagt saman. Sama ár fluttist hún svo til Kanada þar sem hún dvaldi í tvö ár en kom þó heim á sumrin til æfinga. Á þessum árum fór Íslandsmetum, sem hún setti, að fjölga ört og um miðjan áratuginn fór hún að keppa á alþjóðlegum mótum. Á Ólympíuleikunum í Seoul 1988 keppti hún í þremur greinum og setti tvö Íslandsmet. Hún náði meðal annars 23. sæti í 100 m bringusundi, sem var þá besta sæti sem íslenskur sundmaður hafði náð á Ólympíuleikum. Í kjölfarið fékk hún svo boð frá háskólanum í Alabama um að stunda nám við skólann og keppa þar og þar dvaldi hún í 3–4 ár.

Þetta voru bestu ár Ragnhildar í sundinu. Meðal annars náði hún fimmta sæti í 100 m bringusundi á Evrópumeistaramótinu innanhúss á Spáni árið 1989. Árangurinn, sem hún náði þá, kom henni meðal annars í ellefta sæti á heimslistanum í greininni. Lengst náði hún þó árið 1991, árið sem hún var kjörin íþróttamaður ársins. Hún varð sjöunda í 100 m bringusundi á EM í Aþenu og níunda í 200 m bringusundi. Þá vann hún fimm gullverðlaun og tvenn silfurverðlaun á Smáþjóðaleikunum í Andorra og setti alls sjö Íslandsmet á árinu. Stefnan var þó sett enn hærra á Ólympíuleikunum í Barcelona árið 1992, eða að komast í A-úrslit og verða þar með meðal átta efstu manna í sínum greinum. Það gekk ekki eftir. Hún hafnaði í 19. sæti í 100 m bringusundi og í 27. sæti í 200 m bringusundi. Þó að hún hefði hækkað sig í sætum frá síðustu leikum olli þessi árangur vonbrigðum. Til stóð að hún myndi hætta að keppa á mótum erlendis að loknum leikunum og um haustið réði hún sig sem þjálfara hjá ÍA.

Í ársbyrjun 1993 lýsti Ragnheiður því hins vegar yfir að hún stefndi á að keppa á alþjóðlegum mótum það ár, meðal annars Smáþjóðaleikunum og Evrópumótinu. Þau áform gengu hins vegar ekki eftir vegna þjálfarastarfsins. Í kjölfarið ákvað Ragnheiður að hætta alveg keppni og einbeita sér að þjálfuninni. Hún réði sig til Aftureldingar haustið 1993 og var þar í tvö ár en tók svo við þjálfarastarfi hjá sundfélaginu Ódni á Akureyri 1995. Árið síðar fór hún svo að þjálfra í Reykjanesbæ, þar sem hún starfaði í eitt og hálf ár. Í ársbyrjun 1998 hóf hún svo störf í útgerðarfyritækni föður síns á Akranesi en hefur samhliða því starfi sinnt unglingsþjálfun hjá ÍA og var meðal annars kjörin unglingsþjálfari ársins af Sundsambandi Íslands árið 2006.

Ragnheiður hætti þó ekki alveg keppni heldur var með á svokölluðum Garpasundmótum, en þar er átt við sundmenn 25 ára og eldri. Um mitt ár 1997 var hún til að mynda í fremstu röð í heiminum í þeirra hópi í 50 og 100 m bringusundi.

Ragnheiður þótti góður sundmaður tæknilega, sérstaklega í bringusundi, en hún setti einnig Íslandsmet í baksundi og fjórsundum. Þessi tækni sem hún bjó yfir fleytti henni hvað lengst í keppni. Hún var mjög keppnishörð þegar hún var komin í keppni, er skapgöð og góð í að umgangast fólk en er hörkutól þegar á hólminn er komið.

Íslandsmetin, sem Ragnheiður setti á ferlinum, stóðu mörg hver lengi og standa enn síðla árs 2007 þegar þessi orð eru sett á blað. Hún á enn öll Íslandsmetin í bringusundi nema eitt. Öll metin í 25 metra braut eru síðan 1989 og öll metin í 50 metra braut síðan 1991 og 1992.



Ragnheiður Runólfsdóttir setti mörg glæsileg Íslandsmet í sundi á ferlinum, bæði í 25 og 50 metra braut. Mörg þeirra standa enn.

### Árangur Ragnheiðar 1991:

9. apríl: Ragnheiður setur nýtt Íslandsmet í 100 m bringusundi á sundmóti í Kanada. Hún syndir á 1:10,90 sek. og bætir eigið met um tæplega eina og hálfu sekúndu.
18. maí: Ragnheiður vinnur besta afrekið í kvennaflokki á Stórmarkaðsmóttinu í sundi í Keflavík. Hún syndir þar 200 m bringusund á 2:41,23 mín.
- 22.–26. maí: Ragnheiður blýtur flest verðlaun íslenskra keppenda á Smáþjóðaleikunum sem fram fara í Andorra. Hún vinnur alls til fimm gullverðlauna og tvennra silfurverðlauna.
14. júní: Ragnheiður hafnar í fimmta sæti í 200 m bringusundi á alþjóðlegu sundmóti í Frakklandi. Hún syndir á 2:39,25 mín., tæplega fjórum sekúndum frá Íslandsmeti sínu.
16. júní: Ragnheiður hafnar í fjórða sæti í 100 m bringusundi á alþjóðlegu sundmóti í Frakklandi. Hún syndir á 1:13,84 mín. sem er 1,5 sekúndum frá Íslandsmeti hennar.

23. júní: Ragnheiður vinnur til fjögurra gullverðlauna á alþjóðamóti Sundfélagsins Ægis í Laugardalslaug.
- 20.–21. júlí: Ragnheiður sigrar í 100 bringusundi og 200 m baksundi á Meistaramóti Íslands í sundi. Hún setur nýtt Íslandsmet í baksundinu, 2:27,65 mín., og nær lágmarkinu fyrir Evrópumeistaramótið í 100 m bringusundi. Fyrir síðarnefnda sundið fékk hún Páls- og Kolbrúnarbikarinn fyrir besta afrek mótsins.
22. ágúst: Ragnheiður hafnar í sjöunda sæti í 200 m bringusundi á Evrópumeistaramóttinu í Apenu. Hún tvíbætir Íslandsmetið í greininni og það senda í 2:34,08, sem er tæpum tveimur sekúndum betra en gamla metið. Þetta er þriðji besti árangur Íslendinga á Evrópumóti í sundi frá upphafi.
23. ágúst: Ragnheiður hafnar í níunda sæti í 100 m bringusundi á sama móti og setur nýtt Íslandsmet, 1:11,89 mín. Hún er aðeins einu sæti frá því að komast í A-úrslit í sundinu.

# Sigurður Einarsson

## – Íþróttamaður ársins 1992

*Sigurður Einarsson var ásamt Einari Vilhjálmssyni í fremstu röð spjótkastara í heiminum á níunda áratugnum og byrjun þess tíunda. Fimmta sætið á Ólympíuleikunum tryggði honum sæmdarbeiðið íþróttamaður ársins 1992, en það var þá besti árangur íslensks frjálsíþróttamanns á Ólympíuleikum frá 1956.*



Sigurður er fæddur árið 1962 og ólst upp í Garðabæ og á Selfossi. Hann var í íþróttum frá tíu ára aldri og byrjaði eins og svo margir aðrir í flestum íþróttum, þ.m.t. frjálsum, sundi, blaki, handbolta, knattspyrnu og körfuknattleik. Hann byrjaði að æfa spjótkast 13 ára gamall og þá keppti hann á sínu fyrsta mót í spjótkasti. Þar náði hann góðum árangri og var aðeins einum metra frá Íslandsmetinu í sínum aldursflokki. Það vakti áhuga hjá honum á að reyna að verða afreksmaður í spjótkasti.

Sigurður hafði jafnan mikla yfirburði í spjótkasti á meistaramótum í sínum aldursflokki. Árið 1979 kastaði hann spjótinu fyrst yfir sjötíu metra en þá dvaldi hann við æfingar í San Jose í Bandaríkjunum. Árið eftir, 1980, lýsti hann því yfir að hann stefndi að því að slá Íslandsmet Óskars Jakobssonar, 76,32 m, sem hann setti árið 1977. Þá var hann kominn í hóp tíu bestu

unglinga í heiminum í greininni, en besta kast hans það ár var 74,76 metrar.

Næstu tvö ár átti Sigurður hins vegar erfitt uppdráttar, einkum vegna meiðsla í olnboga, og þá hvarflaði að honum að hætta keppni. Honum bauðst hins vegar skólalstyrkur frá háskólanum í Alabama í Bandaríkjunum haustið 1982 og flutti hann þangað í ársbyrjun 1983. Það ár bætti hann árangur sinn og kastaði lengst 79,64 m. Þá töluðu menn um að það væri aðeins tíma-spursmál hvenær honum tækist að kasta yfir 80 metra. Sigurður var þá fluttur til Bandaríkjaanna og var við nám í Alabama auk þess að keppa á háskólámótum fyrir hönd skólans sem hann var í. Íslandsmetið hafði honum þó ekki tekist að bæta. Einar Vilhjálmsson var þá farinn að kasta hátt í níutíu metra. Sigurður náði því marki árið eftir og gott betur þegar hann kastaði 82,76 metra snemma á því ári. Hann náði lágmarkinu fyrir Ólympíuleikana í Los Angeles 1984 en þar náði hann sér ekki á strik, kastaði rétt tæpa 70 metra og komst ekki í úrslit. Það að komast á leikana kveikti enn meira í Sigurði þó að árangurinn hafi ekki verið upp á það besta.

Hann hélt áfram að taka framförum árið 1985 og nálgadist 90 metrana óðfluga. Lengst kastaði hann 87,80 metra og vakti það athygli víða að litla Ísland væri að eignast tvo spjótkastara sem gætu kastað um 90 metra. Sigurður náði þó aldrei að kasta svo langt áður en spjótunum var breytt, en það var gert til að stytta köstin. Hann var fljótur að ná góðum tókum á nýja spjótinu og var með þeim betri í að kasta því framan af ári en síðan náðu fleiri smám saman valdi á spjótinu. Hann kastaði lengst 79,74 metra með nýja spjótinu á árinu 1986 sem var 22. besti árangurinn í heiminum það ár. Það var Íslandsmet þangað til Einari Vilhjálmssyni tókst að vera fyrstur á Íslandi til að kasta spjótinu yfir 80 metra síðar á árinu. Sigurður tók þátt í Evrópumeistaramótinu í frjálsum íþróttum í Stuttgart þetta ár en komst ekki í úrslit.

Sumarið 1987 kastaði Sigurður nýja spjótinu í fyrsta sinn yfir 80 metra en lítið fór fyrir afrekum af hans hálfu að öðru leyti og honum mistókst meðal annars að komast í úrslit á heimsmeistaramótinu í Róm. Árið 1988 mistókst honum einnig að komast í úrslit á Ólympíuleikunum en hann var mikið frá vegna meiðsla á því ári.

En árið 1989 reyndist Sigurði sérstaklega gjöfult og var að hans eigin mati besta árið á ferlinum hjá honum. Þá endaði hann í þriðja sæti á Grand Prix-mótaröðinni í spjótkasti, sem er stigakeppni Alþjóðafriðsfrjálssfrjálssambandsins. Hann keppti alls á sex slíkum mótum og varð í 2. og 3. sæti á þeim öllum. Hann kastaði að meðaltali rúmlega 81 m á mótunum og endaði í þriðja sæti á heimslistanum í greininni. Í kjölfarið var Sigurður valinn í Evrópuúrvalið sem keppni á heimsbikarmótinu í frjálsum íþróttum, þar sem áttust við úrvalslíð frá öllum heimsálfum. Þar var hann hins vegar langt frá sínu besta. Þessi árangur Sigurðar féll hins vegar í skuggann af sigri íslenska landsliðsins í B-keppni heimsmeistaramótsins það ár. Sigurður varð reyndar aðeins í áttunda sæti í kjörinu sem mörgum þótti illskiljanlegt. Besti árangur Sigurðar á árinu var 82,82 metrar sem var tólfthi besti árangurinn í

heiminum það ár. Þess má geta að Einar Vilhjálmsson hafnaði í fimmta sæti í þessari mótaröð og töldu margir það með ólíkindum að tveir spjótkastarar frá litla Íslandi væru meðal fimm efstu manna í stigakeppninni.

Sigurði tókst ekki að fylgja þessum árangri eftir. Hann neyddist til að skipta um spjót eftir að spjótíð sem hann var með var bannað á Evrópumeistaramótinu sem haldið var í Split í Júgóslavíu. Hann varð sautjándi á því móti og komst ekki í úrslit. Árin 1991 og 1992 gekk honum betur og þá tókst honum loks að ná góðu sæti á stórmótum. Árið 1991 hafnaði hann í sjötta sæti á heimsmeistaramótinu í frjálsum íþróttum í Japan með kast upp á 83,46 m. Lengsta kast Sigurðar það ár var 84,94 metrar en sá árangur var svo strikaður út eftir að Alþjóðafriðsþróttasambandið ákvað að banna alfarið spjót með gáróttri áferð, og þar með strikaðist út allur árangur sem náðst hafði með því.

Árið 1992 náði Sigurður ekkert sérstökum árangri framan af og um tíma leit út fyrir að hann næði ekki lágmarkinu fyrir Ólympíuleikana í Barcelona það ár. Hann náði því hins vegar á síðustu stundu, kom svo sterkur til keppni á leikunum og hafnaði í fimmta sæti, kastaði þá 80,18 metra. Það má því með sannri segja að hann hafi toppað á réttum tíma á því ári en hann hafði þá stefnt að því í 13–14 ár að komast langt og verða meðal þeirra bestu á stórmóti. Lengsta kast Sigurðar á árinu var 83,32 metrar sem dugði honum í 13.–14. sæti á heimslistanum.

Árið eftir mistókst Sigurði að komast í úrslit heimsmeistaramótsins í Stuttgart og ekki tókst það heldur á Evrópumótinu í Helsinki 1994. Hann náði hins vegar 80,78 metra kasti á Reykjavíkurlaikunum þetta ár. Hann komst heldur ekki í úrslit á heimsmeistaramótinu í Gautaborg 1995. Þrátt fyrir þessar ófarir var stefnan sett á Ólympíuleikana í Atlanta 1996. Hann hafði náð A-lágmarki á leikana en var tekinn úr hópnum eftir að Ólympíunefnd krafðist þess að hann næði lágmarkinu aftur 3 vikum fyrir leikana. Þeim fáu mótum, sem haldin voru á þessum tíma, var annaðhvort aflýst eða hætt vegna veðurs, en Sigurður hafði keppt mjög lítið á árinu vegna þrálátra meiðsla. Hann hætti keppni í spjótkesti árið eftir.



*Sigurður Einarsson náði frábærum árangri á Ólympíuleikunum í Barcelona 1992 þegar hann varð í fimmta sæti.*

### Árangur Sigurðar 1992:

- 14. júní: Sigurður kastar 78,46 m í aukakeppni í spjótkesti á fyrri hluta meistaramóts Íslands.
- 19. júní: Sigurður er nálægt því að ná lágmarkinu fyrir Ólympíuleikana þegar hann keppir sem gestur í landskeppni Breita og Kenýa í Edinborg. Sigurður kastar 78,88 m.
- 25. júní: Sigurður kastar 79,56 m á móti í Kaupmannahöfn.
- 28. júní: Sigurði tekst ekki að ná Ólympíulágmarkinu á móti á Ítalíu.
- 30. júní: Sigurður kastar 76,92 m á Grand Prix-móti í Helsinki.
- 5. júlí: Sigurður kastar 83,32 m í aukakeppni í spjótkesti á meistaramóti Íslands og nær þar með Ólympíulágmarkinu. Hann hafði

kastað 77,92 m í aðalkeppni mótsins. Sigurður fær árangurinn viðurkenndan af íslensku Ólympíunefninni eftir að bún hafði tekið málið sérstaklega fyrir.

- 7. ágúst: Sigurður hafnar í ellefta sæti í undankeppni Ólympíuleikana, kastar 79,50 m. Það dugir til að komast í úrslit í greininni.
- 8. ágúst: Sigurður nær fimmta sæti í spjótkestkeppni Ólympíuleikana í Barcelona. Hann kastar þar 80,34 m.
- 16. ágúst: Sigurður kastar 77,52 m í bikarkeppni Frjálsíþróttasambands Íslands og er annar á eftir Einari Vilhjálmssyni.
- 24. ágúst: Sigurður kastar 77,86 m á móti á nýuppgerðum Laugarðalsvelli.

# Sigurbjörn Bárðarson

## – Íþróttamaður ársins 1993

*Sigurbjörn Bárðarson bar áratugum saman höfuð og herðar yfir aðra íslenska hestaíþróttamenn. Árið 1993 var með hans betri árum þar sem hann vann meðal annars til þriggja heimsmeistaratitla.*



Sigurbjörn er fæddur í Reykjavík árið 1952. Hann var tíu ára gamall þegar áhugi hann kviknaði á hestum í sveit. Þegar kom að fermingunni var áhuginn orðinn það mikill að hann lét þau boð út ganga að hann vildi fá smá peninga í stað hluta svo að hann gæti safnað sér fyrir hesti.

Og það var fljótlega upp úr þessu, eða árið 1966, að Sigurbjörn hóf keppni á mótum enda hefur hann alltaf verið keppismaður í sér. Á þeim árum voru kappreiðar algengastar þar sem menn hleyptu á stökki, skeiði og brokki. Fóru kappreiðar meðal annars fram á höfuðborgarsvæðinu á svæði Fáks, þar sem Sprengisandur er núna. Þessar kappreiðar vöktu mikinn áhuga, voru vel sóttar og með mestu viðburðum landsins, þar sem fleiri þúsund manns mættu til að fylgjast með keppninni. Strax um tvítugt var Sigurbjörn farinn að sópa til sín verðlaunum á helstu hestamannamótum, hvort sem var í kappreiðum eða sýningum, og var kominn í fremstu röð meðal knapa landsins.


Um miðjan áttunda áratuginn hóf Sigurbjörn svo keppni á íslenska hestinum erlendis en þá var hróður hans farinn að berast víða, enda íslenski hesturinn orðinn útbreiddur út um allan heim. Um þetta leyti fór Sigurbjörn einnig að einbeita sér meira að gæðingum en hann hafði fram að því verið fyrst og fremst í kappreiðum. Árið 1977 tók Sigurbjörn þátt í Evrópumóti íslenska hestsins í fyrsta sinn og varð hann þá fjórði stigahæsti knapi mótsins, sem var haldið í Skiveren á Vestur-Jótlendi í Danmörku og 1981 varð hann í fyrsta sinn stigahæstur á Evrópumóti, sem þá fór fram í Larvik í Noregi og vann til þrenna gullverðlauna. Hann var þá orðinn virtur tanningamaður og knapi og sópaði til sín verðlaunum á öllum sviðum hestamennskunnar.

Sigurbjörn stundaði einnig mikið að koma íslenska hestinum á framfæri erlendis. Hann tók meðal annars þátt í uppsetningu á stórsýningum á íslenskum hestum í Madison Square Garden í New York árin 1985 og 1986, þar sem hestarnir vöktu mikla athygli.

Ein stærsta stundin á ferli Sigurbjörns var árið 1987, þegar hann varð heimsmeistari í tölti á heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Austurríki og vann þar með tölthornið. Þá hafði Evrópumótinu verið breytt í heimsmeistaramót. Þjóðverjar höfðu fram að þessu unnið þennan titil á heimsmeistaramótum og var því mikið fagnað þegar þessi titill var í höfn. Hér á landi náði hann líka sögulegum árangri að ýmsu leyti. Sama ár og hann vann tölthornið sigraði hann í tölti á Íslandsmótinu með það miklum yfirburðum að allir dómarnir settu hann í fyrsta sætið hvort sem var fyrir hægt tölt, hraðabreytingar eða yfirferð, og það hafði aldrei gerst áður. Jafnframt vann hann alla Íslandsmeistaratitlana að einum undanskildum. Og þetta ár, 1987, markaði tímamót hjá hestaíþróttinni að öðru leyti. Lögð voru drög að stofnun nýs sérsambands um hestaíþróttina sem yrði hluti af Íþróttasambandi Íslands. Það var stofnað tveimur árum síðar og hlaut nafnið Hestaíþróttasamband Íslands. Þar með varð hestamennska hluti af Íþróttahreyfingunni og hestamenn urðu gjaldgengir í kjörinu á íþróttamanni ársins. Þetta jók virðingu hestaíþróttarinnar og ýmsar leiðir opnuðust sem áður voru lokaðar.

Í byrjun tíunda áratugarins bætti Sigurbjörn enn í og verðlaunum hans á mótum hér heima fjölgaði. 1992 vann hann til dæmis til 14 gullverðlauna á árlegu verslunarmannahelgarmóti á Vindheimamelum og varð fyrstur til að verða Íslandsmeistari í tölti í þriggja gang. Þannig var það einmitt árið 1993, árið sem Sigurbjörn fékk þessa viðurkenningu. Hann náði þremur heimsmeistaratitlum í Hollandi, einum silfurverðlaunum og níu Íslandsmeistaratitlum, auk fjölda annarra verðlauna.

Eftir þetta ár dró aðeins úr verðlaunasöfnun Sigurbjörns á mótum, þó að hann ynni áfram til fjölda verðlauna, en það var ekki lengur sjálfgefið að hann ynni á Íslandsmóti greinar á borð við tölt, fjörgang og skeið. Á næstu tveimur heimsmeistaramótum varði hann til að mynda titil sinn í gæðingaskeiði og varð stigahæstur. Og á heimsmeistaramótinu 1999 vann hann til



*Sigurbjörn Bárðarson hefur verið í fararbroddi íslenskra bestamanna. Hann er margfaldur Íslands- og heimsmeistari.*

tveggja heimsmeistaratitla í 250 m skeiði á nýju heimsmeti og varð stigahæstur. Enn í dag er hann á meðal þeirra bestu hér á landi.

Sigurbjörn þykir fyrirmyndariþróttamaður að öllu leyti. Til marks um það hefur hann verið kosinn inn í hóp tíu bestu íþróttamanna landsins í kjöri íþróttamaður ársins. Hann hefur alist upp í örri framþróun íþróttar sinnar, hefur staðið fremstur um árabíl sem iðkandi og borið af í fagmennsku, snyrtimennsku

og drenglyndi. Hann hefur kennt og þjálfað og gefið út bók um íþróttina og kennslumyndbönd/diska og gegnt mörgum trúnaðarstörfum fyrir hestamenskuna.

Hestaíþróttir voru ekki mikils metnar á íþróttasviði þegar Sigurbjörn fór af stað en upp úr því fóru þær að þróast og og öðlast virðingu bæði hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi. Þar hefur Sigurbjörn verið í fararbroddi. Hann hefur alltaf verið duglegur við að koma fram sem slíkur fyrir íþrótt sína.

### Árangur Sigurbjörns 1993:

- 30. maí: Sigurbjörn sigrar í tölti á Hvítasunnumóti Fáks.
- 6. júní: Sigurbjörn sigrar í 150 og 250 m skeiði á Hestamóti Harðar.
- 13. júní: Sigurbjörn sigrar í 150 m skeiði á Hestamóti Geysis.
- 20. júní: Sigurbjörn sigrar í tölti og fjórgangi á opnu móti Sörla í Hafnarfirði.
- 27. júní: Sigurbjörn sigrar í tölti, fjórgangi, blýðni og íslenskeri tvíkeppni á Sudurlandsmótinu í hestaíþróttum á Selfossi.
- 4. júlí: Sigurbjörn sigrar í tölti á Fjórdungsmótinu á Vindheimamelum.
- 24.–25. júlí: Sigurbjörn sópar til sín verðlaunum á Íslandsmótinu í hestaíþróttum á Akureyri. Hann sigrar í tölti, íslenskeri tvíkeppni,

fimmgangi, blýðnikeppni og ólympískri tvíkeppni auk þess sem hann er stigahæsti knapinn í flokki fullorðinna.

- 30. júlí–1. ágúst: Sigurbjörn sigrar í tölti, gæðingaskeiði, 150 m skeiði og 250 m skeiði á bestamóti Skagfirðinga, auk þess sem hann og bestur hans, Oddur frá Blönduósi, hafna í öðru sæti í B-flokki gæðinga.
- 8. ágúst: Sigurbjörn ber sigur úr býtum í tölti, 150 m skeiði og 250 m skeiði, auk þess sem hann vinnur skeiðmeistarakeppnina, á stórmóti sunnlenskra bestamanna á Hellu.
- 18.–22. ágúst: Sigurbjörn vinnur til þrennra gullverðlauna á heimsmeistaramóti íslenskra bestsins sem fram fer í Hollandi. Hann vinnur fimmganginn og gæðingaskeiðið,3 í 250 m skeiði, auk þess sem hann er stigahæsti keppandinn.

# Magnús Scheving

## – Íþróttamaður ársins 1994

*Magnús Scheving er fyrsti og eini þolfimimaðurinn sem hlotið hefur sæmdarheitið íþróttamaður ársins. Hann var Norðurlandameistari og Evrópumeistari árið sem hann varð íþróttamaður ársins, auk þess sem hann var hársbreidd frá heimsmeistaratitli.*



Magnús Scheving er fæddur árið 1964 og ólst upp í Borgarnesi. Hann lagði stund á íþróttir frá unga aldri. Þegar hann kom heim frá Noregi, þar sem hann lagði stund á íþróttافرæði, var þolfimin að ryðja sér til rúms hér á landi. Hann var með fyrstu karlmönnum til að kenna þolfimi hér á landi. Þegar hann byrjaði var tilgangurinn frekar sá að hafa gaman af og gera skemmtilegar æfingar en Magnús tók þátt í að þróa þessa grein hér á landi í þá átt að vera alvöruheppnisgrein sem krafðist jafnt styrks, liðleika, fimi og stöðkkrafts. Hann tók reyndar hliðarspor og lék í frægri Pepsi-auglýsingu árið 1987 sem vakti mikla athygli og má segja að með henni hafi hann orðið þekkt andlit á Íslandi. Magnús varð Íslandsmeistari í þolfimi árið 1992 en þá var í fyrsta sinn haldið Íslandsmót í greininni. Hann varð svo í áttunda sæti á sínu fyrsta heimsmeistaramóti það ár og í sjöunda sæti í parakeppni þar sem hann keppti með Önnu Sigurðardóttur. Þessi ár-

angur vakti mikla athygli en 27 þjóðir alls tóku þátt í keppninni. Árið eftir fylgdi hann árangrinum eftir með Íslandsmeistaratitli og Norðurlandameistaratitli og bronsverðlaunum á heimsmeistaramótinu, og þar með var hann kominn á kortið alþjóðlega í þessari grein. Það verður að teljast nokkuð vel af sér vikið hjá manni sem aðeins hafði keppt opinberlega í greininni í eitt ár.


Og árið 1994, árið sem Magnús varð íþróttamaður ársins, náði hann enn lengra. Hann varð Norðurlandameistaratitil sinn, varð auk þess Evrópumeistari og náði öðru sæti á heimsmeistaramótinu. Magnús gat reyndar ekki verið öllu nær sigri en hann var því aðeins munaði 0,04 stigum á honum og sigurvegaranum. Það sem gerði þennan árangur Magnúsar enn glæsilegri var að hann tagnaði á ökkla viku fyrir mótið og var ráðlagt af læknum að keppa ekki. En hann lét slag standa engu að síður.

Þetta ár var líka tímamótaár fyrir þolfimi á alþjóðavettvangi því að í maí samþykkti Alþjóðafimleikasambandið að taka þolfimi inn sem grein innan fimleikanna. Ármann tók þolfimina inn í fimleikadeild sína og gekk Magnús þá í það félag.

Árið 1994 varð Magnús Íslandsmeistari og Evrópumeistari með yfirburðum. Hann varð svo fimmti á fyrsta heimsmeistaramótinu sem haldið var á vegum Alþjóðafimleikasambandsins.

En þetta ár, 1995, kom út bók eftir Magnús, Áfram Latibær. Faa hefur sennilega grunað þvílíkt veldi átti eftir að skapast úr sögupersönum þessarar bókar. Leikrit var sett á svið eftir bókinni, framhald var gefið út sem var líka sett á svið og eftir nokkur ár var farið að framleiða sjónvarpsþætti úr þessu efni sem hafa verið sýndir í 109 löndum í heiminum. Andi þáttanna hefur í gegnum tíðina verið mikið hjartans mál fyrir Magnúsi – forvarnir. Börn eru hvött til að borða hollan mat, hreyfa sig og leika sér úti. Þetta var boðskapur sem Magnús þreyttist aldrei á að breiða út meðan hann var upp á sitt besta í íþrótt sinni og það breyttist sannarlega ekki eftir að hann hætti að keppa.

Þegar Magnús var kjörinn var það annað ár í röð sem íþróttamaður ársins kom úr röðum íþróttar sem ekki hefði verið sérstaklega mikið í sviðsljósi fjölmiðla fram að því en árið áður hafði Sigurbjörn Bárðarson hestamaður orðið fyrir valinu.



*Magnús Scheving komst í fremstu röð í þolfimi eftir að hafa aðeins keppt opinberlega í greininni í eitt ár.*

#### **Árangur Magnúsar 1994:**

9. janúar: Magnús verður Íslandsmeistari í einstaklingskeppni karla þriðja árið í röð.
27. febrúar: Magnús verður Evrópumeistari í þolfimi á Evrópumóttinu í Búdapest í Ungverjalandi og fær 8,22 í einkunn. Hann var fingurbrotinn þegar hann gerði siguræfingarnar.
23. apríl: Magnús hafnar í öðru sæti á heimsmeistaramóttinu í þolfimi sem fer fram í Japan. Munurinn gat varla verið minni – Magnús fékk 9,12 stig en sigurvegarinn, Kenichiro Momura frá Japan,

9,16 stig. Þeir tveir voru í algjörum sérflokki á móttinu. Magnús lýsti því yfir eftir mótið að hann ætlaði að bættu að keppa vegna þess að hann hefði ekki fjárhagslegt bolmagn til að halda áfram.

31. ágúst: Magnús er kjörinn fimleikamaður ársins af Fimleikasambandi Íslands. Þetta var fyrsta árið sem þolfimi var skilgreind sem grein innan Fimleikasambandsins.
14. september: Magnús sigrar á sterku þolfimimóti í Suður-Kóreu. Þar kepptu tíu efstu menn frá heimsmeistaramóttinu, að heimsmeistar-  
anum sjálfum frátöldum.

# Jón Arnar Magnússon

## – Íþróttamaður ársins 1995 og 1996

*Jón Arnar Magnússon er með fjölbæfari frjálsíþróttamönnum sem Ísland hefur átt. Hann var í fremstu röð í heiminum í tugþraut en vantaði oft herslumuninn til að komast í hóp þeirra allra bestu.*



Jón Arnar fæddist árið 1969 og ólst upp í Gnúpverjahreppi. Hann er kominn af mikilli íþróttafjölskyldu. Það lá því beint við að stunda íþróttir og var hann meðal annars í handbolta, blaki og körfubolta auk frjálsra íþróttar, sem hann æfði með HSK. Snemma var ljóst að líkamlegt atgervi hans hentaði vel til afreksíþróttar. Hann bjó bæði yfir sprengikrafti, hraða og styrk, sem gerði það að verkum að hann náði góðum árangri í mörgum greinum. Á unglíngamótum keppti hann bæði í stökkum, hlaupum og kastgreinum með ágætum árangri. Hann fór að einbeita sér að frjálsum íþróttum sextán ára gamall og náði meðal annars að sigra í þrístökk í innanhússmeistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum þegar hann var á þeim aldri, 1985. Fyrst ætlaði hann reyndar að einbeita sér að þrístökkinu en gafst upp á því og dró úr æfingum. Þegar hann var sautján ára var honum boðið að keppa í tugþraut. Þar náði hann fínun árangri og árið 1988 tók hann þátt í Norðurlandamóti unglíngar og varð Norðurlandameistari í tugþraut, og þá á nýju unglíngameti, 6.975 stig.

Jón Arnar komst fyrst yfir sjö þúsund stig 1989 í landskeppni við Breta og setti þá unglíngameti í greininni, 7.351 stig. Það ár

fór hann að vekja athygli á mótum hér á landi og sigraði oft í mörgum greinum á hverju móti. Árið 1990 hélt Jón Arnar til æfinga og náms í Georgíu í Bandaríkjunum og náði ágætum árangri á háskólámótum. Það þótti gefa góðar væntingar um sumarið en næstu tvö árin á eftir náði hann sér ekki vel á strik, meðal annars vegna meiðsla sem háðu honum. Sumarið 1992 var þó mjög gott hjá Jóni Arnari og þá hjó hann nærri Íslandsmeti Þráins Hafsteinssonar í tugþraut, sem var þá 7.592 stig. Hann náði hins vegar ekki lágmarki fyrir Ólympíuleikana í Barcelona eins og hann stefndi að.

Árið 1993 söðlaði Jón Arnar um, sagði skilið við HSK og gekk til liðs við Tindastól á Sauðárkróki. Þá lét hann hafa eftir sér að hann ætlaði að taka tugþrautina föstum tókum. Lítið varð úr því þar sem hann fótbrotnaði snemma árs og var meira og minna frá það sumar. Hann kom hins vegar vel stemmdur inn í árið 1994 og náði þá meðal annars að bæta Íslandsmet Þráins Hafsteinssonar svo um munaði, fékk 7.896 stig á tugþrautarmóti í Götzis í Austurríki og bætti því metið um rúm þrjú hundruð stig. Hann tók þátt í sínu fyrsta stórmóti, Evrópumótinu í Helsinki, þetta ár en hætti keppni þar eftir þrjár greinar, en þá hafði hann gert öll stökk sín ógild í langstökkina.

Árið 1995 komst Jón Arnar endanlega í röð þeirra fremstu í heiminum þegar hann komst í fyrsta sinn yfir 8.000 stig. Árangur hans á árinu kom honum í 14. sæti á heimslistanum í þessari erfiðu grein. Hins vegar gekk ekki nógu vel á stórmótunum sem hann tók þátt í. Hann tók aðeins þátt í langstökki á heimsmeistaramótinu innanhúss og komst ekki í úrslit, og varð svo að hætta keppni á heimsmeistaramótinu utanhúss vegna meiðsla. En þetta ár kom hann sjálfum sér og Íslandi á alheimskortið í tugþrautarheiminum.

Árið 1996 var einnig gott fyrir Jón Arnar en tvennt stóð þó upp úr – bronsverðlaun hans á Evrópumeistaramótinu innanhúss í Stokkhólmi og 12. sætið á Ólympíuleikunum í Atlanta en þar bætti hann Íslandsmetið enn frekar. Í ársbyrjun 1997 var gerður samningur við hann sem tryggði honum fjárstuðning upp á sex milljónir á ári, með styrk frá afreksmannasjóði ÍSÍ, til að hann gæti einbeitt sér að æfingum og undirbúningi fyrir Ólympíuleikana í Sydney. Styrkurinn fór í launagreiðslur til þjálfarans og í annan kostnað. Með þessu gat hann einbeitt sér betur að æfingum fram að Ólympíuleikunum.

En Jón Arnar var oft óheppinn á stórmótum og næstu ár einkenndust dálítið af því. Hann náði reyndar bronsverðlaunum í sjöþraut á heimsmeistaramótinu innanhúss í París snemma árs 1997 en varð að hætta keppni á heimsmeistaramótinu í frjálsum íþróttum utanhúss þá um sumarið eftir að hafa meiðst í hástökkinu. Hann hélt hins vegar áfram að slá Íslandsmet það ár og náði að bæta Íslandsmetið í 8.470 stig, eða um tæp 200 stig frá árinu áður. Þá varð hann meðal annars fyrsti Íslendingurinn til að hlaupa 110 metra grindahlaup á skemmri tíma en 14 sekúndum. Árið eftir náði hann svo fjórða sæti á Evrópumeistaramótinu í Búdapest í Ungverjalandi og bætti Íslandsmetið í 8.573 stig. Þetta tryggði honum sjöunda sætið á heimslistanum. Í september vann hann svo fyrsta sigur sinn á alþjóðlegu tugþrautarmóti en það fór fram í Talence í Frakklandi.

Eftir þetta fór hins vegar að halla undan fæti hjá Jóni Arnari og árið 1999 var honum alls ekki farsælt. Honum tókst ekki að



*Jón Arnar Magnússon er einhver öflugasti íþróttamaður þjóðarinnar frá uppbafi. Þrátt fyrir að vera tugþrautarmaður sló hann mörg Íslandsmet í einstökum greinum.*

komast í gegnum eina einustu þraut á alþjóðlegum mótum og datt þar með út af heimslistanum. Hann náði þó fimmta besta árangrinum í fimmtarþraut á árinu. Árið 2000, Ólympíuárið, byrjaði hins vegar betur og hann náði góðum árangri í mótum framan af. Hann meiddist hins vegar illa á móti í Talance rúmum tveimur mánuðum fyrir Ólympíuleikana og það setti strik í reikninginn fyrir undirbúning þeirra. Og á leikunum sjálfum þurfti hann enn einu sinni að hætta keppni vegna meiðsla, nú eftir þrjár greinar.

Jón Arnar ákvað hins vegar þrátt fyrir þessar ófarir að halda áfram æfingum og keppni í eitt ár í viðbót þrátt fyrir að hann nyti engra styrkja lengur. Í byrjun árs 2001 skipti hann úr Tindastóli yfir í Breiðablik. Árið byrjaði ekki illa, hann hlaut silfurverðlaun í sjöþraut á heimsmeistaramótinu innanhúss. Í tugþrautinni gekk honum hins vegar ekki vel, þurfti oft að hætta keppni vegna meiðsla, meðal annars á heimsmeistaramótinu og náði aldrei meira en 8.000 stigum. Árið 2002 gekk honum hins vegar betur og á tugþrautarmóti í Ratingen í Þýskalandi náði hann t.d. sínum besta árangri í fjögur ár þegar hann hlaut 8.390 stig. Þá náði hann fjórða sæti á Evrópumótinu í frjálsum íþróttum í München, sem og í sjöþraut á Evrópumótinu innanhúss. Í kjölfar góðs árangurs var hann settur á A-styrk í afreksmannasjóði ÍSÍ þar sem hann fékk mánaðarlegan styrk fram yfir Ólympíuleikana í Aþenu 2004. Hann flutti þetta sumar til Gautaborgar til að geta æft við bestu aðstæður.

Árið 2003 var hins vegar ekki jafn gjöfult. Jóni Arnari tókst ekki að ljúka keppni á heimsmeistaramótinu en hann náði öðru sæti á einu móti. Hann varð í fjórða sæti í sjöþraut á heimsmeistaramótinu innanhúss. Þetta var hins vegar heldur slæmt vegastæti fyrir Ólympíuleikana í Aþenu. Og það ár gekk illa, hann gat oft ekki klárað þrautirnar og þurfti meðal annars að hætta keppni á Ólympíuleikunum eftir þrjár greinar vegna meiðsla. Hann lýsti því yfir eftir leikana að hann myndi smám saman draga úr æfingum, keppa á mótum á komandi vetri en síðan hætta keppni.

Jón Arnar gekk til liðs við FH í ársbyrjun 2005 og gerðist þjálfari fjölþrautarmanna félagsins auk þess að keppa fyrir hönd þeirra. Hann keppti aðeins á einu móti erlendis það ár, Erki Nool-mótinu. Þar keppti hann í sjöþraut en náði ekki að klára hana. Það sama gerðist þegar hann keppti á sama móti ári seinna. Hann keppir hins vegar enn á mótum hér á landi og er drjúgur við að safna stigum á meistaramótum og bikarkeppnum fyrir félag sitt.

Jón Arnar var þekktur fyrir að slá á létta strengi á mótum. Á Ólympíuleikunum í Atlanta 1996 litaði hann til dæmis skegg sitt í fánalitunum og á Evrópumótinu sama ár rakaði hann Mizunomerkið framan á sig, við misjafnar undirtektir.



### Árangur Jóns Arnars 1995:

3. mars: Jón Arnar sigrar í sjöþbraut á meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum innanbúss. Hann blýtur 5.372 stig sem er 85 stigum frá eigin Íslandsmeti. Hann jafnar hins vegar eigið Íslandsmet í 50 m grindablaupi í keppninni, bleyður á 6,7 sek.
10. mars: Jón Arnar keppir í langstökki á heimsmeistaramótinu í frjálsum íþróttum innanbúss í Barcelona. Hann stekkur 7,34 m í undankeppninni og kemst ekki í úrslit.
20. apríl: Jón Arnar blýtur 7.867 stig á tugbrautarmóti í Lynchburg í Bandaríkjunum. Þetta er aðeins 29 stigum frá Íslandsmeti hans.
28. maí: Jón Arnar setur glæsilegt Íslandsmet í tugbraut á móti í Götzi í Austurríki. Hann blaut 8.237 stig og bætti eigið Íslandsmet um 341 stig. Þetta dugir honum í fimmta sætið á mótinu. Hann setur eitt Íslandsmet í þrautinni, í 110 m grindablaupi þar sem hann bleyður á 14,32 sek. Jón Arnar sagði eftir mótið að þessi árangur hefði komið Íslandi á kortið í tugbrautinni.
11. júní: Jón Arnar setur nýtt Íslandsmet í 110 m grindablaupi á Evrópubikarmóti í Tallinn í Eistlandi, 14,19 sek. Það dugar honum til sigurs í greininni.
- 24.–25. júní: Jón Arnar sigrar í 100 m blaupi og langstökki á Meistararmóti Íslands í frjálsum íþróttum.
2. júlí: Íslenska tugbrautarlandslíðið, með Jón Arnar í fararbroddi, fetar sig úr 2. deild Evrópubikarkeppninnar yfir í þá fyrstu. Jón Arnar kemst yfir 8.000 stig í annað sinn á skömmum tíma.
13. júlí: Jón Arnar sigrar í tveimur greinum á frjálsíþróttamóti í Karlskrona í Svíþjóð, 110 m grindablaupi og langstökki.
- 21.–22. júlí: Jón Arnar sigrar í 100 m blaupi, 110 m grindablaupi og langstökki, hafnar í öðru sæti í stangarstökki og því þriðja í spjótkaсти í 1. deild bikarkeppninnar í frjálsum íþróttum.
2. ágúst: Jón Arnar gerir samning við fyrirtæki á Saudárkróki, bæjar-sjóð, Ólympíumefnd og Frjálsíþróttasambandið um tæplega sjö milljóna styrk til að hann geti undirbúið sig sem best fyrir Ólympíuleikana í Atlanta 1996. Þetta er í fyrsta sinn sem svona samningur er gerður.
7. ágúst: Jón Arnar tekur þátt í tugbrautarkeppni á heimsmeistaramótinu í frjálsum íþróttum í Gautaborg. Hann meiðist hins vegar í stangarstökkinu og verður að hætta keppni en hann hafði áður verið dæmdur úr leik í 400 m blaupinu.

6. september: Jón Arnar fer í fyrsta sinn yfir fimm metra í stangarstökki. Það gerir hann á móti á Saudárkróki.
17. september: Jón setur glæsilegt Íslandsmet í tugbraut á boðsmóti í Talence í Frakklandi. Hann blýtur 8.248 stig og bætur fyrri met sitt um ellefu stig. Hann hafnar í fimmta sæti á mótinu eftir að hafa verið í öðru sæti lengst af. Eftir mótið segist hann nú hafa fest sig í sessi meðal þeirra bestu.
24. október: Jón Arnar er í fjórtánda sæti í heimslistanum í tugbraut, samkvæmt lista Alþjóða frjálsíþróttasambandsins.

### Árangur Jóns Arnars 1996:

21. janúar: Jón Arnar setur Íslandsmet í 50 m grindablaupi á móti í Reykjavík, bleyður á 6,6 sekúndum.
25. janúar: Jón Arnar blýtur styrk upp á 80 þúsund krónur á mánuði út þetta ár úr afreksmannasjóði ÍSÍ.
28. janúar: Jón Arnar setur nýtt Íslandsmet í 60 m grindablaupi á innanbússmóti í frjálsum íþróttum í Svíþjóð, bleyður á 7,99 sek.
4. febrúar: Jón Arnar sigrar í sjöþbraut á Opna scenska meistaramótinu í frjálsum íþróttum á nýju Íslandsmeti, 6.110 stig. Hann bætur þriggja ára gamalt Íslandsmet um tæp 500 stig og er aðeins 32 stigum frá Norðurlandametinu.
- 17.–18. febrúar: Jón Arnar sigrar í sjöþbraut á meistaramóti Íslands í fjölþrautum innanbúss, þrátt fyrir að fella byrjunarhæðina í stangarstökki. Hann blaut 4.819 stig.
24. febrúar: Jón Arnar setur nýtt Íslandsmet í langstökki innanbúss á meistaramóti Íslands, stekkur 7,71 m. Hann jafnar einnig Íslandsmet sitt í 50 m grindablaupi frá því í byrjun ársins og sigrar í kúluvarpi.
26. febrúar: Jón Arnar er efstur á Evrópulistanum í sjöþbraut innanbúss fyrir árangur sinn á Opna scenska meistaramótinu.
10. mars: Jón Arnar vinnur bronsverðlaun í sjöþbraut á Evrópumeistaramótinu í frjálsum íþróttum innanbúss í Stokkhólmi, blýtur 6.069 stig.
26. maí: Jón hættir keppni á tugbrautarmóti í Götzi í Austurríki vegna meiðsla. Var þá í þriðja sæti eftir fjórar greinar en tognar á ökkla í hástökkinu.
6. júní: Jón Arnar slær 18 ára gamalt Íslandsmet Vilhjálm Vilmundarsonar í 200 m blaupi á móti sem FH stóð fyrir. Jón hljóp á 21,17 sek. og bætti metið um 0,05 sek.
16. júní: Jón Arnar fær 8.035 stig í 1. deild Evrópubikarkeppninnar í fjölþbraut. Þetta er í fjórða sinn sem hann kemst yfir 8.000 stig og það dugar honum í fjórða sætið í heildarkeppninni. Íslenska landslíðið féll hins vegar í aðra deild á mótinu.
30. júní: Jón Arnar blýtur silfurverðlaun í langstökki á Evrópubikarmóti í Brüssel, stekkur 7,74 metra.
1. ágúst: Jón Arnar hafnar í 12. sæti í tugbraut á Ólympíuleikunum í Atlanta 1996 á nýju Íslandsmeti, 8.274 stig. Hann hafði stefnt á tíunda sætið og var ekki langt frá því að ná því. Hann er fyrsti Íslendingurinn í 20 ár til að keppa í greininni á Ólympíuleikum.
- 10.–11. ágúst: Jón Arnar sigrar í þremur greinum í bikarkeppni Frjálsíþróttasambands Íslands; 100 m blaupi, 110 m grindablaupi og langstökki. Þá verður hann þriðji í spjótkaсти og fjórði í kringlukasti, auk þess sem hann var í sigursveit UMSS í 1.000 m boðblaupi.
15. september: Jón Arnar hafnar í áttunda sæti á sterku tugbrautarmóti í Talence í Frakklandi eftir að hafa haft forystu að loknum fyrri keppnisdegi. Jón Arnar blýtur 8.105 stig.
23. september: Jón Arnar sigrar í svokallaðri klukkutímatugbraut á móti í Salzburg í Austurríki en þarna er farið í gegnum allar tugbrautargreinarnar á einni klukkustund. Hann blaut 7.020 stig sem er fimmti besti árangur sem náðst hefur á þessu móti. Hann sigrar þar fræga kappu, meðal annars Erkki Nool og Lev Lobodin.
1. október: Jón Arnar er í 19. sæti í heimslista Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins í tugbraut.
20. desember: ÍSÍ tilkynnir að Jón Arnar fái 160 þúsund krónur á mánuði í styrk úr afreksmannasjóði ÍSÍ til ársins 2000.

# Geir Sveinsson

## – Íþróttamaður ársins 1997

*Geir Sveinsson var fyrirliði íslenska landsliðsins í handknattleik um árabil og sinnti því blutverki af alúð. Árið 1997 var hann fyrirliði landsliðsins þegar það náði besta árangri sem náðst hefur á heimsmeistaramóti, 5. sæti, á HM í Kumamoto í Japan. Það tryggði honum sæmdarheiðið íþróttamaður ársins.*



Geir fæddist árið 1964 og ólst upp í Reykjavík. Hann stundaði bæði handknattleik og knattspyrnu frá unga aldri með Val og átti velgengni að fagna á báðum vígstöðum. Hann varð Íslandsmeistari í 3. flokki í handknattleik með Val 1981 og það ár hóf hann að spila með meistaraflokki Vals. Hann varð síðan bikarmeistari í 2. flokki í knattspyrnu árið 1982, náði meira að segja að skora úr vítaspyrnu sem réði úrslitum í vítaspyrnukeppninni. Hann var þá þegar farinn að leika með meistaraflokki Vals í handknattleik. Hann var einnig fastamaður í yngri landsliðum og var meðal annars í liðinu sem varð í þriðja sæti á Norðurlandamóti 20 ára landsliða hér á landi 1983.


Geir var fyrst valinn í A-landsliðið árið 1984 og var í æfingahópnum fyrir Ólympíuleikana í Los Angeles það ár en datt svo út. Árið 1985 varð Geir fastamaður í íslenska landsliðshópnum og var með á öllum stórmótum þar til hann hætti að leika með landsliðinu. Fyrsta stórmót hans var heimsmeistaramótið í Sviss 1986 og þar var hann yngsti leikmaður landsliðshópsins ásamt Jakobi Sigurðssyni, 22 ára gamall. Geir var þó þriðji kostur inni á línunni á þessu móti, á eftir Þorgils Óttari Mathiesen og Þorbirni Jenssyni. Það sama ár var hann gerður að fyrirliða Valsliðsins. Það sýnir líklega öðru fremur hversu mikill leiðtogi á velli Geir var þegar orðinn þrátt fyrir ungan aldur.

Árið 1988 var farsælt fyrir Geir. Valsmenn urðu Íslands- og bikarmeistarar um vorið eftir nokkur mögur ár á undan og því var liðið orðið að nýju stórveldi í íslenskum handknattleik. Í landsliðinu fyllti hann skarð Þorbjarnar Jenssonar, bæði í sókn og vörn, og vakti hann sérstaka athygli fyrir tilburði sína í vörninni. Þar gegndi hann stærsta hlutverkinu þegar handknattleikslandsliðið undirbjó sig af kappi fyrir Ólympíuleikana í Seoul í Kóreu sem fóru fram í september 1988. Árangur Íslendinga þar olli hins vegar vonbrigðum, liðið lenti í áttunda sæti eftir æsispennandi leik við Austur-Þjóðverja um sjöunda sætið, sem endaði í vítakastkeppni sem Þjóðverjarnir unnu. Þetta þýddi að Íslendingar urðu að taka þátt í B-keppninni í Frakklandi 1989 til að tryggja sér sæti í heimsmeistarakeppninni í Tékkóslóvakíu 1990.

Árið 1989 var svo tímamótaár fyrir Geir. Hann tók þátt í B-keppninni í Frakklandi með íslenska landsliðinu þar sem liðið sigraði eftirminnilega. Valsmenn hömпуðu aftur Íslandsmeistaratitilinum og um sumarið hleypti Geir heimdraganum og gekk til liðs við spænska úrvalsdeildarliðið Granollers.

Geir lék með íslenska landsliðinu á heimsmeistaramótinu í Tékkóslóvakíu 1990 þar sem liðið hafnaði í tíunda sæti. Eftir mótið hættu margir lykilmenn síðustu ára með landsliðinu, meðal annars Þorgils Óttar Mathiesen, og þar með var Geir orðinn fyrsti valkostur í stöðu línumanns hjá landsliðinu. Hann var svo fljótlega gerður að fyrirliða landsliðsins.

Sumarið 1991 færði Geir sig um set á Spáni og gekk til liðs við Avidesu sem þá var eitt besta lið Spánar. Liðið komst þennan vetur í undanúrslit í Evrópukeppni bikarhafa og varð bikarmeistari. Landsliðið hafnaði í þriðja sæti í B-keppninni 1992 eftir dramatískan sigur á Svisslendinum, þar sem Íslendingar unnu upp sjö marka forskot. Þetta tryggði Íslendingum sæti í heimsmeistarakeppninni í Svíþjóð 1993. En síðan komust Íslendingar óvænt á Ólympíuleikana þar sem Júgóslóvum var vísað úr keppni. Enginn gerði kröfur um sérstakan árangur en Íslendingar, með Geir fremstan í flokki, náðu ótrúlegum árangri, fjórða sæti. Vegna þessa árangurs var Geir fánaberi Íslendinga þegar leikunum var slitið. Í kjölfar góðrar frammistöðu Geirs með landsliðinu á Ólympíuleikunum var hann valinn í heimslíðið í handknattleik og spilaði tvo leiki með liðinu í desember 2002.



*Geir Sveinsson var leiðtogi íslenska landsliðsins um árabíl og var valinn í heimsliðið enda frábær varnar- og línumaður.*

Geir lék með Val veturinn 1992–1993 og varð Íslands- og bikarmeistari með liðinu, auk þess sem hann var valinn besti leikmaður deildarinnar. Þann vetur, nánar tiltekið í febrúar 1993, náði hann þeim áfanga að verða leikjahæsti maður íslenska handboltalandsliðsins frá upphafi, þegar hann lék sinn 239. landsleik, og sló þar með Kristjáni Arasyni við. Í mars fór svo heimsmeistarakeppnin í handknattleik fram í Svíþjóð og þar náði Ísland áttunda sæti.

Sumarið 1993 bauð Avides Geir að koma út aftur. Þáði hann boðið og lék með liðinu þennan vetur. Liðið sigraði meðal annars EHF-keppnina í handknattleik og urðu Geir og Júlíus Jónasson, sem einnig lék með liðinu á þeim tíma, því Evrópu-meistarar. Geir sneri svo heim á ný sumarið 1994 og gekk þá til liðs við Val. Landsliðinu tókst ekki að komast í lokakeppni EM í handbolta sem haldin var í fyrsta sinn þetta ár.

Veturinn 1994–95 var spennuþrunginn í handboltaheiminum því að fram undan var heimsmeistarakeppnin í handknattleik hér á landi í maí 1995. Geir starfaði á skrifstofu HSÍ þennan vetur við undirbúning keppninnar auk þess sem hlutverk hans átti að vera að leiða handboltalandsliðið til afreka á mótinu á heimavelli. Geir varð Íslands- og deildarmeistari með Val sem þá var undir stjórn Þorbjarnar Jenssonar. En á HM var gengið ekki eins gott, þó að Geir persónulega vegnaði vel. Landsliðið olli miklum vonbrigðum og varð að gera sér 13. sætið að góðu. En Geir var þar fremstur meðal jafningja, átti frábært mót og var val-

inn í úrvalslið mótsins að því loknu. Hann varð næstmarkahæsti leikmaður landsliðsins á mótinu á eftir Valdimar Grímssyni, skoraði 28 mörk. Trúlega var þetta besta ár hans sjálfs en það var honum hins vegar lítil huggun því að slæmt gengi sveið sárt.

Um sumarið flutti Geir til Frakklands og gekk þar til liðs við Montpellier. Í nóvember þetta sama ár lék Geir sinn hundraðasta landsleik sem fyrirliði. Árið 1996 hófst undankeppni fyrir HM í handbolta í Kumamoto í Japan. Lék Geir sinn 300. landsleik þegar liðið mætti Eistum í Laugardalshöll í þessari keppni. Geir var fyrsti Íslendingurinn til að ná þessum áfanga. Úrslitin réðust í tveimur leikjum við Dani. Íslendingar unnu góðan sex marka sigur heima og á útileiknum, sem fram fór í Álaborg á fullveldisdaginn 1. desember, fjölmenntu Íslendingar á pallana og var engu líkara en að liðið væri að spila á heimavelli. Íslendingar sigruðu, 24–22, og þar með var HM-sætið tryggt.

Árið 1997 reyndist svo handboltalandsliðinu gjöfult því að í Kumamoto náði liðið besta árangri sem íslenskt handboltalandslið hefur náð á heimsmeistaramóti fyrr eða síðar. Liðið hafnaði í fimmta sæti og tapaði aðeins einum leik á mótinu, gegn Ungverjum í 8-liða úrslitum. Liðsheildin var einstaklega sterk á þessu móti og fyrir henni fór Geir sem fyrirliði. Fyrir þetta var hann valinn íþróttamaður ársins. Vonbrigði urðu hins vegar hjá landsliðinu síðar þetta sama ár því að þá tókst ekki að tryggja sæti í Evrópukeppni landsliða á Ítalíu. Geir átti ekki sjö dagana sæla hjá Montpellier þetta árið, þar sem hann fékk lítið að spreyta sig

í sókninni auk þess sem félagið neitaði honum ítrekað um að taka þátt í æfingaleikjum með landsliðinu.

Um sumarið flutti Geir til Þýskalands og gekk til liðs við Wuppertal sem Viggó Sigurðsson þjálfaði og Ólafur Stefánsson og Dagur Sigurðsson léku með. Liðið var þá nýbúið að tryggja sér sæti í þýsku 1. deildinni. Þar átti hann góðu gengi að fagna og liðinu gekk vel, en innbyrðis átök voru töluverð í félaginu, meðal annars milli Viggós og framkvæmdastjórans, sem enduðu með því að sá síðarnefndi hætti störfum. Geir var valinn handknattleiksmaður ársins 1998 hjá liðinu. Wuppertal lenti óvænt í áttunda sæti deildarinnar árið 1998. Handboltalandsliðinu mistókst hins vegar að komast á heimsmeistaramótið í Egyptalandi 1999 og Ólympíuleikana í Sydney árið 2000.

Geir tók við þjálfun Valsliðsins árið 1999 þrátt fyrir að vera með gott tilboð frá Pamplona á Spáni í vasanum. Hann tók jafnframt við starfi forstöðumanns íþróttadeildar Samvinnuferðar Landsýnar. Það ár lék hann jafnframt sinn síðasta landsleik fyrir Íslands hönd, þegar liðið tryggði sér naumlega sæti á Evrópumóti landsliða í Króatíu árið 2000 í tveimur leikjum gegn Svisslendingum. Geir tók ekki þátt í mótinu. Hann náði hins vegar þrýðilegum árangri með Val og tók öðru hverju fram skóna og spilaði í vörn síns liðs. Fyrsta árið hafnaði Valsliðið reyndar í níunda sæti í deildinni og komst ekki í úrslitakeppnina. Tímabilið 2000–2001 gekk hins vegar betur en þá komst liðið í undanúrslit. Það tímabil var hann lánaður í stuttan tíma til Dormagen í Þýskalandi, sem Guðmundur Guðmundsson þjálfaði þá, og lék fimm leiki með liðinu. Tímabilið 2001–2002 komst Geir með Valsliðið í úrslit en þar tapaði liðið fyrir KA. Tímabilið 2002–2003, síðasta tímabil Geirs, féll Valsliðið úr leik í undanúrslitum Íslandsmótsins.

Geir hefur ekki starfað við handbolta síðan en árið 2004, þegar Guðmundur Guðmundsson hætti þjálfun landsliðsins, var Geir orðaður við starfið, en síðan var Viggó Sigurðsson ráðinn. Árið 2005 tók Geir síðan við framkvæmdastjórarstarfi hjá Íþróttakademíunni og hefur gegnt því starfi síðan.

Geir var mjög sterkur leikmaður. Hann var harður í horn að taka í vörninni og inni á línunni fór jafnan mikið fyrir honum. En það sem einkenndi hann fyrst og fremst var hversu mikill leiðtogi hann var inni á vellinum. Hann dreif sína menn alltaf áfram með baráttu og hvatningarhrópum og smitaði út frá sér með baráttugleði sinni.

### Árangur Geirs 1997:

25. febrúar: Geir semur við þýska liðið Wuppertal um að ganga til liðs við félagið um haustið.
17. maí: Íslendingar vinna Japana 24-20 í fyrsta leik heimsmeistaramótsins í handbolta í Kumamoto í Japan. Geir skorar tvö mörk og er sterkur í vörninni.
20. maí: Ísland gerir jafntefli við Alsír 27-27 á heimsmeistaramótinu en slysalegt jöfnunarmark á lokasekúndum leiksins varð til þess að Íslendingar unnu ekki leikinn. Geir skorar ekki í leiknum.
22. maí: Íslendingar vinna stórsigur á Júgóslövu, 27-18, á heimsmeistaramótinu. Geir skorar tvö mörk og fer fyrir sterkri vörn.
24. maí: Íslendingar leggja Litbáa að velli 21-19 á heimsmeistaramótinu. Geir hefur bægt um sig og skorar ekki í leiknum.
25. maí: Íslendingar vinna Saudi-Arabíu 25-22 í lokaleik riðlakeppninnar og tryggja sér þar með sigur í riðlinum. Geir skorar fjögur mörk.
27. maí: Geir á stórleik í vörn og sókn og skorar sjö mörk þegar Íslendingar sigra Norðmenn 32-28 í 16-liða úrslitum á heimsmeistaramótinu. Þetta tryggði Íslendingum sæti í 8-liða úrslitum.
29. maí: Geir skorar þrjú mörk þegar Ísland tapar 26-25 fyrir Ungverjum í 8-liða úrslitum keppninnar. Þar með þurfti Ísland að spila um sæti 5-8 á mótinu.
30. maí: Íslendingar gjörsigra Spánverja 32-23 í leik um hvort liðið leiki um fimmta sæti mótsins. Geir er markabæstur í íslenska liðinu með sex mörk.



Geir lék sem atvinnumaður í þremur löndum, Spáni, Frakklandi og Þýskalandi.

31. maí: Geir skorar fjögur mörk þegar Íslendingar sigra Egypta 23-20 í leiknum um fimmta sætið á heimsmeistaramótinu. Geir er að vanda kjölfestan í vörn landsliðsins. Besti árangur Íslands á heimsmeistaramóti í handknattleik var þar með staðreynd. Eftir mótið upplýsti Vladimir Maximov, þjálfari heimsmeistara Rússa, að það yrði beiður fyrir sig að hafa mann eins og Geir í sínu liðu.
24. september: Íslendingar og Svisslendingar gera jafntefli, 27-27, í undankeppni Evrópumóts landsliða í handknattleik í Laugardalshöll. Geir skorar tvö mörk í leiknum.
28. september: Ísland sigrar Sviss 29-27 á útivelli í undanriðli fyrir Evrópukeppni landsliða í handknattleik. Geir skorar þrjú mörk í leiknum.
29. október: Íslendingar tapa fyrir Litbáum 32-29 á útivelli í undankeppni EM. Geir nær ekki að skora í leiknum.
2. nóvember: Íslendingar vinna Litbáa 25-18 í undankeppni EM í Kaplakrika. Geir á góðan leik í vörn en skorar ekki.
27. nóvember: Ísland tapar fyrir Júgóslövu 21-24 í undankeppni Evrópumóts landsliða í Laugardalshöll. Þar með minnkaði von Íslendinga um að komast á mótið til muna. Geir skorar tvö mörk í leiknum.
30. nóvember: Ísland er endanlega úr leik í baráttunni um að komast á EM eftir tap gegn Júgóslövu á útivelli 30-26. Geir á góðan leik og skorar fimm mörk.

# Örn Arnarson

## – Íþróttamaður ársins 1998, 1999 og 2001

Örn Arnarson varð fyrsti Íslendingurinn til að verða Evrópumeistari í sundi, og var hársbreidd frá því að vinna til verðlauna á Ólympíuleikunum í Sydney árið 2000. Hann er einn þriggja sem þrisvar hefur orðið íþróttamaður ársins,



Örn er fæddur árið 1981 og ólst upp í Hafnarfirði. Hann á ekki langt að sækja frama sinn í sundgreininni. Faðir hans, Örn Ólafsson, var mjög frambærilegur sundmaður á yngri árum en hann hætti hins vegar keppni aðeins 17 ára gamall. Þá var afi hans, Ólafur Guðmundsson, einn fremsti sundmaður sinnar kynslóðar. Örn mætti strax með föður sínum í laugina á yngri árum og lærði að synda af honum. Hann byrjaði að sleppa kútnum strax á þriðja ári. Hann hóf sundæfingar hjá SH sex ára gamall en var tíu ára þegar hann fór að æfa af alvöru.

Þegar Örn var um fermingaraldu fór hann að sýna merki þess að verða afreksmaður. Þá stækkaði hann nokkuð hratt og í kjölfarið bætti hann sig verulega. Aldursflokkamótið 1995 kom honum endanlega á kort þeirra bestu hér á landi en þar vann hann fjölda sigra. Árið 1997 setti hann sitt fyrsta fullorðins Íslandsmet á Sundmeistaramóti Íslands í Eyjum, þá 15 ára gamall, en það var tíu ára gamalt met í 400 m skriðsundi. Baksundið var þó sérgrein hans enda hentaði vaxtarlag hans ágætlega fyrir þá grein.

Fyrsta stóra, alþjóðlega mótið, sem Örn tók þátt í, var Evrópumeistaramótið í 25 m laug í Rostock 1996, en áður hafði hann náð góðum árangri á alþjóðlegum mótum unglunga. Og þau hafa verið mörg sem hann hefur tekið þátt í síðan, oft með frábærum árangri. Næstu sex árin var í raun samfelld uppgangstíð hjá honum. Eins og áður sagði setti hann fyrsta Íslandsmet sitt í fullorðinsflokki árið eftir, á Sundmeistaramóti Íslands innanhúss í Vestmannaeyjum. Hann náði lágmarkinu til að keppa á heimsmeistaramótinu í sundi í apríl 1997 en gat ekki keppt þar sem hann var að taka samræmdu prófin þennan dag, en hann var þá að ljúka námi í 10. bekk í Víðistaðaskóla í Hafnarfirði. Á sundmeistaramóti Íslands utanhúss sigraði hann í fjórum greinum.

Örn lét einnig að sér kveða erlendis á þessu ári, þegar hann vann gullverðlaun í 100 m baksundi og silfurverðlaun í 200 m baksundi á Ólympíudögum æskunnar í Lissabon í Portúgal. Hann keppti á Smáþjóðaleikunum og sigraði þar í 200 m baksundi með því að bæta tíu ára gamalt mótmet, en gamla metið átti Eðvarð Þór Eðvarðsson. Hann keppti á Evrópumótinu í 50 m laug í Sevilla í ágúst og komst þá í B-úrslit í 200 m baksundi, þá ekki orðinn 16 ára. Sá árangur vakti gríðarlega athygli. Hann endaði svo árið á því að fá þrenn gullverðlaun á Norðurlandamóti unglunga, í 100 m skriðsundi og 100 og 200 m baksundi. Í síðastnefndu greininni setti hann nýtt Íslandsmet. Þetta ár var því stórt ár fyrir Örn á alþjóðavettvangi.

Árið 1998, fyrsta árið sem Örn var valinn íþróttamaður ársins, náði hann að setja Íslandsmet í 100 og 200 m baksundi, sem hann hafði stefnt á lengi. Hann varð fyrsti Íslendingurinn í 12 ár til að keppa á heimsmeistaramóti þegar hann keppti í Perth í Ástralíu í janúar með ágætum árangri. Þá varð hann Evrópumeistari í 200 m baksundi í desember og varð þar með fyrstur Íslendinga til að verða Evrópumeistari í sundi. Hann setti alls sextán Íslandsmet og var útnefndur efnilegasti sundmaður Evrópu. Hann varð þetta ár yngsti íþróttamaðurinn til að verða kjörinn íþróttamaður ársins hér á landi.

Örn var svo aftur kjörinn 1999 og ekki var árangurinn síðri þá, því að auk þess að verja Evrópumeistaratitilinn í 200 m baksundi bætti hann sams konar titli í 100 m baksundi við. Þá varð hann Evrópumeistari unglunga í 200 skriðsundi í 50 metra laug og annar í 200 m baksundi.

Árið 2000 voru Ólympíuleikar í Sydney. Örn hafði nokkrum árum áður lýst því yfir í viðtali að hann stefndi á gullverðlaun á Ólympíuleikunum í Aþenu 2004, of snemmt væri að stefna að slíku í Sydney. Síðan batnaði árangur hans hraðar en hann sjálfur hafði reiknað með og því var markið sett hátt í Sydney. Og þar gekk honum vel. Hann varð í fjórða sæti í 200 m baksundi sem er besti árangur sem íslenskur sundmaður hefur náð á leikunum og synti á 1:59,00 mín. Hann var 1,4 sek. frá verðlaunasaeti. Að auki varð hann Evrópumeistari í 200 m baksundi þriðja árið í röð og í 100 m baksundi annað árið í röð, en í síðarnefndu greininni setti hann Evrópumet, fyrstur íslenskra sundmanna. Að auki hlaut hann silfurverðlaun í 50 m baksundi. Þessi frábæri árangur dugði Erni þó ekki til að verða íþróttamaður ársins þar sem Vala Flosadóttir gerði betur og hlaut bronsverðlaun í stang-

arstökki á leikunum. Á þessu ári sló hann einnig metin í 800 og 1500 m skriðsundi, sem hann hafði ekki átt áður.

Árið 2001, þegar Örn var valinn í þriðja sinn, bar það hæst að hann hlaut silfurverðlaun í 100 m baksundi og bronsverðlaun í 200 m baksundi á heimsmeistaramótinu í sundi. Um haustið fór hann til Kaliforníu þar sem hann hugðist sunda nám með sundæfingum en varð að koma heim eftir skamma dvöl þar sem íþróttasamtök bandarískra háskóla neituðu honum um keppnisleyfi. Hann gat svo ekki varið Evróputitla sína vegna meiðsla á öxl.

Árið 2002 bar minna á Erni framan af vegna axlarmeiðslna. Í apríl náði hann reyndar fjórða sæti í 100 m baksundi á heimsmeistaramótinu í 25 m laug en komst ekki í úrslit í 200 m baksundi. Hann ákvað að keppa ekki á Evrópumótinu í 50 m laug þar sem hann taldi sig ekki vera í nógu góðu formi. Í september tilkynnti hann svo óvænt félagskípti úr Sundfélagi Hafnarfjarðar í Íþróttabandalag Reykjanesbæjar, og sagði þar með skilið við Brian Marshall sem þjálfað hafði Örn í sex ár. Þetta var umdeild ráðstöfun en Örn taldi sig þurfa tilbreytingu. Hann þaggaði niður í öllum gagnrýnisröddum þegar hann keppti á Evrópumótinu í 25 m laug. Hann varð Evrópumeistari í 200 m baksundi í fjórða sinn, þá fjórði í 50 m baksundi og loks þriðji í 100 m baksundi á nýju Íslands- og Norðurlandameti.

Árið 2003 náði Örn áfram góðum árangri á Evrópumótinu í 25 metra laug og hlaut nú silfurverðlaun í 100 m baksundi. Hann varð fimmti í 200 m baksundi og sjöundi í 50 m baksundi. Meiðsli settu þó áfram strík í reikninginn og gerðu það að verkum að árangur á öðrum mótum varð ekki eins og reiknað hafði verið með, meðal annars á heimsmeistaramótinu.

Árið 2004 var árið sem Ólympíuleikarnir í Aþenu fóru fram en á þá leika hafði Örn stefnt í tæpan áratug. Hann var langt frá sínu besta í baksundi á þeim mótum sem hann tók þátt í.

Sundsambandið gaf út yfirlýsingu fyrir leikana þar sem fram kom að Örn hefði ekki getað undirbúið sig af nægilegum krafti. Þegar til kom tók hann aðeins þátt í einni grein á leikunum, 50 m skriðsundi. Hann synti á 23,84 sekúndum og hafnaði í 54. sæti. Um haustið ákvað Örn að skipta aftur yfir í Sundfélag Hafnarfjarðar.

Veturinn 2004–2005 dvaldi Örn mikið í Danmörku við æfingar. Árið 2005 bætti hann nokkur Íslandsmet, en fyrst og fremst í skriðsundi og flugsundi. En um sumarið veiktist hann af lungnabólgu og gat því ekki keppt á Smáþjóðaleikunum. Og í nóvember hneig hann svo niður á Íslandsmeistaramótinu í sundi vegna hjartsláttartruflana og kom það í veg fyrir þátttöku hans á Evrópumeistaramótinu í 25 m laug. Árið 2006 fór hins vegar aftur að rofa til hjá Erni, sérstaklega eftir að hann fór í hjartaþræðingu um vorið. Hann náði meðal annars bronsverðlaunum í 50 m flugsundi og 7. sæti í 100 m fjórsundi á Evrópumótinu í 25 m laug. Hann bætti hvert Íslandsmetið á fætur öðru á árinu og stóðu vonir því til að hann væri ekki búinn að segja sitt síðasta á alþjóðavettvangi.

Eins og fram hefur komið hér hefur enginn sundmaður náð jafngóðum árangri á alþjóðavettvangi og Örn Arnarson. Og enn telja margir að hann hafi burði til að ná enn lengra, þó að ekki hafi allar væntingar, sem til hans voru gerðar, gengið eftir.

### Árangur Arnar 1998:

12. janúar: Örn bafnar í 37. sæti í 200 m skriðsundi á heimsmeistaramótinu í 25 metra laug í Perth í Ástralíu. Hann syndir á 1:57,25 mín.
15. janúar: Örn syndir 100 m baksund á 58,01 sek. á heimsmeistaramótinu. Hann bætir eigin árangur um 0,11 sek. Örn bafnar í 33. sæti af 51 keppanda.
18. janúar: Örn bafnar í 20. sæti í 200 m baksundi á heimsmeistaramótinu. Hann syndir á 2:05,61 mín., sem er nokkuð frá hans besta.
20. mars: Örn setur nýtt Íslandsmet í 200 m fjórsundi í 25 m laug og jafnar Íslandsmet í 50 m skriðsundi á Innanbússmeistaramóti Íslands á Keflavíkurflugvelli. Örn sigrar alls í fimm greinum á mótinu.
30. júlí: Örn setur nýtt Íslandsmet í 200 m fjórsundi í undanrásu á Evrópumóti unglinga í Antwerpen í Belgíu, syndir á 2:08,30 mín. Gamla metið setti Arnar Freyr Ólafsson árið 1996, 2:08,83 mín. Síðar sama dag bætir hann metið aftur í úrslitasundinu, syndir á 2:07,03 mín. Hann bafnar í fimmta sæti í greininni.
31. júlí: Örn setur nýtt Íslandsmet í 200 m baksundi á sama móti. Hann syndir á 2:01,27 mín og bætir 11 ára gamalt met Eðvarðs Þórs Eðvarðssonar um eina og hálfu sekúndu. Tíminn dugar honum til silfurverðlauna á mótinu.
1. ágúst: Örn bætir Íslandsmetið í 100 m baksundi á sama móti. Hann syndir á 56,94 sek. í úrslitum og bafnar í fjórða sæti í greininni. Þar með hefur hann birt öll met Eðvarðs Þórs Eðvarðssonar í 50 m laug, en Eðvarð setti gamla metið, 57,15 sek., 11 árum áður.
2. ágúst: Örn setur nýtt Íslandsmet í 200 m skriðsundi, 1:50,63 mín., á sama mótinu og bafnar í öðru sæti. Gamla metið átti Magnús Már Ólafsson, 1:51,90, sem var sett árið 1991.
19. október: Örn er í 18. sæti í á afrekslista sundmanna í 200 m baksundi í 50 m laug sem tímaritið *Swimnews* gefur út. Þá er hann í 34. sæti í 200 m skriðsundi og 61. sæti í 100 m baksundi.
- 21.–22. nóvember: Örn nær frábærum árangri í bikarkeppni Sundsambands Íslands, þar sem félag hans, Sundfélag Hafnarfjarðar,

vinnur sigur fjórða árið í röð. Örn setur þrjú Íslandsmet í einstaklingsgreinum, í 100 m baksundi (54,02 sek.), 200 m baksundi (1:57,12 mín.) og í 100 m skriðsundi (49,71 sek.). Síðastalda metið hafði staðið í sjö ár.

24. nóvember: Örn setur Íslandsmet í 200 m skriðsundi á meta- og lágmarksmóti SH, syndir á 1:48,65 mín.
13. desember: Örn verður Evrópumeistari í 200 m baksundi á Evrópumeistaramótinu í 25 m laug í Sheffield á Englandi. Hann syndir á 1:55,16 mín. Hann er fyrsti Íslendingurinn til að verða Evrópumeistari í sundi. Með þessum árangri er Örn kominn í 2.–3. sæti á heimslistanum í greininni.
14. desember: Örn verður fjórði í 100 m baksundi á sama móti, syndir á 53,71 sek. sem er nýtt Íslandsmet.
16. desember: Örn er útnefndur efnilegasti sundmaður mótsins af blaða- og fréttamönnum.
30. desember: Örn slær fimm Íslandsmet á jólamóti Sundfélags Hafnarfjarðar, í 400 m skriðsundi og baksundi og 50 m skriðsundi, auk þess að eiga þátt í tveimur boðsundsmetum.

### Árangur Arnar 1999:

24. janúar: Örn slær 13 ára gamalt Íslandsmet Magnúsar Márs Ólafssonar í 200 m flugsundi á stórmóti Sundfélags Hafnarfjarðar. Hann syndir á 2:03,44 mín, og bætir gamla metið um tæpar fjórar sekúndur.
28. janúar: Örn er tekinn í afreksmannaflokk hjá Afreksmannasjóði ÍSÍ og fær því hæsta mögulega styrk úr sjóðnum.
29. janúar: Örn bafnar í fimmta sæti í 200 m flugsundi á alþjóðasundmótinu í Lúxemborg. Hann syndir á 2:10,71 mín. sem er sekúndu frá Íslandsmetinu.
30. janúar: Örn sigrar í 100 m baksundi á sama móti, syndir á 57,34 sek. Síðar sama dag nær hann fjórða sæti í 100 m skriðsundi. Hann syndir á 51,81 sek., sem er nálægt Íslandsmetinu.
31. janúar: Örn sigrar í 200 m baksundi á sama móti, syndir á 2:04,34 mín. Sama dag setur hann Íslandsmet í 50 m skriðsundi.

- Hann syndir á 23,84 sek. og bætir átta ára gamalt met Magnúsar Más Ólafssonar. Tíminn dugur til þriðja sætis á mótinu.
- 13.-14. febrúar: Örn nær öðru sæti í 200 m baksundi á heimsbikar-mótinu í 26 m laug í Glasgow, syndir á 1:56,77 mín. Hann verður síðan í fjórða sæti í 100 m fjörsundi og setur nýtt Íslandsmet í undanrásunum, 56,58 sek. Hann verður svo 12. í 100 m skriðsundi og 13. í 200 m skriðsundi.
20. febrúar: Örn bafnar í þriðja sæti í 100 m baksundi á heimsbikar-mótinu í París, syndir á 54,32 sek. Hann bættir við að keppa í 200 m baksundi á mótinu vegna meiðsla í öxl.
19. mars: Örn setur nýtt Íslandsmet í 50 m flugsundi á meistaramóti Íslands í sundi innanbúss í Vestmannaeyjum, synti á 24,97 sek.
- 25.-29. maí: Örn vinnur til sjö gullverðlauna á Smáþjóðaleikumum í Liechtenstein.
15. júlí: Örn verður Evrópumeistari unglinga í 200 m baksundi á Evrópumóti unglinga í 50 m laug í Moskvu. Hann syndir á nýju Íslandsmeti, 2:01,13.
26. júlí: Örn nær sér ekki á strik í 100 m baksundi á Evrópumeistaramótinu í 50 m laug í Istanbul. Hann syndir á 57,52 mín. og bafnar í 23. sæti.
27. júlí: Örn bafnar í 26. sæti í 100 m skriðsundi á sama móti. Hann syndir á 51,65 sek. sem er nærri Íslandsmeti Magnúsar Más Ólafssonar.
29. júlí: Örn nær 18. sæti í 200 m skriðsundi á sama móti, syndir á 1:52,90 mín.
- 18.-19. nóvember: Örn sigrar örugglega í 100 og 200 m baksundi og 200 m fjörsundi í bikarkeppni Sundsambands Íslands.
9. desember: Örn bafnar í 7. sæti í 200 m skriðsundi á Evrópumeistaramótinu í 25 m laug í Lissabon. Hann setur nýtt Íslandsmet í undanrásunum, 1:47,17 mín.
10. desember: Örn ver Evrópumeistaratitil sinn í 200 m baksundi á Evrópumótinu í 25 m laug í Lissabon. Hann syndir á nýju Íslandsmeti, 1:54,23 mín., sem er einnig mótsmet og næstbesti tími sem náðst befur í heiminum á árinu.
12. desember: Örn verður Evrópumeistari í 100 m baksundi á sama móti, syndir á 53,13 sek., sem er nýtt Íslandsmet. Hann er fyrsti Íslendingurinn til að verða tvöfaldur Evrópumeistari.

### Árangur Arnar 2001:

- 17.-18. mars: Örn setur fimm Íslandsmet á meistaramóti Íslands í sundi í Vestmannaeyjum.
6. apríl: Örn setur Íslandsmet í 400 m fjörsundi á opna Sjálandsmótinu. Hann syndir á 4:31,84 mín., og bætir sjö ára gamalt met Arnars Freys Ólafssonar um tæpar tvær sekúndur.
8. apríl: Örn setur tvö Íslandsmet á opna Sjálandsmótinu í sundi. Hann syndir 100 m baksund á 56,46 sek. í 50 m laug og sigrar og setur einnig met í 50 m skriðsundi, 25,15 sek., sem dugur bonum í annað sætið.
29. apríl: Örn er valinn í Evrópuliðið sem valið er sérstaklega til að keppa á Friðarleikumum í Ástralíu. Örn er fyrsti íslenski sundmaðurinn sem valinn er í Evrópuliðið.
23. júlí: Örn vinnur silfurverðlaun í 100 m baksundi á heimsmeistaramótinu í Fukuoka í Japan. Hann syndir á 54,75 sek., sem er nýtt Íslands- og Norðurlandamet. Örn er fyrsti íslenski sundmaðurinn sem blýtur verðlaun á heimsmeistaramóti.
27. júlí: Örn vinnur bronsverðlaun í 200 m baksundi á sama móti. Tími hans er 1:58,37 mín., sem er nýtt Íslands- og Norðurlandamet.
28. ágúst: Nýir heimslistar eru birtir í sundi. Örn er í öðru sæti í 100 m baksundi í 50 m laug og í þriðja sæti í 200 m baksundi. Í 25 m laug er hann í þriðja sæti bæði í 100 og 200 m baksundi og í fimmta sæti í 400 m fjörsundi.
30. nóvember: Þjálfari Arnar, Brian Marshall, staðfestir að Örn keppir ekki á Evrópumeistaramótinu í 25 m laug í Antwerpen vegna axl-armeiðsla. Hann getur því ekki varið Evrópumeistaratitla sína.



# Vala Flosadóttir

## – Íþróttamaður ársins 2000

*Vala Flosadóttir varð þriðji Íslendingurinn til að komast á verðlaunapall á Ólympíuleikum þegar hún hlaut bronsverðlaun á leikunum í Sydney árið 2000. Hún varð einnig fyrst íslenskra kvenna til að komast í úrslit á Ólympíuleikum.*



Vala fæddist árið 1978 og ólst upp í Reykjavík til níu ára aldurs, þar til fjölskyldan flutti til Bíldudals árið 1987. Þar hóf hún æfingar í frjálsum íþróttum en aðstæður voru heldur frumstæðar. Þar var aðalgrein hennar hástökk.

Hún flutti til Svíþjóðar árið 1992 þar sem foreldrar hennar voru í námi og hélt þar áfram æfingum en það var pólski þjálfarinn hennar í Svíþjóð, Stanislaw Szczyrba, sem fékk hana til að prófa stangarstökk árið 1994, þó að það hafi ekki orðið alþjóðlega viðurkennd grein í kvennaflokki fyrr en árið 1996. Vala æfði í Malmö við bestu aðstæður og góður árangur hennar vakti fljótlega mikla athygli. Sextán ára gömul hafði hún náð besta árangri Norðurlanda í greininni þegar hún stökk 3,50 metra. Þetta var í ársbyrjun 1995 en í ágúst var met hennar komið í 3,81 metra sem kom henni í 15.–17. sætið á heimsafrekalistanum. Á þessu ári bætti hún einnig aldursflokkaðmet í hástökki og sjöþraut og var þetta ár ein af níu unglíngum sem valdir voru í svokallaðan

Sydney-hóp sem æfa átti sérstaklega með leikana í Sydney árið 2000 í huga. En þá var reiknað með henni í hástökk skeppninni enda sigraði hún í greininni á Meistaramóti Íslands þetta ár og varð önnur á Smáþjóðaleikunum. Þá var hún í liði Íslands í fjölþrautum sem vann sig upp í fyrstu deild Evrópubíkarkeppninnar. Árið 1995 var því sannarlega árið sem hún kom sér í röð þeirra bestu á Íslandi.

Árið 1996 fór hún svo að láta verulega að sér kveða á alþjóðavettvangi og í janúar stökk hún fyrst yfir fjóra metra. Í júlí setti hún heimsmet unglínga, þegar hún fór yfir 4,15 metra, og hún stökk hæst 4,17 m á þessu ári utanhúss, sem einnig var heimsmet unglínga. Í ársbyrjun bætti hún einnig Norðurlandamet í innanhúss og buðu Svíar henni gull og græna skóga til að gerast sænskur ríkisborgari og keppa fyrir Svíþjóð á Ólympíuleikunum þá um sumarið. Þessu boði hafnaði hún. Og 8. mars skráði hún nafn sitt á spjöld íslenskrar frjálsíþróttasögu þegar hún varð Evrópumeistari í stangarstökki kvenna innanhúss á Evrópumótinu í Globen-höllinni í Gautaborg, stökk 4,16 metra. Hún varð þar með fyrst kvenna til að verða sigurvegari í stangarstökki á stórmóti í heiminum.

Vala hélt áfram að bæta heimsmet unglínga árið 1997 og stökk 4,20 metra á afmælistóti ÍR í Laugardalshöll í janúar. Hún náði hins vegar aðeins að stökkva fjóra metra slétta á heimsmeistaramótinu innanhúss í Portúgal og hafnaði þar í áttunda sæti. Seinni hluti ársins fór svo fyrir lítið hjá henni vegna slæmra meiðsla í mjóðbaki en hún vann samt sem áður til silfurverðlauna á Evrópumóti unglínga í Ungverjalandi.

En ári síðar bætti hún heldur betur í og setti nýtt heimsmet í stangarstökki kvenna innanhúss þegar hún stökk 4,42 m á móti í Bielefeld í Þýskalandi. Vala varð þar með fyrsti íslenski frjálsíþróttamaðurinn sem setur heimsmet í Ólympískri keppnisgrein. Stuttu seinna stökk hún 4,44 m á öðru móti í Þýskalandi sem var einnig heimsmet. Vala hlaut skömmu síðar bronsverðlaun á Evrópumótinu innanhúss, með stökki upp á 4,40 m, en sigurvegarinn stökk 4,45 metra og tók þar með heimsmetið. Hún hafnaði hins vegar í níunda sæti á Evrópumeistaramótinu utanhúss í Búdapest, stökk aðeins 4,15 m. Hæst stökk hún 4,36 m utanhúss þetta ár og var í fimmta sæti á afrekalistanum í stangarstökki í lok árs.

Árið 1999 byrjaði vel hjá Völu en þá vann hún silfurverðlaun í stangarstökki á heimsmeistaramótinu innanhúss og var reyndar aðeins hársbreidd frá því að vinna mótið. Hún stökk 4,45 metra og setti þar nýtt Íslands- og Norðurlandamet en Nastja Ryshich stökk 4,50 metra í sínu síðasta stökki og sigraði. Um sumarið sigraði Vala í stangarstökki á Evrópumeistaramóti 22 ára og yngri þegar hún stökk 4,30 metra. Þetta reyndist besta stökk hennar utanhúss á árinu og hún lækkaði nokkuð á afrekalistum við þetta. Hún komst hins vegar ekki í úrslit á heimsmeistaramótinu utanhúss í Sevilla á Spáni árið 1999.

En stóra ár Völu var árið 2000. Hún kom öllum spekingum hér heima og erlendis á óvart með því að vinna til bronsverðlauna á Ólympíuleikunum í Sydney og vera þar með þriðji Íslendingurinn til að komast á verðlaunapall á Ólympíuleikunum, á eftir Vilhjálmí Einarssyni og Bjarna Friðrikssyni. Þar setti hún



*Vala Flosadóttir á verðlaunapalli á Ólympíuleikunum árið 2000 þar sem hún varð í þriðja sæti í stangarstökki.*

nýtt Íslands- og Norðurlandamet, 4,50 metrar. Íslendingar hömpuðu Völu sem sannri þjóðhetju fyrir þetta afrek og varð hún nánast þjóðareign.

Miklar væntingar voru gerðar til frekari afreka Völu eftir þetta en þær gengu ekki eftir. Í febrúar 2001 endaði samstarf hennar við pólska þjálfarann Stanislav Szczyrba. Vala tók sér keppnishlé frá innanhússtímabilinu og ákvað þess í stað að kynna sér þjálfara og aðstöðu víðs vegar í Svíþjóð og Bandaríkjunum. Sumarið 2001 ákvað hún að hefja æfingar í Gautaborg undir stjórn Pekka Dalhöjd.

Á árunum 2001–2004 tók Vala þátt í Heimsmeistaramótinu í Kanada, Evrópumótinu innanhúss í Vín og Evrópumótinu í München en komst ekki í úrslit á þessum mótum, þó að hún hafi reyndar verið hársbreidd frá því í Vín. Árið 2003 setti hún hins vegar Íslandsmet í fimmþarprauf kvenna á opna sænska meistaramótinu, fékk 3607 stig.

Hún náði ekki lágmarkinu fyrir Ólympíuleikana í Aþenu 2004 og síðasta mótið sem hún tók þátt í var Bikarkeppni Frjálsíþróttasambands Íslands 2004 þar sem hún varð bikarmeistari í stangarstökki. Um mitt ár 2005 ákvað Vala að hætta keppni.

### **Árangur Völu árið 2000:**

- 21. janúar: Vala stekkur 4,30 m á alþjóðlegu móti í Saarbrücken í Þýskalandi. Þar með nær hún lágmarkinu fyrir Ólympíuleikana í Sydney síðar á árinu.
- 9. febrúar: Vala hafnar í fjórða sæti á frjálsíþróttamóti í París, stekkur 4,22 m.
- 17. febrúar: Vala hafnar í öðru sæti í stangarstökki á sterku frjálsíþróttamóti í Globen-höllinni í Gautaborg, stekkur 4,37 m.
- 27. febrúar: Vala hafnar í fjórða sæti í stangarstökk á Evrópumótinu innanbúss, stekkur 4,30 m.
- 5. mars: Vala stekkur 4,30 m á frjálsíþróttamóti ÍR í Laugardalshöll. Daniela Bartova sigrar á mótinu, stekkur 4,38 m.
- 24. júní: Vala sigrar í stangarstökki á sterku móti í Póllandi, stekkur 4,25 m.

- 1. ágúst: Vala stekkur 4,25 m á DN Gallen-stigamótinu í Stokkhólmi og hafnar í sjöunda sæti.
- 23. ágúst: Vala sigrar í stangarstökki á móti í Karlstad í Svíþjóð, stekkur 4,26 m.
- 31. ágúst: Vala stekkur 4,11 m á Grand Prix-frjálsíþróttamótinu í Växjö í Svíþjóð og hafnar í þriðja sæti.
- 23. september: Vala kemst í úrslit í stangarstökki kvenna á Ólympíuleikunum í Sydney með því að stökkva 4,30 m í undankeppninni.
- 25. september: Vala vinnur bronsverðlaun á Ólympíuleikunum í Sydney með því að stökkva 4,50 m. Hún bætti eigið Íslands- og Norðurlandamet um 14 cm.
- 25. nóvember: Vala er útnefnd kona ársins af tímaritinu Nýju lífi.
- 30. desember: Vala er útnefnd maður ársins af Kastljósi Sjónværpsins.

# Ólafur Stefánsson

## – Íþróttamaður ársins 2002 og 2003

*Ólafur Stefánsson er að margra mati besti íslenski handknattleiksmaðurinn sem við höfum eignast. Hann var kjörinn íþróttamaður ársins tvívegis þegar hann var á há-tindi ferils síns, fyrir góða frammistöðu bæði með landsliðinu og félagliðum sínum.*



Ólafur fæddist í Reykjavík 1973. Hann stundaði handknattleik frá unga aldri og lék með Valsmönnum upp alla yngri flokkana. Flokkur hans var afar sigursæll og varð Íslandsmeistari flest árin. Valsliðið þótti því strax líklegt til afreka þegar þessi hópur yrði tilbúinn til að spila með meistaraflokki. Sautján ára gamall fór hann að spila með meistaraflokki Vals.

Ólafur var einnig fastamaður í yngri landsliðum Íslands. Hann varð meðal annars Norðurlandameistari með íslenska 18 ára landsliðinu árið 1991 en þá vann liðið með fullu húsi stiga. Hjá Val var hann til að byrja með varamaður fyrir Júlíus Gunnarsson í stöðu skyttu hægra megin. Hann varð Íslandsmeistari með Val 1991. Tímabilið 1991–1992 meiddist Júlíus illa og var frá stóran hluta leiktíðarinnar. Þar með lék Ólafur stærra hlutverk í Valsliðinu. Ólafur var í fyrsta sinn valinn í A-landsliðið haustið 1992, í æfingaleik gegn Egyptum á Laugardalsvelli.

Árið 1993 varð Ólafur Íslands- og bikarmeistari með Val, Norðurlandameistari með 21 árs landsliðinu og svo í þriðja sæti á heimsmeistaramóti 21 árs landsliða, og var rætt um þetta landslið sem kjölfestuna í landsliði HM í handbolta á Íslandi 1995.

Hann varð bikarmeistari með Val þetta ár. Næsta tímabil á eftir var hann orðinn lykilmáður í Valsliðinu og fastamaður í landsliðshópnum. Landsliðið keppti í undankeppni fyrir Evrópumót landsliða um haustið en því tókst ekki enn að komast í loka-keppnina. Valsmenn verja Íslandsmeistaratitil sinn árið 1994 og nú átti Ólafur stóran þátt í því.

Haustið 1994 varð Ólafur hins vegar fyrir alvarlegum meiðslum þegar hann sleit krossbönd í vinstra hné. Þar með var hann úr leik fram í febrúar. Þegar hann náði heilsu tók við baráttan bæði í deildinni með Val og með landsliðinu í að undirbúa HM á Íslandi. Undirbúningsleikirnir gengu flestir vel en á HM tókst íslenska liðinu ekki að standa undir væntingum og hafnaði það í tólfra sæti. Ólafur og Sigurður Sveinsson skiptu með sér skyttu-stöðunni hægra megin á mótinu.

Ólafur varð Íslandsmeistari með Val þetta ár. Hann var á tímabili í viðræðum við Aftureldingu um að leika með þeim næsta tímabil á eftir en ákvað svo að leika áfram með Val.

Á næsta tímabili bar hæst hjá Ólafi persónulega þegar hann kom Valsmönnum áfram í Evrópukeppni meistaraliða, með marki beint úr aukakasti. Andstæðingurinn þá var CSKA Moskva og fóru báðir leikirnir fram í Rússlandi. Valsliðið hafði gert jafntefli í fyrri leiknum og staðan var jöfn þegar leiktíminn rann út eftir síðari leikinn, en Ólafur tryggði sigurinn á þennan eftirminnilega hátt. En landsliðinu tókst ekki að tryggja sér sæti í lokakeppni Evrópumóts landsliða.

Árið 1996 var Ólafur valinn besti leikmaður Íslands í Japanskeppninni en það var æfingamót sem Íslendingar tóku þátt í í Kumamoto í Japan ásamt Japönnum, Suður-Kóreumönnum og Norðmönnum. Íslendingar unnu jafnframt sigur á mótinu. Ólafur varð Íslandsmeistari með Val en liðið vann titilinn fjórða árið í röð. Ólafur gat því kvatt liðið með Íslandsmeistaratitli því að um sumarið gekk hann til liðs við þýska liðið Wuppertal, sem þá var í 2. deild. Í desember tryggði íslenska landsliðið sér svo sæti á HM í Kumamoto með tveimur eftirminnilegum sigrum á Dönnum. Ólafur átti sérstaklega góðan leik í útileiknum, sem fram fór í Álaborg, þar sem hann tók hvern þrumufleyginn á fætur öðrum. Og um vorið, þegar HM í Kumamoto fór fram, var Ólafur einn af hetjunum sem náðu fimmta sæti á mótinu, sem er besti árangur sem íslenskt handboltalandslið hefur náð á heimsmeistaramóti. Ólafur var einnig kjölfesta í liði Wuppertal sem vann sér sæti í þýsku 1. deildinni. Í nóvember þetta ár skrifaði hann svo undir samning við annað þýskt lið, Magdeburg, eitt sterkasta lið Þýskalands, um að leika með því frá og með haustinu 1998. Fjögur önnur lið höfðu þá áhuga á að fá hann til sín en Magdeburg varð fyrir valinu, og sótti liðið mjög fast að fá Ólaf þar sem hann var talinn einn sá efnilegasti sem fram hefði komið í Þýskalandi lengi. Tímaritið Handball Magazin taldi Ólaf þar að auki með bestu örvhentu skyttum deildarinnar, þannig að ljóst var að Þjóðverjarnir kunnu að meta það sem Ólafur hafði fram að færa. Landsliðinu tókst hins vegar ekki að komast í úrslit Evrópumótsins.

Ólafur átti gott tímabil með Wuppertal og skildi því við það í góðum málum, í áttunda sæti í deildinni. Í Magdeburg átti hann einnig góðu gengi að fagna, átti hvern stórleikinn á fætur öðrum,



*Ólafur Stefánsson á fullri ferð með landsliðinu. Hann varð markakóngur á Evrópumeistaramótinu 2002. Sama ár varð hann Evrópumeistari með Magdeburg og varð fyrsti Íslendingurinn til þess að vinna Meistaradeildina. Hann var valinn leikmaður ársins í Þýskalandi, annað árið í röð.*

sérstaklega eftir áramót, og var markahæsti maður liðsins á tímabilinu. Magdeburg vann Evrópukeppni bikarhafa í handknattleik vorið 1999. Ólafur lét síðar hafa eftir sér í viðtali að þessi vetur hefði sá erfiðasti á ferlinum, þar sem honum leið ekki vel undir stjórn þáverandi þjálfara. Það lagaðist eftir að þjálfarskipti urðu um áramótin 1998–99. Um haustið tryggði íslenska landsliðið sér sæti í Evrópukeppni landsliða í fyrsta skipti. Þá gerðist Alfreð Gíslason þjálfari Magdeburg og Ólafur framlengdi samning sinn við félagið til ársins 2002. Þessi þrjú ár gengu afar vel hjá Ólafi. Hann var kjörinn besti leikmaður liðsins árið 2000.

Með landsliðinu var gengið misjafnt. Það gekk ekki vel á EM í Króatíu árið 2000 þar sem liðið hafnaði í 12. sæti. Ólafur gaf þó flestar stöðsendingar allra leikmanna mótsins, eða 21. Magdeburg tryggði sér Evrópusæti þetta ár en árið eftir var gengið enn betra. Þá varð liðið þýskur meistari þegar það sigraði Flensburg með sjö marka mun í hreinum úrslitaleik um titilinn. Ólafur var maður leiksins og skoraði níu mörk, auk þess að eiga fjórar stöðsendingar. Hann var kjörinn leikmaður tímabilsins í Þýskalandi með miklum yfirburðum. Auk þess sigraði Magdeburg í Evrópukeppni félagsliða. Árið 2001 féll handboltalandsliðið úr keppni í 16-liða úrslitunum á HM í Frakklandi. Í kjölfarið sagði Þorbjörn Jensson af sér sem landsliðsþjálfari og Guðmundur Guðmundsson var ráðinn í staðinn. Fyrsta verk hans var umspil um sæti á

EM í Svíþjóð 2002 gegn Hvítússum og það tókst, einkum með eftirminnilegum útisigri í fyrri leiknum.

Ólafur var fyrst valinn íþróttamaður ársins árið 2002 og er ljóst að það var einkum fyrir að vera fremstur meðal jafningja hjá íslenska landsliðinu sem hafnaði í fjórða sæti á Evrópumótinu í Svíþjóð. Ólafur varð auk þess markakóngur keppinnar og var valinn í úrvalslið þess. Þetta ár gerði hann samning við spænska liðið Ciudad Real um að ganga til liðs við félagið haustið 2003. Spánverjarnir reyndu að fá hann fyrir, en það tókst ekki. Þar að auki vann Magdeburg sigur í meistaradeild Evrópu og átti Ólafur stóran þátt í því. Ólafur var jafnframt kjörinn besti leikmaður þýsku deildarinnar annað árið í röð.

Síðara árið sem Ólafur var kjörinn, 2003, var ekki jafnglæsilegt, en þó afar gott. Hann var í fararbroddi með landsliðinu, sem náði sjöunda sæti á heimsmeistaramótinu, og tryggði sér þar með sæti á Ólympíuleikunum í Aþenu. Hann er valinn í lið ársins í Þýskalandi og heimsliðið í handknattleik. Magdeburg náði þriðja sætinu í þýsku deildinni og um sumarið gekk hann svo til liðs við Ciudad Real, eitt besta félag Spánar. Þar varð hann strax lykilmáður.

Í byrjun árs 2004 lék Ólafur með íslenska landsliðinu á EM í Slóveníu og þar komst Ísland ekki upp úr riðlakeppninni. Ciudad Real varð spænskur meistari og var þetta fyrsti meistaratitill-

inn í sögu félagsins. Liðið komst í undanúrslit meistaradeildarinnar og Ólafur var valinn leikmaður tímabilsins af lesendum heimasíðu félagsins.

Handboltalandsliðið tryggði sér sæti á HM í Túnis með öruggum sigri á Ítölum í umspili í júní. Liðið varð svo í 9. sæti á Ólympíuleikunum og var Ólafur valinn í úrvalslið keppinnar og varð sjötti markahæsti leikmaður mótsins. Eftir leikana gaf Ólafur í skyn að hann myndi hugsanlega taka sér frí frá landsliðinu og ekki leika með því á HM í Túnis. Það fór illa í landann en í nóvember ákvað hann að verða með á mótinu.

Eftir Ólympíuleikana sagði Guðmundur Guðmundsson upp störfum og við tók Viggó Sigurðsson. Hans fyrsta stórmót var HM í Túnis og þar komst liðið ekki upp úr riðlakeppninni. Tímabilið hjá Ciudad var heldur ekki fengsælt. Liðið hafnaði í öðru sæti í deildinni, tapaði fyrir Barcelona í úrslitum meistaradeildarinnar og féll úr leik í undanúrslitum bikarkeppinnar. Í júní tryggði landsliðið sér sæti á EM í Sviss 2006 eftir umspil við Hvít-

rússa og skoraði Ólafur ellefu mörk í leikjunum tveimur. Ólafur var svo enn einu sinni valinn í heimsliðið, nú fyrir leik gegn Rússum í Moskvu í desember. Um haustið var síðan ákveðið að Ólafur tæki við stöðu fyrirliða landsliðsins af Degi Sigurðssyni.

Á Evrópumótinu í Sviss átti Ólafur góða spretti þrátt fyrir að hann yrði fyrir meiðslum og missti af tveimur leikjum í riðlakeppninni. Besti leikur hans var í góðum sigri á Rússum þar sem hann skoraði átta mörk. Landsliðið hafnaði í áttunda sæti en Ólafur var valinn í úrvalslið mótsins að því loknu. Hann setti markamet með landsliðinu á mótinu og bætti met Kristjáns Arasonar sem hafði skorað 1.089 mörk með liðinu. Ólafur varð Evrópumeistari í annað sinn á ferlinum þegar hann vann meistaradeildina með Ciudad Real. Í síðari úrslitaleiknum gegn Portland San Antonio átti hann stjórnuleik og skoraði sjö mörk.

### Árangur Ólafs 2002:

26. janúar: Ólafur skorar níu mörk í 31-25 sigri Íslendinga á Slóvenum á Evrópumótinu í Svíþjóð.
27. janúar: Íslendingar vinna glæsilegan sigur á Svisslendingum, 33-22, í lokaleik sínum í riðlakeppni Evrópumótsins. Ólafur skorar 11 mörk.
30. janúar: Íslendingar vinna frækinn sigur á Júgóslövu, 34-26, á Evrópumótinu. Ólafur fer fyrir sínum mönnum og skorar 10 mörk.
31. janúar: Íslendingar vinna Þjóðverja 29-24 á Evrópumótinu. Ólafur skorar fimm mörk.
2. febrúar: Íslendingar tapa fyrir Svíum 33-22 í undanúrslitum Evrópumótsins. Ólafur skorar sex mörk.
3. febrúar: Ólafur skorar fimm mörk þegar liðið tapar fyrir Dönum 29-22 í leik um bronsverðlaunin á Evrópumótinu. Hann verður þar með markakóngur mótsins með 58 mörk, einu marki meira en Stefan Lövgren.
3. febrúar: Ólafur er valinn í úrvalslið Evrópumótsins í Svíþjóð.
9. mars: Ólafur semur við spænska félagið Ciudad Real um að ganga til liðs við félagið haustið 2003, eða eftir eitt og hálf ár.
11. mars: Forsvarsmenn Ciudad Real segjast vonast til að Ólafur gangi til liðs við félagið strax um haustið, en ekki haustið 2003. Þeir segja að auðveldara verði að fá hann ef Magdeburg vinnur Evrópubikarinn.
23. mars: Ólafur skorar tíu mörk þegar Magdeburg burstar Kolding 29-19 í fyrri undanúrslitaleik liðanna í Meistaradeild Evrópu.
27. mars: Ólafur skorar tíu mörk þegar Magdeburg sigrar Kiel 27-25 í þýsku deildinni.
7. apríl: Magdeburg tapar fyrir Lemgo 25-23 í úrslitaleik þýsku bikarkeppinnar. Ólafur skoraði átta mörk í leiknum.
27. apríl: Ólafur verður Evrópumeistari með Magdeburg þegar liðið sigrar ungverska liðið Főtež Veszprém 30-25 í síðari leik liðanna um sigur í Meistaradeild Evrópu. Magdeburg hafði tapað fyrir leiknum með tveimur mörkum og sigraði því í viðureigninni samantlagt með þremur mörkum. Ólafur tryggði sigurinn með því að skora 29. markið 45 sekúndum fyrir leikslok en hann gerði alls sjö mörk í leiknum. Þetta var í fyrsta sinn sem Íslendingur var í sigurliði í Evrópukeppni meistaraliða eða Meistaradeildinni.
30. apríl: Alfréd Gíslason, þjálfari Ólafs hjá Magdeburg, lýsir því yfir að ef Ólafur fari til Ciudad Real strax um haustið sé hann hættur þjálfun liðsins.
16. maí: Ólafur er valinn í heimsliðið sem keppa á við Egypta 28. maí. Hann getur ekki leikið þann leik vegna landsleikja.
22. maí: Greint er frá því að Ólafur verði áfram hjá Magdeburg á næsta tímabili og fari ekki til Ciudad Real fyrr en árið 2003.
25. maí: Ólafur er í 5.-6. sæti yfir markabæstu leikmenn þýsku deildarinnar, með 217 mörk í 34 leikjum.
29. maí: Ólafur er valinn til þátttöku í Stjórnuleik þýska handknattleikssambandsins. Hann getur hins vegar ekki tekið þátt í leiknum vegna landsleiks.

29. maí: Ólafur er útnefndur besti leikmaður þýsku deildarinnar annað árið í röð af þjálfurum og fyrirliðum deildarinnar.

5. október: Ólafur skorar níu mörk í 37-34 sigri Magdeburg á Minden í þýsku úrvalsdeildinni.
30. nóvember: Ólafur skorar átta mörk þegar Magdeburg tryggir sér sæti í 8-liða úrslitum meistaradeildar Evrópu með 31-29 sigri á pólska liðinu Wisla Plock.

### Árangur Ólafs 2003:

29. janúar: Ólafur skorar sjö mörk gegn Pólvörjum. Hann nær þeim áfanga að skora sitt hundradasta mark á HM og er annar íslenski leikmaðurinn til þess, á eftir Patreki Jóhannessyni.
30. janúar: Ólafur skorar átta mörk þegar Ísland tapar 32-31 í 8-liða úrslitum á HM í handbolta í Portúgal.
1. febrúar: Íslendingar tapar fyrir Rússum 27-30, í keppni um hvort liðið leikur um fimmta sæti heimsmeistarameistarans. Ólafur skorar níu mörk.
2. febrúar: Ólafur skorar ellefu mörk í sigurleik gegn Júgóslövu, 32-27, í leiknum um sjöunda sætið á heimsmeistarameistarameistarans. Með sigrinum tryggir landsliðið sér sæti á Ólympíuleikunum í Aþenu 2004. Þetta er í tíunda sinn sem Ólafur skorar tíu mörk eða meira í landsleik og þar með jafnar hann met Kristjáns Arasonar.
5. apríl: Ólafur fer á kostum og skorar ellefu mörk fyrir Magdeburg í 32-29 útisigri gegn Kiel.
23. maí: Ólafur er valinn til þátttöku í stjórnuleik þýska handknattleiksins. Hann getur ekki tekið þátt í honum vegna æfinga með landsliðinu.
26. maí: Ólafur leikur sinn síðasta leik með Magdeburg, skorar fimm mörk í 36-25 sigri á Grosswallstadt. Magdeburg endar í þriðja sæti í deildinni.
18. júní: Ólafur er í liði ársins í Þýskalandi sem Heiner Brand, landsliðsþjálfari Þjóðverja, velur í samráði við handboltatimaritið Handball-Woche.
25. júlí: Ólafur bafnar í þriðja sæti í kjörinu um besta leikmann þýsku deildarinnar. Hann hafði verið kosinn bestur næstu tvö ár á undan.
18. ágúst: Ólafur er valinn í heimsliðið í handknattleik sem mætir Rússum 28. desember og Þjóðverjum 30. mars 2004. Getur ekki leikið gegn Rússum vegna leikja í spænsku deildinni.
10. september: Ólafur skorar ellefu mörk í fyrsta opinbera leik sínum með Ciudad Real, gegn Barcelona í meistarakeppninni. Barcelona sigrar 26-25.
17. desember: Ólafur skorar sjö mörk þegar Ciudad Real vinnur Barcelona í toppslag spænsku deildarinnar.
30. desember: Ólafur er langmarkabæsti leikmaður Ciudad Real á leiktíðinni, með 165 mörk í deildinni.

# Eiður Smári Guðjohnsen

## – Íþróttamaður ársins 2004 og 2005

*Eiður Smári er sá knattspyrnumaður sem náð hefur lengst á síðustu árum. Hann hefur verið kjölfestan í íslenska landsliðinu og gert góða hluti í liðum á borð við Chelsea og Barcelona.*



Eiður Smári fæddist árið 1978, skömmu eftir að faðir hans, Arnór Guðjohnsen, hafði gert samning við belgíska félagið Lokeren. Það kom fljótlega í ljós að knattspyrnan var Eiði í blóð borin og fór hann fljótlega að æfa af fullum krafti – í Belgíu á veturna þar sem hann spilaði mikið við sér eldri stráka og með ÍR á sumrin. Tíu ára varð hann meðal annars markakóngur á Tommamótinu í Vestmannaeyjum.

Eiður vann sér fljótlega sæti í drengjalandslíðinu (U-16) og var meðal annars í liðinu sem hafnaði í þriðja sæti á Norðurlandamótinu. Hann skoraði þar jöfnunarmark og síðasta markið í vítakeppni í leiknum um þriðja sætið. Þá var hann ekki orðinn 14 ára og yngsti landsliðsmaður Íslands í knattspyrnu. Í kjölfar-

id var þegar farið að ræða um Eið Smára sem einn efnilegasta knattspyrnumann landsins. Árið 1993 skipti hann um félag á Íslandi og gekk til liðs við Val. Hann skoraði mikið með þriðja flokki Vals þetta sumar.

Eiður Smári lék fyrsta leik sinn í 1. deild snemma sumars 1994 með Val og var þá yngsti leikmaðurinn til að leika í deildinni, þegar hann lék með Val gegn Keflavík 24. maí. Hann var þá 15 ára og 250 daga gamall og bætti met Þorbjörns Atla Sveinsonar um 20 daga. Hann lagði upp mark í leiknum og átti þrýðisleik.

Eiður sló í gegn þetta sumar með Val, skoraði sjö mörk í deildinni og var valinn efnilegasti leikmaður deildarinnar. Hann æfði með mörgum erlendum liðum þetta ár, meðal annars Barcelona, Feyenoord og Anderlecht. Um haustið, nánar tiltekið 10. nóvember, gerði hann atvinnumannssamning við PSV Eindhoven. Hann varð þar með yngsti íslenski atvinnumaðurinn í knattspyrnu, 16 ára og 56 daga gamall. Samningurinn var til vorsins 1997. Þetta ár lék Eiður sína fyrstu 21 árs landsleiki og var fastamaður bæði þar og í átján ára liðinu, auk þess sem hann lék með 16 ára liðinu á árinu.

Á fyrsta tímabili sínu með Eindhoven lék Eiður með unglinga- og varaliðinu og fékk einstaka tækifæri með aðalliðinu í æfingaleikjum. Þar stóð hann sig jafnan vel. Fyrir tímabilið 1995–96 var Eiður valinn í leikmannahóp aðalliðsins. Hann var áfram fastamaður í 21 árs landsliðinu en því gekk heldur illa í undankeppni.

Eiður lék fyrsta leik sinn með aðalliði PSV í janúar 1996. Í apríl gerðust þau tímamót að Eiður Smári var valinn í landsliðshópin fyrir æfingafærð til Eistlands, ásamt Arnóri föður sínum, en þeir höfðu báðir lýst því yfir að draumur þeirra væri að leika saman með landsliðinu. Þá hafði Eiður leikið nokkra leiki í byrjunarliði PSV og skorað þrjú mörk í hollensku deildinni. 24. apríl lék Eiður sinn fyrsta A-landsleik og kom þá inn á fyrir föður sinn í æfingaleik gegn Eistum. Íslendingar unnu leikinn 3-0. Ekki tókst feðgunum að leika saman en almennt voru menn á því að þess yrði ekki langt að bíða. En 7. maí dundi ógæfan yfir. Brotið var gróflega á Eiði í leik með íslenska unglíngalandsliðinu gegn því írsku með þeim afleiðingum að hægri sperrileggur brotnaði og tvö liðbönd slitnuðu. Við tók endurhæfing sem átti að taka nokkra mánuði, en tók svo á endanum tvö ár.

Vorið 1998 ákvað Eiður Smári að flytja aftur til Íslands og lék með KR. Hann þótti þó afar þungur og ekki höfðu allir trú á að hann næði fyrri styrk. En Colin Todd, framkvæmdastjóri Bolton, sýndi Eiði áhuga, en Bolton lék þá í næstefstu deild á Englandi. Svo fór að Eiður samdi við Bolton í ágúst. Colin Todd sagði við það tækifæri: „Ég held að forráðamenn PSV muni fylgjast vel með gangi mála og átti sig á því að það voru mistök hjá þeim að sleppa af honum hendinni.“

Þetta átti eftir að koma á daginn. Það tók Eið smátíma að komast í form en í mars fór hann að skora reglulega fyrir Bolton og sú frammistaða tryggði honum sæti í íslenska landsliðshópnum. Hann þurfti þó að draga sig út úr honum vegna meiðsla.



*Eiður Smári Guðjohnsen í leik með íslenska landsliðinu 2007 gegn Lettum þar sem hann sló markmetið með landsliðinu.*

Bolton komst í umspil um laust sæti í úrvalsdeildinni vorið 1999 en tókst ekki að komast alla leið. Þá skoraði Eiður sitt fyrsta mark með landsliðinu þegar hann kom inn á sem varamaður gegn Andorra í 3-0 sigri.

Eiður sló svo í gegn með Bolton á tímabilinu 1999–2000 en félaginu mistókst aftur að komast í ensku úrvalsdeildina. Hann skoraði sjálfur 22 mörk fyrir félagið þetta tímabil og um sumarið sýndi fjöldi félaga honum áhuga. Eiður ákvað hins vegar að ganga til liðs við Chelsea og gerði fimm ára samning við félagið. Chelsea greiddi 460 milljónir króna fyrir Eið og varð hann þar með dýrasti íslenski knattspyrnumaðurinn í sögunni.

Eiður byrjaði gríðarlega vel með Chelsea. Hann skoraði fyrsta mark sitt í byrjun október í fyrsta leik sínum í byrjunarliðinu en þá gerði hann lokamarkið í 3-0 sigri á Liverpool. Hann hafnaði í 15.–17. sæti yfir markahæstu menn úrvalsdeildarinnar, þrátt fyrir að detta inn og út úr liðinu. Tímabilið 2001–2002 varð

hann í 7.–8. sæti með 14 mörk í úrvalsdeildinni en Chelsea-liðið hafnaði í sjötta sæti í deildinni. Þá var rætt sérstaklega um hvað hann og Jimmy Floyd Hasselbaink næðu vel saman í framlínu liðsins.

Sumarið 2003 urðu tíðindi hjá Chelsea þegar rússneski auðjöfurinn Roman Abramovich keypti félagið og við það komu gríðarlegir fjármunir til leikmannakaupa. Tveir nýir sóknarmenn voru keyptir, Adrian Mutu og Hernan Crespo, og því voru miklar vangaveltur um framtíð Eiðs hjá félaginu. Eiður var þrátt fyrir þetta nokkuð reglulega í liði Chelsea og í nóvember skoraði hann sitt fimmtugasta mark fyrir félagið. Árið 2003 urðu einnig þau tímamót að hann gegndi í fyrsta sinn stöðu fyrirliða íslenska landsliðsins.

Fyrra árið, sem Eiður var valinn íþróttamaður ársins, 2004, skoraði hann mikið fyrir landsliðið, eða fimm mörk alls. Hápunktur landsliðsins var sigur á Ítölum á Laugardalsvælinum,



*Eiður Smári fagnar Englandsmeistaratitli með Chelsea ásamt Arjen Robben (sem heldur á bikarnum) og Roman Abramovich, eiganda félagsins.*



*Eiður Smári var seldur frá Chelsea til stórlíðs Barcelona á Spáni í júní 2006.*

2-0, frammi fyrir 20 þúsund manns, en Eiður skoraði fyrra mark Íslendinga. Chelsea komst í undanúrslit meistaradeildarinnar. Þetta sumar kom enn ein stórstjarnan í sókn Chelsea, Didier Drogha.

Árið eftir varð Eiður Smári enskur meistari með Chelsea og var mikilvægur hlekkur í þessu meistaraliði. Eiður Smári átti einnig stóran þátt í deildarbikarsigri Chelsea, en hann kom þá inná í úrslitaleiknum þegar staðan var 1-0 fyrir Liverpool, lífgaði mikið upp á liðið og svo fór að Chelsea sigraði í framlengdum leik 3-2. Chelsea komst að auki í undanúrslit meistaradeildarinnar annað árið í röð. Hann lék töluvert í stöðu miðjumanns á árinu og stóð sig vel í því hlutverki.

Eiður varð aftur enskur meistari með Chelsea árið 2006. Um sumarið byrjuðu enskir fjölmiðlar að íhuga framtíð hans og orða hann við ýmis lið sem þeir reyndar gerðu alltaf öðru hverju. En nú reyndist eitthvað á bak við þessar fréttir og Chelsea ákvað að selja Eið til Barcelona í júní. Hann lék þrýðilega á sínu fyrsta tímabili þrátt fyrir að vera ekki alltaf í byrjunarliðinu. Eiður Smári lenti í meiðslum sumarið 2007 og missti af byrjun keppnistímabilsins. En hann sló svo markamet Ríkharðs Jónssonar í október 2007 þegar hann skoraði tvö mörk í tapleik gegn Lettum á Laugardalsvelli í undankeppni EM.

Eiður er nú á besta aldri atvinnuknattspyrnumannsins og því sér enn ekki fyrir endann á glæsilegum ferli hans.

### Árangur Eiðs Smára 2004:

20. júlí: Eiður Smári skrifar undir nýjan fjögurra ára samning við Chelsea.
15. ágúst: Eiður Smári skorar sigurmark Chelsea gegn Man. Utd. í fyrstu umferð ensku úrvalsdeildarinnar.
18. ágúst: Eiður Smári skorar fyrra mark Íslands í fræknum 2-0 sigri á Ítölum í æfingaleik á Laugardalsvelli fyrir framan tuttugu þúsund manns.
4. september: Eiður skorar mark Íslands í 1-3 tapi gegn Búlgörum á Laugardalsvelli í undankeppni HM.
8. september: Eiður Smári skorar fyrir Ísland í 2-3 tapi gegn Ungverjum á útivelli í undankeppni HM.
13. október: Eiður Smári skorar eina mark Íslands í 1-4 tapi gegn Svíum á Laugardalsvelli. Þetta var þrettánda mark Eiðs með landsliðinu.
20. október: Eiður Smári skorar eitt mark og leggur annað upp í 2-0 sigri Chelsea á CSKA Moskvu í Meistaradeild Evrópu.
23. október: Eiður skorar þrennu í 4-1 sigri Chelsea á Blackburn í ensku úrvalsdeildinni.

### Árangur Eiðs 2005:

10. janúar: Eiður er fyrirliði Chelsea í 3-1 sigri liðsins á Scunthorpe í enska bikarnum og skorar eitt mark liðsins. Þetta var í fyrsta sinn sem Eiður var fyrirliði Chelsea í heilum leik.
13. janúar: Eiður verður fyrstur af þáverandi leikmönnum Chelsea til að leika 200 leiki fyrir félagið. Hann nær þessum áfanga í leik gegn Manchester United í undanúrslitum deildarbikarsins.
8. mars: Eiður Smári skorar eitt mark Chelsea í 4-2 sigri gegn Barcelona í seinni leik liðanna í 16-liða úrslitum meistaradeildarinnar. Sigurinn tryggði Chelsea sæti í 8-liða úrslitum.
4. júní: Eiður Smári skorar eitt mark Íslands í 2-3 tapi gegn Ungverjum í undankeppni HM á Laugardalsvelli.
8. júní: Eiður Smári skorar í 4-1 sigri íslenska landsliðsins á Möltu í sömu keppni.
17. júní: Eiður Smári er sæmdur heiðursmerki hinnar íslensku fálka-orðu fyrir íþróttafrek.
3. september: Eiður Smári skorar fyrir Ísland þegar liðið tapar fyrir Króötum 1-3 í undankeppni HM á Laugardalsvelli.

# Guðjón Valur Sigurðsson

## – Íþróttamaður ársins 2006

*Guðjón Valur Sigurðsson hefur verið kjölfestan í íslenska handboltalandslíðinu undanfarin ár. Árið, sem hann var kjörinn íþróttamaður ársins, 2006, fór hann fyrir líðinu þegar það náði góðum árangri á Evrópumótinu í Sviss 2006 og var að auki valinn besti leikmaður þýsku úrvalsdeildarinnar.*



Guðjón Valur er fæddur árið 1979 og ólst upp á Seltjarnarnesi. Hann hóf handknattleiksíðkun átta ára gamall með Gróttu, skipti svo yfir í KR eftir hálft ár en tólf ára skipti hann aftur yfir í Gróttu þar sem félagar hans voru allir þar. Hann æfði einnig knattspyrnu á þessum tíma. Hann komst fyrst í leikmannahóp meistaraflokks árið 1995, þegar Gróttu lék gegn KA, en sumarið áður ákvað hann að einbeita sér að þeirri íþrótt og hætta í knattspyrnunni. Þá neyddist hann til að vera í varabúningi KA þar sem búningar Gróttu fóru ekki með líðinu norður. Þetta var þar með fyrsti leikur Guðjóns í KA-búningi, en alls ekki sá síðasti. Guðjón Valur var þá þegar orðinn fastamaður í yngri landsliðum, en lék þá mest sem miðjumaður eða skytta.

Framganga Guðjóns vakti strax athygli og árið 1996, þegar hann var 17 ára gamall, var hann meðal annars útnefndur íþróttamaður Seltjarnarness. Árið 1998 skipti Guðjón Valur yfir í KA og varð smátt og smátt kjölfestan í líðinu. Guðjón Valur var fyrst valinn í landsliðið haustið 1999 þegar þáverandi landsliðs-

þjálfari, Þorbjörn Jensson, ákvað að verðlauna hann fyrir góða frammistöðu með unglingslandslíðinu. Guðjón Valur tók svo þátt í sínu fyrsta stórmóti með landsliðinu í janúar 2000, á EM í Króatíu. Vorið 2000 var Guðjón Valur svo valinn besti leikmaður Íslandsmótsins í handknattleik á lokahófi HSÍ. Og 2001 varð hann svo Íslandsmeistari með KA og var aftur valinn besti leikmaður Íslandsmótsins. Í undanúrslitunum á Íslandsmótinu skoraði hann meðal annars sigurmark KA gegn Aftureldingu beint úr aukakasti í bráðabana eftir tvíframlengdan leik. Þetta tryggði líðinu sæti í úrslitum.

Í maí 2001 skrifaði Guðjón Valur undir þriggja ára samning við þýska úrvalsdeildarliðið Essen. Hann sló strax í gegn hjá félaginu og var reglulega valinn í lið vikunnar hjá helstu fjölmiðlum í Þýskalandi.

Í byrjun árs 2002 lék Guðjón með landsliðinu sem náði fjórða sæti á eftirminnilegan hátt á Evrópumótinu í Svíþjóð. Guðjón lék stórt hlutverk á mótinu og spilaði stóran hluta þess í vinstra horninu vegna meiðsla Gústafs Bjarnasonar. Á þessu móti eignaði Guðjón Valur sér endanlega stöðu vinstri hornmanns í landsliðinu. Hann hélt áfram að eiga frábæra leiki bæði með landsliðinu og Essen, og varð á þessu ári í raun kjölfesta í báðum þessum liðum. Á HM í Portúgal snemma árs 2003 tókst Íslendingum að tryggja sér sæti á Ólympíuleikunum í Aþenu og átti Guðjón Valur stóran þátt í því. Um vorið var Guðjón Valur svo valinn í stjórnuleik þýska handboltans og fékk meira að segja flest atkvæði af vinstri hornamönnum þýsku deildarinnar. Hann gat hins vegar ekki tekið þátt í leiknum vegna leikja með íslenska landsliðinu.

Íslenska landsliðið komst á EM 2004 en náði ekki að komast upp úr riðlakeppninni. Guðjón Valur var áfram kjölfestan í Essen-liðinu og Handball Woche útnefndi Guðjón Val fimmta besta hornamanninn í þýsku deildinni fyrir tímabilið 2003–2004. Á Ólympíuleikunum lék Guðjón Valur hverja einustu mínútu sem landsliðið spilaði og höfnuðu Íslendingar þar í níunda sæti. Guðjón lék áfram þryðilega með Essen en í desember var tilkynnt að Guðjón Valur mundi yfirgefa félagið um vorið og ganga þá til liðs við Gummersbach.

Í ársbyrjun 2005 lék Guðjón Valur með landsliðinu á heimsmestaramótinu í Túnis en þar komst liðið ekki upp úr riðlakeppninni. Guðjón Valur endaði hins vegar ferilinn hjá Essen þá um vorið með stæl en þá sigraði liðið í Evrópukeppni félagsliða á ótrúlegan hátt. Liðið hafði tapaði fyrri leiknum, gegn Magdeburg, með átta marka mun en vann seinni leikinn með níu mörkum, meðal annars með því að skora þrjú síðustu mörk leiksins. Guðjón Valur gerði eitt þessara marka.

Það reyndist ekki vandamál fyrir Guðjón Val að ganga til liðs við sterkara félag, þ.e. Gummersbach, en félagið er það sigursælasta í Þýskalandi frá upphafi. Hann fann sig strax vel og varð snemma í hópnum markahæstu leikmanna deildarinnar. Þetta



*Guðjón Valur Sigurðsson hefur verið á meðal markabæstu leikmanna með öllum þeim liðum sem hann hefur spilað á ferlinum.*

lagði grunninn að frábæru gengi hans árið sem hann var kjörinn íþróttamaður ársins, 2006. Þá varð hann kjörinn leikmaður ársins í þýsku deildinni auk þess að verða markakóngur deildarinnar. Lið Gummersbach hafnaði í þriðja sæti í þýsku deildinni. Þá lék hann mjög vel með landsliðinu, bæði á Evrópumótinu í Sviss og í eftirminnilegum sigri í tveimur leikjum gegn Svíum þar sem liðið tryggði sér sæti í heimsmeistaramótinu í Þýskalandi 2007. Um sumarið var Guðjón Valur svo útnefndur fyrirliði Gummersbach sem sýndi kannski hvað best hversu mikilvægur hann var orðinn fyrir liðið.

Guðjón Valur hélt uppteknum hætti á tímabilinu 2006–2007. Hann var í eldflínunni á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi þar

sem Íslendingar voru hársbreidd frá því að komast í undanúrslit en töpuðu fyrir Dönum í 8-liða úrslitum í tvíframlengdum og dramatískum leik. Eftir það var allur vindur úr liðinu og það endaði í áttunda sæti. Guðjón varð hins vegar markakóngur keppinnar með 66 mörk, níu mörkum meira en næsti maður. Þá varð hann næstmarkahæstur í þýsku úrvalsdeildinni, og markahæstur ef vítaköst voru dregin frá.

Guðjón Valur er enn á besta aldri í íþróttum og á örugglega mörg góð ár eftir, bæði í atvinnumennskunni og í íslenska landsliðinu.

### **Árangur Guðjóns Vals 2006:**

- 13. janúar: Guðjón Valur skorar 17 mörk þegar Íslendingar sigra Katrar 41-20 á æfingamóti í Kristiansund í Noregi.
- 26. janúar: Guðjón Valur skorar tíu mörk í sigri Íslands á Serbíu/Svartfjallalandi á EM í handbolta í Sviss.
- 31. janúar: Guðjón Valur skorar 11 mörk þegar Íslendingar sigra Rússa 34-32 á EM í handbolta, þar á meðal mark í lokin sem tryggir Íslendingum sigurinn. Þetta var fyrsti sigur Íslendinga á Rússum á stórmóti.
- 1. febrúar: Guðjón Valur skorar átta mörk þegar Íslendingar tapa fyrir Króötum 28-29 á EM.
- 5. júní: Guðjón Valur er valinn besti leikmaður þýsku deildarkeppn-

*innar af þjálfurum og fyrirliðum deildarinnar. Hann er auk þess markakóngur deildarinnar með 264 mörk í 34 leikjum, eða 7,8 mörk í leik.*

- 12. júní: Guðjón Valur er valinn í lið ársins í þýsku deildinni hjá þýska handknattleiksblaðinu Handball Woche.
- 10. ágúst: Gummersbach útnefnir Guðjón Val sem fyrirliða félagsins.
- 1. október: Guðjón Valur skorar 16 mörk þegar Gummersbach sigrar Fram 38-26 í Meistaradeild Evrópu í Laugardalshöll.
- 22. nóvember: Guðjón Valur á stórleik og skorar 11 mörk úr jafnmörgum tilraunum þegar Gummersbach sigrar Göppingen 41-33 í þýsku Bundesligunni.

## Íþróttafólk inni á topp-tíu listanum 1956–2006

Nafn	Íþrótt	Skipti	Ár og sæti
Ágústa Þorsteinsdóttir	Sund	4	1956 (2), 1957 (6), 1958 (5), 1959 (3)
Albert Guðmundsson	Knattspyrna	1	1957 (9)
Alfreð Gíslason	Handbolti	4	1987 (2), 1988 (7), 1989 (1), 1991 (8)
Árdís Þórðardóttir	Skíði	2	1966 (9), 1967 (9)
Arnar Gunnlaugsson	Knattspyrna	1	1995 (7)
Árni Gautur Arason	Knattspyrna	1	2001 (8)
Árni Stefánsson	Knattspyrna	1	1975 (8)
Árni Þór Helgason	Kraftlyftingar	1	1974 (8)
Arnór Guðjohnsen	Knattspyrna	7	1981 (3), 1982 (2), 1986 (2), 1987 (1), 1988 (8), 1989 (9), 1994 (2)
Ásgeir Sigurvinsson	Knattspyrna	10	1974 (1), 1975 (5), 1976 (6), 1977 (2), 1980 (4), 1981 (5), 1983 (2), 1984 (1), 1988 (9), 1989 (6)
Ásta B. Gunnlaugsdóttir	Knattspyrna	1	1994 (8)
Ásthildur Helgadóttir	Knattspyrna	4	2002 (6), 2003 (3), 2005 (3), 2006 (7)
Atli Eðvaldsson	Knattspyrna	3	1980 (7), 1983 (3), 1988 (10)
Auðunn Jónsson	Kraftlyftingar	1	2006 (8)
Axel Axelsson	Handbolti	2	1973 (9), 1974 (5)
Birgir Leifur Hafþórsson	Golf	6	1996 (5), 1997 (6), 2000 (5), 2001 (6), 2004 (6), 2006 (4)
Birgir Örn Birgis	Körfubolti	1	1968 (9)
Birkir Kristinsson	Knattspyrna	2	1995 (9), 1996 (6)
Bjarki Sigurðsson	Handbolti	1	1999 (8)
Bjarni Friðriksson	Júgó	12	1980 (2), 1982 (4), 1983 (4), 1984 (2), 1985 (7), 1986 (9), 1987 (2), 1988 (2), 1989 (4), 1990 (1), 1991 (5), 1992 (9)
Bjarni Sigurðsson	Knattspyrna	2	1984 (6), 1990 (9)
Bjarni Stefánsson	Frjálsar Íþróttir	3	1970 (2), 1971 (3), 1972 (2)
Björgvin Þorsteinsson	Golf	1	1977 (9)
Bryndís Ólafsdóttir	Sund	1	1993 (8)
Brynjar Kvaran	Handbolti	1	1979 (6)
Davíð Valgarðsson	Sund	1	1963 (8)
Eðvarð Þór Eðvarðsson	Sund	5	1983 (7), 1984 (8), 1985 (2), 1986 (1), 1987 (2)
Eiður Smári Guðjohnsen	Knattspyrna	7	2000 (6), 2001 (5), 2002 (4), 2003 (2), 2004 (1), 2005 (1), 2006 (2)
Einar Halldórsson	Knattspyrna	1	1956 (8)
Einar Þorvarðarson	Handbolti	3	1984 (4), 1985 (8), 1988 (10)
Einar Vilhjálmsson	Frjálsar íþróttir	10	1981 (8), 1983 (1), 1984 (3), 1985 (1), 1987 (2), 1988 (1), 1989 (7), 1990 (3), 1991 (6), 1992 (6)
Ellen Ingvadóttir	Sund	2	1968 (2), 1969 (5)
Ellert B. Schram	Knattspyrna	5	1965 (10), 1968 (7), 1969 (2), 1970 (6), 1971 (6)
Elva Rut Jónsdóttir	Fimleikar	1	1998 (10)
Erlendur Valdimarsson	Frjálsar íþróttir	5	1967 (4), 1969 (3), 1970 (1), 1973 (2), 1974 (4)
Eydís Konráðsdóttir	Sund	1	1995 (5)
Eyjólfur Jónsson	Sund	2	1958 (2), 1959 (9)
Eyjólfur Sverrisson	Knattspyrna	5	1991 (3), 1992 (4), 1998 (8), 1999 (2), 2000 (6)
Eyleifur Hafsteinsson	Knattspyrna	2	1964 (9), 1965 (6)
Eysteinn Þórðarson	Skíði	3	1956 (5), 1957 (8), 1958 (9)
Finnur Garðarsson	Sund	1	1971 (5)
Fjóla Ólafsdóttir	Fimleikar	1	1988 (4)

## Íþróttafólk inni á topp-tíu listanum 1956–2006

Nafn	Íþrótt	Skipti	Ár og sæti
Geir Hallsteinsson	Handbolti	10	1966 (5), 1967 (2), 1968 (1), 1969 (3), 1970 (4), 1971 (4), 1972 (5), 1973 (2), 1976 (10), 1977 (4)
Geir Sveinsson	Handbolti	6	1992 (3), 1993 (2), 1994 (9), 1995 (2), 1996 (3), 1997 (1)
Geir Sverrisson	Sund/Frjálsar (ÍF)	1	1993 (10)
Gerða Jónsdóttir	Handbolti	1	1960 (8)
Gísli Þorsteinsson	Júdó	1	1977 (6)
Guðjón Guðmundsson	Sund	2	1971 (7), 1972 (1)
Guðjón Jónsson	Handbolti	2	1962 (9), 1963 (6)
Guðjón Valur Sigurðsson	Handbolti	2	2005 (2), 2006 (1)
Guðmundur Baldursson	Knattspyrna	1	1981 (7)
Guðmundur Gíslason	Sund	15	1957 (3), 1958 (3), 1959 (4), 1960 (3), 1961 (3), 1962 (1), 1963 (5), 1964 (4), 1965 (7), 1966 (3), 1967 (5), 1968 (4), 1969 (1), 1970 (5), 1971 (2)
Guðmundur Guðmundsson	Handbolti	1	1986 (3)
Guðmundur Hermannsson	Frjálsar íþróttir	4	1967 (1), 1968 (3), 1969 (6), 1970 (8)
Guðmundur Hrafnkelsson	Handbolti	1	1993 (4)
Guðmundur Sigurðsson	Kraftlyftingar	2	1976 (3), 1977 (8)
Guðmundur Sigurðsson	Sund	1	1972 (8)
Guðmundur Þorbjörnsson	Knattspyrna	1	1985 (4)
Guðmundur Torfason	Knattspyrna	1	1986 (6)
Guðni Bergsson	Knattspyrna	2	2001 (4), 2002 (9)
Guðni Kjartansson	Knattspyrna	1	1973 (1)
Guðrún Arnardóttir	Frjálsar íþróttir	4	1996 (2), 1997 (4), 1998 (4), 2000 (3)
Gunnar Gunnarsson	Knattspyrna	1	1971 (10)
Gunnar Heiðar Þorvaldsson	Knattspyrna	1	2005 (6)
Gunnar Steingrímsson	Kraftlyftingar	1	1979 (10)
Gunnlaugur Hjálmarsson	Handbolti	6	1958 (7), 1960 (8), 1961 (5), 1964 (9), 1965 (3), 1966 (6)
Gunnsteinn Skúlason	Handbolti	2	1972 (6), 1973 (6)
Gústaf Agnarsson	Kraftlyftingar	4	1972 (4), 1973 (4), 1977 (5), 1978 (10)
Halldór Halldórsson	Knattspyrna	1	1957 (7)
Halldór Svavarsson	Karate	1	1997 (9)
Hallgrímur Jónsson	Frjálsar íþróttir	1	1956 (10)
Hannes Eyvindsson	Golf	1	1979 (8)
Haraldur Kornelíusson	Badminton	1	1971 (8)
Haukur Gunnarsson	Frjálsar íþróttir (ÍF)	2	1987 (2), 1988 (3)
Heimir Guðjónsson	Knattspyrna	1	2004 (10)
Helga Gunnarsdóttir	Sund	1	1969 (10)
Helgi Daníelsson	Knattspyrna	2	1959 (5), 1962 (10)
Hermann Gunnarsson	Knattspyrna	1	1966 (7)
Hermann Hreiðarsson	Knattspyrna	4	2000 (9), 2003 (8), 2004 (9), 2005 (7)
Hilmar Þorbjörnsson	Frjálsar íþróttir	3	1956 (3), 1957 (2), 1959 (9)
Hjalti Einarsson	Handbolti	4	1961 (9), 1962 (8), 1971 (1), 1972 (10)
Hörður B. Finnsson	Sund	1	1962 (3)
Hrafnhildur Guðmundsdóttir	Sund	4	1963 (2), 1964 (7), 1965 (4), 1968 (5)

## Íþróttafólk inni á topp-tíu listanum 1956–2006

Nafn	Íþrótt	Skipti	Ár og sæti
Hreinn Halldórsson	Frjálsar íþróttir	9	1972 (7), 1974 (8), 1975 (2), 1976 (1), 1977 (1), 1978 (3), 1979 (1), 1980 (5), 1981 (9)
Ingi Björn Albertsson	Knattspyrna	2	1976 (5), 1977 (10)
Ingi Þór Jónsson	Sund	2	1980 (6), 1982 (9)
Ingólfur Óskarsson	Handbolti	2	1963 (10), 1969 (7)
Ingunn Einarsdóttir	Frjálsar íþróttir	4	1969 (9), 1974 (3), 1976 (2), 1977 (7)
Jakob Jóhann Sveinsson	Sund	2	2001 (9), 2005 (10)
Jóhann Vilbergsson	Skíði	1	1963 (3)
Jóhannes Eðvaldsson	Knattspyrna	2	1974 (2), 1975 (1)
Jóhannes R. Jóhannesson	Snóker	1	1994 (7)
Jón Alfreðsson	Knattspyrna	1	1975 (10)
Jón Arnar Magnússon	Frjálsar íþróttir	8	1994 (6), 1995 (1), 1996 (1), 1997 (2), 1998 (2), 2001 (9), 2002 (3), 2003 (6)
Jón Arnór Stefánsson	Körfubolti	4	2002 (7), 2003 (5), 2004 (8), 2005 (4)
Jón Diðriksson	Frjálsar íþróttir	1	1978 (4)
Jón Kr. Gíslason	Körfubolti	1	1993 (6)
Jón Páll Sigmarsson	Kraftlyftingar	2	1981 (1), 1982 (10)
Jón Pétursson	Frjálsar íþróttir	1	1960 (2)
Jón Sigurðsson	Körfubolti	2	1978 (7), 1979 (4)
Jón Þ. Ólafsson	Frjálsar íþróttir	7	1961 (8), 1962 (2), 1963 (1), 1965 (2), 1966 (7), 1967 (8), 1968 (5)
Karen Björk Björgvinsdóttir	Dans	1	2003 (6)
Kári Elísson	Kraftlyftingar	1	1985 (5)
Karl Jóhannsson	Handbolti	1	1956 (9)
Karl Þórðarson	Knattspyrna	1	1978 (7)
Katrín Gústafsdóttir	Handbolti	1	1960 (8)
Kjartan Guðjónsson	Frjálsar íþróttir	1	1964 (6)
Kolbeinn Pálsson	Körfubolti	2	1966 (1), 1970 (9)
Kolbrún Jóhannsdóttir	Handbolti	1	1990 (8)
Kristín Gísladóttir	Fimleikar	1	1983 (9)
Kristín Rós Hákonardóttir	Sund (ÍF)	5	1996 (10), 2000 (4), 2001 (7), 2002 (5), 2004 (4)
Kristinn Benediktsson	Skíði	1	1961 (7)
Kristinn Björnsson	Skíði	5	1995 (4), 1996 (8), 1997 (3), 1998 (5), 1999 (7)
Kristinn Jörundsson	Knattspyrna og körfubolti	1	1972 (9)
Kristján Arason	Handbolti	10	1982 (6), 1983 (9), 1984 (7), 1985 (6), 1986 (3), 1987 (2), 1988 (6), 1989 (2), 1990 (5), 1992 (2)
Kristján Helgason	Snóker	1	2000 (10)
Kristján Hreinsson	Frjálsar íþróttir	1	1983 (7)
Kristján Sigmundsson	Handbolti	1	1987 (2)
Kristleifur Guðbjörnsson	Frjálsar íþróttir	3	1958 (8), 1959 (2), 1961 (6)
Lára Sveinsdóttir	Frjálsar íþróttir	1	1972 (3)
Lárus Guðmundsson	Knattspyrna	1	1982 (10)
Leiknir Jónsson	Sund	2	1968 (7), 1970 (2)
Lilja Guðmundsdóttir	Frjálsar íþróttir	2	1975 (9), 1976 (7)
Lilja Sigurðardóttir	Frjálsar íþróttir	1	1966 (10)
Magnús Guðmundsson	Golf	2	1963 (10), 1965 (7)

## Íþróttafólk inni á topp-tíu listanum 1956–2006

Nafn	Íþrótt	Skipti	Ár og sæti
Magnús Scheving	Þolfimi	2	1994 (1), 1995 (8)
Margrét Lára Viðarsdóttir	Knattspyrna	1	2006 (5)
Marteinn Geirsson	Knattspyrna	1	1980 (8)
Martha Ernstsdóttir	Frjálsar íþróttir	1	1994 (3)
Matthías Hallgrímsson	Knattspyrna	1	1980 (10)
Oddur Sigurðsson	Frjálsar íþróttir	3	1979 (2), 1982 (5), 1984 (4)
Ólafur Eiríksson	Sund (ÍF)	2	1990 (6), 1992 (8)
Ólafur Guðmundsson	Frjálsar íþróttir	1	1966 (4)
Ólafur H. Jónsson	Handbolti	3	1971 (8), 1973 (9), 1975 (6)
Ólafur Stefánsson	Handbolti	8	1997 (7), 1999 (4), 2000 (10), 2001 (2), 2002 (1), 2003 (1), 2004 (7), 2006 (3)
Ólafur Þórðarson	Knattspyrna	1	1996 (9)
Ólöf María Jónsdóttir	Golf	3	2002 (10), 2004 (5), 2005 (8)
Ómar Torfason	Knattspyrna	1	1985 (10)
Óskar Jakobsson	Frjálsar íþróttir	4	1974 (5), 1978 (2), 1980 (3), 1982 (1)
Páll Kolbeinsson	Körfubolti	1	1990 (7)
Pálmar Sigurðsson	Körfubolti	1	1986 (7)
Patrekur Jóhannesson	Handbolti	1	1995 (6)
Pétur Guðmundsson	Frjálsar íþróttir	2	1990 (2), 1994 (4)
Pétur Guðmundsson	Körfubolti	3	1981 (2), 1982 (6), 1986 (5)
Pétur Ormslev	Knattspyrna	1	1987 (2)
Pétur Pétursson	Knattspyrna	3	1978 (6), 1979 (3), 1980 (9)
Ragna Ingólfssdóttir	Badminton	1	2006 (10)
Ragnar Jónsson	Handbolti	4	1959 (6), 1960 (4), 1964 (5), 1965 (7)
Ragnar Ólafsson	Golf	2	1981 (6), 1984 (9)
Ragnheiður Runólfssdóttir	Sund	4	1986 (8), 1989 (5), 1990 (9), 1991 (1)
Ragnhildur Sigurðardóttir	Golf	2	1998 (9), 2003 (9)
Ríkharður Jónsson	Knattspyrna	4	1956 (7), 1957 (10), 1959 (7), 1962 (4)
Rúnar Alexandersson	Fimleikar	5	1998 (7), 1999 (6), 2000 (8), 2002 (7), 2004 (3)
Rúnar Kristinsson	Knattspyrna	1	1999 (5)
Sif Pálsdóttir	Fimleikar	1	2006 (9)
Sigríður Sigurðardóttir	Frjálsar íþróttir	1	1963 (4)
Sigríður Sigurðardóttir	Handbolti	1	1964 (1)
Sigrún Huld Hrafnssdóttir	Sund (ÍF)	1	1992 (7)
Sigrún Siggeirsdóttir	Sund	1	1967 (6)
Sigurbjörn Bárðarson	Hestaíþróttir	5	1991 (4), 1992 (10), 1993 (1), 1997 (10), 1999 (9)
Sigurður Dagsson	Knattspyrna	1	1966 (2)
Sigurður Einarsson	Frjálsar íþróttir	3	1989 (8), 1991 (2), 1992 (1)
Sigurður Grétarsson	Knattspyrna	1	1991 (10)
Sigurður Jónsson	Knattspyrna	2	1993 (3), 1995 (3)
Sigurður Jónsson	Skíði	2	1976 (9), 1978 (5)
Sigurður Lárusson	Knattspyrna	1	1983 (5)
Sigurður Pétursson	Golf	1	1985 (3)
Sigurður T. Sigurðsson	Frjálsar íþróttir og fimleikar	2	1979 (3), 1981 (3)
Sigurður Valur Sveinsson	Handbolti	2	1981 (4), 1994 (5)

## Íþróttafólk inni á topp-tíu listanum 1956–2006

Nafn	Íþrótt	Skipti	Ár og sæti
Skúli Óskarsson	Kraftlyftingar	4	1975 (4), 1978 (1), 1979 (6), 1980 (1)
Snorri Steinn Guðjónsson	Handbolti	1	2005 (9)
Stefán Gunnarsson	Handbolti	1	1970 (9)
Stefán Hallgrímsson	Frjálsar íþróttir	3	1973 (7), 1974 (10), 1975 (3)
Steinunn Sæmundsdóttir	Skíði	1	1976 (8)
Svavar Carlsen	Júðó	1	1973 (5)
Svavar Markússon	Frjálsar íþróttir	4	1956 (6), 1957 (5), 1958 (4), 1960 (6)
Teitur Örylgsson	Körfubolti	3	1991 (9), 1995 (10), 1996 (7)
Torfi Ólafsson	Kraftlyftingar	1	1985 (10)
Úlfar Jónsson	Golf	6	1986 (9), 1987 (2), 1988 (5), 1990 (4), 1992 (5), 1993 (5)
Vala Flosadóttir	Frjálsar íþróttir	5	1996 (4), 1997 (8), 1998 (3), 1999 (3), 2000 (1)
Valbjörn Þorláksson	Frjálsar íþróttir	11	1956 (4), 1957 (4), 1958 (6), 1959 (1), 1960 (5), 1961 (2), 1962 (6), 1963 (6), 1964 (3), 1965 (1), 1979 (5)
Valdimar Grímsson	Handbolti	2	1991 (7), 1993 (7)
Valur Ingimundarson	Körfubolti	1	1984 (10)
Vanda Sigurgeirsdóttir	Knattspyrna	1	1994 (10)
Viðar Guðjónsson	Júðó	2	1975 (7), 1976 (4)
Viðar Símonarson	Handbolti	1	1974 (7)
Vilborg Júlíusdóttir	Sund	2	1970 (7), 1973 (8)
Vilhjálmur Einarsson	Frjálsar íþróttir	7	1956 (1), 1957 (1), 1958 (1), 1959 (8), 1960 (1), 1961 (1), 1962 (5)
Vilmundur Vilhjálmsson	Frjálsar íþróttir	2	1977 (3), 1978 (9)
Þóra Björg Helgadóttir	Knattspyrna	1	2005 (5)
Þorbergur Aðalsteinsson	Handbolti	1	1981 (9)
Þorbjörn Jensson	Handbolti	1	1984 (10)
Þórdís Gísladóttir	Frjálsar íþróttir	2	1982 (8), 1983 (6)
Þórður Guðjónsson	Knattspyrna	2	1998 (6), 1999 (10)
Þórey Edda Elísdóttir	Frjálsar íþróttir	3	2001 (3), 2003 (10), 2004 (2)
Þorgils Óttar Matthiesen	Handbolti	3	1985 (8), 1987 (2), 1989 (3)
Þórir Magnússon	Körfubolti	1	1967 (7)
Þórólfur Beck	Knattspyrna	3	1958 (10), 1961 (4), 1964 (7)
Þorsteinn Bjarnason	Knattspyrna	1	1982 (3)
Þorsteinn Hallgrímsson	Golf	1	1993 (8)
Þorsteinn Hallgrímsson	Körfubolti	8	1960 (7), 1961 (9), 1962 (7), 1963 (8), 1964 (2), 1965 (5), 1968 (10), 1969 (7)
Þorsteinn Þorsteinsson	Frjálsar íþróttir	1	1967 (3)
Þórunn Alfreðsdóttir	Sund	1	1978 (10)
Þorvaldur Örylgsson	Knattspyrna	1	1989 (10)
Örn Arnarson	Sund	8	1997 (5), 1998 (1), 1999 (1), 2000 (2), 2001 (1), 2002 (2), 2003 (4), 2006 (6)
Örn Hallsteinsson	Handbolti	1	1967 (10)

# Íþróttamenn ársins 1956–2006 í tölum

## Eftir íþróttagreinum

Frjálsar íþróttir .....	21
Handbolti .....	8
Sund .....	8
Knattspyrna .....	7
Kraftlyftingar .....	3
Hestaíþróttir .....	1
Júdo .....	1
Körfubolti .....	1
Polfimi .....	1

## Eftir félögum

ÍR .....	11
KR .....	7
Árman .....	4
SH .....	3
UÍA .....	3
Chelsea .....	2
FH .....	2
ÍA .....	2
UMSB .....	2
UMSS .....	2
Anderlecht .....	1
Bidasoa .....	1
Celtic .....	1
Ciudad Real .....	1
Fákur .....	1
Gummersbach .....	1
Keflavík .....	1
Magdeburg .....	1
Montpellier .....	1
Njarðvík .....	1
Standard Liege .....	1
Stuttgart .....	1
Valur .....	1

## Eftir kynjum

Karlar .....	48
Konur .....	3

## Eftir uppbyggingu íþróttagreina

Einstaklingsgreinar .....	35
Hópiþróttagreinar .....	16

## Eftir aðstæðum íþróttamanna

Atvinnumaður erlendis .....	11
Áhugamaður .....	40

## Eftir aldri

Yngri en 20 ára .....	4
20 til 24 ára .....	15
25 til 29 ára .....	20
30 til 39 ára .....	10
Eldri en 40 ára .....	2

## Elsti íþróttamaður ársins

Guðmundur Hermannsson, 1962.....	42 ára
Sigurbjörn Bárðarson, 1993 .....	41 árs
Bjarni Friðriksson, 1990 .....	34 ára

## Yngsti íþróttamaður ársins

Örn Arnarson, 1998 .....	17 ára
Örn Arnarson, 1999 .....	18 ára
Ásgeir Sigurvinsson, 1974 .....	19 ára
Eðvarð Þór Eðvarðsson, 1986 .....	19 ára



